4
Hver ær skilaði að meðaltali 44,3 kílóum

24
Dæmi um skífur úr tré sem enst hafa í á annað hundrað ár

28–29
Íbúum Skaftárhrepps hefur fjölgað um 20% á síðustu tveimur árum

Bændablaðið

3. tölublað 2019 • Fimmtudagur 14. febrúar • Blað nr. 532 • 25. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is

Það virtist vera góður vinskapur, mikil gleði og mikið grín hjá þessum hrossum í hesthúsahverfinu á Akureyri þegar blaðamann Bændablaðsins bar að garði síðastliðinn þriðjudag. Eins og sjá má á innfelldu myndinni vantar ekkert upp á snjóinn á þeim bænum. Um það leyti sem blaðamaður yfirgaf svæðið var byrjað að snögghvessa og viðbúið að þá hafi farið að draga í enn meiri skafla við hesthúsin, mokstursglöðum hestamönnum væntanlega til ánægju og yndisauka.

Myndir / Margrét Þóra Þórsdóttir

Ný skýrsla um landfræðilegt og efnahagslegt litróf landbúnaðar á Íslandi:

Landbúnaðurinn skilar rúmum 73 milljörðum í þjóðarbúið

– að meðtöldu 10 milljarða fiskeldi og talinn mjög mikilvægur fyrir byggð í landinu, ferðaþjónustu, öryggismál og menningu

Í síðustu viku kom út skýrslan „Landfræðilegt og efnahagslegt litróf landbúnaðar á Íslandi.“ Meðal niðurstaðna er að rekstrartekjur landbúnaðar á Íslandi voru 73,2 milljarðar króna árið 2017 og höfðu aukist um 13 milljarða frá 2008 að raungildi. Er þá fiskeldi meðtalið. Endanlegar tölur fyrir 2018 liggja ekki fyrir.

Sé horft til skiptingar rekstrartekna eftir landshlutum er landbúnaður stærstur á Suðurlandi, um 28%, og næststærstur á Norðurlandi eystra og Vestfjörðum, eða 16% á hvoru landsvæði um sig. Minnstur er hann á Suðurnesjum, eða 3%.

Höfundur skýrslunnar er Vífill Karlsson, en skýrslan var unnin í samstarfi við öll atvinnuþróunarfélög og landshlutasamtök á landinu.

Hlutfallslega mikilvægast fyrir Norðurland vestra

Þegar horft var til vægis landbúnaðar innan hvers landshluta kom í ljós að hann var mikilvægastur á Norðurlandi vestra þar sem hann vó 8% af framleiðsluvirði landshlutans og 6% á Suðurlandi. Á Norðurlandi eystra og á Vestfjörðum var hlutfallslegt vægi landbúnaðar um 3% og um 2% á Austurlandi og Vesturlandi. Á sama mælikvarða hefur hann minnstu þýðingu á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum.

Höfuðborgarsvæðið öflugt í svína- og alifuglarækt

Í ljósi vægis landbúnaðar á atvinnulíf landshlutanna þá vekur athygli hvað tvær búgreinar eru hlutfallslega stórar á höfuðborgarsvæðinu. Það er svínaræktin, en 24% hennar er á höfuðborgarsvæðinu, og alifuglaræktin þar sem 27% af þeirri grein er á því svæði. Einungis Suðurland er með stærra hlutfall í þessum búgreinum, eða 31% í svínarækt og einnig 31% í alifuglarækt.

Á eftir höfuðborgarsvæði og Suðurlandi með samanlagt 55% hlutfall í svínaræktinni, kemur Vesturland með 15% hlutdeild eins og og Suðurnes. Þá er Norðurland eystra með 14% og Norðurland vestra með 1%, en Austfirðir og Vestfirðir eru ekki með neina svínarækt.

Skiptingin er aðeins dreifðari í alifuglaræktinni. Á eftir Suðurlandi og höfuðborgarsvæðinu, sem eru samanlagt með 58% af heildinni, þá koma Suðurnes með 25%. Síðan kemur Vesturland með 9%, Norðurland eystra með 5%, Austurland með 2% og Norðurland vestra með 1%. Vestfirðir eru ekki með mælanlegt hlutfall í þeirri framleiðslugrein.

Landbúnaðurinn mikilvægur fyrir ferðaþjónustuna

Ólíkt ýmsum öðrum atvinnugreinum hefur landbúnaður stutt við ýmsa mikilvæga þætti aðra en að framleiða matvæli. Það má sjá t.d. á fjölþættri tengingu hans við ferðaþjónustu, bæði hvað varðar að stuðla að dreifðri þjónustu við ferðamenn, öryggi vegfarenda, aðgengi að fjölda náttúru- og menningarminja sem og sagnaarfi. Einnig bendir skýrsluhöfundur á mikilvægi þess að landbúnaðurinn hefur viðhaldið sérstöðu íslenskra matvæla, búfjárkynja og ullarvara gagnvart erlendum gestum. */HKr.*

FRÉTTIR

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Ársfundur BÍ 8. mars

Ársfundur Bændasamtaka Íslands verður haldinn á Hótel Örk í Hveragerði föstudaginn 8. mars nk. Í kjölfar fundarins verður haldin ráðstefna þar sem meðal annars verður fjallað um mótun matvælastefnu, sýklalyfjaónæmi og nýsköpun til sveita. Um kvöldið verður haldin bændahátíð þar sem íslenskar búvörur verða í öndvegi og dansað fram á nótt.

Þetta er í annað sinn sem ársfundur BÍ er haldinn með þessu sniði. Búnaðarþing er haldið á tveggja ára fresti en ársfundur þess á milli. Dagskráin er á þá leið að fyrir hádegi eru hefðbundin aðalfundarstörf en eftir hádegi er blásið til opinnar ráðstefnu milli kl. 13–16. Markhópurinn er fyrst og fremst bændur en allt áhugafólk um landbúnað er hjartanlega velkomið. Meðal þeirra sem halda erindi eru Karl G. Kristinsson, prófessor í sýklafræði og Vala Pálsdóttir, formaður verkefnastjórnar um mótun matvælastefnu. Þá verður fjallað um viðhorf til landbúnaðar og upplýsingagjöf til neytenda. Tveir bændur sem eru framarlega í nýsköpun segja frá sinni starfsemi, þau Örn Karlsson á Sandhóli og Hulda Brynjólfsdóttir í Lækjartúni. Örn hefur markaðssett repjuolíu og hafra sem hafa slegið í gegn í verslunum en Hulda rekur smáspunaverkmiðjuna Uppspuna sem hefur vakið mikla athygli fyrir framleiðslu á garni.

Nánari dagskrá verður birt á bondi.is og þar verður líka hægt að skrá sig fyrir miðum á bændahátíðina. */TB*

Matarverðskönnun ASÍ á Norðurlöndum harðlega gagnrýnd:

Vörukarfan hvergi sögð dýrari en á Íslandi

– Ekki öll sagan sögð, segir formaður Bændasamtaka Íslands

Alþýðusamband Íslands birti niðurstöður verðkönnunar 6. febrúar þar sem verð á 18 tilgreindum matvörum er borið saman í höfuðborgum Norðurlandanna í desember síðastliðnum. Um er að ræða algengar matar- og drykkjarvörur og kemur þar fram að vörukarfan sé hvergi dýrari en hér á Íslandi.

Samanburðurinn umreiknar verðið í íslenskar krónur á þeim tíma sem könnunin var gerð. Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, segir að ekki sé öll sagan sögð í könnuninni.

Talsvert hefur verið fjallað um könnunina og hefur sjónum verið beint að tollvernd landbúnaðarvara sem hluta af ástæðu þessa háa verðlags.

Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands. Mynd / HKr.

Taka verður tillit til fleiri þátta

Að sögn Sindra Sigurgeirssonar, formanns Bændasamtaka Íslands, er ekki öll sagan sögð í könnun ASÍ þó þar sé vissulega ákveðin saga sögð. „Það verður að taka tillit til fleiri þátta og ég hefði viljað sjá svona kannanir gerðar oftar en á 12 ára fresti, 2006 og 2018. Í bæði skiptin er gengi krónunnar sterkt, en staðan gjörbreyttist í millitíðinni. Það er ekki deilt um að verðlag á Íslandi er hátt á flestum vörum samanborið við önnur Evrópulönd, en það er kaupmátturinn sem skiptir mestu. Hvað færðu fyrir þínar ráðstöfunartekjur og hvað þarftu að nota stóran hluta af ráðstöfunartekjum til að kaupa í matinn? Þar stöndum við vel á Íslandi. Við þurfum aðeins að nota 10,6 prósent ráðstöfunartekna til matarkaupa og erum þar í sjötta sæti af 32 löndum í Evrópu samkvæmt nýjustu tölum Hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat.“

Samanburður á vörum sem ekki bera tolla

Það er þetta sem segir til um raunveruleg lífskjör. Vissulega nýtur landbúnaður ákveðinnar tollverndar og verð á framleiðslu hans er ekki yfir gagnrýni hafið, en það er þá eðlilegt að bera saman líka verð á vörum sem bera enga tolla, eins og fötum, skóm, raftækjum og fleiru. Það má allt skoða í gögnum Eurostat og þar er verð oftar en ekki hæst á Íslandi. Spaghetti er heldur ekki tollað svo ekki verður tollvernd kennt um mikinn verðmun þar. Skoðum þetta bara allt. Það er hið sanngjarna í málinu. Matvælaverð er meira en tvöfalt lægra í Rúmeníu en á Íslandi samkvæmt samanburði Eurostat, en þrátt fyrir það þurfa heimili þar í landi að verja meira en tvöfalt hærri hluta af ráðstöfunartekjum sínum til matarkaupa en þau íslensku,“ segir Sindri. */smh*

Hlutfall útgjalda til matvælakaupa árið 2018

Lönd	2018
Bretland	9,0 %
Sviss	9,5 %
Írland	9,9 %
Austurríki	9,9 %
Lúxemborg	10,2 %
Ísland	**10,6 %**
Þýskaland	11,0 %
Danmörk	12,2 %
Noregur	12,6 %
Holland	13,3 %
Finnland	13,6 %
Svíþjóð	13,9 %
Evrópska efnahagssvæðið (EEA15-1995, EEA28-2004, EEA30-2007, EEA31-2013, EEA30-2019)	14,0 %
ESB - 28 lönd	14,1 %
Malta	14,4 %
Frakkland	14,7 %
ESB - 27 lönd (frá 2019)	14,9 %
Belgía	15,0 %
Kýpur	15,5 %
Slóvenía	15,9 %
Ítalía	16,2 %
Pólland	17,0 %
Tékkland	17,2 %
Slóvakía	17,2 %
Spánn	17,5 %
Ungverjaland	17,6 %
Króatía	17,8 %
Portúgal	18,3 %
Grikkland	18,6 %
Eistland	18,6 %
Litháen	18,9 %
Búlgaría	20,0 %
Lettland	20,6 %
Rúmenía	28,9 %

Hagstofa ESB, Eurostat, metur hlutfall útgjalda neytenda til kaupa á matvörum. Þessi tafla sýnir hlutfall útgjalda til kaupa á matvörum á Evrópska Efnahagssvæðinu auk Sviss.

Hlutfall útgjalda neytenda til kaupa á matvörum. Hagstofa ESB, Eurostat, metur hlutfall útgjalda neytenda til kaupa á matvörum. Meðfylgjandi tafla sýnir hlutfall útgjalda til kaupa á matvörum á Evrópska efnahagssvæðinu auk Sviss árið 2018.

Talsmaður Samtaka verslunar og þjónustu telur að landbúnaðurinn geti lækkað verð til að liðka fyrir samningum:

Mantra sem margir trúa í blindni

– segir Kristján Finnur Sæmundsson véltæknifræðingur og segir eigin könnun sýna að tollalækkanir skili sér ekki til neytenda

Verðlagskönnun sem Kristján Finnur Sæmundsson véltæknifræðingur gerði á eigin vegum fyrir skömmu hefur vakið mikla athygli. Samanburður á matvælatollum á Íslandi og í Noregi sýni að norsk tollvernd er í mörgum tilfellum hærri en á Íslandi en matvörur samt ódýrari. Gagnrýnir hann Bændasamtökin fyrir að hafa ekki staðið sig í umræðunni.

„Ég er fæddur og uppalinn vestur í Dölunum,“ segir Kristján „og hef tamið mér gagnrýna hugsun og að vera sérstaklega gagnrýninn á fullyrðingar ef ekki eru færð fyrir þeim nægjanleg rök.

Þegar ég horfði á viðtalið við Andrés Magnússon, framkvæmdastjóra Samtaka verslunar og þjónustu, um verðlagskönnun ASÍ og hátt verð á matvörum hér á landi, þar sem hann skellir allri sökinni á verndartolla og íslenskan landbúnað en minntist ekki einu orði á þátt verslunarinnar – þá ofbauð mér.

Gegnum tíðina hef ég heyrt alls kyns áróður sem haldið er á lofti gegn landbúnaði á Íslandi og finnst ekki réttlát að mörgu leyti. Ég tel mig þekkja ágætlega til í kjarna landbúnaðarins, sem er sauðfjár- og mjólkurbúskapur, og ég veit að í sauðfjárræktinni eru bændur hreinlega að lepja dauðann úr skel.

Mér finnst því leiðinlegt þegar sparkað er í liggjandi mann eins og sauðfjárbændur eru í dag.“

Kristján Finnur Sæmundsson.

Bændasamtökin mættu vera duglegri við að koma sjónarmiðum bænda á framfæri

Kristján segir að í sínum huga hafi Bændasamtökin og bændaforystan ekki staðið sig nógu vel í umræðunni og mættu vera mun duglegri við að koma sjónarmiðum bænda á framfæri og koma réttum upplýsingum til skila.

„Á þessum erfiðu tímum í sauðfjárrækt blasir við að sveitir landsins eru að flosna upp, forsendubrestur hefur orðið í greininni og við horfum öll á þetta lestarslys raungerast fyrir framan okkur. Afleiðingarnar fyrir sveitir landsins munu vara í mörg ár eða áratugi ef ekkert er að gert. Ég skora á Bændasamtökin og þingmenn að taka þessi mál föstum tökum.“

Tafla 2. - Samanburður á verðkönnun ASÍ og tollvernd

Vöruheiti	ASÍ verðkönnun Ísland	ASÍ verðkönnun Noregur	Tollvernd Ísland	Tollvernd Noregur
Smjör	479 kr	398 kr	196%	95%
Rjómi yfir 10%	531 kr	617 kr	142%	339%
Brauðostur	706 kr	617 kr	296%	125%
Brieostur 30-35%	491 kr	473 kr	562%	275%
Nýmjólk 3-4%fita	152 kr	259 kr	66%	338%
Léttmjólk 1,5%	152 kr	231 kr	75%	338%
Jógúrt	331 kr	236 kr	48%	107%
Nautahakk	799 kr	663 kr	83%	354%
Kjúklingabringur	1.327 kr	913 kr	87%	183%
Svínagúllas	790 kr	489 kr	99%	270%
Skinka	550 kr	207 kr	575%	1042%
Samlokubrauð	298 kr	139 kr	0%	297%
Spagetti	90 kr	72 kr	0%	596%
Hrísgrjón	179 kr	108 kr	0%	0%
Kartöflur	298 kr	114 kr	63%	32%
Bananar	151 kr	160 kr	0%	0%
Gulrætur	359 kr	121 kr	247%	67%
Appelsínusafi	198 kr	88 kr	0%	0%

Mantra sem margir trúa

„Að mínu mati tók botninn úr þegar talsmaður Samtaka verslunar og þjónustu leggur til að landbúnaðurinn lækki verðið til þess að liðka fyrir kjarasamningum. Hann er í raun að segja að bændur sem reka meðal fjölskyldubú eigi að taka á sig launalækkun til að hækka kaupmáttinn hjá öðrum, en lítið hefur borið á tillögum um að verslunin lækki sína álagningu til að auka kaupmátt neytenda.

Satt best að segja erum við búin að heyra þessa möntru svo lengi að ég held að margir séu farnir að trúa henni í blindni.

Það var eitthvað í því sem hann sagði sem fór illa í mig og ég ákvað að skoða hvort þetta væri virkilega svona.

Ég ákvað því að bera saman tollvernd á Íslandi og í Noregi og skoða hvort ofurtollar væru hér við lýði,“ segir Kristján.

Tollalækkanir ekki að skila sér

„Það sem kom mér mest á óvart í samanburðinum er að það er meiri tollvernd á mörgum þeim matvælum sem ég skoðaði í Noregi en á Íslandi. Í framhaldi af því fór ég að furða mig á því hvernig hægt væri að halda fram að hér væru sérstakir ofurtollar.

Tollar á Íslandi hafa sannarlega lækkað á tímabilinu 2006 til 2019, það er á hreinu. Hvað varð um lækkunina er svo fyrir aðra að skoða.

Kristján segist ekki hafa forsendur til að reikna út hver álagningin á matvörum er hér á landi.

„Ég hef alveg skilning á því að það sé dýrt að reka verslun á Íslandi og að það gæti þurft að hafa álagninguna eitthvað hærri en annars staðar en þá á umræðan að snúast um það en ekki skella skuldinni á landbúnaðinn. Landbúnaðurinn þarf samt aðhald eins og önnur framleiðsla og ekkert óeðlilegt við naflaskoðun þar eins og annars staðar í þjóðfélaginu.“ */VH*

„Tollar á Íslandi hafa sannarlega lækkað á tímabilinu 2006 til 2019, það er á hreinu. Hvað varð um lækkunina er svo fyrir aðra að skoða.”

FOSSAR

ÍSLENSK EINBÝLISHÚS - SÉRHÖNNUÐ FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

Landshús kynna hagkvæma lausn fyrir þá sem eru í byggingarhugleiðingum

Fossar - einbýlishús eru útfærð í einingakerfi Landshúsa. Einingakerfið okkar hefur undanfarin ár fengið afar góðar viðtökur og hafa húsin okkar risið um allt land með góðum árangri. Kerfið er að hluta til forsmíðaðar einingar og að hluta til forsniðið efni.

Markmið okkar er að bjóða upp á lausn sem gerir fólki kleift að byggja traust hús á einfaldan og hagkvæman hátt.

Húsin uppfylla íslenska byggingarreglugerð allstaðar á landinu.

Lausn sem hentar

Einstaklingum
Byggingarverktökum
Sveitarfélögum

Byggingarlýsing

- Húsin eru hönnuð á steypta plötu sem kaupandi útvegar
- Útveggjagrind er úr 45mm x 145mm timbur (C24)
- Utanhússklæðning er standandi bandsagað greni
- Þaksperrur:
  - Yfir stofu og eldhúsi: 45mm x 248mm (loft tekið upp - C24)
  - Yfir svefnálmu: Kraftsperrur (loft tekið niður - C24)
- Þakefni er litað stál, upptekið á legtur með Siga þakdúk í undirlag
- Rennur, flasningar og vatnsbretti er litað stál
- Hurðir og gluggar er úr timbri með tvöföldu gleri og kemur málað og glerjað, tilbúið til ísetningar. Læsingar eru frá Assa.
- Öll einangrun í þak, útveggi, loft og milliveggi, rakasperra, lagnagrind og klæðning í loft, útveggi og milliveggi er innifalin.
- Húsin afhendast ósamsett
- **ATH. Allar byggingarnefndarteikningar eru innifaldar í verði fyrir staðlaðar útfærslur**

Valmöguleikar

Hægt er að:

- Breyta stærð húss:
  - Stækka stofu og eldhús
  - Stækka svefnálmu, fjölga herbergjum eða stækka
  - Stækka bílskúr
- Hafa hús með eða án bílskúr (einfaldur eða tvöfaldur)
- Fjölga, fækka eða breyta gluggum og hurðum
- Uppfæra glugga og hurðir í ál/tré
- Uppfæra utanhúsklæðningu í viðhaldsfría lerkiklæðningu

STAÐLAÐAR ÚTFÆRSLUR

FOSS 1 | *Stærð íbúðar:* ***102 fm***
Verð: ***13.566.000,-***

FOSS 2 | *Stærð íbúðar:* ***119 fm***
Verð: ***15.410.000,-***

FOSS 3 | *Stærð íbúðar:* ***145 fm***
Verð: ***18.270.000,-***

FOSS 4 | *Stærð íbúðar:* ***145 fm*** | *Stærð bílskúrs:* ***35 fm***
Samtals: ***180 fm*** | *Verð:* ***22.680.000,-***

FOSS 5 | *Stærð íbúðar:* ***153 fm*** | *Stærð bílskúrs:* ***58 fm***
Samtals: ***211 fm*** | *Verð:* ***25.305.000,-***

EFLA verkfræðistofa á Akureyri sér um tæknilega hönnun á öllum húsunum okkar. Öll hönnun á burðarvirki, festingum og allt efnisval er skv. gildandi byggingarlöggjöf. Húsin uppfylla því að öllu leyti kröfur sem gerðar eru til húsbygginga hér á landi.

EFLA

STYRKUR - HAGKVÆMNI - HÖNNUN

Landshús - Sími 553 1550 - landshus@landshus.is - www.landshus.is

LANDSHÚS

FRÉTTIR

Eiríkur Jónsson í Gýgjarhólskoti var með afurðahæsta fjárbú landsins 2018 eins og 2017:

Hver ær skilaði að meðaltali 44,3 kílóum

– Strandamenn og Vestur- Húnvetningar voru með mestar afurðir héraða á landinu eftir hverja á

Afurðahæsta bú landsins árið 2018 var bú Eiríks Jónssonar í Gýgjarhólskoti í Biskupstungum að því er fram kemur í skýrslum Rágjafarmiðstöðvar landbúnaðarins. Er þá miðað við bú sem voru með fleiri en 100 ær á skýrslum, en hann var með 287 ær. Skilaði hver kind hjá Eiríki 44,3 kíló eftir kind eins og segir í skýrslu RML.

Ef litið er til landshluta voru Strandamenn og Vestur-Húnvetningar að jafnaði að skila bestum árangri í afurðum eftir sínar ær. Höfðu Strandamenn þó heldur betur, með yfir 30 kg að meðaltali, en Húnvetningar voru þar skammt á eftir.

Alls náðu 3 bú 40 kílóum eða meiru að meðaltali á hverja á og 7 bú voru með 38 kg eða meira. Í öðru sæti á listanum á eftir Eiríki var bú Gunnars Þorgeirssonar og Grétu Brimrúnar Karlsdóttur á Efri-Fitjum í Fitjárdal í Vestur-Húnavatnssýslu með 40,3 kg að meðaltali eftir 689 ær. Hlýtur það að teljast mjög góður árangur miðað við fjölda kinda, en ekkert annað af 24 efstu búunum var með yfir 600 ær. Þessi 24 bú sem voru að skila 36 kg eða meiru eftir hverja á voru með tæplega 314 ær að meðaltali og þar af einungis 4 bú með yfir 500 ær. Hafa ber í huga að nokkur af þessum búum eru með kúabúskap sem aðalatvinnugrein.

Eiríkur Jónsson í Gýgjarhólskoti.

Frá Gýgjarhólskoti.

Þriðja búið sem einnig náði meira en 40 kílóum eftir hverja á var bú Hákons Bjarka Harðarsonar og Þorbjargar Helgu Konráðsdóttur á Svertingsstöðum í Eyjafirði. Þau voru með 109 ær.

Í fjórða sæti kom svo félagsbúið Lundur á Austur-Héraði með 39,1 kg að meðaltali eftir á. Þar voru 486 ær. Í fimmta sæti var svo Elín Heiða Valsdóttir í Úthlíð í Skaftártungum með 38,9 kg að meðaltali eftir 361 á. Í sjötta sæti voru þau Guðbrandur Sverrisson og Lilja Jóhannsdóttir, bændur á Bassastöðum í Steingrímsfirði. Voru þau með 38,5 kg að meðaltali eftir 223 ær. Í sjötta sæti var Inga Ragnheiður Magnúsdóttir á Svínafelli í Öræfum með 38,4 kg eftir 332 ær. Í sjöunda sæti komu svo hjónin Jón Grétarsson og Hrefna Hafsteinsdóttir á Hóli í Skagafirði. Voru þau með slétt 38 kg að meðaltali eftir 162 ær.

Úrvalsbú á lista RML

Á heimasíðu RML má finna lista yfir úrvalsbú en þau eiga það sammerkt að ná góðum árangri fyrir nokkra skýrsluhaldsþætti. Skilyrði fyrir þeim lista eru að bú séu með fleiri en 100 skýrslufærðar ær þar sem fædd lömb hjá fullorðnum ám eru fleiri en 1,90. Einnig að fædd lömb hjá veturgömlum ám séu fleiri en 0,90. Reiknað dilkakjöt eftir fullorðna kind er á landsmeðaltali eða meira, gerðarmat sláturlamba er yfir 9,2, fitumat sláturlamba sé á bilinu 5,4-7,6 og hlutfall gerðar og fitu yfir 1,3. */HKr.*

– Sjá nánar á bls. 44 og 45

Tafla 1

Nafn	Býli	Fjöldi áa	Kíló eftir kind	Frjósemi fædd lömb
Eiríkur Jónsson	Gýgjarhólskot 1	287	44,3	2,06
Gunnar og Gréta	Efri-Fitjar	689	40,3	2,22
Hákon og Þorbjörg	Svertingsstaðir 2	109	40,0	1,96
Félagsbúið Lundur	Lundur	486	39,1	1,99
Elín Heiða Valsdóttir	Úthlíð	361	38,9	2,12
Elín Anna og Ari Guðmundur	Bergsstaðir	421	38,6	2,16
Guðbrandur og Lilja	Bassastaðir	223	38,5	2,00
Inga Ragnheiður Magnúsdóttir	Svínafell 3	332	38,4	2,01
Jón og Hrefna	Hóll	162	38,0	1,92
Sigvaldi og Björg María	Hægindi	206	36,8	2,00
Atli Þór og Guðrún	Kot	107	36,7	1,91
Eyþór og Þórdís	Sólheimagerði	125	36,5	2,10
Ólafur og Dagbjört	Syðri-Urriðaá	470	36,5	1,97
Björn og Badda	Melar 1	405	36,5	2,00
Bergþóra og Sigurbjörn	Kiðafell	234	36,5	2,00
Ragnar og Sigríður	Heydalsá 1 og 3	564	36,4	2,02
Gísli Halldór Magnússon	Ytri-Ásar	310	36,4	1,92
Gunnar og Doris	Búðarnes	228	36,3	1,89
Böðvar Sigvaldi og Ólöf	Mýrar 2	561	36,3	2,06
Sveinbjörn Þór Sigurðsson	Búvellir	114	36,2	2,01
Eiríkur S Skjaldarson	Gilsá	175	36,1	2,09
Stella og Tómas	Tjörn	222	36,1	2,17
Smári Valsson	Torfastaðir	156	36,1	1,95
Þormóður Heimisson	Syðri-Sauðadalsá	583	36,0	2,09

Holdakálfarnir á Stóra-Ármóti dafna vel:

Draumur þyngist um tvö kíló á dag

Í júní árið 2017 voru keyptar 38 kýr af íslenskum bændum og skömmu síðar var fósturvísum úr norsku Aberdeen Angust holdakúakyni komið fyrir í kúnum. Ellefu kýr héldu og fæddust kálfarnir síðastliðið haust og er von á fyrsta kjötinu af þeim á markað næsta haust.

Að sögn Sveins Sigurmundssonar, framkvæmdastjóra Búnaðarsambands Suðurlands og Nautíss, dafna kálfarnir vel og vaxa hratt um þessar mundir.

„Kálfarnir eru vigtaðir hálfsmánaðarlega og þyngjast vel, oft um og yfir 1,5 kíló á dag. Sá sem mestan vöxt sýnir er Draumur og er oft með þungaaukningu yfir tvö kíló á dag sem er óvenju mikið."

Rólegir og geðgóðir

„Fyrsti Angus-kálfurinn fæddist 30. ágúst síðastliðinn og hlaut nafnið Vísir. Síðan komu kálfarnir einn af öðrum í heiminn og þegar síðasta kýrin bar um miðjan september höfðu fæðst tólf kálfar, sjö kvígur og fimm naut en ein kýrin bar tveimur kvígum. Burðurinn gekk yfirleitt vel en í tveimur tilfella þurfti aðstoð. Í öðru tilvikinu kom ekki sótt á kúna og í hinu var um afturfótafæðingu að ræða.

Kvígan Vísa að verða 5 mánaða.

Vísir er orðinn 283 kg.

Hamingjusamar íslenskar kýr með norskættuðu holdakálfana sína á túninu hjá einangrunarstöðinni á Stóra-Ármóti.

Hér eru 9 af 12 kálfum sem fæddust á Stóra-Ármóti síðastliðið haust.

Kálfurinn Draumur skömmu eftir burð. Við þyngdarmælingar sýnir hann þyngdaraukningu upp á um tvö kíló á dag.

Mikill lífsþróttur er í kálfunum og þeir áberandi rólegir og geðgóðir."

Einangrun lýkur í júlí

Sveinn segir að kálfarnir hafi verið færðir í einangrun snemma í október eftir góða dvöl í kálfagarði í góðviðrinu í september og fylgdu sex kýr þeim inn í einangrunina.

„Einangruninni lýkur í byrjun júlí næsta sumar og þá má taka sýni úr gripunum. Að lokinni greiningu er hægt að fara að taka sæði úr þeim haustið 2019 sem verður flutt á Nautastöð BÍ og dreift þaðan. Þá verða nautin seld hæstbjóðanda á útboði eða uppboði sem á eftir að útfæra nánar og mun sæði standa bændum til boða næsta haust. Kvígurnar verða sæddar með innfluttu sæði og væntanlega teknir fósturvísar úr þeim sem verða boðnir bændum," segir Sveinn.

Sveinn segir að fyrsta kjötið af kálfunum sé væntanlegt á markað í fyrsta lagi um áramótin 2021 og 2022. */VH*

NÝIR TÍMAR Í TRYGGINGUM
Fáðu strax okkar besta verð í tryggingarnar og gakktu frá kaupum á nokkrum mínútum. Það getur þú bara hjá TM.
SJÁÐU ÞITT VERÐ Á TM.IS
Þetta var fljótlegra en ég átti von á og talsvert einfaldara
TM

Bændablaðið
– Málgagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 10.900 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara kostar 5.450 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – **Kt:** 631294–2279

Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga: augl@bondi.is** – **Vefur blaðsins: www.bbl.is** – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
Frágangur fyrir prentun: Anna Kristín Ólafsdóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsíðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Samgöngur í lag

Það þarf að byggja upp innviði þjóðfélagsins hljómaði úr digurbörkum frambjóðenda fyrir síðustu kosningar. Peningarnir eru til, það þarf bara að forgangsraða.

Þessi orðræða hljómaði að heita má á hverjum einasta framboðsfundi og öllum kappræðum sem haldnar voru á ljósvakamiðlunum í aðraganda kosninganna. Samgöngumál voru þar þráfaldlega nefnd, enda vegakerfið orðnar slitrur einar og stórskemmt eftir viðhaldsleysi í fjölda ára.

Nú hefur íslenska þjóðarskútan rétt sig þokkalega af eftir brotsjóinn 2008. Greiddar hafa verið niður skuldir í stórum stíl og stofnanir ríkisins þenjast út eins og risastórir loftbelgir.

Í byrjun kreppunnar kom makríllinn syndandi upp í hendurnar á okkur og breyttist í gull og svo voru það blessaðir ferðamennirnir. Peningar hafa flætt um bankakerfi og lífeyrissjóði sem aldrei fyrr enda hafa menn þar á bæjum gott vit á hvernig eigi að komast hjá því að aurarnir staldri nema örstutt augnablik í götóttum vösum hins skítuga almúga. Ef þessir sjóðir ná ekki aurunum þá þurfum við ekkert að örvænta, stjórnendur ríkisins hafa þar haft ráð undir rifi hverju að hrifsa til sín restina. Þeir sem verst eru settir geta að óbreyttu verið öruggir með að hafa það að meðaltali nokkurn veginn jafn skítt og áður.

Já, það var dagsatt hjá öllum frambjóðendunum að peningarnir voru til og eru það enn. Það er hægt að gera eitt og annað, en aðeins ef menn festast ekki í sömu kennisetningunum og komu okkur á hausinn 2008. Almenningur í þessu landi þarf sannarlega ekki að hafa það skítt, þetta er nefnilega bara spurning um forgangsröðun.

Einn þáttur í að efla lífsgæði þjóðarinnar er styrking innviða. Það er nauðsynlegt til að koma okkur upp úr hjólfari gærdagsins. Það hefur sannarlega verið unnið mjög gott verk í lagningu ljósleiðara úti um landið og nú huga menn að því að flýta lagningu þriggja fasa rafmagns um sveitir landsins.

Þá komum við að þeim þáttum sem alltaf virðast sitja á hakanum, en það er vegakerfið og flugvellirnir. Heilbrigðiskerfið situr ekki endilega á hakanum í þessum efnum. Þar er hins vegar verið að gera hrikaleg og margþætt mistök sem verða okkur dýrkeypt. Það mun því soga upp allt það fjármagn sem þangað er ausið inn um ókomin ár og mun samt ekki duga til.

Við státum af því að hafa laðað hingað milljónir ferðamanna, en það er til lítils ef þeir komast ekki út fyrir girðingu Keflavíkurflugvallar vegna ónýtra og hættulegra vega. Það er borið við peningaskorti og nauðsyn á að plokka enn meira en þá 80 milljarða sem þegar eru kreistir úr vösum allra annarra bíleigenda en rafbílaeigenda. Stjórnmálamenn verða að fara að átta sig á að fólk er búið að fá nóg af þessu rugli. Það er nóg til af peningum og ágætlega stöðugt innstreymi. Leggjum bara á hilluna næsta áratuginn eða tvo áform um að veita raforkugróða í sjóði fyrir fjárglæframenn til að leika sér með. Breytum í það minnsta einum banka í raunverulegan samfélagsbanka, lækkum vexti stórlega og afnemum verðtryggingu á lánum til almennings. Þannig vinnst tvennt. Klafanum verður létt af almenningi og nægt fé verður til að byggja upp samgöngumannvirki á stuttum tíma.

Nú hefur kviknað vonarneisti í þessum efnum. Samgönguráðherra hefur viðrað hugmynd um að Landsvirkjun og bankar verði látnir standa undir uppbyggingu samgöngukerfisins. – Guð láti gott á vita eins og presturinn sagði. */HKr.*

Vottuð framleiðsla og nýting aukaafurða

Einar E. Einarsson
formaður Sambands íslenskra loðdýrabænda
einaree@simnet.is

Ég leyfi mér að fullyrða að engin búgrein á Íslandi er í jafnmikilli alþjóðlegri samkeppni og minkarækt in hefur verið í gegnum árin. Minkaskinn eru framleidd í rúmlega 30 löndum víðs vegar um heiminn. Stærstur hluti framleiðslunnar er seldur við hamarshögg í uppboðshúsum hér í Evrópu eða vestan hafs.

Í uppboðshúsunum eru skinnin flokkuð óháð uppruna og síðan seld í einsleitum búntum þar sem öll skinn í viðkomandi búnti eru eins af gæðum, stærð, lit o.s.frv. Okkar markmið sem bænda er því alltaf að framleiða og skila af okkur skinnum sem flokkast í búntin sem seljast á besta verðinu hverju sinni. Þetta eru frjáls viðskipti þar sem framboð og eftirspurn ráða verðmyndun skinnanna. Kaupendur fá skinnin flokkuð ef þeir versla í gegnum uppboðshús og fá þá um leið tryggingu fyrir því að uppruni skinnanna sé frá búum með vottaða og viðurkennda framleiðslu þar sem umhirða og aðbúnaður dýranna er eins og best verður á kosið.

Ekki allir vottaðir

Hluti framleiðenda í heiminum selur hins vegar beint til saumastofa eða sjálfstætt starfandi kaupheðna/kaupsýslumanna sem gera engar kröfur um uppruna merkingar. Seljendurnir eru oft og tíðum bændur í fjarlægum löndum sem ekki fá leyfi til að selja á uppboðshúsum í t.d. Evrópu vegna þess að þeir starfa fyrir utan öll lög og reglur um aðbúnað og velferð dýra.

Hér í Evrópu kemur af og til upp umræða um að banna minkarækt, samanber umræðuna í Noregi núna. Ekki er ennþá ljóst hvernig norska þingið muni ljúka því máli en hitt er ljóst að það er ekki verið að banna notkun á skinnavörum í Noregi, heldur einungis að banna framleiðslu þeirra í landinu. Engar hugmyndir eru um hertar kröfur um uppruna skinnavara sem fluttar eru inn. Þeir sem krefjast bannsins eru því fyrst og fremst að vinna gegn dýravelferð og koma í veg fyrir að skinnin sem notuð eru í heiminum komi frekar frá vottuðum bændum hér í Evrópu. Að mínu viti er þetta röng þróun, en dýravelferð er í hávegum höfð í Noregi, búin eru flest lítil og framleiðslan persónutengd eins og hér á Íslandi.

Minkarækt er umhverfisvæn

Minkarækt er eins og hver önnur búfjárrækt, það þarf að ala dýrin og passa að bæði aðbúnaður og hirðing sé eins og best verður á kosið. Eldisminkurinn hefur verið í búrarræktun frá því fyrir árið 1900, ættliðabilið er stutt og því gengur ræktunin hratt sem gerir ræktunarstarfið spennandi. Við framleiðslu á hverju skinni eru notuð um 53 kg af fóðri, þar af eru tæp 50 kg af afskurði frá matvælavinnslu, mest sláturhúsum og fiskvinnslum. Þetta eru í flestum tilfellum hráefni sem ekki nýtast í aðra matargerð og væru því oftast urðuð ef þau væru ekki nýtt í fóðurgerð. Nú er það eitt af markmiðum aðgerðaráætlunar ríkisstjórnarinnar um loftslagsmál að banna urðun á lífrænum úrgangi en það ferli byrjar á næsta ári með skattlagningu, að lágmarki 10 kr. á kg af urðuðum lífrænum úrgangi. Í framhaldinu verður svo bannað með öllu að urða lífrænan úrgang á Íslandi samkvæmt áðurnefndri aðgerðaáætlun um loftslagsmál. Hér gæti minkarækt in og fóðurstöðvarnar lagt sitt á vogarskálarnar því það hlýtur að vera skynsamlegt að nýta þetta hráefni í fóður til að ala dýrin og skapa þannig útflutningsverðmæti og um leið atvinnu á landsbyggðinni. Skíturinn frá búunum nýtist einnig vel sem áburður á tún eða til uppgræðslu.

Lítil umræða

Um þessa fyrirhuguðu gjaldtöku er samt ekki mikil umræða í gangi en þegar hún skellur á þá mun sá skattur ekki fara neitt annað en til enn frekari hækkunar á matarverði til neytenda eða til lækkunar á afurðaverði til bænda. Hér er því kjörið tækifæri fyrir fóðurstöðvar sem framleiða minkafóður og afurðastöðvar að taka höndum saman og efla úrvinnslu þessara hráefna í fóðurstöðvunum en þar er ákveðinn grunnur til af bæði tækjabúnaði og þekkingu í meðferð á hráefnum sem þessum. Fóðurstöðvar framtíðarinnar gætu því haft það að markmiði að safna lífrænum úrgangi frá matvælavinnslunni og finna honum annan farveg en að hann sé urðaður. Framleiðsla minkafóðurs gæti verið stór þáttur í þessari nýtingu en síðan má þróa hluti eins og framleiðslu á gæludýrafóðri og/eða flytja út flokkuð hráefni til fóðurgerðar eða frekari vinnslu erlendis.

Það er allra hagur að við sem stöndum í búvöruframleiðslu á Íslandi vinnum saman og horfum á stóru heildarmyndina. Það munar um hvert starf og því betur sem við náum að nýta allt það sem við framleiðum, því betra er það fyrir umhverfið og það hagkerfi sem við lifum í.

ÍSLAND ER LAND ÞITT

Gýgjarfoss er öflugt vatnsfall sem sjá má á leiðinni inn í Kerlingarfjöll og Hveradali. Hann er ekki ýkja hár, eða um fimm metrar og um 20 metra breiður. Oft er mikið vatn í þessum fossi sem gerir hann tignarlegan á að líta. Mynd / Hörður Kristjánsson

Ritstjórn LífsKrafts við útkomu bókarinnar Fokk – ég er með krabbamein! Myndir / Jón Þorgeir Kristjánsson

Fokk – ég er með krabbamein!

– Ný og endurbætt bók til að auðvelda sjúklingum og aðstandendum að takast á við erfitt ferli

Kraftur, stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur, hélt útgáfuhóf á Kaffi Flóru í gær, mánudaginn 4. febrúar, á Alþjóðlegum degi gegn krabbameinum. Haldið var upp á að búið er að endurútgefa bókina LífsKraftur í algjörlega nýrri mynd.

Fjölmargir kíktu í hófið og þar á meðal frú Vigdís Finnbogadóttir, sem er verndari Krabbameinsfélags Íslands, en Kraftur er einmitt eitt af aðildarfélögum þess. Skiptir bókin miklu máli og auðveldar fólki að fóta sig í hvað gera þurfi þegar fólk greinist með krabbamein.

„LífsKraftur hefur fengið þvílíka andlitslyftingu," sagði Hulda Hjálmarsdóttir, framkvæmdastjóri Krafts, í útgáfuteitinu.

Frú Vigdís Finnbogadóttir, verndari Krabbameinsfélags Íslands, mætti í útgáfuhófið á Kaffi Flóru.

Bókin á erindi til allra

Hulda sagði í samtali við Bændablaðið að í bókinni megi finna hagnýt ráð til allra, bæði sjúklinga og aðstandenda, og leiðbeiningar um hvert skref. Þetta varði í raun alla Íslendinga, því þriðji hver landsmaður greinist einhvern tíma á lífsleiðinni með krabbamein.

„Bókin kom fyrst út árið 2003 en þar sem Kraftur er 20 ára í ár ákváðum við að endurskrifa hana með það í huga að hún höfðaði betur til ungs fólks, gera hana myndrænni og láta hana svara auðveldlega spurningum sem koma upp í huga fólks þegar það greinist með krabbamein eða þegar ástvinur greinist. Undirtitill bókarinnar hittir beint í mark þó hann sé vissulega ögrandi líka en hann er Fokk ég er með krabbamein!, sem er jú kannski fyrsta hugsunin sem kemur upp þegar maður fær svona fréttir," sagði Hulda enn fremur.

LífsKraftur inniheldur hagnýtar upplýsingar fyrir einstaklinga sem greinst hafa með krabbamein, aðstandendur þeirra og vini. Tilgangur þessarar útgáfu er að safna saman á einn stað upplýsingum, fræðsluefni og bjargráðum sem koma að gagni fyrir ungt fólk með krabbamein og aðstandendur. Allir sem greinast með krabbamein á aldrinum 18–45 ára og fjölmargir fleiri fá bókina afhenta sér að kostnaðarlausu en hún liggur einnig frammi á öllum spítölum landsins. Einnig er bókin inni á vefsíðu Krafts, www.kraftur.org.

Heilbrigðisstofnanir og aðrir geta sett sig í samband við Kraft til að fá bókina senda til sín.

Allar nánari upplýsingar veitir Hulda Hjálmarsdóttir, framkvæmdastjóri Krafts, í síma 866-9600 eða í tölvupósti hulda@kraftur.org og hún hvetur fólk til að hafa samband ef það vill fá bókina senda.

Lífið er núna.

Enginn fastur opinber stuðningur

Hulda segir Kraft vera rekið á velvilja fyrirtækja, stofnana og einstaklinga en fái ekki föst opinber framlög. Þeir sem óska þess er hins vegar gefinn kostur á að styrkja félagið með mánaðarlegum greiðslum. Varðandi útgáfu LífsKrafts-bókarinnar þá fékkst um tveggja milljóna króna styrkur frá velferðarráðuneytinu til þess verkefnis.

Njótum mikils velvilja

„Við njótum mikils velvilja og gætum ekki haldið uppi okkar starfsemi án þess. Armböndin hafa verið okkar helsta söluvara til að styrkja starfsemina. Fólk hefur þá verið að koma saman og perla armbönd undir yfirskriftinni „Lífið er núna". Það er ánægjulegt hvað þetta hefur gengið vel og hefur gert það að verkum að við höfum getað bætt þjónustuna við okkar félagsmenn."

Margvíslegur stuðningur við sjúklinga

Hulda segir að félagsmenn Krafts séu um 750 talsins. Þeim sé veittur bæði andlegur og fjárhagslegur stuðningur eftir því sem hægt er. Þar sé til taks neyðarsjóður sem veiti fólki stuðning til að takast á við fjárhagslega erfiðleika sem geti komið upp þegar það veikist. Þá sé félagsmönnum boðið upp á sálfræðiþjónustu og þeir geti sótt um styrk til lyfjakaupa sem Apótekarinn ber kostnað af. – „Þannig getur fólk sótt lyf í útibú Apótekarans sér að kostnaðarlausu," segir Hulda.

„Við erum líka að veita fólki jafningjastuðning og erum með starfandi stuðningshópa. Einnig erum við með endurhæfingarhóp sem heitir Fítonskraftur þar sem fólk getur komið saman og æft sig eftir meðferð. Í haust vorum við svo að byrja með markþjálfa sem gefur þjónustu sína til okkar félagsmanna. Þá vorum við líka að byrja með jóganámskeið fyrir okkar félagsmenn og þannig er alltaf eitthvað á döfinni," segir Hulda. */HKr.*

MÆLT AF MUNNI FRAM

Fyrir fám dægrum átti ég tal við **Jóhannes bónda á Gunnarsstöðum** í Þistilfirði. Svona í leiðinni innti ég hann eftir brúklegum kveðskap í blaðið. Ekkert sagði hann til sem hann myndi, en sagði að **Ágúst Marinó Ágústsson**, bóndi í Sauðanesi, væri hjá sér við tamningar, og sá ætti örugglega eitthvað, og rétti **Gústa** símtækið. Gústi tók mér bærilega vel, en sagðist sár og óánægður með hve lítið birtist eftir sig í vísnaþættinum. Ekkert myndi hann þó af sínum vísum, en auðvitað mætti hrófa einhverju saman í snatri. Þess sést staður hér eftir. Það er hins vegar satt hjá Gústa bónda, að hér hafa fáar stökur hans verið birtar sem skýrist af því að flestar hans vísna eru svo níðskældar og blautlegar að flest sómakært fólk beygir af. Margar landfleygar vísur hefur Gústi ort, enda fara þær flestar betur í muna en í kvæðasöfnum. Vísur Ágústar sem hér fara eftir, og ortar voru strax eftir símafund okkar, eru með þeim snyrtilegustu sem ég hef eftir hann séð, enda ortar allar til mín:

Ei skyldi enda á blaði
andans hrip er lekur,
en Geirhjörtur hinn graði
getur verið frekur.

Ef skal ort með hraði,
ekkert vandað fagið,
þá Geirhjörturinn graði
gengur strax á lagið.

Þó að villur vaði,
vísur slakar detta,
Geirhjörturinn graði
gamnar sér við þetta.

Leirs í ljótu baði
leiðist orði snjöllu,
en Geirhjörturinn graði
gleypir þó við öllu.

Þegar þetta andans verk **Ágústar** hafði skilað sér í símann, þá sendi ég honum staðfestingu ásamt ríkulegum þakkarorðum. **Gústi** veðraðist þá allur upp, og sendi ábót:

Árni G. á undan fer,
á eftir hinir teymast.
Skíturinn mun skila sér,
-en skáldin kynnu að gleymast.

Það styttist í Þorra, og Góa gengur í garð. **Ingólfur Ómar** orti þessa vísu af því tilefni:

Herðir kló og hnyklar brá,
hleður snjónum niður.
Þræsin Góa þeytir snjá,
þekur mó og skriður.

Símon Dalaskáld kvað svo um **Einar á Sauðá** í formannavísum:

Þó að gráðug hrönnin há
hreki náðir beinar,
sækir fjáður sjóinn á
Sauðár ráður Einar.

Stýrir gnoð af brögnum best
brims um hroða völlinn,
engan voða óttast sést
eða boðaföllin.

Litlu fyrir andlát sitt orti **Jósef Schram** þessar stökur:

Undarleg er ævin manns
angurbárum þvegin.
Skal nú vera langt til lands?
lending yrði ég feginn.

Veit ég muni leiðarljós
loga á heljarskeri.
Feginn inn á feigðarós
fleyti völtum kneri.

Er að lokum upp við sand
ýtir kyljan stranga,
vona ég mér á lífsins land
leyfist þó að ganga.

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggð1@gmail.com

FRÉTTIR

Hætt með hönnunar- og handverkshluta Icelandic Lamb

Tekin hefur verið ákvörðun um það hjá markaðsstofunni Icelandic Lamb að hætta með ullarvinnsluhluta þess. Markaðsstofan vinnur að framkvæmd verkefnisins Aukið virði sauðfjárafurða samkvæmt ákvæðum samnings um starfsskilyrði sauðfjárræktarinnar.

Ninja Ómarsdóttir hefur verið í 40 prósent starfshlutfalli hjá Iclandic Lamb, með sérstaka áherslu á hönnunar- og handverkshluta ullarvinnslunnar. Hún hóf störf 1. september síðastliðinn og lét af störfum um síðustu mánaðamót.

Hafliði Halldórsson er framkvæmdastjóri Icelandic Lamb. Mynd / smh

Skerpa þarf markaðssetninguna á kjöthlutanum

Að sögn Hafliða Halldórssonar, framkvæmdastjóra Icelandic Lamb, er markmiðið með þessari ákvörðun að setja betri fókus á kjöt- og matarhlutann – og skerpa á áherslum markaðsstofunnar og um leið fækka verkefnum hennar. „Það var tekin ákvörðun um að nýta kraftana og fjármagn í að ná árangri þar enda er staðan í virðiskeðjunni í kjöthlutanum þannig að þörf er á markvissum aðgerðum þar til að lyfta upp virði afurða og tryggja vörunni ásættanlegt verð og ásýnd.

Við teljum að rétt sé að halda þessum tveimur hlutum aðskildum í markaðssetningu, þótt þeir eigi sameiginlegan uppruna sem sauðfjárafurðir," segir Hafliði. */smh*

Sláturfélag Suðurlands vill fleiri sauðfjárbændur í viðskipti

Sláturfélag Suðurlands hefur sent frá sér tilkynningu þar sem óskað er eftir fleiri innleggjendum sauðfjár á næstu sláturtíð. Félagið áætlar að auka slátrun á þessu ári sem nemur 8–10 þúsund kindum.

Í tilkynningunni segir að í ljósi breyttra aðstæðna á markaði og fækkunar sauðfjársláturhúsa hafi SS ákveðið að lengja sláturtíð haustið 2019 um þrjá sláturdaga. Nýjum innleggjendum á félagssvæði SS er boðið upp á að sækja um innleggsviðskipti með sama rétti og þeir sem fyrir eru. Ef sótt verður um heildaraukningu sem er umfram 8–10 þúsund fjár verður magninu skipt niður en þó þannig að ekki verða sótt færri en 100 lömb að jafnaði til nýs innleggjanda.

Steinþór Skúlason, forstjóri SS, sagði við Bændablaðið að ýmsar ástæður lægju að baki því að félagið óskaði nú eftir fleiri innleggjendum. Hann telur að ákveðin vatnaskil séu að verða í sauðfjárframleiðslunni þar sem birgðastaða sé í jafnvægi og útflutningsmarkaðir lofi góðu.

„Breyttar aðstæður er lægri birgðastaða í landinu en sést hefur um langt árabil og mjög spennandi nýr útflutningsmarkaður í Þýskalandi sem breytir miklu við að geta flutt út með viðunandi hætti og verið með eðlilegt framboð innanlands. Jafnframt skiptir máli að Noregur vill aftur kaupa kjöt í töluverðum mæli," segir Steinþór.

Norðlenska hættir slátrun á Höfn

Norðlenska mun hætta slátrun á Höfn í Hornafirði næsta sumar eins og fram kemur í frétt hér til hliðar. Aðspurður segir Steinþór að það sé jákvætt að geta boðið þeim sem þar voru og eru á félagssvæði SS möguleika á að sækja um innlegg hjá félaginu. Hann segist jafnframt reikna með meiri fækkun sláturhúsa á komandi árum.

Hefja slátrun 4. september

Áætlað er að slátrun hjá SS hefjist í 36. viku, 4. september og ljúki í 45. viku, eða 8. nóvember. Allt að 20% yfirborgun verður í boði fyrstu vikuna sem trappast niður eftir því sem líður á. Í tilkynningu SS segir að það sé stefna fyrirtækisins að greiða samkeppnishæft afurðaverð og þegar vel gengur að miðla hluta af rekstrarafgangi til bænda í formi viðbótar á afurðaverð.

Sláturfélagið óskar eftir því að bændur sem hafi áhuga á að koma í viðskipti til þeirra sæki um fyrir 1. mars næstkomandi. */TB*

Höfn í Hornafirði. Mynd / HKr.

Norðlenska hættir starfsemi á Höfn:

Sláturfélagið Búi skoðar áframhaldandi rekstur

Leigusamningur Norðlenska við Sláturfélagið Búa á Höfn í Hornafirði rennur út um miðjan júlí næstkomandi. Ekki stendur til hjá Norðlenska að endurnýja samninginn og mun fyrirtækið því hætta slátrun þar. Heimamenn skoða möguleikann á áframhaldandi rekstri.

Eiríkur Egilsson, bóndi að Seljavöllum, Hornafirði og stjórnarformaður Sláturfélagsins Búa á Höfn, segir að leigusamningur Norðlenska við Búa renni út um miðjan júlí næstkomandi og að ekki standi til hjá Norðlenska að endurnýja samninginn og mun fyrirtækið því hætta slátrun þar.

„Framhald slátrunar á Höfn er því óráðið eins og er en heimamenn eru að skoða hvaða möguleikar eru í stöðunni. Einn möguleikinn er að Búi og heimamenn verði með áframhaldandi rekstur og taki að sér slátrun. Við vitum ekki enn sjálf hvort það verður Búi sem sér um reksturinn eða hvort um hann verður stofnað sérstakt hlutafélag og reksturinn. Ég á samt von á að það skýrist á næstu vikum," segir Eiríkur.

Eiríkur Egilsson, bóndi að Seljavöllum Hornafirði og stjórnarformaður Sláturfélagsins Búa á Höfn. Mynd / HKr.

Eiríkur segir að Norðlenska hafi dregið úr slátrun á Höfn undanfarið ár og að á síðasta ári hafi verið slátrað rétt um tuttugu þúsund fjár á Höfn en talsvert af fé er flutt á bílum norður á Húsavík til slátrunar þar.

„Sauðfé hefur fækkað á svæðinu undanfarin ár en hér var slátrað úr Lóni, Djúpavogshreppi og alveg austur á Berufjarðarströnd 2015 og 2016 og þá var slátrað hér yfir 30 þúsund fjár og getan í húsinu er um 35 þúsund." */VH*

Stýrihóp ráðuneytanna skipa þau Linda Fanney Valgeirsdóttir, sérfræðingur í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Sigurborg Daðadóttir yfirdýralæknir og Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir. Hér eru þau Sigurborg, lengst til vinstri, og Þórólfur, lengst til hægri, með þau Svandísi og Kristján Þór á milli sín. Mynd / Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Landssamtök sauðfjárbænda:

Oddný Steina Valsdóttir hættir formennsku

Oddný Steina Valsdóttir, sauðfjárbóndi á Butru í Fljótshlíð, gefur ekki kost á sér til áframhaldandi formennsku hjá Landssamtökum sauðfjárbænda (LS). Þetta kemur fram í grein sem Oddný ritar á bls. 32 í Bændablaðinu í dag.

Oddný tók við formennsku á aðalfundi samtakanna í mars 2017.

„Einhverjum kann að þykja það heldur stutt ending að sitja á formannsstóli í tvö ár," segir hún í greininni.

„Ég bið þá sömu að hafa hugfast að formannsdrauminn bar ég aldrei í maganum þótt ég hafi fyrir tveimur árum ákveðið að taka þessari áskorun. Þrátt fyrir að kunna ágætlega við embættið þá stendur hugurinn til annarra verkefna á þessum tímapunkti. Ég fer sátt frá borði."

Oddný tekur einnig fram að hún hafi aldrei staðið ein í þessu embætti.

„Stjórn og framkvæmdastjóri hafa unnið saman sem einn maður og hvert eitt einasta þeirra verið frábærir liðsmenn. Þá hafa samtökin notið styrk og liðsinnis Bændasamtakanna, sem skiptir miklu máli. Ég hef sinnt þessu embætti af alefli enda frá fyrsta degi ljóst að það þyrfti til, en hvort það var nóg á líklega tíminn eftir að leiða í ljós." */HKr.*

Heilbrigðisráðherra og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra:

Lýsa yfir átaki til að draga úr útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería á Íslandi

Síðastliðinn föstudag skrifuðu Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra undir yfirlýsingu um sameiginlegt átak til að draga úr útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería á Íslandi.

Samkvæmt upplýsingum úr atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu skilaði starfshópur heilbrigðisráðherra tíu tillögum árið 2017 að aðgerðum til að hefta útbreiðslu sýklalyfjaónæmis. Nýr stýrihópur beggja ráðuneyta mun hafa það hlutverk að framfylgja stefnu sem byggir á tillögum starfshópsins – sem markar opinbera stefnu stjórnvalda í þessum málaflokki. Stýrihópinn skipa þau Linda Fanney Valgeirsdóttir, sérfræðingur í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Sigurborg Daðadóttir yfirdýralæknir og Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir.

Spornað við alvarlegri ógn

Í tilkynningu stjórnvalda er eftirfarandi haft eftir Svandísi Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra: „Sýklalyfjaónæmi er grafalvarlegt vandamál sem verður að takast á við af mikilli alvöru með raunhæfum aðgerðum og víðtæku samstarfi. Sem heilbrigðisráðherra mun ég leggja af mörkum það sem í mínu valdi stendur til að sporna við þessari alvarlegu ógn."

Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sagði af þessu tilefni: „Með þessari undirritun liggur fyrir opinber stefna íslenskra stjórnvalda í baráttunni gegn útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería. Það mikilvæga skref markar í mínum huga kaflaskil í þeirri baráttu og ber að þakka fyrir það góða starf sem unnið hefur verið á síðustu árum, m.a. starfshóp sem skilaði tillögum sínum árið 2017 og opinber stefna Íslands byggir nú á." */smh*

www.n1.is facebook.com/enneinn

Svo allt rúlli hnökralaust áfram

Michelin, Taurus og Kleber

Vertu með gæðadekk undir vinnuvélunum þínum.

MICHELIN

Michelin XEOBIB

Engin breyting á loftþrýstingi hvort sem ekið er á jarðvegi eða vegum.

Fara betur með jarðveg, spóla minna og eyða minni olíu.

Aukin þægindi og mýkt.

TAURUS

Taurus 65

Lægri loftþrýstingur.

Munstur sem veldur lágmarks jarðvegsskemmdum.

Aukin þægindi.

Kleber

Kleber Gripker

Betri ending.

Munstur sem veldur lágmarks jarðvegsskemmdum.

Aukið grip.

Mitas og Cultor

Evrópsk gæðadekk á góðu verði frá einum stærsta framleiðanda landbúnaðar- og iðnaðardekkja í heimi. Allt frá minnstu heytætlum og upp í stærstu vinnuvélar, þá eru Mitas og Cultor dekkin lausnin fyrir þig. Hagkvæmur kostur sem fer vel með jarðveg.

Made in Europe

Mitas

Cultor

Hafðu samband við N1 verslanir eða N1 verkstæðin um allt land:

Bílaþjónusta, dekkjadeild	440 1120	Reykjavíkurvegi Hafnarfirði	440-1374	dekkjadeild@n1.is
Bíldshöfða	440-1318	Grænásbraut Reykjanesbæ	440-1372	www.n1.is
Fellsmúla	440-1322	Dalbraut Akranesi	440-1394	
Réttarhálsi	440-1326	Réttarhvammi Akureyri	440-1433	
Ægisíðu	440-1320	Höfn, þjónustustöð	478-1940	
Langatanga Mosfellsbæ	440-1378	Reyðarfirði, verslun	474-1293	
		Ólafsvík, verslun	436-1581	

Alltaf til staðar N1

FRÉTTIR

Ragnheiður Þórarinsdóttir, sem er nýr rektor Landbúnaðarháskóla Íslands, skoðar fjárhúsin á Hesti með Loga á dögunum. Mynd / Lbhí

Logi Sigurðsson er nýr bústjóri á Hesti

– Segist vera kominn í draumastarfið

Logi Sigurðsson tók nýverið við bústjórn á Hesti, sem er tilrauna- og kennslubú Landbúnaðarháskóla Íslands í sauðfjárrækt í Andakíl í Borgarfirði.

Hann er ættaður úr Reykjavík en fjölskylda hans fluttist í Borgarfjörðinn þegar hann var sex ára. Fyrst bjuggu þau að Hvítárbakka í Bæjarsveit, en fluttust síðan í Steinahlíð í Lundarreykjadal árið 2008 þar sem foreldrar hans byggðu sér hús.

„Ég og kona mín, Lára Lárusdóttir, byggðum okkur síðan hús á jörðinni árið 2017 og búum við þar ásamt dóttur okkar.

Í draumastarfinu

Logi segir að starfið leggist vel í sig og hann er mjög spenntur að takast á við verkefnið. „Ég hef mjög mikinn áhuga á sauðfjárrækt og er þetta því draumastarf mitt. Ég tek við góðu búi af þeim Helga Eli og Snædísi sem ráku búið áður.

Staðan var auglýst og ég sótti um, en alls bárust níu umsóknir um stöðuna. Gerð var krafa um búfræðipróf og voru allir sem það höfðu kallaðir í viðtöl. Mér lánaðist svo að vera valinn úr þeim hópi.

Hestur er merkilegt sauðfjárbú. Þar hafa verið stundaðar afkvæmarannsóknir síðan 1957. Gríðarlegu magni upplýsinga hefur því verið safnað í gegnum tíðina á þessu búi og eru þær upplýsingar gríðarlega verðmætar fyrir sauðfjárræktina og rannsóknir í tengslum við hana.

Margir góðir hrútar hafa komið frá Hesti á sæðingarstöðvarnar, svo sem Raftur og Kveikur en þeir eiga enn þann dag í dag töluverða erfðahlutdeild í stofninum. Nemendur Landbúnaðarháskólans koma að Hesti í verklega kennslu svo sem í gegningar og umhirðu sauðfjár. Einnig eru stundaðar ýmsar rannsóknir að Hesti en það er mismunandi milli missera hve mikið er um slíkt," segir Logi en hann starfaði sem sumarstarfsmaður á Hesti á árunum 2010 til 2013.

Stefnir að því að gera starfið sýnilegra

Spurður um hvort hann sjái fyrir breytingar á búrekstrinum í nánustu framtíð segir Logi að hann sé enn þá að koma sér inn í starfið. „Þó er stefnt að því að efla búið enn frekar og gera starfið sem þar fer fram sýnilegra."

Hestur er staðsettur í 5 mínútna fjarlægð frá Hvanneyri og er fjárfjöldi um 650 vetrarfóðraðar kindur. /smh

Gera þarf mikið meira og betur í markaðssetningu á hrossakjöti á Íslandi:

Upplýsingar liggja fyrir um hollustu og gæði kjötsins

Í desember síðastliðnum sögðum við hér í blaðinu frá lokaverkefni Evu Margrétar Jónudóttur, við auðlinda- og umhverfisdeild Landbúnaðarháskóla Íslands, um viðhorf íslenskra neytenda gagnvart hrossakjöti og kauphegðun þeirra á slíku kjöti. Þar kom fram að hrossakjöt virðist ekki vera nógu áberandi í verslunum og vegna tilfinningaraka virðast margir ekki vilja smakka slíkt kjöt. Sveinn Steinarsson, formaður Félags hrossabænda, segir að ákveðin vinna sé nú í gangi til að bæta stöðu hrossakjöts á mörkuðum.

„Það hófst markaðsátak í Japan haustið 2016 þegar mjög illa gekk að afsetja hross og er átakið enn í gangi. Í upphafi var um valda vöðva að ræða sem fluttir voru ferskir til Japans en síðan hefur verkefnið undið upp á sig og má segja að nú séu nær allir hlutar hrossaskrokksins nýttir og mikill áhugi sé fyrir því að koma folaldakjöti einnig á Japansmarkað," segir Sveinn.

Sveinn Steinarsson, formaður Félags hrossabænda og Erlendur Á. Garðarsson, sem hefur unnið að markaðssetningu á hrossakjöti í Japan með íslenskum hrossabændum. Mynd / HKr.

Hollusta og gæði hrossakjöts

Hann segir að félagið sé ekki með beinum hætti í markaðssetningu á hrossakjöti á Íslandi en alveg sé ljóst að mikið meira megi gera og betur í markaðsmálum og í framsetningu á hrossa- og folaldakjöti. „Það liggja fyrir upplýsingar sem staðfesta hollustu og gæði hrossakjöts en mér finnst vanta upp á vöruþróun og síðan stöðugt framboð.

Við ætlum afurðastöðvum, kjötvinnslum og verslunum að gera betur, það eru klárlega heilmikil tækifæri hérlendis með hrossakjötið.

Auðvitað vitum við að mörgum reynist erfitt að borða hrossakjöt vegna tenginga við hestinn sem vin og félaga en það breytir því ekki að hross þarf að fella ýmissa hluta vegna og það verður ekki gert með öðrum hætti en gegnum afsetningu og úrvinnslu," segir Sveinn.

Nýting á frampartinum vandamál

Sendar voru fyrirspurnir til Sláturfélags Suðurlands og Kjötafurðastöðvar Kaupfélags Skagfirðinga varðandi hlutfall hrossa og fjölda í heildarsláturfjölda og hvað verði um það kjöt sem kemur inn til þeirra. Í svari Benedikts Benediktssonar, framleiðslustjóra Sláturfélags Suðurlands, kemur fram að hlutfall hrossa hjá þeim sé um átta prósent og folalda um fjögur prósent í heildarsláturmagni (þyngd). „Hrossin eru um 320 tonn (2.061 gripir) og folöld (1.709 gripir) um 163 tonn. Hrossin fara í þurrpylsuframleiðslu, saltkjöt og bjúgu. Mikið er selt af lærvöðvum í kjötborð. Þá flytjum við í hverri viku ferskt hrossakjöt til Sviss, um 20 hross á viku.

Nýtingin á frampartinum hefur verið vandamál, en hann er fluttur út í dýrafóður á mjög lágu verði. En með honum náum við einnig að selja mikið af „aukafurðum"; lifur, þindar, hálsæðar, fitu, bein, lungu og hjörtu," segir Benedikt.

Vöðvar af folöldum á innlendan markað en vinnsluefni út

Ágúst Andrésson, forstöðumaður Kjötafurðastöðvar Kaupfélags Skagfirðinga, segir að á síðasta ári hafi hlutur hrossa verið rúm 101 tonn (572 gripir) og folalda rúm 52 tonn (646 gripir), samtals rúm 16,3 prósent í heildarsláturmagni (þyngd) Kjötafurðastöðvarinnar. „Við kaupum svo til viðbótar frá kjötvinnslum B. Jensen og Esju og sláturhúsinu á Hellu.

Vöðvar af folöldum fara á innlendan markað, en vinnsluefni á erlendan markað."

Vöruþróunarverkefni í Japan

„Við erum í vöruþróunarverkefni með folaldakjöt til Japans, með framparta og síðar í samstarfi við þarlenda kaupendur, Erlend Garðarsson og hrossabændur.

Varðandi kjöt af fullorðnu, þá fara lundir, hryggvöðvar og innralæri á innlendan markað. Blandaðir vöðvar á Ítalíu. Fitusprengdir vöðvar og fleiri bitar, til dæmis úr síðu og innmat, fara á Japansmarkað.

Það er vöruþróun í gangi sem lýtur að framleiðslu hráfóðurs fyrir hunda. Þá erum við að skoða kaup á pökkunarvél til pökkunar á skammtaskornum steikum," segir Ágúst. /smh

Bæjarstjórn Akureyrar:

Möguleg jarðgöng undir Tröllaskaga

Bæjarstjórn Akureyrar hefur skorað á stjórnvöld að tryggja í nýrri samgönguáætlun fjármögnun grunnrannsókna og samanburð á bestu kostum á legu mögulegra jarðganga undir Tröllaskaga, auk rannsóknar á samfélags- og efnahagslegum áhrifum sem leiða af nýjum Tröllaskagagöngum.

Tröllaskagagöng munu ótvírætt hafa mikinn ávinning í för með sér í formi styttingar vegalengda á milli allra stærstu þéttbýlisstaða á Norðurlandi, aukins öryggis vegfarenda þar sem ný leið sem sneiðir fram hjá hæstu fjallvegum yrði til, stækkunar vinnusóknarsvæða, styrkingar almennrar þjónustu og eflingar ferðaþjónustu auk bættrar samkeppnisstöðu landshlutans, segir í bókun með áskorun bæjarstjórnar.

Slík jarðgöng myndu breyta það miklu á stóru svæði að örðugt er að sjá áhrifin fyrir án ítarlegrar og faglegrar athugunar. Bæjarstjórn Akureyrar leggur þunga áherslu á að nauðsynlegur undirbúningur og frumrannsóknir vegna nýrra Tröllaskagaganga hljóti fjármögnun innan nýrrar samgönguáætlunar. /MÞÞ

Skagafjörður:

Vilja reisa fjölskyldugarð

Kiwanisklúbburinn Freyja í Skagafirði hefur óskað eftir samstarfi við Sveitarfélagið Skagafjörð um að koma upp Freyju-fjölskyldugarði Skagafjarðar.

Óskað er eftir samstarfi við að finna góða staðsetningu fyrir fjölskyldugarðinn fyrir sumarið 2019. Klúbburinn mun sjá um fjárfestingu í leiktækjum en viðhald svæðisins verði í höndum sveitarfélagsins. Markmiðið með því að reisa garð af þessu tagi er að hlúa að fjölskyldum, efla útiveru og hreyfingu og stuðla um leið að ánægjulegri samveru foreldra og barna.

Bæjarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar tók jákvætt í erindið. /MÞÞ

Styrkir úr Uppbyggingasjóði Austurlands voru afhentir við athöfn í Valaskjálf nýverið. Mynd / Austurbrú

Uppbyggingarsjóður Austurlands:

60 milljónir í ríflega 60 verkefni

Ríflega 60 milljónum króna hefur verið úthlutað úr Uppbyggingarsjóði Austurlands til verkefna sem efla atvinnuþróun og menningu í landshlutanum. Athöfnin fór fram fyrir nokkru í Valaskjálf á Egilsstöðum.

Til úthlutunar að þessu sinni voru 60.316.000 kr. og veittur 61 styrkur: 30 til menningarmála upp á 27,9 milljónir og 25 styrkir til atvinnuþróunar upp á alls 24 milljónir. Að auki voru veittar 8,2 milljónir til stofn- og rekstrarstyrkja á sviði menningar. Alls bárust 116 umsóknir sem er svipaður fjöldi og á síðasta ári.

Kallað eftir verkefnum sem tengdust mat

Mikill fjölbreytileiki er í verkefnunum eins og áður. Í ár var sérstaklega kallað eftir verkefnum sem tengdust mataruppbyggingu og matarmenningu og hlutu 13 verkefni sem lúta að nýsköpun í matvælaframleiðslu styrki. Má þar nefna hæsta styrk til einstaklings sem ætlaður er til þróunar á vörum úr sauðamjólk, matarleikhús Óbyggðaseturs og mataruplifunarferðamennsku Adventura.

Skaftfell, sjálfseignarstofnun fékk hæsta styrkinn, 3,2 milljónir króna, Sinfóníuhljómsveit Austurlands fékk 3 milljónir, Lunga, listahátíð unga fólksins, fékk einnig 3 milljónir.

Uppbyggingarsjóður Austurlands hefur það hlutverk að styrkja menningar-, nýsköpunar- og atvinnuþróunarverkefni í samræmi við sóknaráætlun landshlutans. /MÞÞ

can-am | BRP

TÆKI SEM ÞÚ GETUR TREYST Á

OUTLANDER
650 FB 6X6

VERÐ ÁN VSK
2.250.000.KR

VERÐ MEÐ VSK
2.790.000.KR

OUTLANDER
450L 6X6

VERÐ ÁN VSK
1.605.000.KR

VERÐ MEÐ VSK
1.990.000.KR

ELLINGSEN

FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVABRAUT 1–3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS

BRP@ELLINGSEN.IS

FRÉTTIR

Íbúar í Vík í Mýrdal:

Vilja alvöru pósthús með föstum afgreiðslutíma

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps hefur sent stjórn Íslandspósts áskorun þess efnis að opna hið allra fyrsta pósthús með föstum afgreiðslutíma í Vík. Ekkert pósthús hefur verið starfandi í þorpinu frá 2015.

„Í dag er hér póstdreifing sem er ekki með auglýstan afgreiðslutíma og þess vegna verða íbúar hreppsins að sæta lagi að hitta á starfsmenn Íslandspósts, sem gjarnan eru að keyra út sendingar. Mjög mikil aukning hefur orðið í sendingum til og frá staðnum og algjörlega ótækt að íbúar þurfi að koma oft á dag til að athuga hvort einhver er í húsnæði Íslandspósts ef þeir þurfa á þjónustu að halda. Það er rétt að halda því til haga að árið 2015 voru íbúar í hreppnum 480 en í dag eru þeir um 700," segir Þorbjörg Gísladóttir, sveitarstjóri Mýrdalshrepps. *./MHH*

Þorbjörg Gísladóttir, sveitarstjóri Mýrdalshrepps, sem leggur mikla áherslu á, eins og sveitarstjórnin öll, að Íslandspóstur opni sem allra fyrst pósthús með föstum afgreiðslutíma í Vík. Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson.

Áskorun til stjórnar Íslandspósts

„Sveitarstjórn Mýrdalshrepps skorar á stjórn Íslandspósts að opna hið allra fyrsta pósthús með föstum opnunartíma í Vík.

Íbúum Mýrdalshrepps hefur fjölgað mjög ört síðustu ár. Fjölgunin var hlutfallslega sú mesta á landinu á síðasta ári og ef fram heldur sem horfir verður slegið met í fjölda íbúa í sveitarfélaginu á næstu árum. Mjög hátt hlutfall íbúa sem hér búa eru af erlendu bergi brotnir og sá hópur reiðir sig mjög á pakkasendingar erlendis frá. Eins verður að horfa til þess að netverslun eykst mjög hratt. Það er því óásættanlegt að ekki sé fastur afgreiðslutími og að íbúar þurfi að sæta lagi til að póstleggja eða sækja sendingar."

Frá Skagaströnd. Mynd / Hörður Kristjánsson

Skagaströnd:

Stefna mörkuð í úrgangsmálum

Sveitarstjórn Skagastrandar hefur markað sér stefnu í úrgangsmálum og mun hún beita sér fyrir aukinni fræðslu um úrgangsmál og leggja áherslu á aukna flokkun og bætta meðferð úrgangs. Markmiðið er að nýta öll aðföng með eins sjálfbærum hætti og kostur er.

Til að ná fram þeim markmiðum sem sett eru þurfa einstaklingar, heimili, fyrirtæki og opinberir aðilar að standa saman að breyttum aðferðum og leiðum við meðhöndlun úrgangs. Nýja stefnan í úrgangsmálum hefur verið samþykkt í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn styður þá meginstefnu sem mótuð hefur verið síðustu árin, að líta beri á allt efni sem auðlindir sem nauðsynlegt sé að nýta sem best. Í samræmi við það hefur verið litið á úrgangsmál sem málaflokk sem væri að þróast frá því að snúast um lausnir á úrgangsvanda yfir í umræðu um bætta auðlindanýtingu í anda hringrásarhagkerfisins. *./MÞÞ*

Núverandi útbreiðsla ávaxtaflugutegundarinnar Bactrocera dorsalis.

Skaðvaldar í landbúnaði:

Ágengum og skaðlegum tegundum flugna fjölgar í Evrópu

Ávaxtaflugur sem upprunnar eru í Asíu og sagðar vera ágengustu tegundir ávaxtaflugna í heiminum greindust í fyrsta sinn lifandi í Evrópu á síðasta ári. Lifandi flugur voru greindar á ræktarlandi á tveimur stöðum á Ítalíu.

Þrátt fyrir að ekki hafi greinst nema átta lifandi eintök af tegundinni, sem gengur undir heitinu Bactrocera dorsalis á latínu, er talið áhyggjuefni og hætta sögð á að flugurnar geti fjölgað sér hratt. Viðkoma flugnanna er hröð og allt að tíu kynslóðir á ári við góð skilyrði og getunnar til að lifa við fjölbreytt umhverfisskilyrði.

Alvarlegur skaðvaldur

Dauðar flugur af tegundinni finnast iðulega í ávaxtasendingum frá Asíu. Flugurnar eru upprunnar og algengar í Asíu og í Afríku þar sem þær hafa dreift hratt úr sér. Þær hafa einnig fundist í ávaxtarækt í suðurríkjum Bandaríkjanna.

Á hverju ári veldur lirfa tegundarinnar miklum skaða í ávaxta- og matjurtarækt og í sumum tilvellum eyðileggur hún 100% uppskerunnar sé ekki gripið til skordýraeiturs og efnavarna til að halda henni í skefjum. Flugurnar leggjast meðal annars á banana, mangó og avakadó auk þess sem lirfur þeirra hafa fundist í innfluttum tómötum, eplum og perum til Evrópu.

Taldar hafa borist með ávöxtum

Ekki er vitað með vissu hvernig flugurnar sem greindust lifandi á Ítalíu bárust út á akrana en talið er að lirfur þeirra hafi borist til landsins með ávöxtum og eins og lirfum er tamt umbreyst í fullvaxnar flugur og flogið á akurinn þar sem þær veiddust í flugnagildru. */VH*

Góð mæting var á stofnfund um rekstur verslunar í Árneshreppi og ríkti bjartsýni á fundinum. Mynd / Skúli Gautason

Árneshreppur á Ströndum:

Félag stofnað um verslunarrekstur

Stofnfundur félags um verslun í Árneshreppi var haldinn í byrjun febrúar. Verslun lagðist af í hreppnum haustið 2018 og hafa íbúar hreppsins þurft að panta vörur og fá þær sendar með flugi, þar sem ekki er mokað að jafnaði í Árneshreppi frá áramótum til 20. mars.

Það er því afar áríðandi að koma á verslun fyrir þá íbúa sem hafa vetursetu í Árneshreppi.

Fjöldi fólks lýsti yfir stuðningi við verkefnið og áhuga á því að eignast hlutafé í versluninni. Um 4.000.000 kr. söfnuðust í hlutafé og eru hluthafar tæplega 70. Sett var 100.000 kr. hámark á hlutafjárkaup til að tryggja dreifða eignaraðild.

Stofnfundurinn var haldinn í húsnæði verslunarinnar í Norðurfirði. Það var góð mæting og ríkti bjartsýni á fundinum, segir í frétt á vefsíðu Byggðastofnunar. Félagið fékk nafnið Verzlunarfjelag Árneshrepps og er stefnt að því að opna með takmarkaðan afgreiðslutíma strax á vormánuðum og síðan með fullum afgreiðslutíma í sumarbyrjun.

/MÞÞ

Vantar þig veggi?

Stilltu þeim upp eftir eigin höfði með vegghleðslusteinum



Vegghleðslusteinar frá BM Vallá eru sterkir og stöðugir og bjóða upp á fjölbreytta notkun. Þeir eru fljótlegir í uppsetningu, hægt er að raða þeim upp að vild og þú losnar við uppslátt og steypu.

Steinarnir henta vel einir og sér, eða með öðrum byggingarefnum, til dæmis í skjólveggi, skilrúm ýmiskonar eða geymslu fyrir vélar, hey, jarðveg og margt fleira.

Hafðu samband!
Sölumenn okkar aðstoða með ánægju
í síma 412 5050 eða á sala@bmvalla.is

BM·VALLÁ
bmvalla.is

ÍAV Marti
Búrfell sf.

Vinnubúðir með eldhúsi og mötuneyti til sölu

Vinnubúðir, staðsettar við Búrfellsvirkjun, eru til sölu.

-132 herbergi öll með baðherbergi
- þrjár setustofur
- fullbúið eldhús með búri, kæliklefa og frystiklefa
- borðsalur fyrir um 80 manns
- þrjár gallageymslur
- þrjú þvottaherbergi
- Líkamsræktarherbergi og gufubaði.
- Auk tengiganga, undirstaðna og eldveggja.

Allt innbú og rúmfatnaður í herbergjum, setustofum og eldhúsbúnaður fylgir. Vinnubúðirnar eru staðsettar við Búrfellsstöð Landsvirkjunar.

Afhending vinnubúða samkvæmt samkomulagi.

Allar upplýsingar veita Heiðar Jón Heiðarsson, sími 6934222, heidar@iav.is eða Ragnar K. Kristjánsson, sími 693 4202, rkk@iav.is

Nánari upplýsingar og myndir er að finna á vef ÍAV - www.iav.is

ÍAV Marti Búrfell sf. | Höfðabakka 9D | 110 Reykjavík | s. 530 4200

FRÉTTIR

Þrífösun rafmagns flýtt

– Skaftárhreppur og Mýrar í fyrsta áfanga

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, mun leggja til þriggja ára átak í að flýta þrífösun rafmagns í væntanlegri fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2020–2024. Þetta er í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar, þar sem kveðið er á um að flýta áformum um þrífösun.

Átakið hefur einnig beina skírskotun til byggðaáætlunar sem Alþingi samþykkti síðastliðið sumar þar sem áhersla er lögð á þrífösun. Í dag er meira en fjórðungur af öllu dreifikerfi RARIK einfasa, sem takmarkar bæði flutningsgetu kerfisins og það hve öflugan rafbúnað er hægt að nota á hverjum og einum stað. Þrífösun er því mikilvæg út frá orkuskiptum, byggðasjónarmiðum, ferðaþjónustu, landbúnaði og öðrum atvinnutækifærum. Auk þess má nefna að nýir strengir eru iðulega lagðir í jörð, í samræmi við stefnu stjórnvalda, sem hefur jákvæð umhverfisáhrif.



Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir.

Skaftárhreppur og Mýrar

Samkvæmt núgildandi áætlunum verður þrífösun ekki lokið fyrr en eftir 16 ár, eða árið 2035. Í þessum þriggja ára áfanga, árin 2020–2022, verður lögð áhersla á að ljúka þrífösun á tveimur svæðum, Skaftárhreppi og Mýrum. Skaftárhreppur er eina sveitarfélagið á Suðurlandi sem ekki nýtur þriggja fasa rafmagns. Sveitarfélagið er hið næststærsta á landinu að flatarmáli og er skilgreint sem brotthætt byggð. Mikill ferðamannastraumur á svæðinu veldur álagi á innviði. Á Mýrum fer saman brýn þörf fyrir þrífösun vegna landbúnaðar og sú staðreynd að unnið er að útboði á lagningu ljósleiðara á svæðinu sem hefði í för með sér töluverð samlegðaráhrif. Svæðið sem um ræðir er frá Hvítárósum vestur að mörkum Eyja- og Miklaholtshrepps. */MHH*

Bændablaðið
kemur næst út
28. febrúar
Smáauglýsingar 56-30-300

ALHLIÐA VÉLAVERKSTÆÐI

- Allar almennar vélaviðgerðir
- Almenn renni- og fræsivinna
- Rennum og slípum sveifarása
- Málmsprautum slitfleti, t.d. á tjakkstöngum
- Gerum við loftkælingu bíla
- Almenn suðuvinna
- Plönum hedd
- Tjakkaviðgerðir

Hafðu samband í síma 587 1300
og við sérsníðum lausn sem hentar þér!

KAPP ehf
VÉLA-KÆLI & RENNIVERKSTÆÐI
Miðhraun 2 | 210 Garðabær | Sími 587 1300 | kapp@kapp.is | www.kapp.is

Skýrsla starfshóps um úthlutun tollkvóta:

Núverandi útfærsla í raun skattur

Starfshópur um úthlutun tollkvóta landbúnaðarvara hefur skilað skýrslu til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Í skýrslunni leggur meirihluti hópsins til breytingar á núverandi útboðskerfi þar sem tollkvótum er úthlutað til hæstbjóðanda og í stað þess verði farin svokölluð „hollensk útboðsleið“.

Reikna má með að samkvæmt þeirri útboðsleið gæti kostnaður vegna útboða tollkvóta lækkað talsvert og ávinningur neytenda aukast frá því sem nú er. Jafnframt leggur hópurinn til að allur úthlutunarferill tollkvóta verði nútímavæddur og fari fram með rafrænum hætti.

Leggja til „hollenskt“ útboð

Starfshópinn skipuðu eftirfarandi: Óli Björn Kárason alþingismaður, formaður, Arnar Freyr Einarsson, hagfræðingur í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Brynhildur Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna, Erna Bjarnadóttir, hagfræðingur hjá Bændasamtökum Íslands og Tryggvi Másson, sérfræðingur á efnahagssviði Samtaka atvinnulífsins.

Erna Bjarnadóttir, fulltrúi Bændasamtaka Íslands í starfshópnum, segir að ráðherra hafi skipað hópinn til að fara yfir núverandi framkvæmd á útboði tollkvóta og benda á leiðir til úrbóta. „Starfshópurinn tók til starfa í sumar og var fulltrúum hagsmunasamtaka boðið að koma og kynna sín sjónarmið fyrir hópnum. Auk þess sem hópurinn viðaði að sér ýmiss konar gögnum um málið frá mörgum hliðum og gagnrýni á fyrirkomulagið. Niðurstaða meirihluta starfshópsins var að leggja til svokallað hollenskt útboð, til að koma til móts við þá gagnrýni að núverandi fyrirkomulag skili ekki ávinningi af tollfrjálsum tollkvótum til neytenda. Útboðsverð með þessu fyrirkomulagi verður jafnt lægsta samþykkta tilboði sem jafnframt ákvarðar sama verð fyrir allt magn þess tollkvóta sem í boði er. Þessi breyting mun að öllum líkindum leiða til þess að útboðsverð verður talsvert lægra en nú er.

Erna segir að hópurinn hafi klofnað í afstöðu sinni. „Fulltrúi

Erna Bjarnadóttir, fulltrúi Bændasamtaka Íslands í starfshópi um endurskoðun tollkvóta landbúnaðarvara.

Í nýrri skýrslu um endurskoðun tollkvóta í landbúnaði er lögð til breytingar á núverandi útboðskerfi þar sem tollkvótum er úthlutað til hæstbjóðanda og í stað þess verði farið eftir svokallaðri hollenskri útboðsleið.

neytenda, Brynhildur Pétursdóttir, skilaði séráliti þar sem lagt er til að 50% kvótans verði úthlutað með hlutkesti og 50% kvótans verði úthlutað á grunni sögulegra viðskipta (markaðshlutdeild). Þessar tillögur eru í takt við hugmyndir sem komið hafa fram m.a. frá FA og SVÞ, sem kom mér frekar á óvart. Aðrir í hópnum skiluðu sameiginlegu áliti um útboð á kvótunum í nýju formi og telja það líklegast til að skila sér til neytenda.“

Ávinningur komist til neytenda í formi lægra vöruverðs

Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipaði starfshópinn í júní 2018 og var hlutverk hans að endurskoða núverandi fyrirkomulag um úthlutun tollkvóta og finna leiðir til þess að koma ávinningnum sem skapast með þessum takmörkuðu gæðum í meira mæli til neytenda í formi lægra vöruverðs.

Lægra útboðsverð

Meirihluti starfshópsins leggur til að tollkvótum verði úthlutað með útboði en stuðst verði við svokallað hollenskt útboð (e. Dutch auction). Útboðsverð innan þess fyrirkomulags yrði jafnt lægsta samþykkta tilboði sem jafnframt ákvarðar sama verð fyrir allt magn þess tollkvóta sem í boði er. Meginbreytingin sem fælist í þeirri úthlutunaraðferð er að útboðsverð tollkvóta yrði að öllum líkindum talsvert lægra en nú er.

Þá telur starfshópurinn forgangsmál að umsýsla og úthlutun tollkvóta verði færð sem mest á rafrænt form og að upplýsingar um verð og magn verði gerðar aðgengilegar. Jafnframt er lagt til að heimildir fyrir innflutning á svokölluðum opnum tollkvótum verði afnumdar í núverandi mynd og þar með verði ráðgjafarnefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara lögð niður. Þess í stað yrði byggt á sögulegri reynslu um opna tollkvóta, en algengt er að veittir séu tímabundnir tollkvótar, til dæmis vegna árstíðabundinna landbúnaðarvara. Myndist skortur á öðrum landbúnaðarvörum verða tollkvótar boðnir út með sama hætti og samningsbundnir kvótar.

Markmiðið að skila ávinningnum til neytenda

Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra segir í fréttatilkynningu um niðurstöðu samstarfshópsins að meginmarkmið þessarar vinnu hafi verið að finna leiðir til að koma ávinningnum sem skapast með þessum tollkvótum í ríkari mæli til neytenda í formi lægra vöruverðs. „Mér virðist sem sú tillaga sem hópurinn leggur til vera í góðu samræmi við þetta markmið og líst því heilt yfir vel á hana. Næsta skref er að vinna áfram með þessar niðurstöður hér í ráðuneytinu og vonandi kynna mögulegar breytingar á núgildandi regluverki síðar á þessu ári.“ */VH*

Magnús Guðmundsson, framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs, og Þröstur Eysteinsson skógræktarstjóri takast í hendur við undirritun samningsins í dag ásamt Guðmundi Inga Guðbrandssyni umhverfisráðherra. Mynd / HÓ

Skógræktin og Vatnajökulsþjóðgarður gera samning um Ásbyrgi

Samningur á milli Skógræktarinnar og Vatnajökulsþjóðgarðs um umsjón með Ásbyrgi í Kelduhverfi var undirritaður fyrir skömmu. Samkvæmt honum færist formleg umsjón jarðarinnar og allra mannvirkja á henni frá Skógræktinni til Vatnajökulsþjóðgarðs.

Vatnajökulsþjóðgarður og Skógrækt eiga engu að síður áfram með sér samstarf um innri hluta Ásbyrgis og land Ásbyrgis norðan þjóðvegar.

Þröstur Eysteinsson skógræktarstjóri segir að einkum sé um tæknilegt atriði að ræða, þ.e. hvaða ríkisstofnun hafi opinbera umsjón með landi í eigu ríkisins og hefur til að mynda að gera með það hver sér um að greiða fasteignagjöld, viðhalda húsum og þess háttar. Samningurinn hefur ekki í för með sér neinar grundvallarbreytingar fyrir starfsemi í Ásbyrgi. Þó er viðbúið að hann muni einfalda ýmsa ferla, svo sem vegna gerðar nýs deiliskipulags sem hefur verið í pípunum í þó nokkurn tíma.

„Í þessu tilviki var verið að færa opinbera umsjón frá Skógræktinni til Vatnajökulsþjóðgarðs og réði þar mestu að þjóðgarðurinn notar húsin sem fylgja jörðinni en Skógrækt ekki. Samningurinn var staðfesting á að áfram verði samstarf beggja stofnana um skóginn í Ásbyrgi og að Skógræktin hafi áfram umsjón með landi Ásbyrgis sem er utan Þjóðgarðsins, norðan þjóðvegar,“ segir Þröstur. */MÞÞ*

„Hin gömlu kynni gleymast ei“

– Málstofa haldin á Öngulsstöðum í apríl

„Við erum að skapa vettvang fyrir það fólk sem virkt var í félagsmálum bænda, afurðastöðva og stofnana landbúnaðarins á árunum 1980 til 2010, til að koma saman á góðri stundu og fá tækifæri til að viðra sín sjónarmið og koma þeim á framfæri. Við túlkum rammann vítt þannig að sem flestir geta fallið undir þessa skilgreiningu,“ segir Jóhannes Geir Sigurgeirsson á Lamb Inn á Öngulsstöðum í Eyjafjarðarsveit, en þar verður efnt til málstofu og samveru dagana 5. til 7. apríl næstkomandi með yfirskriftinni „Hin gömlu kynni gleymast ei“.

„Öldungaráð landbúnaðarins“

Farið verður í heimsókn til bænda í Eyjafjarðarsveit á föstudeginum 5. apríl og um kvöldið verður lambapitsukvöld þar sem sagðar verða sögur frá fyrri tíð. Á laugardeginum verður fundur þar sem fjallað verður um málefni landbúnaðarins, framsögumenn flytja áhugaverð erindi af þeim vettvangi. Um kvöldið verður í boði hátíðarkvöldverður, skemmtiatriði og gaman að „fornum sið“. Formlegri dagskrá lýkur sunnudaginn 7. apríl með undirbúningsfundi fyrir stofnun „Öldungaráðs landbúnaðarins“ ef áhugi er fyrir slíku.

Vettvangur til að viðra hugmyndir

„Það er tvennt sem fyrst og fremst vakir fyrir okkur með þessari samkomu,“ segir Jóhannes Geir Sigurgeirsson hjá ferðaþjónustunni á Öngulsstöðum, „í fyrsta lagi að gefa fólki sem var virkt á þessum vettvangi áður tækifæri til að hittast og í öðru lagi að búa til vettvang þar sem þeim gefst kostur á að viðra hugmyndir sínar og sjónarmið hvað varðar stöðu landbúnaðarins um þessar mundir.“

Daði Már Kristófersson, prófessor við HÍ, verður fundalóðs og dregur saman niðurstöðu umræðunnar og Haukur Halldórsson, margreyndur búnaðarþingsfundarstjóri, tekur að sér fundarstjórn. Gist verður á Lamb Inn Öngulsstöðum og í heimagistingu í nágrenninu ef á þarf að halda. */MÞÞ*

Fagrabrekka vill hýsa Hafíssetur

Borist hefur tilboð frá Fögrubrekku fyrir botni Hrútafjarðar um að taka við Hafíssetrinu sem verið hefur í Hillebrandtshúsi á Blönduósi. Setrið hefur verið lokað undanfarin ár og ekki enn ljóst hvort það verði opnað endurnýjað á sama stað eða það flutt annað. Í Fögrubrekku, sem er steinsnar frá Staðarskála, er að rísa ferðamiðstöð.

Upphafsmaður setursins er Þór Jakobsson veðurfræðingur sem greinir frá þessum tíðindum á vefsíðu Húnvetninga, huna.is. Kveðst hann vonast til þess að Blönduósbær þiggi þetta góða boð í stað þess að láta sýninguna standa óséða bak við lás og slá enn eitt sumarið eins og hann orðar það. Hafissetrið gekk vel fyrstu árin en halla fór undan fæti, endurnýjun varð ekki sem skyldi og aðsókn dvínaði þannig að ekki þótti fært að reka safnið áfram.

Þór hefur í bréfi til sveitarstjórnar Blönduósbæjar stungið upp á því að sveitarfélagið spyti í lófana og færi aftur á dagskrá gamlar hugmyndir um sýningar á sviði náttúru og mannlífs. Hvernig færi betur á sýningu af því tagi en á Blönduósi við Húnaflóa. Þór mun ræða málið við Valdimar O. Hermannsson sveitarstjóra á næstunni.

„Söfn og setur á sviði jarðfræði, einkum á Suðurlandi og höfuðborgarsvæðinu, dafna vel og eru aðdráttarafl fyrir Íslendinga og ekki síst fyrir ferðamenn. Nútímasetur og sýning um veður, veðurfar, veðurfarssveiflur, haf og hafís með áherslu á norðurslóðir og Norður-Íshaf vantar og einmitt á Blönduósi ætti setrið að rísa í sérhannaðri byggingu (t.d. á svæðinu milli Hnjúkabyggðar og Blöndubyggðar?). Áreiðanlega yrði slíkt hús vinsælt meðal Húnvetninga og sjálfsagður áningarstaður ferðamanna á leið norður eða suður,“ segir í grein Þórs. */MÞÞ*

Austur-Húnavatnssýsla:

Kosið um sameiningu í fyrsta lagi á næsta ári

Ljóst er að ekki verður kosið um sameiningu sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu næsta vor eins og stefnt hefur að frá upphafi viðræðna þar um. Sameiningarnefnd sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu er sammála um að kosið verði um sameiningu sveitarfélaganna á síðari hluta kjörtímabilsins, þ.e. árið 2020 eða í síðasta lagi árið 2021 að því er fram kemur í fundargerð nefndarinnar.

Fra Blönduósi. Mynd / HKr.

Farið var yfir stöðu mála á fundi í byrjun febrúar og þar var lagt til að verði sameining samþykkt á næsta ári taki ný sveitarstjórn við árið 2022 eftir almennar sveitarstjórnarkosningar. Fram að því verði tíminn notaður til að vinna SVÓT greiningu fyrir alla málaflokkana og eins þurfi skýr framtíðarsýn fyrir Austur-Húnavatnssýslu að liggja fyrir.

Umræður urðu um á hvern hátt hið opinbera kæmi að málum og eins hversu lengi menn skuli bíða eftir svörum þaðan. Hægt verði að fullvinna málefnaskrá þegar þau svör berist, þá þarf að kynna hana fyrir íbúum og í framhaldinu að kjósa um sameiningu. Enn liggur ekki fyrir hver aðkoma Jöfnunarsjóðs verði að sameiningunni en það ætti að liggja fyrir á næstu vikum, segir í fundargerðinni. */MÞÞ*

Sarpur.is

munir
myndir
minningar

KISTILL
1725-1800 Leitarorð: *Útskurður*

ALMANAK
1938 Leitarorð: *Skólabók*

NÆLONSOKKUR
1930 Leitarorð: *Fatnaður*

KARL DUNGANON
1946-1960 Leitarorð: *Landslag*



GUÐMUNDA ANDRÉSDÓTTIR
1971 Leitarorð: *Abstrakt*



STEINN, BASALTHRAUN
Leitarorð: *Steinasafn*

LJÓSMYND
1978-1987 Leitarorð: *Leikari*

HNEFI
900 - 1000 Leitarorð: *Bein*

LJÓSMYND
Leitarorð: *Vinátta*

SILFURNÆLA
1050 - 1100 Leitarorð: *Næla*

NUDDTÆKI
1980 Leitarorð: *Tæki*

NÁLHÚS FRÁ STÖNG
900 - 1100 Leitarorð: *Nál*

Í söfnum landsins er að finna ótrúlega fjölbreytta muni, listaverk, ljósmyndir og aðrar heimildir um sögu þeirra sem hafa búið á Íslandi. Vissir þú að hægt er að skoða safnkost um 50 safna á vefsíðunni sarpur.is? Í gagnasafninu má finna: ljósmyndir, muni, jarðfundi, myndlist/hönnun, fornleifar, hús, myntir/seðla, skjöl, teikningar, bækur, þjóðhætti og örnefnalýsingar. Líttu við á sarpur.is.

SARPUR Menningarsögulegt gagnasafn

STEKKUR

Vorið kemur

Tíminn líður hratt og reyndar hraðar og hraðar og ekki síst eftir að fólk er komið á garðyrkjualdurinn og árstíðirnar koma og fara. Alltaf er jafn spennandi að bíða eftir vorinu og sumrinu sem líður svo allt of hratt.

Núna er sem sagt kominn tími til að huga að fyrstu vorverkunum eins og að klippa limgerðið. Tilgangurinn með því að klippa limgerði er að halda runnunum í ákveðinni hæð og breidd. Klippingin er líka til þess ætluð að runnarnir þétti sig og haldi ákveðinni lögun. Til að fá þétt og fallegt limgerði verður að klippa það reglulega frá gróðursetningu. Limgerði sem trassað er að klippa verða gisin.

Á fyrsta til þriðja ári eftir gróðursetningu á að byrja að móta limgerðið með því að klippa burt um tvo þriðju af ársvexti hraðvaxta tegunda en minna, um fjórðung, af tegundum sem vaxa hægar. Taka skal bæði utan og ofan af runnunum. Klippa þarf eftir skipulagðri áætlun, tvisvar til fjórum sinnum á ári. Gæta verður að því að tré eins og birki, reynir, hegg, lerki og greni hafa tilhneigingu til að mynda leiðandi stofn og þær tegundir á ekki að klippa ofan af fyrr en réttri hæð er náð.

Limgerði, sem eru breið að neðan og mjókka eftir því sem ofar dregur, eru það sem er kallað A-laga og talið besta formið. Lögunin tryggir að sól skín á allar greinarnar og dregur úr að snjór sligi þær. Mjó og nett limgerði, sem eru ekki nema 50 til 60 sentímetrar að neðan og mjókka upp í topp, veita alveg jafnmikið skjól og breið og fyrirferðarmikil limgerði. Almennt veita limgerði skjól fyrir vindi sem nemur tíu sinnum hæð þeirra.

Þægilegasti tíminn til að klippa limgerði er snemma á vorin og fram að laufgun, eða á meðan greinarnar eru lauflausar og sjáanlegar. Klipping á sumrin er meira snyrting en stórklipping.

Hversu stíft limgerði eru klippt fer eftir vaxtarlagi plantnanna sem í því eru. Limgerði með birki, reyni, toppum, misplum, alparifsi eða víði getur verið fallegt að klippa mjög mikið og nánast eftir reglustiku. Limgerði úr fjallarifsi, kvistum og roðaberi er aftur á móti fallegt að láta vaxa frjálslegar og eilítið villt.

Gömul og gisin limgerði má endurnýja með því að klippa þau rækilega niður að vori og skilja eftir 15 til 20 sentímetra stubba. Víðir, fjallarifs, blátoppur og gljámispill þola svona klippingu vel en fara verður gætilega með aðrar tegundir, til dæmis birki, sem alls ekki þolir niðurstýfingu. Það þarf að skilja eftir nokkrar greinar svo að plantan eigi auðveldara með að endurnýja sig.

Áður en hafist er handa við klippinguna er nauðsynlegt að yfirfara öll verkfæri vel, hvort sem um er að ræða vél- eða handverkfæri. Ef endurnýja þarf verkfærin margborgar sig að eyða aðeins meira í góðar klippur en að kaupa ódýr og léleg verkfæri. Klippur eiga alltaf að vera hreinar og beittar. Sé bitið í klippunum sljótt mer það greinarnar í sundur í stað þess að klippa þær og slíkt getur auðveldlega valdið vanþrifum og sveppasýkingu í þeim. /VH

NYTJAR HAFSINS

Vetrarvertíðin ekki svipur hjá sjón

Guðjón Einarsson
gudjone3@gmail.com

Fyrir þremur áratugum eða svo voru hátt í 500 netabátar að veiðum á vetrarvertíðinni. Núna eru þeir aðeins 20–30 talsins á öllu landinu að undanskildum smábátum.

Sú var tíðin að allar hafnir á vertíðarsvæðinu svokallaða frá Hornafirði vestur um til Patreksfjarðar voru þétt setnar netabátum og netagirðingar lágu um allan sjó. Meðan veiðar voru frjálsar kepptust allir við að ná sem mestum afla á þeim tíma þegar þorskurinn gekk upp á grunnið til hrygningar og auðveldast var að veiða hann. Í góðum aflaárum var talað um landburð af fiski þannig að stundum varð að kalla út allar vinnandi hendur, þar á meðal skólakrakka, til þess að „bjarga verðmætum“ eins og það var nefnt. Sæmdarheitið aflakóngur fékk sá skipstjóri sem ásamt áhöfn sinni veiddi mest á hverri vertíð. Það var eftirsóttur titill.

Fyrir nokkrum áratugum var þriðjungur alls þorskaflans veiddur í net, að stórum hluta á vetrarvertíðinni. Á síðasta ári var hlutfallið komið niður í 6,7%.

Íslandsmet í netaveiðum

Einn þessara aflakónga var Björgvin Gunnarsson í Grindavík, Venni á Geirfugli eins og hann var kannski betur þekkur, en hann og áhöfn hans veiddu 1.704 tonn í netin árið 1970 sem þá var Íslandsmet og kannski heimsmet. Björgvin rifjaði upp þessa tíma í samtali við Hjört Gíslason sem birt var í Fiskifréttum fyrir nokkrum árum.

„Vertíðarnar voru hreinlega ævintýri. Við vorum ekkert einir um að fiska mikið. Þetta voru auðvitað frjálsar veiðar og fiskigengdin alveg ótrúleg. Trossurnar voru gjörsamlega haugfullar af fiski,“ segir Björgvin. Eitt sinn fengu þeir 70 tonn í fimm trossur eftir blánóttina, allt saman stór og fallegur þorskur. Björgvin bendir á í viðtalinu að nú sé flotinn orðinn svo góður og vel búinn tækjum að það sé enginn vandi lengur að veiða. Vandinn felist í því að fara skynsamlega að og taka ekki of mikið.

Allt að hundrað skip lönduðu daglega í Grindavík á þessum árum, höfnin var full af skipum og aðkomubátar voru fjölmargir. Á vetrarvertíðinni komu bátar frá Ólafsfirði, Dalvík, Grenivík og Norðfirði til Grindavíkur. Aðrar hafnir voru einnig þétt setnar.

> Sú var tíðin að allar hafnir á vertíðarsvæðinu svokallaða frá Hornafirði vestur um til Patreksfjarðar voru þéttsetna netabátum og netagirðingar lágu um allan sjó. Svo er ekki lengur.

Áfram fjöldi netabáta

Eftir því sem árin liðu fóru stjórnvöld að setja hömlur á veiðar en samt var fjöldi netabáta áfram mikill. Samkvæmt tölum í Útvegi, riti Fiskifélags Íslands, voru 440–500 bátar skráðir á net í mánuðum mars til maí árið 1982. Það ár var þorsaflinn reyndar talsvert meiri en menn eiga að venjast í seinni tíð eða 381 þúsund tonn, þar af kom þriðjungurinn í net eða 128 þúsund tonn.

Tíu árum síðar, eða árið 1992, hafði bátum á netaveiðum á vertíðinni ekki fækkað ýkja mikið þótt heildaraflinn hafi minnkað verulega. Ennþá voru 460 netabátar skráðir í aprílmánuði og um 380 bátar í mánuðunum mars og maí. Þá var heildarþorskaflinn 267 þús. tonn, þar af veiddust 60 þús. tonn í net eða 22%.

Enn færum við okkur fram um tíu ár, til ársins 2002. Þá veiddust 213 þús. tonn af þorski, þar af 44 þús. tonn í net eða 21% af heildinni.

Aðeins 8% í net

Á árinu 2012 var staðan orðin mjög breytt. Það ár var þorskaflinn alls 205 þús. tonn þar af fengust aðeins 17 þús. tonn í net eða 8%. Þegar hér er komið sögu eru opinberar skýrslur hættar að tilgreina fjölda báta á einstökum veiðarfærum eftir mánuðum.

En hvernig er staðan nú, á árinu 2019? Gísla Reynissyni, sem heldur úti vefnum aflafrettir.is og fylgist grannt með bátum og aflatölum, telst til að seinnipart janúarmánaðar í ár hafi aðeins um 20 netabátar verið komnir á veiðar á landinu öllu, þar af fjórir smábátar. Á öllu árinu 2018 hafi aðeins 25 netabátar veitt 100 tonn eða meira hver.

Aukinn hlutur línu og dragnótar

Það sem í stórum dráttum hefur gerst er að auknar línuveiðar og dragnótaveiðar á þorski hafa komið í stað samdráttarins í netaveiðum. Á þessum umræddu þrjátíu árum minnkuðu netaveiðar sem hlutfall heildarþorskveiða úr 34% í 8% eins og áður kom fram. Á sama tíma jukust línuveiðarnar úr 11% í 33%. Dragnótaveiðar á þorski jukust úr nánast engu í 5%. Þorskveiðar í botnvörpu minnkuðu úr 52% í 46% af heild. (Þess má geta að á árinu 2018 var hlutur netaafla í þorskveiðum kominn niður í 6,7%).

Hver er orsökin?

Sú spurning vaknar hvers vegna netaveiðarnar hafi dregist svona mikið saman. Eiríkur Tómasson, framkvæmdastjóri Þorbjarnar hf. í Grindavík, sagði í samtali við Fiskifréttir fyrir nokkrum árum að ástæðurnar væru einkum tvær. Önnur væri sú að þegar þorskstofninn hafi minnkað hafi netaveiðarnar orðið óarðbærar. Minna af fiski hafi komið í hvert net og veiðarnar hafi orðið á tímabili of dýrar miðað við tilkostnað.

Hin ástæðan væri sú að verð fyrir saltfisk á Portúgalsmarkaði hefði dalað og Íslendingar hefðu misst stöðu sína þar, en sá markaður tæki aðallega netafisk. „Við Íslendingar kusum að snúa okkur í auknum mæli að saltfiskmörkuðunum á Spáni, Ítalíu og Grikklandi sem borga betur. Þessir markaðir vilja líka hvítari fisk en kemur úr netunum og því hentar línufiskurinn betur þar. Línufiskurinn býður líka upp á fleiri vinnslumöguleika, t.d. ferskflakavinnslu, á meðan netafiskurinn hentar betur í saltfisk og skreið,“ sagði Eiríkur. Hann bætti því hins vegar við að með stækkun þorskstofnsins væri verulegar líkur á að mikilvægi netaveiða ykist á ný.

Autt þar sem áður var skógur

Eiríkur minntist þess tíma þegar hundruð netabáta stunduðu veiðar á vertíðarsvæðinu. „Ég skrapp til gamans út á Krísuvíkurberg í mars í fyrra til þess að virða fyrir mér hafsvæðið þar fyrir utan þar sem 150 netabátar lögðu net sín fyrir 15 árum eða svo. Þá voru netabaujurnar eins og skógur á hafflötinum á þessum slóðum. Nú var þar ekki ein einasta bauja,“ sagði Eiríkur Tómasson í samtali við Fiskifréttir árið 2016.

Netaveiðar á þorski hafa vikið fyrir línuveiðum fyrst og fremst en einnig dragnótaveiðum.

Útbreiðsla og magn makríls á Íslandsmiðum hefur aukist verulega.

Makríll hrygnir við Ísland

Hafrannsóknastofnun, í samvinnu við Háskóla Íslands, hefur á undanförnum árum unnið að rannsóknum á útbreiðslu hrygningar makríls og uppruna makrílseiða á íslensku hafsvæði.

Rannsóknin sýnir í fyrsta skipti fram á að makríll klekst út, vex og dafnar á íslensku hafsvæði þó vissulega sé aðeins um lítið brot af heildarhrygningu makríls að ræða.

Samkvæmt skýrslunni, Recent occurrence and origin of juvenile Atlantic mackerel (Scomber scombrus L.) in Icelandic waters, hefur makríll á undanförnum árum gengið bæði norðar og vestar en áður. Samfara því hefur útbreiðsla og magn makríls á Íslandsmiðum aukist verulega og er það talið tengjast hlýnun sjávar og þéttleikaháðum áhrifum samfara stækkun stofnsins. Beinar veiðar á makríl hófust hér við land árið 2007.

Makríllinn byrjar að hrygna í febrúar við strendur Spánar og Portúgals og síðan flyst hrygningin smám saman norður með Evrópu fram á vor með hækkandi hitastigi. Hrygningin nær venjulega hámarki í apríl eða maí úti fyrir vesturströnd Írlands og suðvesturströnd Englands, en á sama tíma er töluverð en dreifðari hrygning allt frá Biscayaflóa og norður fyrir Færeyjar. Á nyrstu svæðunum hefst hrygningin seinna og stendur fram í júlí. Frá árinu 2004 hefur orðið vart við makrílungviði við Suður- og Vesturströnd Íslands.

Í rannsóknninni var stuðst við niðurstöður úr fjölþjóðlegum rannsóknarleiðöngrum á vegum Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) á hrygningu makríls í Norðaustur-Atlantshafi árin 2010 og 2013. Hafstraumar við suðurströnd landsins voru kortlagðir með aðstoð hafstraumalíkansins CODE sem þróað hefur verið við Háskóla Íslands. Makrílseiði af Íslandsmiðum voru aldursgreind og líkt var eftir reki ungviðis frá veiðisvæði að klak- og hrygningarsvæði með því að reikna út rek með straumum aftur á bak í tíma. Þannig var, ásamt fyrirliggjandi upplýsingum um hrygningu makríls við Ísland, leiddar líkur að því hvar makrílungviðið klaktist út. */VH*

Vinnuverndar- og réttindanámskeið fyrir bændur
Í samstarfi við Vinnueftirlitið
Bóklegt námskeið sem veitir réttindi til að taka verklegt vinnuvélapróf á m.a. dráttarvélar í réttindaflokki "I" og lyfturum í flokki "J"
Hefst 25. febrúar í Búðardal
Hefst 25. mars hjá LbhÍ á Hvanneyri

Garðyrkja - byggingarreglugerðir - kemur hún mér við?
Í samstarfi við IÐUNA
Tenging byggingarreglugerðar við garðyrkju þegar kemur að skipulagi og framkvæmdum á lóðum.
Haldið 20. febrúar hjá LbhÍ í Reykjavík

Tálgun - ferskar viðarnytjar
Í samstarfi við IÐUNA
Allt um það hvernig skal umbreyta mismunandi viðarbútum í nytjahluti.
Hefst 22. febrúar hjá LbhÍ á Reykjum í Ölfusi

SketchUp og teikningar
Í samstarfi við IÐUNA
Nemendur teikna einfaldar lóða-teikningar í SketchUp forritinu.
Hefst 26. febrúar í Reykjavík

Húsgagnagerð úr skógarefni I
Í samstarfi við IÐUNA
Á námskeiðinu læra nemendur að setja saman koll og bekk úr því sem til fellur við grisjun skóga.
Hefst 1. mars á Snæfoksstöðum í Grímsnesi

Í pottinn búið
Námskeið um pottaplöntur, ræktun, umhirðu og umhverfiskröfur.
Haldið 2. mars hjá LbhÍ á Reykjum í Ölfusi

Trjá- og runnaklippingar
Í samstarfi við IÐUNA
Bóklegt og verklegt námskeið þar sem nemendur kynnast helstu vélum og verkfærum sem notuð eru til trjá- og runnaklippinga.
Haldið 2. mars hjá LbhÍ á Reykjum í Ölfusi

Námskeið um meðferð varnarefna
Námskeiðið er ætlað þeim sem bæði vilja öðlast notendaleyfi fyrir plöntu-verndarvörur vegna notkunar í land-búnaði og garðyrkju og notkun efna við eyðingu meindýra.
Hefst 4. mars hjá LbhÍ í Reykjavík

www.lbhi.is/namskeid • endurmenntun@lbhi.is • 433 5000

Tilboð - aðeins í febrúar

Tilboð, sett eins og á mynd.

Innifalið:
Steinn, svart granít og 120cm sökkull
Blómarammi, hvít möl og jarðvegsdúkur
Grafskrift og skraut
Kopar: lugt, vasi og 2 fuglar
Uppsetning á N-landi og R-vík
eða frí sending hvert á land sem er

kr 435.000.-

Frír flutningur
Uppsetning á N-landi og höfuðborgarsvæði
Eitt mesta úrval landsins af legsteinum

STEINSMIÐJA AKUREYRAR

minnismerki.is
sala@minnismerki.is
s: 466 2800 / 899 9370

HROSS & HESTAMENNSKA

Við refilinn í Bændahöllinni. Talið frá vinstri; Kristinn Hugason, forstöðumaður Sögueturs íslenska hestsins, Ragnar Þór Arnljótsson, hönnuður hjá Hnotskógi, Þorvaldur Kristjánsson, horssaræktarráðunautur hjá RML, María Margeirsdóttir, hönnuður hjá Hnotskógi og Sigurður Eyþórsson, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands. Mynd / HKr.

Söguágrip íslenska hestsins á fullveldisöld komið upp á vegg í Bændahöllinni

Hönnuðirnir frá Hnotskógi ehf., þau Ragnar Þór Arnljótsson og María Margeirsdóttir, hönnuðu sýninguna fyrir Sögusetur íslenska hestsins á Hólum í Hjaltadal en um eins konar refil eða lágmynd með sögu íslenska hestsins frá því Ísland varð fullvalda ríki árið 1918 er að ræða.

Kristinn Hugason, sem hefur veitt safninu forstöðu undanfarin ár segir að þetta verkefni hafi verið unnið samhliða og á líkan hátt og sýning um íslenska hestinn sem nefnd var Uppruni kostanna og sett var upp í Skagafirði 2016. Sú sýning hefur reyndar farið víðar. Var þetta gert í nánu samstarfi Sögusetursins og Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML) og í samvinnu þeirra Kristins og Þorvaldar Kristjánssonar ráðunautar. Fékk Sögusetrið styrk til þessa verkefnis frá afmælissjóði sem stofnaður var til að minnast 100 ára fullveldis Íslands á síðasta ári. Var þá sett í gang verkefnið „Þjóðarhesturinn“ sem breyttist svo í meðförum í „Íslenski hesturinn á fullveldisöld“.

Þessi framsetning á sögu íslenska hestsins byggist á rannsókn Þorvaldar um erfðahlutdeild íslenska hestsins. Þannig er sýningin sett saman af tímalínum í hrossarækt, dómum og keppnum á þessum hundrað árum. Upphafið er rakið til hestsins Sörla frá Svaðastöðum sem yfir 90% af íslenska hrossastofninum rekur ættir sínar til í dag. Hönnuðir Hnotskógar settu þetta í myndrænt form með ítarlegum en hnitmiðuðum skýringatextum. Var búið til risaspjald sem haft var uppi á Landsmóti hestamanna í Víðidal í Reykjavík sumarið 2018. Nú er búið að gera smækkaða útgáfu af því verki í 390 sentímetra lengd og setja það upp í anddyrinu á skrifstofum Bændasamtaka Íslands á þriðju hæð Bændahallarinnar, Hótel Sögu. Þetta verkefni, Íslenski hesturinn á fullveldisöld, og efni með fyrirlestrum og öðru sem því tengist má líka berja augum á heimasíðu Sögueturs íslenska hestsins; sogusetur.is undir slánni Gagnabanki og er sýningin þar hvoru tveggja í íslenskri og enskri útgáfu.

Þorvaldur segir að á þessum 100 árum hafi íslenski hesturinn tekið miklum breytingum og framfarir náðst í bygginglagi hans og ganghæfni. Þá sé íslenski hesturinn talsvert hávaxnari í dag en hann var að jafnaði fyrir t.d. 30 árum. Tilkoma betra fóðurs sem að hluta má rekja til rúllubagganna skiptir þar líka miklu máli. Þannig hefur íslenski hesturinn hækkað að meðaltali um 8 sentímetra frá 1990, eða úr um 134 sentímetrum upp á herðar og í um 142 sentímetra. Kristinn tekur undir það og segir að það hækkun hestsins megi bæði rekja til úrvals og bættrar fóðrunar. Það sé líkt og með fólkið í landinu sem er að jafnaði mun hávaxnara í dag en á öldum áður.

Sörli, sem nú er hægt að rekja erfðamengi flestra hesta á Íslandi til, kom frá búi sem stundaði mikinn útflutning á hrossum svo þúsundum skipti og sölu til annarra landshluta. Þar voru aðstæður góðar til vetrarbeitar og munu Svaðastaðabændur hafa efnast mjög á hrossasölunni. Í gegnum tíðina hefur verið stundaður gríðarlegur útflutningur á hrossum en hann var þó í algjöru lágmarki upp úr 1936 og fram yfir 1955. Var hann mestur 1923, eða um 4.000 hross.

Á reflinum eða veggspjaldinu kemur greinilega fram hversu miklar framfarir hafa verið í ræktun íslenska hestsins á nýliðinni fullveldisöld. Má þar greinilega sjá línurit yfir sköpulag, hæfileika, aðaleinkunn, stærð og tíðni skeiðgensins í stofninum. /HKr.

Hrossaræktarsamtök Suðurlands:

Púlsinn í Ölfushöllinni 23. febrúar

Laugardaginn 23. febrúar frá klukkan 11.00 til 17.00 standa Hrossaræktarsamtök Suðurlands fyrir viðburði í Ölfushöllinni sem kallast Púlsinn.

Um er að ræða fræðslusýningu fyrir fagaðila í hestamennsku þar sem almenningi og öðrum gefst kostur á að fá innsýn í heim þeirra sem hafa lifibrauð sitt af hestamennsku. „Á Púlsinum verður efnt til sýnikennslu og umræðu er lýtur að hrossahaldi, ræktun hrossa og þjálfun, skemmtun og ýmsa aðra starfsemi þar sem hesturinn spilar stórt hlutverk. Ókeypis er á sýninguna að þessu sinni en ráðgert er að Púlsinn verði árviss viðburður framvegis,“ segir m.a. í tilkynningu frá samtökunum. /MHH



Kynbótasýningar 2019

Þorvaldur Kristjánsson
ábyrgðarmaður í hrossarækt
thk@rml.is

Nú er búið að stilla upp áætlun fyrir kynbótasýningar árið 2019 og er hún komin inn á vef Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (rml.is) undir Kynbótastarf/Hrossarækt/Kynbótasýningar. Opnað verður á skráningu á kynbótasýningarnar um miðjan apríl og nánar verður þá tilkynnt um skráningarfresti á einstakar sýningar.

Sýningaráætlunin er með hefðbundnu sniði og síðastliðin ár. Sýningarnar hefjast á Sörlastöðum 20. maí og enda á Akureyri 21. júní. Tvær sýningar eru fyrir norðan í vor og var ákveðið að hafa viku á milli þeirra til að knapar gætu betur nýtt seinni möguleikann til sýninga.

Þá verður boðið upp á tvær vikur fyrir miðsumarssýningar á Suðurlandi. Miðsumarssýning á Gaddstaðaflötum hefur verið stærsta sýning ársins á árunum á milli landsmóta undanfarið. Sú sýning hefur verið í viku með tveimur dómnefndum. Var ákveðið að bjóða upp á tvær vikur í stað einnar í ár með einni dómnefnd að störfum báðar vikurnar.

Fjórðungsmót

Fjórðungsmót verður haldið á Austurlandi í ár; að Fornustekkum í Hornafirði. Hross sem eru í eigu aðila á Austurlandi en einnig í Eyjafirði, Þingeyjarsýslum og í Rangárvallasýslu eiga þátttökurétt á mótinu.

Ákveðinn fjöldi efstu hrossa í hverjum flokki eiga þátttökurétt á mótinu og er því ekki um einkunnalágmörk að ræða. Heildarfjöldi kynbótahrossa á mótinu og skipting þeirra á milli flokka verður birt fljótlega. Til að auðvelda bestu klárhrossum með tölti að komast inn á mótið verður 10 stigum bætt við aðaleinkunn klárhrossa í sætisröðun hrossa inn á mótið. Þetta er sama leið og var farin fyrir síðasta landsmót hvað klárhrossin varðar. Þegar kynbótasýningarnar byrja í vor verður birtur stöðulisti í WorldFeng sem sýnir hvaða hross eru inni á mótinu hverju sinni. Ef fleiri en eitt hross eru jöfn í síðasta sæti inn á mótið þá er þeim öllum heimil þátttaka á mótinu. Eins verða eigendur hrossa sem vinna sér þátttökurétt á mótinu en ætla sér ekki að mæta með þau af einhverjum ástæðum beðnir um að láta vita fyrir ákveðna dagsetningu, þannig að hægt sé að bjóða hrossum sem eru neðar á listanum þátttöku á mótinu.

Heimsleikar

Heimsleikar verða haldnir í ár í Berlín dagana 4. til 11. ágúst. Kynbótahross verða sýnd á mótinu eins og verið hefur og veljum við Íslendingar efstu hross sem völ er á í hverjum flokki fimm, sex og sjö vetra og eldri hryssna og stóðhesta. Höfum við valið eitt hross í hverjum flokki og verður það gert þannig í ár. Valið þarf að liggja fyrir á fyrstu dögum júlímánaðar og verður það því árangur á vorsýningum sem mun liggja valinu til grundvallar.

Það stefnir í spennandi ár hvað kynbótahrossin varðar með Fjórðungsmóti og Heimsleikum og er það tilhlökkunarefni að sækja Hornfirðinga heim jafnt sem Berlínarbúa. Starfsmenn RML hlakka til samstarfsins við hestamenn í ár sem endranær og minnum við á að þar eru allir til þjónustu reiðubúnir.

Sýningaáætlun 2019:

- 20.05 - 24.05 Sörlastaðir Hafnarfirði
- 27.05 - 31.05 Borgarnes
- 27.05 - 31.05 Brávellir Selfossi
- 03.06 - 07.06 Sprettur Kópavogi
- 03.06 – 07.06 Gaddstaðaflatir
- 03.06 – 07.06 Hólar Hjaltadal
- 03.06 – 04.06 Fljótsdalshérað
- 11.06 – 14.06 Sprettur Kópavogi
- 11.06 – 14.06 Gaddstaðaflatir
- 18.06 – 21.06 Akureyri
- **11.07 – 14.07 Fjórðungsmót Austurlands**
- 15.07 - 19.07 Gaddstaðaflatir
- 22.07 - 26.07 Gaddstaðaflatir
- 22.07 - 26.07 Hólar Hjaltadal
- 19.08 - 23.08 Brávellir Selfossi
- 19.08 - 23.08 Akureyri
- 19.08 - 23.08 Borgarnes

Hrímnis hestakerrur

Hannaðar á Íslandi fyrir einstaka aksturseiginleika

www.hrimnir.shop
runar@hrimnir.shop
861-4000 / 897-9353

FÁANLEGAR FYRIR 3 TIL 6 HESTA

HRÍMNIR

Ert þú ferðafær?

Toyota Land Crusier 150 sameinar betur en flestir bílar eiginleika rúmgóðs fjölskyldubíls og dugandi fjallabíls. Með AT33 lausninni getur Arctic Trucks gert bílinn þinn að öflugum ferðabíl sem opnar þér nýja möguleika til ferðalaga og veitir þér tækifæri til að njóta íslenskrar náttúru á þægilegri máta. Ekki skemmir fyrir að bíllinn verður bæði glæsilegri og kraftalegri útlits!

Arctic Trucks býður einnig stærri lausnir fyrir Land Cruiser 150, svo sem AT35, AT38 og AT44.
Nánar á **www.arctictrucks.is.**

ARCTIC TRUCKS
EXPLORE WITHOUT LIMITS

ARCTIC TRUCKS ÍSLAND EHF.
KLETTHÁLSI 3
110 REYKJAVÍK

SÍMI: 540 4900
NETFANG: info@arctictrucks.is
www.arctictrucks.is

Earthworks kerfið býður upp á að byrja smátt með dýptarmæli á góðu verði og byggja síðan upp í **GPS/GNSS**-kerfi af fullkomnustu gerð þegar það hentar. Upphaflega fjárfestingin nýtist að fullu með sama skjá, tölvubúnaði og skynjurum.

Trimble
Authorised Business Partner

...við mælum með því besta

ÍSMAR

Íslenskt sárasprey
fyrir öll dýr, stór og smá

- Mjög græðandi og bakteríudrepandi
- Hefur reynst vel við hnjóskum á hrossum
- Myndar filmu og verndar sár
- Dregur úr blæðingu

Fæst hjá dýralæknum og í hesta- og búvöruverslunum um allt land

primex
www.primex.is
s. 460 6900

NÝSKÖPUNARVERÐLAUN ÍSLANDS

ÍSTEKA

SELDU HRYSSUR TIL LÍFS

Hrossabændur óska eftir hryssum

Mega vera þriggja til fimmtán vetra

Hækkað verð!

Greiðum 30.000 kr. án vsk. fyrir hryssuna.

Sækjum frítt á Suður-, Vestur- og Norðurland.

Upplýsingar: **hryssa@isteka.com** eða í síma **581 4138.**

Geymið auglýsinguna!

Hryssur eru greiddar eftir reikningi og eftir umskráningu í *WorldFeng*.

RML
RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS

HROSSARÆKTARFUNDIR

- Fundarferð um landið -

Fundir um málefni hrossaræktarinnar hefjast fljótlega en Sveinn Steinarsson formaður *Félags hrossabænda* og Þorvaldur Kristjánsson hrossaræktarráðunautur verða á ferðinni um landið og kynna það sem er efst á baugi.

Helstu málefni sem tekin verða fyrir á fundunum eru m.a. eftirfarandi:

- √ Þróun ræktunarmarkmiða í hrossarækt
- √ Dómskalinn – þróun og betrumbætur
- √ Nýjir vægistuðlar eiginleikanna
- √ Málefni Félags hrossabænda

Eins og sjá má verður margt áhugavert tekið til umræðu.

Fundirnir verða um land allt en þeir verða haldnir á eftirfarandi stöðum:

20. febrúar miðvikudagur Akureyri - Reiðhöllin á Akureyri kl. 20:00.
21. febrúar fimmtudagur Skagafjörður - Tjarnarbær kl. 20:00.
22. febrúar föstudagur Vestur-Húnavatnssýsla - Gauksmýri kl. 20:00.
25. febrúar mánudagur Reykjavík – félagsheimil Fáks kl. 20:00.
27. febrúar miðvikudagur Borgarnes – félagsheimili Borgfirðings kl. 20:30.
1. mars föstudagur Höfn í Hornafirði - Fornustekkar kl. 20:00.
2. mars laugardagur Austurland – Iðavellir kl. 14:00.
4. mars mánudagur Suðurland – reiðhöllin á Hellu kl. 20:00.

Hvetjum hestamenn og hrossaræktendur til að fjölmenna á fundina og nýta tækifærið til að kynna sér verkefnin og leggja sitt til málanna.

FRÉTTASKÝRING

Álfsnes þar sem sorp úr höfuðborginni og víðar af landinu er urðað og til vitnis um umhverfissóðaskap Íslendinga. Myndir / HKr.

Framleiðsla á hita- og raforku með brennslu á sorpi er ein leið, en efnavinnsla er líka vel möguleg:

Tæknin til endurnýtingar á sorpi er vel þekkt og ástæðulaust að finna aftur upp hjólið

– Hægt að umbreyta sorpi í nær hvað sem er, allt frá raf- og hitaorku, olíu og plastefnum til græðandi smyrsla

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is

Sorp í miklu magni er óhjákvæmileg afleiðing neyslusamfélagsins. Í hugum margra er það líka stórkostlegt vandamál sem erfitt er að takast á við. Aðrir líta á sorp allt öðrum augum, nefnilega að í því felist mikil og verðmæt hráefni sem hægt sé að umbreyta á ný í nýtanlegar og eftirsóttar afurðir.

Ein leið til að nýta sorp er að breyta því með bruna við hátt hitastig í orku sem nýtist til að hita hús og framleiða raforku. Samkvæmt heimildum Bændablaðsins hefur komið til umræðu hjá sveitarfélögum á Suðurlandi að kanna uppsetningu á hátækni sorpeyðingarstöð, sem framleiði hita til húshitunar, gufu til raforkuframleiðslu og kol_ tvísýringurinn í afgasinu sem frá henni kemur verði nýttur fyrir garðyrkju. Þannig verði með bruna á sorpi hringrásinni lokað og komið í veg fyrir uppsöfnun á sorpi í haugum með tilheyrandi umhverfisvanda.

Svíar hafa starfrækt með góðum árangri sorpbrennslustöðvar sem framleiða rafmagn og hitaorku um áratuga skeið. Sama hefur verið gert í Noregi, Danmörku og víðar í Evrópu, Ameríku og Asíu. Mun slík sorpbrennsla án efa aukast verulega á komandi árum í Evrópu vegna innleiðingar á banni við urðun á sorpi árið 2030.

Það er fyrir löngu búið að leysa öll helstu tæknivandamál við að brenna sorpi þannig að öllum helstu eiturefnum er eytt í bruna við mjög hátt hitastig. Tæknin er til og því þurfa íslensk sveitarfélög sem hug hafa á að feta þá slóð ekki að vera að finna upp hjólið í þeim efnum. Vandinn er að finna heppilega stærð af brennslum, því til að tryggja að bruninn sé hreinn er mikilvægt að hægt sé að halda uppi stöðugum bruna allan sólarhringinn. Að örðum kosti er vart hægt að komast hjá talsverðri mengun. Það er því mikilvægt að menn hugi að umfangi þess sorps sem til fellur á starfssvæði slíkra stöðva.

Nýjasta sorpeyðingarstöð Dana á Amager-bakka í Kaupmannahöfn. Stundum nefnd Amager-skíðabrekkan eða Köbenhæð. Hún getur umbreytt 400 þúsund tonnum af sorpi í raforku og hita á ári. Þakið er skíðabrekka sem hægt er að nota allt árið og einn gaflinn er hannaður sem stærsti klifurvegggur í heimi. Útblásturinn frá stöðinni er sagður heilnæmari en loftið sem fólk andar að sér í miðborg Kaupmannahafnar.

Danir með nýja 400 þúsund tonna sorpbrennslustöð í Kaupmannahöfn

Nýjasta sorpbrennslustöðin á Amager er nánast í hjarta Kaupmannahafnar og reist af Bjarke Ingels Group. Hún er í sjálfu sér eins og listaverk á að líta og gegnir hlutverki sem 600 metra skíðabrekka og er þakin gerviefni þannig að þar er hægt að renna sér allt árið um kring. Þá er þar einnig að finna stærsta manngerða klifurvegg í heimi sem er um 80 metrar að hæð og 10 metrar að breidd og trjágróður verður einnig á þaki byggingarinnar.

Bjarke Ingels-stöðin getur brennt 400.000 tonnum af sorpi á ári og á að framleiða raforku sem dugar fyrir 62.500 heimili og hitaorku fyrir 160.000 heimili. Stöðin er sögð með 25% betri nýtingu en fyrri stöðvar af slíku tagi og dregur úr koltvísýringsútblæstri sem nemur um 100.000 tonnum á ári.

Í vinnsluferlinu er unnt að hreinsa um 90 tonn af málmi sem lendir í ruslinu og afgasið frá stöðinni er sagt heilsusamlegra en loftið á götum miðborgar Kaupmannahafnar. Við brunann falla til um 100.000 tonn af ösku á ári sem verður nýtt í gatnagerð.

Áætlaður kostnaður við byggingu stöðvarinnar var fyrir rúmu ári talinn vera um 4 milljarðar danskra króna, eða um 73–76 milljarðar íslenskra króna.

Fleira en brennsla á sorpi kemur til greina

Brennsla er ein leið og mögulega hagkvæm og snjöll ef hægt er að nýta orkuna til rafmagnsframleiðslu og kyndingar samhliða því að koltvísýringur í afgasi verði nýttur



Sorporkustöð sem brennir sorpi við háan hita og eyðir þannig hættulegum eituefnum úr reyknum. Hún framleiðir um leið hita- og raforku og askan er notuð í steypu.

til ræktunar á nytjaplöntum. Það eru þó til aðrar aðferðir við að gera verðmæti úr sorpi.

Framleiðsla á olíu og margvíslegum efnum til iðnaðar vel þekkt

Ein leið til að gera verðmæti úr sorpi og öðrum úrgangi er að framleiða úr því olíu sem eldsneyti, kolefnissvertu og gas. Slíkur tækjabúnaður hefur það fram yfir sorpbrennslurnar að geta verið smærri í sniðum, þar sem ekki þarf að tryggja stöðugan bruna allan sólarhringinn.

Kínverska fyrirtækið Hauayin Group er eitt þeirra fyrirtækja sem er leiðandi í framleiðslu á búnaði til að umbreyta sorpi í olíu. Kalla þeir þetta endurnýjanlega græna olíuendurvinnslu. Þetta fyrirtæki var stofnað í Xingxuang í Kína árið 1993 og er í eigu Xinxiang Huayin Renewable Energy Equipment Co. Ltd.

Aðferðin við að umbreyta sorpi með kolun (pyrolysis) í olíu er vel þekkt og hefur verið mikið notuð víða um heim áratugum saman, m.a. við að umbreyta lífmassa eins og hálmi og timbri í olíu. Reyndar á orðið „pyrolysis“ uppruna sinn í grísku, og var aðferðin þekkt á blómatíma Grikklands. Pyro þýðir einfaldlega eldur og „lysis“ að leysa í sundur. Þýska hernaðarveldi Hitlers notaði líka þessa aðferð í stórum stíl í seinni heimsstyrjöldinni til að búa til dísilolíu á sínar vígvélar.

Búnaður til í mjög litlum einingum

Tækjabúnaðurinn til að umbreyta sorpi í olíu þarf ekki endilega að vera ýkja stór og Kínverjar eru mjög öflugir á því sviði. Á heimasíðu Hauayin Group má sjá tæki sem getur unnið úr 10 kg af dekkjaúrgangi í einu og skilar um 85% af olíu úr slíkum massa. Sem dæmi er nefnt að í þennan kolunarofn var sett 4,6 kg af plastrusli sem skilaði 3,8 kg af olíu. Það er því alveg ljóst að í ruslinu liggja gríðarleg verðmæti ef menn hafa rænu á að endurnýta það.

Tilvalið í endurnýtingu á dekkjum og plasti

Í svona framleiðslu hentar vel að nota notuð dekk og plast sem á að mestu uppruna sinn að rekja í olíu. Það er þó hægt að nýta ýmislegt fleira eins og mengaðan jarðveg, ýmiss konar olíuúrgang og lífmassa. Mór sem til er í miklu magni á Íslandi er t.d. mjög ákjósanlegt hráefni fyrir svona vinnslu og þá væri í raun hægt að slá tvær flugur í einu höggi og koma í veg fyrir losun mómýra á gróðurhúsalofttegundum og framleiða þannig kolefnishlutlausa olíu. Hafa sérfræðingar reyndar bent á slíkan möguleika hér á landi árum saman en við afar dræmar undirtektir.

Olía sem framleidd er úr sorpi þarf þó ekki að vera lokaafurð. Hægt er að hengja við slíka framleiðslu nær endalausa keðju af úrvinnslumöguleikum, t.d. við að framleiða plast, græðandi

Lítill endurvinnsluofn sem breytir notuðum dekkjum og plasti í olíu.

Tilbúin endurvinnslueining frá Hauayin Group í Kína komin á flutningavagn.

Í endurvinnslunni verður m.a. til kolefnissverta sem nýta má í margs konar iðnaðarvörur.

smyrsl, lyf og ýmiss konar iðnaðarvörur sem m.a. má finna í flestum matvöruverslunum og lyfjaverslunum á Íslandi. Það er í raun sama efnaferli og víða er notað í tengslum við olíuhreinsistöðvar.

100% mengunarlaus dekkjaendurvinnsla

Hauayin Group framleiðir tækjabúnað í ýmsum stærðum til olíuframleiðslu úr plasti og ónýtum dekkjum. Þær geta t.d. verið með afkastagetu upp á 3 til 10 tonn á sólarhring og afurðirnar eru þá eldsneytisolía, kolefnissverta, stálvír og gas. Undir slíka stöð þarf ekki nema 300 til 400 fermetra pláss. Slík stöð er með CE, ISO, SGS og BV vottanir og er sögð vottuð af Evrópusambandinu sem 100% mengunarlaus dekkjaendurvinnsla, enda er nýtingin á hráefninu 100%.

Sem dæmi um olíu sem fæst úr mismunandi úrgangsefnum þá gefur sæstrengur um 75% af olíu úr hverju kílói. Gúmmíkaplar gefa 35%. Dekk af stórum vinnuvélum gefa um 45–50% og fólksbíladekk um 35–40% af olíu.

Kolefnissvertan eða sótduftið sem

Dekkjaendurvinnslustöð í Bretlandi sem umbreytir dekkjum í eldsneyti.

Úrgangi er umbreytt í hráolíu. Hana má síðan vinna áfram í dísilolíu eða önnur efni.

til fellur úr slíkri endurvinnslu er hægt að steypa í arinkubba. Einnig er það mikið notað við framleiðslu á nýjum dekkjum og sem litarefni og í plastiðnaði.

Stálvírinn sem til fellur úr dekkjaendurvinnslunni er m.a. seldur í stálbræðslur.

Við efnaferlið í kolun á dekkjunum verður til um 8–10% gas sem m.a. má selja til að framleiða hita í kyndistöðvum og hluti af því er svo nýttur aftur í vinnsluferlinu.

Annað kínverskt fyrirtæki sem framleiðir tækjabúnað í ýmsum stærðum til endurvinnslu á notuðum dekkjum er Henan, eða Beston Group Ltd. Þeir framleiða líka búnað til að endurvinna sorp með niðurbroti við hátt hitastig sem þeir kalla „anaerobic heating technology“. Er verksmiðja af þessum toga sögð ódýr og fljót að borga sig upp með framleiðslu á verðmætum efnum eins og olíu. Slíkar verksmiðjur hafa verið seldar víða um heim.

Enn eitt fyrirtækið er Yongle Group í Kína sem framleiðir stöðvar til endurnýtingar á margvíslegum úrgangsefnum og sorpi. Þeir hafa m.a. selt búnað í Bandaríkjunum, Bretlandi og víðar í Evrópu og Asíu.

Til eru fjölmargar rannsóknir á raunkostnaði við byggingu og rekstur sorpendurvinnslustöðva af ýmsu tagi með tilliti til kostnaðar og verðmæta sem verða til, ýmist við bruna eða við efnaumbreytingu. Þar þarf því heldur ekki að leggjast lengi undir feld til að finna út slíka hluti sem víða ætti að vera hægt að nálgast með lítilli fyrirhöfn. Hér á Íslandi snýst spurningin kannski fyrst og fremst um vilja og framtakssemi til að taka á þessum málum.

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir



- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VD HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

SÝKLALYFJANOTKUN & ÁHÆTTUÞÆTTIR

Sýklalyfjaónæmi er dauðans alvara

Talað er um sýklalyfjaónæmi þegar bakteríur geta varist áhrifum lyfja sem áður voru notuð til að meðhöndla sjúkdóma af völdum viðkomandi bakteríu. Um er að ræða mjög vaxandi vandamál og eina mestu ógn sem mannkynið þarf að glíma við næstu áratugi. Árið 2017 dóu t.d. 33.000 manns í Evrópu einni af völdum baktería sem engin sýklalyf réðu við og hafði sú tala hækkað um 8 þúsund frá árinu áður. Óþarfi er að nefna að fjárhagslegt tjón er gríðarlegt og fer ört vaxandi.

Grétar Hrafn Harðarson.

Hvernig mynda bakteríur ónæmi fyrir sýklalyfjum? Náttúrulegar stökkbreytingar í erfðaefni baktería gerast ótt og títt og eru aðalástæðan fyrir því að bakteríur verða ónæmar fyrir sýklalyfjum. Í nærveru sýklalyfja lifa ónæmar bakteríur af og þannig er hægt að segja að í hvert skipti sem sýklalyf er notað er hætta á að þá sé verið að auka hlut ónæmra baktería í lífríkinu.

Vandamálið eykst með óábyrgri notkun sýklalyfja, notkun sýklalyfja í fyrirbyggjandi tilgangi og dreifingu ónæmra baktería milli landa með vaxandi heimsviðskiptum matvæla og auknum straumi ferðamanna. Enginn er eyland í þessu sambandi. Í nútímaheimi þar sem samskipti á öllum sviðum eru bæði mikil og hröð þarf alþjóðlegt átak til að takast á við þetta vandamál. Staðan er mjög breytileg milli landa og sem betur fer er staða Íslands góð, sýklalyfjanotkun í landbúnaði er með því lægsta sem gerist í heiminum og einnig er tíðni ónæmra stofna baktería lág. Sýklalyfjanotkun hjá mönnum er hins vegar óþægilega mikil á Íslandi, sérstaklega hjá ungum börnum og öldruðum.

Okkur ber skylda til að verja stöðu Íslands og bæta okkur þar sem úrbóta er þörf. Dýralæknafélag Íslands setti fram stefnu um ábyrga notkun sýklalyfja árið 2001, og í lögum um dýralækna nr. 66/1998 stendur: „Dýralækni er einungis heimilt að afhenda eða ávísa lyfseðilsskyldum lyfjum handa dýri þegar hann hefur greint sjúkdóminn“. Þetta hefur leitt til minni og ábyrgrar notkunar sýklalyfja hjá dýrum hérlendis. Því miður er ekki hægt segja það sama um mörg lönd í Evrópu og ekkert útlit fyrir að það verði mikil breyting á því næstu árin. Sjúkdómsgreiningar þar eru oft á ábyrgð dýraeigenda og þeir hafa í mörgum tilfellum býsna frjálst aðgengi að sýklalyfjum. Þetta leiðir til óhóflegar notkunar sýklalyfja, allt að áttatíufaldrar notkunar samanborið við notkun hérlendis. Í þessum löndum fylgist líka oft að mikil sýklalyfjanotkun hjá mönnum og ónæmi baktería er mjög mikið bæði hjá mönnum og dýrum.

Óhjákvæmilega stafar okkur hætta af því að ónæmar bakteríur berist með mönnum og matvælum frá löndum þar sem sýklalyfjanotkun er mikil. Spítalarnir þurfa að gæta sérstakrar varúðar þegar sinna þarf ferðamönnum. Einnig er mikilvægt að huga vel að salernismálum ferðamanna til að draga úr hættu á að ónæmir stofnar berist inn í lífríki okkar og smiti dýr og menn. Þá er innflutningur matvæla frá þessum löndum, menguðum ónæmum bakteríum, bein ógn við lýðheilsu okkar. Í nýlegri skýrslu stofnana Evrópusambandsins sem fjalla um lyfja- og heilbrigðismál (JIACRA report 2017), eru m.a. skoðuð áhrif sýklalyfjanotkunar í landbúnaði á menn. Þar kemur fram að fylgni er á milli ónæmra stofna í matvælum og algengi þeirra í neytendum. Nú þegar rýmri reglur gilda um innflutning matvæla er mjög mikilvægt að íslenskum neytendum sé gert kleift að forðast slíkar vörur. Þetta er e.t.v. hægt að gera með því að setja ítarlegri reglur um upprunamerkingar matvæla en nú eru, ekki bara í verslunum heldur einnig á veitingastöðum. Þá er einnig mögulegt að setja strangari reglur um vinnslu innfluttra matvæla og krefjast aðskilnaðar við íslensk matvæli til að tryggja að krossmengun eigi sér ekki stað. Það er ánægjulegt að ríkisstjórnin hefur nýverið ákveðið að hrinda af stað átaki til að draga úr útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería á Íslandi. Við þurfum aðgerðir strax til að minnka aðsteðjandi hættu.

Grétar Hrafn Harðarson
dýralæknir.

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300



Næsta blað kemur út 28. febrúar

LESENDABÁS

Er líf án kvótakerfis?

Þessa dagana stendur yfir atkvæðagreiðsla meðal mjólkurframleiðenda um hvort þeim hugnist að núverandi kvótakerfi í mjólkurframleiðslu verði lagt af eða ekki. Sitt hefur hverjum sýnst í því efni og sjálfsagt hafa margir nú þegar greitt atkvæði sitt um þetta mál.

Í síðasta Bændablaði var birt samantekt um málið sem unnin var af Bændasamtökum Íslands og Landssambandi kúabænda. Þar voru dregnar upp lítils háttar sviðsmyndir af því hvað þessi atkvæðagreiðsla gæti haft í för með sér, eftir því hver niðurstaðan yrði. Í samantektinni skortir því miður mjög á að dregnar séu upp með viðhlítandi hætti þær aðstæður sem við blasa, hvor leiðin sem valin er, né þær úrlausnir sem í samningnum felast.

Í fundargerð stjórnar LK frá 11. desember sl. vakti formaður samtakanna athygli á að, *„mjög skiptar skoðanir eru meðal bænda um hvaða leiðir skal fara, því þurfa sviðsmyndirnar að vera eins skýrar og hægt er á þeim tíma sem atkvæðagreiðslan mun eiga sér stað“*.

Við höfum nefnt það áður í skrifum okkar hér, að eigi atkvæðagreiðslan að vera grunnur sátta verði að rýna af alvöru kosti og galla núverandi kvótakerfis, en um leið kynna og útfæra aðra valkosti. Nú er hins vegar orðið ljóst að í þeim efnum hafa forsvarsmenn greinarinnar skilað auðu, þrátt fyrir fögur fyrirheit.

Framleiðslujafnvægi

Samkvæmt samningnum mun niðurtröppun „Greiðslna út á greiðslumark“, hér eftir kallaðar A-greiðslur, hefjast árið 2020 og þeir fjármunir renna til annarra liða samningsins. Þetta er markviss aðgerð í þeim anda að hverfa frá framsali stuðnings ríkisins við greinina manna á milli. Samtals nema A-greiðslurnar nú rúmum 2 milljörðum króna og gerir samningurinn ráð fyrir að nokkur hluti þeirra fjármuna renni til aukningar gripagreiðslna á fyrsta ári, en stærstur hluti fari þó í „Greiðslur út á innvegna mjólk“, hér eftir kallaðar B-greiðslur. Í samningnum er heimild til að færa 20% fjárhæða milli liða, teljist þörf á að breyta þar áherslum. Eftir þessari heimild mætti því ráðstafa af B-greiðslum til annarra liða, um 500 milljónum kr árið 2020 og liðlega 900 milljónum kr árið 2026, í lok samnings. Þetta er reiknað út frá núverandi verðgildi samningsins miðað við fjárlög 2019.

Ef ekki kvóti?

Því hefur ranglega verið haldið fram af forsvarsmönnum greinarinnar, að kvótakosningin snúist annars vegar um framleiðslustýringu með kvótakerfi eða hins vegar óhefta framleiðslu án nokkurar framleiðslustýringar. Enn fremur virðast margir aðrir eiga erfitt að sjá fyrir sér annað en óhefta framleiðslu, verðfall og byggðaröskun, verði fallið frá núverandi kvótakerfi. Það verður að teljast nokkuð þröngt sjónarhorn, þar sem horft er framhjá þróun kvótakerfisins síðustu áratugi og þeim möguleikum sem stuðningsgreiðslurnar bjóða upp á í núverandi samningi, sé þeim beitt.

Áður hefur verið nefnd sú heimild samningsins að flytja milli liða allt að 20% fjármuna í hverjum lið og jafnframt hversu mikla fjámuni er unnt að færa af B-greiðslunum eingöngu. Þessa fjármuni mætti alla flytja yfir í Framleiðslujafnvægisliðsamningsins og sá liður gæti allt að því nífaldast ef millifærsluheimildir eru nýttar til ýtrasta og liðurinn þannig orðið að öflugu stjórntæki

Sigurður Loftsson.

Jóhann Nikulásson.

Baldur Helgi Benjamínsson.

sem tryggði greininni nauðsynlegt jafnvægi, en innan hans eru leiðir sem beita má til að hafa áhrif á framleiðsluhvata.

- Greiða má sláturuppbætur á kýr og þannig draga með skilvirkum hætti úr kúafjölda, sé þess þörf. Sú aðgerð ætti að hafa jákvætt umhverfispor auk þess sem þeir bændur sem axla ábyrgð með að draga úr framleiðslu, njóta þessara greiðslna.
- Með þessum lið má einnig styðja við breytta búskaparhætti þeirra sem kjósa að hverfa frá framleiðslu.
- Sá möguleiki er einnig til staðar að greiða um lengri eða skemmri tíma bílisgreiðslur óháð magni framleiðslu og þannig draga verulega úr framleiðsluhvata, en styðja á sama tíma þéttar við smærri framleiðendur en stærri og viðhalda með því fjölbreytileika greinarinnar.

Kvóti, hvað svo?

Í hinni mjög svo naumu sviðsmyndagreiningu BÍ og LK kemur fram að verði kvótinn kosinn áfram, verði niðurtröppun A-greiðslnanna endurskoðuð ásamt annarri skiptingu milli liða samningsins. Þetta er ekki frekar útskýrt, en ef marka má ummæli ýmissa forystumanna greinarinnar er svo að sjá að auka eigi vægi A-greiðslanna; þess ríkisstuðnings sem fylgir greiðslumarkinu og gengið hefur kaupum og sölum milli bænda. Þetta er einkar athyglisvert þar sem á sama tíma hafa sömu forystumenn mjög á orði að koma þurfi á virkum viðskiptum með kvóta, eða eins og formaður LK orðið það í áramótleiðara:

„Það er nauðsynlegt að greiðslumark geti leitað þangað sem það vill vera ef svo má segja“.

Vissulega þarf framsal að eiga sér stað með kvóta, eigi hann að vera áfram við lýði. En hver hefur raunveruleg samfélagsþróun verið innan greinarinnar undir þessu fyrirkomulagi? Margir bændur, jafnvel félög, hafa dregið til sín mikinn kvóta undangengin ár og áratugi, sumir með verulegri skuldsetningu, og þannig tryggt sér forgang að markaði. Þessum búum á nú sérstaklega að hygla með því að tryggja þeim jafnframt áfram ríkulegan forgang að stuðningsgreiðslum.

Ungt fólk og aðrir áhugasamir bændur sem á komandi árum vilja byggja upp á sínum búum verða hins vegar að sýna biðlund meðan kvótaviðskiptafyrirkomulagið nær að ryðja nógu mörgum úr greininni til að skapa þeim rými. Kostnaðinum er síðan hlaðið á efnahagsreikning búanna um alla fyrirsjáanlega framtíð.

Í dag eru kúabændur um 560 talsins og meðal bústærð um 270.000 lítrar. Ef framleiðslueiningar framtíðarinnar eiga að vera með tvo mjaltaþjóna, eins og sumum þykir nauðsynlegt, þurfa þau bú að framleiða að lágmarki 750.000 lítra. Miðað við núverandi stærð markaðar, þarf 200 slík bú til að uppfylla þarfir hans. Það er beinlínis rangt þegar haldið er fram að í kvótakerfinu felist einhvers konar trygging gegn samþjöppun eða byggðaröskun. Kerfið innifelur engar slíkar kvaðir og hefur ekki gert í langan tíma, hvorki um hámarksbústærð eða annað. Slíkt er enda löngu orðið félagslega ófært, hafi það nokkurn tímann verið gerlegt, auk þess sem ólíklegt er að aðgerðir af slíku tagi muni halda lagalega.

Ef forsvarsmönnum greinarinnar er hins vegar einhver alvara með að fjölbreytileiki í bústærð sem og dreifing framleiðsleininga vítt og breitt um landið skipti miklu máli, þá hlýtur þess að sjá stað í áherslum samtakanna við þá endurskoðunarvinnu á samningunum sem fram undan er.

Horft til framtíðar

Hver sem niðurstaða þessarar atkvæðagreiðslu verður, er afar brýnt að við þessa endurskoðun verði horft til þess hvar við stöndum í lok samnings, eftir rúm sjö ár.

Er líklegt að stjórnvöld verði tilbúin að styðja greinina áfram ef stór hluti stuðningsins gengur kaupum og sölum, verði jafnvel að miklu leyti orðin fastur í veðandlagi einstakra banka og kaupfélaga, eða tengdra aðila?

Eins þurfum við að ná að stoppa niðurtröppun stuðningsins (vatnshallann), annars verður stuðningurinn um síðir einskis virði.

Er líklegt að okkur takist það án þess að formið taki mið af tíðarandanum?

Innan samningsins eru í dag talsverðir möguleikar á tilfærslum sem stutt geta sjónarmið um umhverfisvernd, búsetu og til að takmarka að stuðningurinn færist á of fárra hendur. Sjónarmið sem miklu munu skipta um framtíðarviðhorf til greinarinnar. Þeim möguleikum má ekki glata.

Sigurður Loftsson
Jóhann Nikulásson
Baldur Helgi Benjamínsson

HLUNNINDI & VEIÐI

Fjölgað hefur í útsselsstofni

Gert hefur verið nýtt stofnstærðarmat á íslenska útselsstofninum, en það var Hafrannsóknastofnun í samstarfi við Selasetur Íslands sem það gerði. Niðurstöður er hægt að nálgast á vef Selasetursins.

Fram kemur að útselsstofninn er metinn vera um 6.300 dýr, en síðast þegar mat fór fram árið 2012 var stofnstærð áætluð um 4.200 dýr. Fjölgunin nemur því um 2.100 dýrum. Stofninn er núna metinn vera

32% minni en við fyrstu talningu sem gerð var árið 1982 en þá var stofninn metinn rúmlega 9.200 dýr.

Ástand útselsstofns er talið vera töluvert betra en hjá landselsstofninum, þar sem fækkað hefur í landselsstofni um 77% frá árinu 1980 þegar mælingar hófust, og fækkað um þriðjung í stofninum á árunum 2011–2016 þegar stofnmat var síðast framkvæmt. Landselsstofninn er metinn „í bráðri hættu“ á válista íslenskra spendýra. /MÞÞ

Fundarboð - Tölum um heilsuna

Bændafundur verður haldinn í Ásbyrgi í Miðfirði **þriðjudaginn 19. febrúar kl 20.00**

Fundarefni: Heilsufar og vellíðan.

Fyrirlestrar

kl. 20.00 **Guðmundur Hallgrímsson. Hvanneyri**
Staða verkefnisins Búum vel, Öryggi – Heilsa – Umhverfi

kl. 20.25 **Þórður Ingólfsson, læknir, Búðardal**
Heilsufar. Hugsum til framtíðar.

kl. 21.15 **Sofía B. Krantz, sálfræðingur, Víðidalstungu II**
Þunglyndi – Kvíði – Streita. Orsakir. Hvað er til varnar?

kl. 22.00 **Kleinukaffi - Umræður og fyrirspurnir**

Allir velkomnir

Kynntu þér leiðbeiningaefni um öryggi og vinnuvernd í landbúnaði á bondi.is

Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda
Bændasamtök Íslands
Kvennabandið, samband kvenfélaga í V-Hún.

Búum vel
ÖRYGGI • HEILSA • UMHVERFI

ER ÞITT BÚ ÖRUGGUR OG GÓÐUR VINNUSTAÐUR?

Guðmundur Magnússon, húsasmiður á Flúðum, með algerlega ófúna tréskífu sem búin er að þjóna tilgangi sem slík á tveim húsum á Selfossi í að minnsta kosti 127 ár og sennilega mun lengur. Fyrst var hún á þaki Fossbæja á Selfossi sem rifnir voru í kjölfar jarðskjálfta 1896 og síðan sem veggklæðning á húsi sem þá var byggt í staðinn. Var loks skipt um þá klæðningu 2017. Myndir /HKr.

Timbur notadrýgra en flestir halda, þak- og veggskífur úr tré fúna ekki ef þær eru nógu þunnar:

Dæmi um skífur úr tré sem enst hafa í á annað hundrað ár á húsum á Selfossi

Guðmundur Magnússon, húsasmiður á Flúðum, er líklega sá Íslendingur sem hvað mesta þekkingu hefur á nýtingu á íslensku timbri í þak- og veggjaskífur. Hann telur líka að þetta sé mjög vanmetið efni til að klæða hús.

Í Kanada er mjög algengt að notaðar séu tréskífur á þök og í veggklæðingar. Tjörupappaskífur eru líka mikið notaðar fyrir utan steinskífur. Vissulega er staðviðrasamara á flestum þeim stöðum í Kanada sem tréskífurnar eru mest notaðar, en það segir þó ekki að þær geti ekki vel gengið á hús á Íslandi.

Þegar menn handfjatla þunnar tréskífur þykir eflaust flestum að slíkt efni sé ekki gæfulegt til að klæða hús utan, hvað þá á þök. Slíkt hljóti fljótt að fúna og grotna niður. Guðmundur hefur hins vegar allt aðra sögu að segja og getur þar vísað í reynslu manna af slíkum efnivið hér á landi. Á sýningunni Íslenskur landbúnaður 2018 í Laugardalshöllinni síðastliðið haust var Guðmundur með sýnishorn af þakskífu sem var á annað hundrað ára gömul og enn í fullkomnu lagi eftir að hafa verið notuð fyrst sem skífa í þakklæðningu og síðan í veggklæðningu á Selfossi.

Á annað hundrað ára gamlar tréskífur algjörlega ófúnar

„Ég nefndi þessa hugmynd mína um að búa til tréskífur við Böðvar Guðmundsson á Selfossi. Það þýðir ekkert, sagði hann við mig. Þetta fúnar allt saman. Við ræddum það ekkert meira, en nokkrum vikum seinna hringir hann í mig. Þá segist hann hafa farið að grennslast fyrir um menn sem voru að skipta um klæðningu á gömlu húsi þar í bæ, en á því hafði verið klæðning úr tréskífum. Fékk hann mynd hjá eiganda hússins af ööru tveggja bursta húsi sem kallað var Fossbæir á Selfossi sem var með svona skífum á þakinu, en myndin var tekin 1890.

Enginn veit hversu lengi þakskífurnar höfðu verið á þakinu fyrir þann tíma. Svo skemmist þetta hús illa í jarðskjálfta 1896. Var það svo rifið að mér skildist ári seinna, eða 1897. Þá var skífan sem var á þakinu sett á veggina á húsinu sem var byggt í staðinn. Svo liðu 120 ár þangað til mennirnir sem Böðvar ræddi við fóru að skipta um veggklæðninguna árið 2009 eða 2010. Skífurnar voru því í það minnsta 120 ára gamlar.

Böðvar kom með skífu úr þessari veggklæðningu til mín og hún var algjörlega ófúin eftir allan þennan tíma í misjöfnu íslensku veðri. Það

Guðmundur er snillingur í að tálga í tré og hefur haldið fjölda námskeiða í því fagi. Þessir fuglar sem sýndir voru á landbúnaðarsýningunni í Laugardalshöllinni í haust ásamt tréskífunum frá Guðmundi voru þó eftir Úlfar Sveinbjörnsson.

eina sem sá á henni var að það var búið að negla hana nokkrum sinnum, enda höfðu naglarnir ryðgað í sundur á þessum tíma.

Ég fékk síðan Eirík Þorsteinsson með mér til Kanada til að skoða hvernig menn framleiddu tréskífur þar í landi. Það endaði með því að ég fór þangað aftur og samdi þá við Kanadamenn um að smíða fyrir mig vél til að framleiða svona skífur.“

Endingin byggist á hvað timbrið er þunnt

Guðmundur segist hafa spurt Kanadamanninn sem seldi honum vélina hvort skífan sem hann var að skoða væri ekki óþarflega þunn. Hann svaraði að bragði að svo væri ekki. Endingin byggðist á því að hafa skífurnar eins þunnar og hægt væri. Ástæðan er einföld. Eftir því sem timbrið í skífunum er þynnra þá þornar það fyrr þó það blotni, þannig að fúasveppur lifir ekki í timbrinu.

„Mistökin sem við höfum alltaf verið að gera er að vera með efnið of þykkt. Sem dæmi þá var ég að skipta um pall við sumarbústað fyrir nokkrum árum. Þá var eitt bilið svo langt að það hafði verið notað þriggja tommu efni í bitana. Þessir bitar voru allir maukfúnir, en tveggja tommu bitar í sama palli voru ófúnir. Það segir manni allt sem segja þarf. Þykka timbrið nær ekki að þurrka sig þegar það blotnar og þá nær sveppurinn að dafna,“ segir Guðmundur.

Skífur Guðmundar víða á húsum

Hann segir að skífur sem hann hefur framleitt séu komnar á nokkur hús á Flúðum og víðar. Hann segist þó ekkert hafa verið að ýta undir það sérstaklega að menn settu þetta á þök því hentugra efni fengist í slíkt í okkar vindasama landi. Einn maður sem hann viti um hafi þó sett slíkt á þak á kofa við sumarbústað á Þingvöllum.

Guðmundur segir að íslenskt lerki sé mjög gott efni í svona tréflísar. Það sé líka mjög fallegt. Hægt sé að nýta grisjunarvið sem er allt niður í 8 sentímetra í þvermál í slíkar skífur. Stiga í hús hefur Guðmundur líka smíðað úr íslensku lerki. Það sé því algjör synd að senda allan þann grisjunarvið sem til fellur í íslenskum skógum í brennslu í íslenskum málmbræðslum.

Þá nefndi Guðmundur sem dæmi að skemma á Fitjum hafi verið klædd að innan með skífum sem hann hafi framleitt úr 18 ára gamalli íslenskri furu. Þá noti Félag trérennismiða á Íslandi að mestu íslenskan við og smíða félagarnir úr honum skálar, lampaskerma og hvað sem mönnum dettur í hug.

Fer oft ótroðnar slóðir

Guðmundur hefur oft farið ótroðnar slóðir þegar kemur að húsbyggingum. Þannig hefur hann verið frumkvöðull að byggingu húsa úr samlímdum sjálfberandi einingum úr steinull og stálklæðningu sem framleiddar eru hjá Límtré Vírneti á Flúðum. Þarf þá enga veggjagrind. Einungis eru bitar undir þak sem er síðan sett saman úr sambærilegum einingum og veggirnir. Hefur hann reist fjölmörg slík hús víða um land sem hafa reynst afburðavel. Eru þau sérstaklega hlý og þéttari en flest önnur hús. Ekki sakar að slík hús er létt í flutningum og fljótleg í uppsetningu. /HKr.

Hús sem Guðmundur reisti á Suðurlandi úr sjálfberandi samlímdum steinullareiningum frá Límtré Vírneti á Flúðum. Engin hefðbundin útveggjagrind er í þessum húsum sem þykja afburða hlý.

Unglingalandsmót UMFÍ verður á Höfn í Hornafirði 2019

„Þetta verður flott mót, við erum full tilhlökkunar að halda það," segir Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ, og Jóhanna Íris Ingólfsdóttir, formaður Ungmennasambandsins Úlfljótur (USÚ), hittust í þjónustumiðstöð UMFÍ síðdegis föstudaginn 7. desember og skrifuðu þar undir samstarfssamning vegna Unglingalandsmóts UMFÍ sem haldið verður á Höfn í Hornafirði um verslunarmannahelgina 2019. Matthildur er jafnframt formaður framkvæmdanefndar Unglingalandsmóts UMFÍ.

Eftir undirritun samningsins talið frá vinstri: Matthildur, Haukur, Jóhanna Íris og Sigurður Óskar Jónsson, gjaldkeri USÚ.

Unglingalandsmót UMFÍ hefur verið haldið frá árinu 1992 víða um land og er það orðið einn af stóru viðburðunum um verslunarmannahelgina hjá mörgum fjölskyldum.

22. Unglingalandsmót UMFÍ

Á þessu ári var unglingalandsmótið haldið í Þorlákshöfn um verslunarmannahelgina. Þangað mættu meira en þúsund þátttakendur á aldrinum 11–18 ára og kepptu í fjölmörgum íþróttagreinum. Samhliða þátttöku í ýmsum keppnisgreinum heldur þekkt tónlistarfólk tónleika öll kvöldin og boðið verður upp á alls konar afþreyingu af ýmsu tagi. Unglingalandsmót UMFÍ var síðast haldið á Höfn um verslunarmannahelgina árið 2013, sem tókst í alla staði frábærlega. Mótið verður númer 22 í röðinni.

/MHH

Ingvar Sigurðsson, sem er nýráðinn slökkviliðsstjóri Brunavarna Austur-Húnavatnssýslu í fullu starfi. Ingvar hefur búið á Selfossi síðustu ár.

Brunavarnir A-Hún.:
Ingvar ráðinn nýr slökkviliðsstjóri

Stjórn Brunavarna Austur-Húnavatnssýslu hefur ráðið Ingvar Sigurðsson á Selfossi sem slökkviliðsstjóra Brunavarna Austur-Húnavatnssýslu og mun hann hefja störf 1. maí 2019.

Ingvar er löggiltur slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður og hefur starfað í tæp 10 ár sem hlutastarfandi slökkviliðsmaður hjá Brunavörnum Árnessýslu 2009-2019 en starfar núna sem einn af fjórum vakthafandi varðstjórum slökkviliðsins og sinnir þar bakvöktum og þjálfun. Stjórn Brunavarna Austur-Húnavatnssýslu fagnar ráðningu Ingvars og hlakkar til þess að vinna með honum að frekari uppbyggingu í þessum mikilvæga málaflokki og að auknu samstarfi á svæðinu. */MHH*

Christin Irma Schröder.

Húsavíkurstofa:
Nýr forstöðumaður

Christin Irma Schröder hefur verið ráðin forstöðumaður Húsavíkurstofu.

Christin er þrítug og hefur undanfarið ár starfað hjá PriceWaterhouse Coopers en var áður í starfi aðstoðarmanns framkvæmdastjóra hjá PCC Bakki Silicon. Hún er með MS-próf í fjölþjóðasamskiptum en lauk þar áður BA-prófi í Evrópufræðum. Christin er þýsk en hefur verið búsett á Húsavík í nokkur ár.

Um er að ræða nýtt starf sem er fjármagnað meðal annars með rekstrarstyrk frá Norðurþingi. Húsavíkurstofa var stofnuð árið 2002, þá undir heitinu Markaðsráð Húsavíkur og nágrennis. Núverandi nafngift var tekin upp árið 2010.

Húsavíkurstofa er samnefnari fyrirtækja í ferðaþjónustu í auglýsinga- og kynningarmálum. Stofan hefur í gegnum tíðina unnið ýmis verkefni og var á sínum tíma meðal annars rekstraraðili Mærudaga, upplýsingamiðstöðvarinnar á Húsavík sem og tjaldsvæðisins.

/MHH

MAST Matvælastofnun ...frá heilbrigði til hollustu

Búnaðarstofa MAST ráðstafaði fjármunum til nýliðunarstuðnings í landbúnaði í annað sinn 2018:

Mikill áhugi á landbúnaði hjá ungu fólki

Mikill áhugi er á að gerast nýliðar í landbúnaði hjá ungu fólki, en skilyrði fyrir nýliðunarstuðningi ríkisins er m.a. að umsækjandi sé á aldrinum 18–40 ára á umsóknarári og sé að hefja búskap í fyrsta skipti.

Búnaðarstofa Matvælastofnunar ráðstafaði fjármunum til nýliðunarstuðnings í landbúnaði í annað sinn á síðasta ári. Þessi styrkjaflokkur kom nýr inn í búvörusamningum milli ríkis og bænda sem tók gildi 1. janúar 2017. Nýliðunarstuðningur er veittur til fjárfestinga í búrekstri. Stuðningur getur að hámarki numið 20% af heildarfjárfestingakostnaði á ári og skulu framlög til einstakra nýliða ekki vera hærri en níu milljónir króna í heildarstuðning. Í eldri samningi var nýliðunarstuðningur í nautgriparækt annars vegar og í sauðfjárrækt hins vegar. Í núverandi búvörusamningi er nýliðunarstuðningur hluti af rammasamningi og er óháður búgrein. Auglýst er árlega eftir umsóknum um nýliðunarstuðning og rétt er að vekja athygli á að umsóknarfrestur á þessu ári er til 1. september 2019.

Á fyrstu tveimur árum nýs búvörusamnings hafa stjórnvöld varið 261.609.002 króna til að aðstoða nýliða við að hefja búskap og til að auðvelda ættliðaskipti í landbúnaði. Sjá nánar upphæðir, hlutföll og fjölda umsókna í 1. töflu.

Jón Baldur Lorange
framkvæmdastjóra
búnaðarstofu
Matvælastofnunar

Table 1: Úthlutun nýliðunarstuðning eftir búgreinum á árinum 2017 og 2018

Búgreinar	Árið 2017	Hlutfall	Fjöldi umsókna	Árið 2018	Hlutfall 2	Fjöldi umsókna 2
Blandaður búskapur	44.943.804	34,64%	7	40.863.834	30,99%	16
Sauðfjár- og geitfjárrækt	53.618.400	41,33%	11	38.420.569	29,13%	8
Nautgriparækt	16.487.200	12,71%	3	36.659.249	27,80%	11
Garðyrkja	14.682.361	11,32%	3	5.137.200	3,90%	1
Hrossarækt	0	0,00%		10.796.385	8,19%	2
	129.731.765		**24**	**131.877.237**		**38**



2. mynd - Dreifing nýliðunarstuðnings á síðasta ári eftir landshlutum*

Forgangshópar	Upphæð	Meðal styrkupphæð	Fjöldi
Forgangur 1	104.052.967	6.120.763	17
Forgangur 2	27.824.270	1.324.965	21
Forgangur 3	0	0	2

*Miðað við búnaðarsambandssvæði. Um 28% af heildarupphæð nýliðunarstuðnings fór í Skagafjörð og næst mest til nýliða á Austurlandi, eða 23%.

Menntun umsækjenda

Menntun	Fjöldi umsækjenda*
8 stig	6
7 stig	14
6 stig	3
5 stig	10
4 stig	0
3 stig	0
2 stig	2
1 stig	1
0 stig	4

*Í samræmi við vinnureglur MAST

LESENDABÁS

Tímamót?

Nú er kosning um framleiðslustýringu, „kvótakosningin“, hafin og markar hún í raun upphaf vinnunnar við endurskoðun mjólkurhluta búvörusamningsins. Áherslur kúabænda við samningavinnuna munu byggja á niðurstöðu hennar.

Mig langar, áður en lengra er haldið, að hvetja alla mjólkurframleiðendur til að taka þátt því það er mjög mikilvægt fyrir okkur fulltrúa bænda sem sitjum við samningaborðið í endurskoðuninni að hafa til þess skýrt umboð og að það komi greinilega fram hver vilji bænda er.

Breyttar forsendur

Eins og eflaust margir muna var lagt upp með – þegar núverandi samningur var skrifaður – að greiðslumarkskerfið skyldi aflagt bæði sem framleiðslustýring og sem viðmið fyrir beingreiðslur. Þannig hefði framleiðslustýring í mjólkurframleiðslu verið aflögð og öllum frjálst að framleiða eins og þeir vilja. Ein af forsendunum sem lágu fyrir á sínum tíma, og stórar ákvarðanir voru byggðar á, voru tilgátur um það að íslenska kúakynið væri komið á einhvers konar endapunkt og gæti ekki framleitt meira en um 125 milljón lítra af mjólk og þess vegna væri óhætt að gefa alla framleiðslu frjálsa, hér yrði aldrei hægt að fullnægja innlendum markaði hvort eð er. Á þessu var byggt þegar fyrstu drög nýrra búvörusamninga voru hripuð á blað. Þetta hefur reynst fullkomlega rangt og íslenskir kúabændur framleiddu á síðasta ári rúmlega 152 milljónir lítra. Þetta sýnir okkur að það getur reynst varasamt að taka stórar ákvarðanir nema að ígrunda vel hvaða skref eru stigin.

Arnar Árnason. Mynd / HKr.

Semsagt, íslenskir kúabændur eru fullfærir um að framleiða allt það magn sem þarf til að sinna okkar sístækkandi innanlandsmarkaði fyrir mjólkurvörur.

Viðhöldum jafnvægi í framleiðslunni

Ein af grundvallarforsendum þess að mjólk sé framleidd á öllu landinu er samstaðan um flutningsjöfnuð á mjólk, þ.e. að það kostar jafnmikið að sækja mjólk til bænda hvar sem þeir búa. Einnig búum við við svokallaða söfnunarskyldu sem tryggir það að mjólk er sótt og keypt af okkur í hvaða magni sem er, þó ekki öll á sama verðinu og það er einmitt hryggjarstykkið í kerfinu okkar þ.e. við fáum fullt verð fyrir mjólk innan greiðslumarks en svo lægra fyrir aðra mjólk sem minna fæst fyrir á markaði.

Þetta er gott fyrirkomulag sem við kúabændur búum við og er um leið gríðaröflugt byggðaþróunartæki en það getur verið vandi að umgangast slíkt af virðingu. Það er í okkar valdi og það er okkar hagur að viðhalda jafnvægi í framleiðslu mjólkur. Það verður alltaf hagkvæmast fyrir okkur sem bændur og okkur öll sem þjóð að framleiðsla búvöru sé í takt við neysluna því það hefur enginn neitt upp úr því að framleiða vöru sem ekki er markaður fyrir sem svo leiðir af sér að nauðsynlegt reynist að selja hana undir kostnaðarverði.

Við eigum öflugan iðnað sem sífellt leitar nýrra tækifæra og er það vel. Við eigum á hverjum tíma, eins og framleiðslumálin hafa verið hjá okkur, næga mjólk til að stunda vöruþróun fyrir nýja markaði. Því eigum við hiklaust að halda áfram en munum samt að það er dýrt að framleiða mjólk á Íslandi og við skulum passa okkur á því að búa ekki þannig um hnútana að við hljótum skaða af til lengri tíma litið.

Brýnt að koma á markaði með greiðslumark

Ef kvótinn verður kosinn áfram þá er brýnast að það komist markaður í gang með greiðslumark. Það er nauðsynlegt að greiðslumark geti leitað þangað sem það vill vera ef svo má segja. Strax í kjölfar kosningarinnar verður gerð skoðanakönnun á vegum BÍ og LK um það hvernig kerfi bændur vilja sjá í viðskiptum með greiðslumark sem og hvernig bændur vilja sjá skiptingu á milli einstakra liða samningsins.

Horfum í baksýnisspegilinn

Á árunum kringum 1980 stóðu kúabændur frammi fyrir mikilli offramleiðslu. Við því var brugðist með því að setja á framleiðslustýringu sem svo í gegnum tíðina hefur tekið breytingum vegna aðstæðna hverju sinni. Enn á ný stöndum við frammi fyrir því að þurfa að rýna kerfið okkar. Á þessum tímamótum verðum við að horfa í baksýnisspegilinn og læra af þeirri reynslu sem við höfum aflað okkur, hvernig við brugðumst við á sínum tíma, því þau viðbrögð hafa svo sannarlega skilað okkur áfram veginn. En á sama tíma verðum við að horfa fram á við og bregðast við nýjum áskorunum.

Ég hef aldrei legið á þeirri skoðun minni að ég tel stýringu nauðsynlega í mjólkurframleiðslu á Íslandi. Ég hef þá trú að einmitt það kerfi sem hefur verið við lýði síðan um 1980 hafi gert kúabúskapinn svo sterkan og framsækinn sem raun ber vitni. Það er þá nauðsynlegt að átta sig á því hverju við viljum að kerfið skili. Viljum við ekki að það skili góðri afkomu okkar bændanna, sanngjörnu verði og miklum gæðum til neytenda, að það tryggi matvælaöryggi og að opinberir fjármunir nýtist landi og þjóð? Viljum við ekki að það stuðli að dreifðri byggð og blómlegum sveitum? Viljum við ekki að það stuðli að lágmörkun á ónauðsynlegum innflutningi matvæla sem unnt er að framleiða hér og þannig losna við sótsporið sem felst í flutningi vara yfir höfin?

Ég held að allir, bæði bændur og neytendur, geti svarað þessum spurningum játandi og ég tel að öflugt kerfi í anda þess sem verið hefur við lýði um árabil sé verkfærið til að ná þessum markmiðum.

Vonandi auðnast okkur bændum, við kjörborðið þessa dagana, að kjósa á þann hátt að búgreinin okkar búi áfram við aðstæður sem tryggir festu í rekstrarumgjörð greinarinnar, afkomu bænda og sanngjarnt vöruverð.

Hvernig sem kosningin fer er nauðsynlegt að bændur allir snúi saman bökum og og einhendi sér í þá vinnu sem fram undan er, við lífum spennandi tíma.

Arnar Árnason,
Hranastöðum
formaður Landssambands
kúabænda
arnar@naut.is

TIL SÖLU ERU VINNUBÚÐIR TIL FLUTNINGS
- Ýmsar stærðir og gerðir -

Um er að ræða vinnubúðir sem hafa verið í notkun með mismiklu álagi og eru afhentar í því ástandi sem þær eru.

Vinnubúðirnar hafa eingöngu verið í eigu eins aðila og hefur þeim almennt verið vel við haldið. Búðirnar bjóða upp á möguleika á að útbúa gistiheimili.

Staðsetning: Búðarháls, Búrfell, Bjarnarflag og Þeistareykir.

Verð: Tilboð.

Nánari upplýsingar veita:
Sigurður - 898 3708 & sigurdur@gardatorg.is
Hlynur - 697 9215 & hlynur@gardatorg.is

GARÐATORG

Félagsheimilið Árnes
Í Félagsheimilinu Árnesi er glæsileg aðstaða fyrir ættarmótið, afmælið eða aðra viðburði

Félagsheimilið Árnes hentar sérlega vel fyrir allskyns veislur og **viðburði. Það er staðsett í fallegu umhverfi í um 100 km fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu og 40 km frá Selfossi.**

Húsið rúmar með góðu móti 360 manns í þremur sölum sem hægt er að aðskilja. Öflugt hljóðkerfi og skjávarpar eru í húsinu og stórt leiksvið sem gefur mikla möguleika. Glæsilegt veislueldhús er til staðar með góðum útbúnaði. Sólpallur og skjólsæll garður er til suðurs við húsið.

Fallegt fjölskyldutjaldsvæði með rafmagni er handan við húshornið ásamt sundlaug og heitum potti. Góð aðstaða er fyrir útiíþróttir og leiktæki fyrir börn.

Verslun á svæðinu. Stutt í fallegar náttúruperlur s.s. Þjórsárdal, Hjálparfoss, Stöng og Gjána.

Nánari upplýsingar gefa:
Kristjana í síma **486 6100** netfang **kidda@skeidgnup.is**
Ari í síma **893 4426** netfang **ari@skeidgnup.is**

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Glæsileg smáhýsi

*Verð miðað við EUR 133

Eigum í pöntun þessi glæsilegu smáhýsi sem við afhendum fullbúin með gólfefnum, húsgögnum, frágengnu baði og sólpalli. Henta t.d. vel sem lítil ferðaþjónustuhús, gestahús, skrifstofa eða viðbótarherbergi í garð.

Tilboðsverð til loka febrúar á fullbúnu húsi kr:
3.210.000
án vsk (3.980.400 m. vsk)*

Gerum tilboð í aðrar útfærslur eftir óskum viðskiptavina.
Húsin eru ekki byggingarleyfisskyld þar sem þau eru undir 15m² stærð en þau eru byggð í samræmi við og uppfylla íslenskar Byggingarreglugerðir.

JÖTUNN BYGGINGAR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss // Sími 480 0480 // byggingar@jotunn.is // www.jotunn.is



YLEININGAR
ERU LÉTTAR STÁL-KLÆDDAR SAMLOKU-EININGAR SEM FÁST MEÐ ÞÉTTIFRAUÐS- EÐA STEINULLARKJARNA.

Einingarnar eru sterkar og burðar-miklar og fást með mismunandi yfirborði og litum að eigin vali. Helstu kostir þess að nota samlokueiningar er auðveld og fljót uppsetning, auðveld þrif, mikil burðargeta, mikið einangrunargildi og er ódýr kostur ef miðað er við hefðbundnar lausnir.

Yleiningar henta vel fyrir eldri gripahús þar sem skipta þarf út þak- og eða veggjaklæðningum.

BALEX yleiningar eru framleiddar undir ströngu eftirliti samkvæmt viðurkenndum evrópskum stöðlum.

Hafðu samband: *bondi@byko.is*

BYKO GERUM ÞETTA SAMAN

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook

Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir



HUSQVARNA FS 400 LV
Sögunardýpt 16,5 sm

HUSQVARNA K 770
Sögunardýpt 12,5 sm

HUSQVARNA K 3600 MK II
Sögunardýpt 27 sm

HUSQVARNA K 2500
Sögunardýpt 14,5 sm

HUSQVARNA DM 230

HUSQVARNA
Steinsagarblöð og kjarnaborar

MHG VERSLUN

ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN

MHG Verslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is

LÍF & STARF

Íbúum Skaftárhrepps hefur fjölgað um 20% á síðustu tveimur árum

– Mikið byggt á Kirkjubæjarklaustri og 100% fjölgun í leikskólanum

Skaftárhreppur varð til árið 1990 við sameiningu fimm hreppa; Hörgslands-, Kirkjubæjar-, Leiðvalla-, Skaftártungu- og Álftavershrepps. Hann er austurhluti Vestur-Skaftafellssýslu og afmarkast af Blautukvísl á Mýrdalssandi í vestri og Sandgígjukvísl á Skeiðarársandi í austri. Hreppurinn dregur nafn sitt af ánni Skaftá, sem á aðalupptök sín undir Skaftárjökli í vestanverðum Vatnajökli og rennur til sjávar í Veiðiósi og Kúðaósi, en lengd árinnar frá upptökum til ósa er um 115 km.

Aðalatvinnuvegir svæðisins eru landbúnaður og ferðaþjónusta, en fiskeldi skipar einnig stóran sess. Eini þéttbýliskjarninn í sveitarfélaginu er Kirkjubæjarklaustur, eða „Klaustur“ eins og staðurinn er gjarnan nefndur í daglegu tali. Á Klaustri er stunduð verslun, margvísleg þjónusta og iðnaður. Sandra Brá Jóhannsdóttir er sveitarstjóri Skaftárhrepps. Það var gott hljóðið í henni þegar slegið var á þráðinn til hennar og hún fengin til að fara yfir helstu málefni sveitarfélagsins.

Sandra Brá Jóhannsdóttir, sveitarstjóri Skaftárhrepps, á skrifstofunni sinni á Kirkjubæjarklaustri. Hún segir uppáhaldsmáltækið sitt þessa dagana vera „Dropinn holar steininn“.
Myndir / Magnús Hlynur Hreiðarsson

Þorrablótsandinn svífur yfir vötnum

„Það er allt gott að frétta úr Skaftárhreppi. Við erum full bjartsýni og jákvæðni svo árið fer vel af stað. Þorrablótsandinn svífur yfir vötnum þessa dagana með tilheyrandi glensi og gríni,“ sagði Sandra þegar hún var spurð hvað væri að frétta. Íbúum sveitarfélagsins hefur fjölgað mikið síðustu ár en núna um 590 talsins og hefur fjölgað um ríflega 20% síðustu ár.

„Ástæðan er fyrst og fremst náttúrufegurðin, kyrrðin og einstakt samfélag, hér líður fólki vel og vill eiga heima,“ segir Sandra.

Margar nýjar íbúðir hafa verið byggðar á Kirkjubæjarklaustri á síðustu árum, hér er eitt af nýju parhúsunum á staðnum.

Börnum á leikskólanum Kærabæ á Klaustri fjölgar og fjölgar samhliða íbúafjölguninni í sveitarfélaginu. Hér er verið í söngstund.

Ferðaþjónustan skapar mörg störf

Ferðaþjónusta er áberandi í Skaftárhreppi enda margir fallegir staðir í sveitarfélaginu og margir í ferðaþjónustu. Sandra segir ferðaþjónustuna mjög mikilvæga.

„Já, ferðaþjónustan er önnur af tveimur undirstöðuatvinnugreinum sveitarfélagsins og hefur því mikið vogarafl þegar kemur að öllum sveiflum. Mikill fjöldi ferðamanna á leið um sveitarfélagið okkar þar sem þjóðvegur 1 liggur í gegnum mitt svæðið. Ferðaþjónustan hefur því skapað mörg tækifæri og heilsársstörf undanfarin ár. Við finnum ekki fyrir neinni fækkun ferðamanna. Yfir vetrartímann er fólk mikið að koma til að skoða Eldhraunið og Fjaðrárgljúfur en yfir sumartímann bætist svo hálendið við.“

Vegirnir í skötulíki

Íbúar í Skaftárhreppi og ferðamenn sem eiga þar leið um komast ekki hjá því að aka um lélega vegi, það þekkir Sandra. „Já, viðhald vega í sveitarfélaginu öllu er mjög ábótavant. Mikið vantar upp á að vegkantar á þjóðveginum séu í lagi og enn eru nokkrar einbreiðar brýr á leiðinni. Þetta þyrfti að laga ásamt því að huga þyrfti betur að mokstri og hálkuvörnum að vetri til.“

100% fjölgun í leikskólanum

Samhliða mikilli íbúafjölgun í Skaftárhreppi hefur börnum á leikskólanum á Kirkjubæjarklaustri fjölgað mikið enda nýbúið að byggja við skólann.

„Það er rétt, börnum á leikskólanum hefur fjölgað í takt við stækkunina sem var tekin í notkun í nóvember á síðasta ári. Fjöldi barna er orðinn 25 sem er mjög ánægjulegt en það er um 100% fjölgun frá 2013. Í grunnskólanum á Klaustri eru 43 börn á aldrinum

Skaftárhreppur er sveitarfélag sem nær yfir alla Vestur-Skaftafellssýslu að Mýrdalshreppi undanskildum. Flatarmál sveitarfélagsins er 6.946 km². Kirkjubæjarklaustur stendur við Skaftá og þar er hægt að finna markverða staði eins og Systrafoss, Systrastapa og Stjórnarfoss.

Loftmynd af Klaustri og næsta nágrenni sem tekin var af Mats Wibe Lund. Hann hélt ljósmyndasýningu í haust og gaf út bók sem heitir „Frjáls eins og fuglinn“ og er um áratuga langan feril hans sem ljósmyndari á Íslandi. Mats á gríðarlegt safn ljósmynda úr öllum landshlutum sem skoða má á vefsíðunni https://mats.photoshelter.com. Getur fólk leitað til hans ef það vantar myndir til gjafa eða af einhverju öðru tilefni. Hægt er að senda honum tölvupóst á netfangið mats@mats.is.

6–16 ára,“ segir Sandra og bætir við að það sé líka gott að vera eldri borgari í sveitarfélaginu því Félag eldri borgara tók í notkun nýja félagsaðstöðu á síðasta ári og hafa komið sér vel fyrir þar. Aðstaðan er á neðri hæð Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla og hittast eldri borgarar þar og taka m.a. í spil.

Þriggja fasa rafmagn

Sandra er næst spurð út í þriggja fasa rafmagn, hvernig staðan á því máli sé en að hafa ekki þriggja fasa rafmagn stendur atvinnuþróun í sveitum landsins víða fyrir þrifum.

„Nú nýlega tilkynnti iðnaðarráðherra að lagningu þriggja fasa rafmagns í Skaftárhreppi yrði flýtt og verkinu myndi ljúka á næstu þremur árum samhliða lagningu ljósleiðara. Þetta skiptir sveitarfélagið alveg gríðarlega miklu máli þegar kemur að samkeppnisfærni fyrirtækja og að gera Skaftárhrepp að aðlaðandi búsetukosti.“

Sællegur búpeningur úti í haga í sumar og sól

Sandra er að lokum beðin um að spá fyrir komandi sumar, hvernig það verði í Skaftárhreppi?

„Sumarið leggst mjög vel í okkur og við gerum ráð fyrir því að margir ferðamenn leggi leið sína í Skaftárhrepp líkt og undanfarin ár og að sællegur búpeningur verði úti í haga í sumar og sól.“ */MHH*

Bændablaðið
kemur næst út
28. febrúar

MAST auglýsir eftir umsóknum um fjárfestingarstuðning í svínarækt

Opnað hefur verið fyrir umsóknir um fjárfestingastuðning í svínarækt í samræmi við reglugerð um almennan stuðning við landbúnað nr. 1260/2018, VII. kafla.

Umsóknum vegna framkvæmda á árunum 20182019 skal skilað inn rafrænt á þjónustugátt Matvælastofnunar eigi síðar en **31. mars.**
Umsóknarfrestur verður ekki framlengdur.

Skilyrði fyrir veitingu fjárfestingastuðnings er að finna í 33. gr. reglugerðarinnar og eru vegna:

a. Nýbygginga eða viðbygginga.
b. Endurbóta á eldri byggingum, þar sem skipt er út meira en 50% af innréttingum.
c. Kaupa á innréttingum og búnaði.

Fylgiskjöl með umsókn, eftir því sem við á:

a. Framkvæmdaáætlun með verklýsingu og tímasettri verkáætlun.
b. Úrbótaáætlun sem er í gildi á umsóknarári samkvæmt reglugerð um velferð svína.
c. Sundurliðuð kostnaðaráætlun, þar sem kemur fram sundurliðun með einingaverði og fjölda eininga.
d. Byggingarleyfi og staðfesting um að framkvæmdir séu hafnar, ef við á.
e. Leyfi þinglýsts eiganda jarðar vegna framkvæmda.
f. Samþykkt teikning vegna framkvæmda, ef við á.

Fjárfestingastuðningur fyrir hvern framleiðanda getur að hámarki numið 40% af stofnkostnaði ef heildarkostnaður fer yfir eina milljón króna.

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma **510-3500** og **615-1020** eða á netfangið **bjorgvin@eignatorg.is**

Eignatorg
Skipholt 50b, 105 Reykjavík

Lítið hús 31 - 80m²

2 fullbúin herbergi - 40m²

Sælureitur

Bjóðum vönduð heilsárshús, hönnuð og framleidd fyrir íslenskar aðstæður sem henta jafnt sem lítil íbúðarhús, sumarhús og til útleigu.

- Vönduð viðarklæðning á veggjum í lit að eigin vali.
- 150mm einangrun í gólfi og veggjum.
- 225mm einangrun í lofti.
- Vandað vinilparket á gólfum.
- 18m² viðarpallur fylgir með.
- Aðrar stærðir fáanlegar.

Fullbúið 31m² hús með gólfefnum, húsgögnum og palli.
Verð aðeins
kr. **6.990.000**
án vsk (8.667.600 m. vsk)*
Öll húsin eru íslensk hönnun og byggðar í samræmi við íslenskar byggingareglugerðir.

Náttstaður

Bjóðum fullbúið 40m² heilsárshús með 2 íbúðum sem hentar mjög vel til útleigu eða sem aðstaða fyrir starfsmenn.

- Vönduð viðarklæðning á veggjum í lit að eigin vali.
- 150mm einangrun í gólfi og veggjum.
- 225mm einangrun í lofti.
- Vandað vinilparket á gólfum.
- Góð hljóðeinangrun á milli herbergja.
- 22m² viðarpallur fylgir með.

Fullbúið hús með gólfefnum, húsgögnum og palli.
Tilboðsverð
kr. **7.980.000**
án vsk (9.895.200 m. vsk)*
Öll húsin eru íslensk hönnun og byggðar í samræmi við íslenskar byggingareglugerðir.

JÖTUNN BYGGINGAR
Austurvegur 69 - 800 Selfoss // Sími 480 0480 // byggingar@jotunn.is // www.jotunn.is

*Öll verð miðast við gengi EUR 133.

SÝKLALYFJANOTKUN & ÁHÆTTUÞÆTTIR

Ónæmir sýklar – dýrin – mennirnir og umhverfið:

Útbreiðsla sýklalyfjaónæmis er ein helsta heilbrigðisógnin sem steðjar að mönnum og dýrum í dag

– Hvað er sýklalyfjaónæmi, hvers vegna verður það til, hvernig dreifist ónæmið og hvernig getum við tekist á við þessa ógn?

Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á tengsl á milli mikillar sýklalyfjanotkunar og sýklalyfjaónæmis. Sýklalyfjanotkun hjá mönnum hér á landi hefur verið meiri en á hinum Norðurlöndunum en um miðbik ef miðað er við öll Evrópulöndin. Sýklalyfjanotkun hjá dýrum hér á landi hefur hins vegar verið ein sú lægsta.

Á Íslandi og í Noregi hefur algengi sýklalyfjaónæmis verið umtalsvert lægra en í nágrannalöndunum en m.a. vegna mikillar notkunar sýklalyfja hjá mönnum hér á landi gæti það breyst á komandi árum.

Ónæmir sýklar berast til landsins í meltingarvegi ferðamanna. Því er mjög mikilvægt að öll frárennslismál séu í góðu lagi.

Helstu þekktu áhættuþættir

Röng eða óskynsamleg notkun sýklalyfja hjá mönnum og dýrum. Dreifing með íslenskum og erlendum ferðamönnum.

Rannsóknir hafa sýnt að sýklalyfjaónæmar bakteríur geta auðveldlega dreifst með ferðamönnum sem koma frá svæðum þar sem hlutfall ónæmis er hátt. Hér á landi er bæði um að ræða erlenda ferðamenn sem koma hingað til lands sem og íslenska einstaklinga sem koma erlendis frá. Almennt hreinlæti og aukið eftirlit með þessum einstaklingum komi þeir á heilbrigðisstofnanir er því nauðsynlegt til að stemma stigu við dreifingu ónæmra baktería.

Dreifing frá umhverfi

Löngum hefur verið talið að ein helsta uppspretta baktería með aukið þol gegn sýklalyfjum sé frá mönnum, dýrum og/eða matvælum. Á undanförnum árum hefur hins vegar komið í ljós að sýklalyfjaónæmar bakteríur geta átt uppruna sinn í jarðvegi, vatni og sjó, og dreifst þaðan til manna og dýra og til baka. Þetta hefur ekki verið fullrannsakað og upplýsingar á Íslandi um umhverfismengun af völdum sýklalyfjaónæmra baktería liggja ekki fyrir.

Frárennslismál

Sérfræðingar virðast flestir vera sammála um að fráveitumálum og skólphreinsun sé ábótavant í mörgum sveitarfélögum á Íslandi. Þrátt fyrir reglugerðir og lög um hvernig fráveitumálum eigi að vera háttað er víða pottur brotinn varðandi þau málefni. Sveitarfélög og einkaveitur hafa ekki staðið sig nægilega vel í fráveituaðgerðum og bera við að kostnaður sé mikill.

Heilbrigðisnefndir hafa heimildir til að beita þvingunarúrræðum til að knýja á um úrbætur og ættu þær líklega að beita þeim heimildum í ríkari mæli. Umhverfisstofnun hefur það hlutverk að samræma aðgerðir á landsvísu. Því miður eru dæmi þess að skólpmengun hafi valdið sýkingum í búpeningi og villtum dýrum en slíkt er skaðlegt fyrir íslenskan landbúnað og býður þeirri hættu heim að smit berist úr haga í maga neytenda. Úrbætur í fráveitumálum er mikilvægt samfélagsverkefni sem þarf að taka föstum tökum.

Sýklalyfjaónæmi
Þegar sýklar mynda þol eða ónæmi gegn lyfjum sem eiga að drepa þá. (AMR - Antimicrobial resistance).

Fjölónæmi
Sýklar hafa myndað ónæmi fyrir þrem eða fleiri sýklalyfjaflokkum, sbr. ATC flokkun.

Sem dæmi má geta þess að árið 2000 komu upp mörg tilvik Salmonellusýkinga í Rangárvallasýslu, bæði í dýrum og mönnum. Þá kom í ljós að lítt eða óhreinsað skólp rann frá stórum þéttbýliskjörnum beint út í umhverfið og blandaðist þar yfirborðsvatni sem oft var drykkjarvatn búsmalans. Fjölbreytt flóra sýkla greindist í þessu vatni, þar á meðal greindist sérstakt afbrigði af Salmonella Typhimurium sem var ónæm fyrir a.m.k. fjórum flokkum sýklalyfja (fjölónæm).

Árið 2002 drápust 50 ær á bæ í Skagafirði. Orsökin var sýking af völdum Salmonella Typhimurium, sem greindist bæði í hræjum og drykkjarvatni kindanna.

MÓSA er skammstöfun á Methicillin ónæmur Staphylococcus aureus.

Methicillin er sýklalyf sem notað er gegn alvarlegum bakteríusýkingum

Dreifing milli manna og dýra

Erlendis eru þekkt tengsl MÓSA í búfénaði, þá helst svínum, og mönnum, t.d. í Danmörku þar sem fram hefur komið aukið algengi MÓSA hjá fólki sem vinnur við svín eða býr í nágrenni við svínabú.

Athygli manna hefur í auknum mæli beinst að nánum tengslum manna og gæludýra. Hér á landi sem og erlendis er almennt lítið vitað um sýklalyfjaónæmar bakteríur í gæludýrum og lítið fylgst með sýklalyfjanotkun hjá þeim.

Dreifing með matvælum

Í nýlegri skýrslu Sóttvarnastofnunar Evrópu og Matvælaöryggisstofnunar Evrópu kom fram að kjöt í Evrópu, einkum alifuglakjöt, getur innihaldið sýklalyfjaónæmar bakteríur og bakteríur sem valdið geta sýkingum í mönnum. Þó ekki sé nákvæmlega vitað hversu miklar líkur eru á dreifingu ónæmra baktería frá matvælum yfir í menn, þá eru vísbendingar um að slíkt getur gerst bæði með kjöti og grænmeti.

Almennt er þó talið að lítil hætta sé á að ónæmar bakteríur berist í fólk

Fjölónæmar bakteríur geta dreifst í umhverfinu með saur manna og dýra og mengað matvæli, þá einnig grænmeti og ávexti. Mynd / WHO

Súnur (Zoonoses) Allar tegundir sjúkdóma og/eða sýkinga sem beint eða óbeint geta smitast náttúrulega milli dýra og manna.

Flestar bakteríur, t.d. Salmonella, geymast ágætlega frosnar.

með neyslu búfjárafurða þar sem þær eru að jafnaði hitameðhöndlaðar (soðnar/steiktar) fyrir neyslu og bakteríurnar þannig drepnar. Annað gildir um grænmeti sem borðað er hrátt. Því má færa fyrir því rök að líkur á smiti frá grænmeti geti verið meiri en frá kjöti.

Á Íslandi hefur verið gerð sú krafa að ferskt innflutt kjöt þurfi að frysta í a.m.k. einn mánuð. Frysting minnkar magn Campylobacter í matvælunum en hefur lítil áhrif á aðrar bakteríur.

Helsta ástæða frystikröfunnar hefur verið varnir gegn farsóttum, þannig að ráðrúm gefist til aðgerða innan meðgöngutíma ýmissa búfjársjúkdóma. Þannig gæfist tími til þess að hætta við innflutning á kjöti frá landi eða svæði þar sem slíkur sjúkdómur hefði komið upp í millitíðinni.

Hvernig má forðast smit frá matvælum:

Sem dæmi má rifja upp faraldur í mönnum af völdum Campylobacter. Þegar frystikröfunni var aflétt af kjúklingum rétt fyrir síðustu aldamót fylgdi í kjölfarið mikil alda campylobactersmita í mönnum. Samstilltar aðgerðir samstarfshóps sérfræðinga og alifuglabænda gegn campylobactersmiti í kjúklingum hafa leitt til þess að í dag finnst einungis smit í örfáum kjúklingahópum fyrir slátrun, en það er einstakur árangur. Því er ófryst og hrátt íslenskt kjúklingakjöt á markaði núna nánast laust við Campylobacter.

Öflug fræðsla um meðhöndlun hrárra kjúklingaafurða mun einnig hafa stuðlað að minna smiti og færri tilfellum.

Samræmdar evrópskar mælingar undanfarin ár hafa sýnt að minnsta lyfjaónæmið í Campylobacterstofnum er á Norðurlöndunum. Sömuleiðis er hér á landi minnsta Campylobactermengunin í alifuglakjöti og samhliða mjög lág sýkingatíðni í fólki þar sem smitið er talið af innlendum uppruna.

Vöktun á salmonellusmiti í alifuglum er samræmd í Evrópu. Hérlendis gilda þó strangari reglur þegar salmonella greinist í kjúklingahópi, hér er óheimilt að senda sýktan hóp til slátrunar og honum er því fargað á búinu.

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur heimilað íslenskum stjórnvöldum að setja sérstakar viðbótartryggingar vegna salmonellu í kjúklingakjöti, hænueggjum og í kalkúnakjöti. Þetta felur í sér að við flutning á þessum matvælum til landsins frá öðrum löndum innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) skuli fylgja vottorð sem byggja á sérstökum salmonellurannsóknum sem sýna að ekki hafi greinst Salmonella spp. í viðkomandi vöru.

Hreinlæti við slátrun og kjötvinnslu

Dýralæknar fylgjast grannt með hreinlæti skrokka við slátrun og tekin eru sýni til ræktunar og greiningar hugsanlegrar sýklamengunar. Sérstakt eftirlit er haft með mögulegri Salmonellumengun á svínaskrokkum og Salmonellu- og Campylobaktermengun í kjúklingum.

Sláturleyfishafar bera fulla ábyrgð á þeim matvælum sem þeir framleiða. Það er þeirra hlutverk að tryggja hreinlæti, góða aðstöðu og rétt vinnubrögð en í verkahring Matvælastofnunar er að annast reglubundið opinbert eftirlit hjá leyfishöfum, með búnaði, hreinlæti og innra eftirliti.

Sama löggjöf gildir um matvæli á Íslandi og í öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu (EES)

Neytendur

Hreinlæti er nauðsynlegt við alla meðferð kjöts, t.d. að aðskilja hrátt og hitameðhöndlað og að gegnsteikja kjúklingaafurðir, svínakjöt og unna kjötvöru. Sérstaklega þarf að gæta varúðar við t.d. vörur sem unnar eru úr hakki svo sem hamborgara, en við vinnslu þeirra geta yfirborðsbakteríur dreifst um hakkið og það orðið gegnmengað. Hamborgarar ættu því aldrei að vera blóðugir í miðju. Öðru máli gegnir um heila kjötbita, þar nægir yfirleitt að hitameðhöndla yfirborðið vel.

Hreinlæti við meðhöndlun ávaxta og grænmetis er ekki síður mikilvægt

Hópsýkingar vegna neyslu á ferskum afurðum eru þekktar, en ein stærsta hópsýking hérlendis var árið 2000 þar sem u.þ.b. 250 manns veiktust af Salmonella Typhimurium sem barst með innfluttu jöklasalati. Árið 2007 varð hópsýking af völdum E. coli, sýkingin var talin vera af völdum hollensks salats. Árið 2017 veiktust tæplega 130 manns af iðrakveisu sem talin var vera af völdum Aeromonas hydrophila frá ítölsku blaðsalati.

Því er mælt með því að þvo hendur áður en grænmeti er matreitt og sömuleiðis að hreinsa það vel og skola vandlega. Þannig er hægt að fjarlægja allt að 80% baktería sem verið gætu á grænmetinu. Sömu leiðbeiningar gilda um ávexti og ber.

Hvernig mengast ávextir og grænmeti?

Grænmeti og kryddjurtir geta smitast af iðrabakteríum og vírusum vegna saurmengunar, þá bæði frá mönnum og dýrum. Helstu smitleiðir eru:

- Saurmengað vatn notað til vökvunar.
- Dýr á ökrum skilja eftir mengaðan saur.
- Hreinlæti og heilsufari starfsmanna ábótavant við uppskeru og pökkun.
- Ófullnægjandi geymsluskilyrði.
- Spírufræ sem menguð eru af bakteríum.
- Neytendur (óhreinar hendur) sem handleika ópakkaðar vörur í verslunum.

Almennt má telja litlar líkur á að húsdýr og húsdýraafurðir geti borið smit ónæmra baktería til neytenda

Heilbrigði íslenskra húsdýra er mjög gott og notkun sýklalyfja í landbúnaði lítil miðað við mörg önnur lönd.

Langt er síðan íslenskir dýralæknar gerðu sér grein fyrir ábyrgð sinni varðandi notkun sýklalyfja.

Páll Agnar Pálsson var yfirdýralæknir á árunum 1956–1989. Hann fyrirskipaði bann við notkun sýklalyfja í fóður í þeim tilgangi að auka vöxt húsdýra, en sú notkun fór að tíðkast í miklum mæli erlendis á þessum tíma. Þetta var einstakt í heiminum á sínum tíma, en Svíar tóku síðar upp sams konar bann á níunda áratugnum og slíkt bann var ekki innleitt í Evrópusambandinu fyrr en á fyrsta áratug þessara aldar (2005). Páll Agnar sá einnig til þess að notkun hormónalyfja í vaxtaraukandi skyni var aldrei leyfð hér á landi.

Dýralæknafélag Íslands markaði sér þegar árið 2001 stefnu um notkun og ávísun lyfja til búfjár. Þar komu m.a. fram þessi markmið:



- Að hindra myndun ónæmis gegn sýklalyfjum og tryggja þannig möguleika á notkun þeirra í framtíðinni með því að draga úr notkun lyfja eins og kostur er.
- Að draga úr lyfjamengun náttúrunnar.
- Að bæta árangur lyfjameðhöndlunar.
- Til að ná markmiðum þessum skal leggja höfuðáherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir í stað meðhöndlunar.
- Vísindaleg rök skulu ávallt liggja til grundvallar ákvörðun um notkun á sýklalyfjum.
- Val á sýklalyfi skal vera markvisst. Nota skal þau lyf sem vitað er að virka best á viðkomandi sýkil. Penicillín er fyrsti valkostur við sýklalyfjagjöf.
- Forðast skal notkun breiðvirkra lyfja og lyfja sem vitað er að valda frekar myndun ónæmis en önnur, þau skal eingöngu nota gegn sýklum sem ónæmir eru fyrir penicillíni.

Sýklastofnar sem ónæmir eru fyrir sýklalyfjum eru alvarlegt og óásættanlegt heilbrigðisvandamál, jafnt í dýrum sem mönnum. Á búum þar sem sýklalyfjaónæmi er viðvarandi skal gert átak til að losa hjörðina við hina ónæmu stofna.

Hver er helsta notkun sýklalyfja í íslenskri búfjárrækt?

Nánast öll sýklalyfjameðhöndlun íslensks búfénaðar er einstaklingsmeðhöndlun. Þetta er lykilatriði ásamt sameiginlegum skilningi dýralækna og bænda á mikilvægi réttrar notkunar á sýklalyfjum, smitvörnum og góðri sjúkdómastöðu.

Hvers vegna eru notuð sýklalyf í íslensk húsdýr?

Nautgripir:
Júgurbólga er langalgengasta bakteríusýkingin í kúm. Sem betur fer hefur betri mjaltatækni og bættur aðbúnaður dregið töluvert úr tíðni sýkinga og þar með bætt velferð kúnna. Dýralæknar og bændur

Hlutfall ónæmis. Beta-lactamase genið (v. Staphylococcus)	
Tanksýni	
2018	12,30%
2017	15,00%
2016	34,70%
2015	44,20%
2014	34,90%
2013	56,20%

eru nú meðvitaðri um mikilvægi markvissrar sýklalyfjanotkunar og sennilega má þakka því og aukinni ráðgjöf að dregið hefur töluvert úr tíðni penicillínónæmra júgurbólgusýkla, sbr. niðurstöður úr árlegri tanksýnatöku MS.

Skita í smákálfum var töluvert algeng, en bættur aðbúnaður, fóðrun og umhirða hafa dregið úr vandamálinu. Áður fyrr var algengt að nota sýklalyf sem fyrsta læknisráðið.

Svín:
Í svínabúskap á Íslandi er nánast eingöngu verið að einstaklingsmeðhöndla dýr, öfugt við það sem þekkist víða annars staðar. Oftast eru grísir meðhöndlaðir vegna öndunarfæra- og iðrasýkinga, meðhöndlun á gyltum er yfirleitt vegna leg- og júgurbólgu. Nú eru svín bólusett við nokkrum sjúkdómum, velferðin þannig bætt og mögulega komist hjá notkun sýklalyfja.

Alifuglar:
Mörg ár eru síðan kjúklinga- eða kalkúnahópar hafa verið meðhöndlaðir með sýklalyfjum. Á undanförnum árum er aðeins eitt dæmi um meðhöndlun á varphænum.

Sauðfé:
Sýklalyf eru aðeins notuð við sýkingar í einstaka dýrum. Þó er nokkuð um að sýklalyf séu notuð fyrirbyggjandi við slefsýki í lömbum þar sem hún er vandamál. Unnið er að því að finna aðrar lausnir, en slefsýkin er alvarlegt velferðarmál og veldur bændum töluverðu tjóni.

Hross:
Sýklalyfjanotkun í hross er almennt lítil og þá aðeins í einstök dýr.

Fiskar:
Ekki hafa verið notuð sýklalyf í hefðbundnu laxeldi í sjó síðan um aldamót. Síðustu sjö árin hafa engin sýklalyf verið notuð við eldi á laxi, bleikju og regnbogasilungi.

HEILSA er vefforrit Matvælastofnunar (MAST) sem heldur utan um sjúkdóma- og lyfjaskráningu og bólusetningar nautgripa, hrossa og sauðfjár. Dýralæknar skrá beint í kerfið og öll gögn eru vistuð í miðlægum gagnagrunni sem er í vörslu MAST. Ennþá eru agnúar á kerfinu og því nýtist það ekki alveg sem skyldi, en með góðri endurskoðun og útfærslu fyrir allar dýrategundir yrði það ómetanlegt hjálpartæki til að fylgjast með og meta sýklalyfjanotkun í húsdýrum.

Lyfjaónæmi er alheimsvandamál sem þekkir engin landamæri

Alþjóðasamtök dýralækna (WVA) hafa gefið út eftirfarandi ráðleggingar um notkun sýklalyfja, sömuleiðis yfirlýsingu um mikilvægi bólusetninga dýra fyrir heilbrigði dýra og manna:

- Ákvarðanir um takmörkun eða stýringu á notkun sýklalyfja skal taka á grundvelli ávinnings/áhættu greininga.
- Sýklalyf sem eru mikilvæg í mannalækningum skal aðeins nota í dýr sem eru undir dýralæknishendi og þegar gagnkvæmt traust ríkir milli dýralæknis og eiganda.
- Rannsóknir á næmi sýkla er mikilvægur þáttur í ábyrgri notkun sýklalyfja. Hér undir næmisrannsóknir í hverju sjúkdómstilfelli og sömuleiðis vöktun og gagnaskil á landsvísu.
- Mikil þörf er á skilvirkum valkostum við sýklalyfin og hvatt er til nýsköpunar.


Næmisrannsókn. Bakteríum er sáð á æti ásamt töflum með sýklalyfjum. Glær flötur kringum töflu sýnir næmi, bakteríurnar geta ekki fjölgað sér. Ónæmar bakteríur geta hins vegar vaxið óhindrað séu þær þolnar fyrir lyfjunum, á skálinni til hægri eru bakteríurnar aðeins næmar fyrir þrem af sjö lyfjum sem prófað er fyrir.

WVA telur einnig mikilvægt að stuðla að aukinni notkun bólusetninga til að draga úr hættu á farsóttum og súnum hjá dýrum. Þróa þarf fræðsluefni sem dýralæknar geta notað til að fræða dýraeigendur um bólusetningar og bólusetningaáætlanir og til að bæta samstarf við aðrar heilbrigðisstéttir. Tryggja verður nægilegt fjármagn til að auka vísindalegan skilning á lyfja- og ónæmisfræði.

Þrjár mikilvægar alþjóðastofnanir, Alþjóðaheilbrigðisstofnun Sameinuðu þjóðanna (WHO), Matvæla- og landbúnaðarstofnun SÞ (FAO) og Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin (OIE), hafa tekið upp samstarf um lyfjaónæmi, sem hefur verið kallað "Þríeykið" (Tripartite). WVA hefur lýst yfir eindregnum stuðningi við þetta samstarf og lagt sitt af mörkum til að efla það.

OIE setur alþjóðastaðla um dýraheilbrigði og velferð dýra. Helstu sérfræðingar í heimi vinna að gerð staðlanna og þeir eru síðan bornir upp til samþykktar aðildarríkjanna 182. Með samþykktinni skuldbinda ríkin sig til að fara eftir stöðlunum. Ísland er eitt aðildarríkja OIE.

OIE vinnur náið með WHO og FAO, sérstaklega að því er snýr að sjúkdómum sem berast milli manna og dýra (súnum). Stór hluti þess samstarfs fjallar um lyfjaónæmi. Stofnanirnar hafa sett sér aðgerðaáætlanir og hvetja aðildarríki sín til að gera slíkt hið sama.

OIE setur viðmiðunarreglur um ábyrga notkun sýklalyfja í búfjárrækt og dýrum og mælir stofnunin eindregið með að lyf séu ekki notuð í vaxtarhvetjandi skyni. Stöðugt fækkar þeim löndum sem leyfa notkun sýklalyfja í vaxtaraukandi skyni þó enn séu þau allnokkur samkvæmt upplýsingum sem OIE safnar um notkun sýklalyfja í búfjárrækt í aðildarríkjum sínum.

Listi OIE yfir sýklalyf sem nauðsynleg eru í búfjárrækt gefur línuna um hvaða lyf má og getur þurft að nota og hvaða lyf á að forðast í lengstu lög að nota í búfjárrækt.

Matvælastofnun er nú þátttakandi í „One Health" – Ein heilsa.

Brýnt er að auka skilninginn á samspili heilbrigðis manna, húsdýra og villtra dýra. Sýkingar geta borist í menn frá dýrum og umhverfi og öfugt.

„One Health" er alþjóðleg stefna sem ætlað er að auka þverfaglegt samstarf og samskipti á öllum sviðum heilbrigðisþjónustu fyrir menn, dýr og fyrir umhverfið. Lögð er áhersla á eina heildstæða stefnu um forvarnir, vöktun og viðbrögð við sýklalyfjaónæmi.

Samstarf þarf að vera milli stjórnvalda, matvælaframleiðenda, iðnaðarins, heilbrigðisstarfsmanna manna og dýra, vísindamanna og neytenda þar sem við öll höfum mikilvægu hlutverki að gegna, bæði innanlands, svæðisbundið sem og á heimsvísu.

Katrín Andrésdóttir,
fv. héraðsdýralæknir, lýðheilsufræðingur og heilbrigðisfulltrúi.
Stuðst er að töluverðu leyti við greinargerð starfshóps velferðarráðuneytisins um aðgerðir til að draga úr útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería á Íslandi.

GARÐYRKJUSKÓLI LBHÍ REYKJUM

Monstera – rifblaðka:

Skrímslið sem grætur af gleði

Til Monstera-ættkvíslarinnar teljast á milli 40 og 50 tegundir sem allar eiga heimkynni sín í hitabelti Ameríku. Tegundirnar eru meira og minna sígrænar plöntur sem klifra gjarnan upp eftir stofnum annarra plantna.

Til klifursins nota þær loftrætur sem smjúga inn í ójöfnur og sprungur trjábola og greina sem klifrað er eftir og ná sér þar í stuðning, vatn, birtu og næringu. Ef þær komast í snertingu við jörð taka þær að starfa eins og venjulegar rætur. Loftræturnar geta orðið býsna langar og fyrirferðarmiklar og eru í sumum löndum nýttar t.d til körfu- og kaðlagerðar.

Gómsæta skrímslið

Sú tegund sem algengust er í ræktun úr þessum plöntuhópi er Monstera deliciosa, rifblaðka.

Rifblaðkan er einkar glæsileg planta sem skartar stórum fagurgrænum blöðum með miklum skerðingum, eða rifum, og þaðan er íslenska heitið komið. Hún getur jafnvel náð 2-3 metra hæð í heimahúsum og nýtur sín langbest ef hún fær ríflegt pláss.

Nafnið Monstera er sennilega komið frá latneska orðinu monstrum sem þýðir skrímsli. Deliciosa þýðir gómsætt (delicious) og vísar til ávaxtar plöntunnar sem fullþroskaður er ætur og sagður einkar gómsætur. Plantan blómstrar þó sjaldan í heimahúsum og aðrir hlutar hennar innihalda safa sem getur valdið ertingu ef hann berst á húð.

Götóttu laufblöðin

Rifblöðkur skarta þó ekki einkennismerki sínu, rifnu blöðunum, alla ævi. Ungar plöntur hafa heil blöð, en rifnu blöðin myndast þegar plantan eldist. Rifurnar í blöðunum eru taldar gegna þeim tilgangi í heimkynnum hennar að hleypa regnvatni í gegnum blöðin svo þau sligist ekki undan þunga vatnsins. Þar sem hvert laufblað getur orðið allt að 100 cm á lengd og 70 cm á breidd er ekki vanþörf á slíkri ráðstöfun.

Umönnun

Rifblaðka er frekar auðveld í umhirðu. Hún vill ekki vera í beinni sól, en þarf bjartan stað til þess að dafna sem best. Vel fer á því að leyfa henni að leggja undir sig eitthvert hornið í stofunni, á móts við glugga.

Hún kýs næringarríka mold, helst vikurblandaða, og jafnan raka. Það er þó í lagi yfir vetrarmánuðina að leyfa moldinni að þorna nokkuð á milli vökvana. Mun meiri hætta er á að gera plöntunni skaða með of mikilli vökvun en of lítilli. Daufa áburðarblöndu er gott að gefa í upb. þriðju hverri vökvun yfir sumarið og rétt er að umpotta einu sinni á ári og þá að vori.

Venjulegur stofuhiti hentar plöntunni mjög vel. Þar sem rifblaðkan á uppruna sinn í töluvert rakara loftslagi en við þjóðum upp á á heimilum okkar er ágætt að úða annað slagið vatni yfir plöntuna, sérstaklega yfir sumarið.

Loftrætur rifblöðkunnar geta orðið ansi fyrirferðarmiklar en þær eru plöntunni nauðsynlegar og ekki ætti að klippa þær burtu. Mikið af loftrótum bendir raunar til þess að plöntunni líði vel.

Þar sem plantan er í eðli sínu klifurplanta er best að setja mosastöng eða bambusprik með henni í pottinn og binda plöntuna upp. Þannig fæst þéttara og fallegra vaxtarlag.

Gleðitárin

Nokkuð algengt er að vatnsdropar drjúpi af blöðum rifblöðkunnar. Þetta er af völdum rótarþrýstings og á sér ekki stað nema aðbúnaður plöntunnar sé góður. Tárin eru því góðs viti, þau benda til þess að plöntunni líði vel og því gjarnan haldið á lofti að plantan gráti af vellíðan eða gleði.

Fleiri Monstera tegundir

Þrátt fyrir að Monstera deliciosa, rifblaðkan, sé algengasta tegund ættkvíslarinnar og sú sem lengst hefur prýtt íslensk heimili er úrvalið í verslunum sífellt að aukast og smávaxnari tegundir aðgengilegri en áður. Þar má til dæmis nefna Monstera obliqua og Monstera adansonii. Íbúar smærri fasteigna geta því einnig tekið þátt í regnskógarstemningunni án þess að afsala sér öllu stofuplássi.

Elínborg Erla Ásgeirsdóttir
nemi í garðyrkjuframleiðslu hjá Garðyrkjuskóla LbhÍ Reykjum.

VÍKURVAGNAR EHF.

MIKIÐ ÚRVAL KERRUVARAHLUTA

RAFMAGNSBÚNAÐUR
BREMSUR
BEISLI
DEKK
LJÓS
LED LJÓS

VÍKURVAGNAR EHF.

STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIÐANLEIKI

Víkurvagnar ehf. – Hyrjarhöfði 8. – 110 Reykjavík
Sími 577-1090 – www.vikurvagnar.is – sala@vikurvagnar.is

Landssamtök sauðfjárbænda

Butra í Fljótshlíð. Mynd / HKr.

Hratt flýgur stund

Á aðalfundi Landssamtaka sauðfjárbænda í mars 2017 tók ég við sem formaður samtakanna. Þar á undan var ég varaformaður og formaður Fagráðs í sauðfjárrækt auk þess að sitja sem fulltrúi á Búnaðarþingi. Ég hef nú ákveðið að gefa ekki kost á mér áfram til formennsku í Landssamtökum sauðfjárbænda.

Oddný Steina Valsdóttir.

Formannssetan hefur verið krefjandi og skemmtileg. Starfið hefur verið erfitt á köflum enda staða greinarinnar á tímanum grafalvarleg. Við höfum tekist á við fordæmalaust verðhrun á afurðum okkar, þar sem öryggisnet voru nánast engin til staðar. Það er fáránleg og óþolandi staða að framleiða hágæða vöru í krafti einstakra aðstæðna sem frumframleiðendur sjálfir fá algjört hrakviðri fyrir. Í ofanálag orsakast lélegt verð af ytri áhrifum sem bændur höfðu enga möguleika á að afstýra. Horft til baka var þó þungbærast til þess að vita að staðan varðaði velferð fólks í einhverjum tilfellum og jafnvel afdrif heilu samfélaganna. Á sama tíma vorum við einnig að eiga við gjörbreytt og krefjandi umhverfi í fjármögnun samtakanna. Umgjörð um markaðsstarfið hefur verið í hraðri mótun. Þá hafa samningaviðræður við ríkið krafist orku og tíma en eru nú farsællega að baki.

Einhverjum kann að þykja það heldur stutt ending að sitja á formannsstóli í tvö ár. Ég bið þá sömu að hafa hugfast að formannsdrauminn bar ég aldrei í maganum þótt ég hafi fyrir tveimur árum ákveðið að taka þessari áskorun. Þrátt fyrir að kunna ágætlega við embættið þá stendur hugurinn til annarra verkefna á þessum tímapunkti. Ég fer sátt frá borði.

Á þeim tíma sem ég sat sem almennur stjórnarmaður lét ég mig landnýtingarmál talsvert varða. Ég hef á þeim tíma talað fyrir því að koma á vöktunarkerfi á gróðri. Árið 2017 náðist samkomulag við stjórnvöld um mat og vöktun á gróður- og jarðvegsauðlindum Íslands. Verkefnið er að stórum hluta fjármagnað af rammasamningi búvörusamninga. Ef fram heldur sem horfir mun verkefnið byggja upp mikilvæga fagþekkingu á þróun jarðvegs og gróðurfars ásamt áhrifum beitar á úthaga. Sú fagþekking mun styrkja okkur í öllum ákvörðunum um sjálfbæra landnýtingu. Forysta bænda í þessu efni er forsenda sáttar um nýtingu á landi til beitar. Það er því sérstaklega ánægjulegt að sjá þetta verkefni verða að veruleika hjá Landgræðslunni undir faglegri stjórn Bryndísar Marteinsdóttur.

Endurskoðun sauðfjársamnings og þörf á hagræðingu innan afurðageirans

Endurskoðun samnings um starfsumhverfi sauðfjárræktarinnar er lokið. Ég tel að þær breytingar sem þar eru lagðar til vera til bóta fyrir greinina og niðurstöðuna mjög ásættanlega miðað við aðstæður. Í samkomulaginu koma inn verkfæri og ferlar til að takast á við sveiflur á mörkuðum. Sagan segir okkur að við eigum áfram eftir að takast á við sveiflur í framboði, eftirspurn og verði. Þá er mikilvægt að geta brugðist fljótt við.

Áfram verður að huga að hagræðingaraðgerðum innan afurðageirans. Um það eru samningsaðilar sammála líkt og kemur fram í bókun samkomulagsins. Það er gríðarlega mikilvægt til að styðja við og tryggja til framtíðar afurðaverðið, okkar mikilvægustu tekjustoð. Það er dregið úr framleiðsluhvata stuðningsgreiðslna við framgang samningsins, þar sem hægt verður á niðurtröppun beingreiðslna. Samhliða því verður stofnsettur markaður fyrir greiðslumark. Markmið okkar með stofnsetningu markaðsins er að jafna stöðu framleiðenda innan greinarinnar og halda niðri verði á greiðslumarkinu. Að mínu mati er markaðurinn mikilvægur til að tryggja meiri sanngirni og sátt um kerfið. Breyting á niðurtröppun greiðslumarks, til ársins 2022, er sett fram í samræmi við ályktun aðalfundar LS en eftir það er lögð til niðurtröppun sem ég tel að eigi að sætta sjónarmið mismunandi hópa sauðfjárbænda.

Það er ekkert launungarmál að staða bænda innan kerfisins er misjöfn. Ég tel breytingu endurskoðunarinnar við framgang samningsins vera millilendingu sem að flestir ættu að geta sæst á. Sátt innan greinarinnar er mikilvæg og til að skapa hana verða aðilar af báðum endum að gefa eitthvað eftir.

Það er rétt að taka fram að ég hef aldrei staðið ein, stjórn og framkvæmdastjóri hafa unnið saman sem einn maður og hvert eitt einasta þeirra verið frábærir liðsmenn. Þá hafa samtökin notið styrk og liðsinnis Bændasamtakanna, sem skiptir miklu máli. Ég hef sinnt þessu embætti af alefli enda frá fyrsta degi ljóst að það þyrfti til, en hvort það var nóg á líklega tíminn eftir að leiða í ljós. Mig langar að þakka sauðfjárbændum viðkynninguna, samtölin og símtölin sem hafa verið ófá og mörg hver afskaplega uppbyggileg. Einnig þeim fjölmörgu öðrum sem ég hef haft samskipti við vegna starfsins. Samstarfsfólki og samstjórnarfólki mínu í gegnum tíðina þakka ég kærlega samstarfið og góð kynni.

Oddný Steina Valsdóttir
Formaður Landssamtaka sauðfjárbænda

LÍF & STARF

Verðlaun og viðurkenningar á Bændagleði BSSÞ

Bændagleði var haldin að Breiðumýri í Reykjadal fyrir nokkru en þar voru veitt verðlaun í nautgripa- og sauðfjárrækt auk hvatningarverðlauna Búnaðarsambands Suður-Þingeyjarsýslu og viðurkenningarinnar Þingeyski bóndinn.

Í nautgriparæktinni hefur myndast sú hefð að veita verðlaun fyrir bestu kýrnar í hverjum árgangi. Að þessu sinni voru þau veitt fyrir kýr sem fæddar eru árið 2014. Til grundvallar verðlaununum eru að kýrnar séu lifandi í árslok 2018, fyrir liggi að minnsta kosti 6 efnamælinganiðurstöður á heilu mjaltaskeiði. Kýrnar mega ekki hafa verið eldri en 3 ára við burð og burðartilfærsla sé ekki óeðlilega mikil.

Fyrstu verðlaun í nautgriparæktinni hlutu Sveinbjörn Þór Sigurðsson og Hulda Kristjánsdóttir á Búvöllum fyrir kúna Töru 789 með 296,6 heildarstig, faðir hennar er Tari 12006. Annað sætið hlutu Geir Árdal og Margrét í Dæli fyrir kúna Eyju 497 með 290,6 heildarstig, faðir hennar er Bakkus 12001. Í þriðja sæti voru Kolbeinn Kjartansson og Tora Katinka Bergeng, Hraunkoti fyrir kúna Kampölu 481 en hún var með 288,2 heildarstig, faðir hennar er Peli 12008.

Guðrún Tryggvadóttir, formaður BSSÞ, Benedikt, Flosi og Unnur. Mynd / Ragnar Þorsteinsson

Fyrsta sætið og Heiðurshornið hreppti að þessu sinni annað árið í röð Benedikt Arnbjörnsson á Bergsstöðum en hann hlaut 18,94 stig. Í öðru sæti voru Sveinbjörn Þór Sigurðsson og Hulda Kristjánsdóttir, Búvöllum með 18.73 stig og í þriðja sæti voru Egill Freysteinsson og Dagbjört Bjarnadóttir, Vagnbrekku með 18.70 stig.

Hvatningarverðlaun

Hvatningarverðlaun BSSÞ í sauðfjárrækt voru veitt í ellefta sinn. Til útreiknings koma öll bú sem hafa 50 ær eða meira. Gerðarmat, hlutfall vöðva og fitu ásamt fjölda lamba til nytja leggja grunninn að útreikningi einkunnar. Búið sem fær lægsta tölugildið ber sigur úr býtum. Að þessu sinni hlutu þau Flosi og Unnur á Hrafnsstöðum hvatningarverðlaunin með 10 stig. Sigurður Atlason á Ingjaldsstöðum var í öðru sæti með 12.8 stig og í því þriðja Benedikt Arnbjörnsson á Bergsstöðum með 13.3 stig.

Þingeyski bóndinn

Viðurkenningin Þingeyski bóndinn er nú veitt í fimmta sinn. Við val hans hafa þrjú eftirfarandi stef verið höfð að leiðarljósi: Hógværð, snyrtimennska og sátt við umhverfið, í víðustu skilgreiningu þeirra orða. Að þessu sinni hlutu viðurkenninguna Sigurlaug Svavarsdóttir og Erlingur Teitsson á Brún sem hafa um áratuga skeið rekið afurðamikinn myndarbúskap. Brún er fallegt býli og þangað er til fyrirmyndar heim að horfa. Þau hjónin hafa auk þess verið virkir þátttakendur í félagsmálum í samfélaginu.

Hvatningarverðlaun á Kvíaból

Hvatningarverðlaun Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga eru veitt þeim aðila/aðilum sem á einn eða annan hátt vekja eftirtekt fyrir framtak sitt í tengslum við landbúnað í héraði. Að þessu sinni hlutu viðurkenninguna ábúendur á Kvíabóli en þeir hafa sýnt með verkum sínum – áræðni og dugnað, þar er sannarlega rekinn búskapur af miklum áhuga og myndarbrag öðrum til fyrirmyndar. Vefurinn 641.is segir frá samkomunni. /MÞÞ

Heiðurshornið

Tvenn verðlaun voru veitt í sauðfjárrækt, Heiðurshornið og Hvatningarverðlaun BSSÞ í sauðfjárrækt. Heiðurshornið sem veitt er í minningu Eysteins Sigurðssonar frá Arnarvatni, var veitt í 13. sinn. Samkvæmt gildandi úthlutunarreglum komu 29 bú til endanlegs útreiknings en megináhersla er lögð á lömb til nytja og vöðvaflokkun en hlutfall vöðva og fituflokkunar vegur fimmtung.

Erlingur og Sigurlaug á Brún ásamt Guðrúnu Tryggvadóttur. Mynd / Ragnar Þorsteinsson

Hlöðver og Guðrún frá BSSÞ með þá Kvíabólsfeðga, Hauk og Martein, á milli sín. Mynd / Viðar Hákonarson

FURÐUVÉLAR & FARARTÆKI

Liebherr LR 13000 að störfum. Þessi krani er kallaður Mammúturinn.

Risinn í beltakranabransanum – Liebherr LR 13000:

Með þrjú þúsund tonna lyftigetu

Liebherr LR 13000 er sagður vera stærsti og öflugasti beltakrani í heimi. Hann mun upphaflega hafa verið hannaður til að vinna við smíði á kjarnorkuveri, en þykir líka vel brúklegur á höfnum þegar mikið liggur við.

Eigin þyngd kranans er 750 tonn og getur hann lyft 3.000 tonna þunga allt að 12 metra út frá miðju kranans, samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Liebherr. Mesti mögulegi lyftiradíus er hins vegar 200 metrar. Aðalbóma kranans nær upp í 144 metra og aðalmótor er 1.000 kílówött.

Hægt er að nota kranann til ýmissa verka og til „léttvægari“ verkefna og þá án svonefndrar Derrick ballestar.

Vafasamt er að svona ferlíki sjáist nokkurn tíma á Íslandi, enda þyrfti þá að undirbyggja hafnir eða möguleg vinnusvæði sérstaklega til að þola þennan mikla þunga. Þótti mönnum t.d. nóg um að flytja Caterpillar D10T jarðýtur að malarnámum við Ingólfsfjall og í Vatnsskarði á sínum tíma, en þær vógu um 100 tonn fyrir utan ýtutönnina. Voru menn alls ekki vissir um að vegakerfið þyldi þann þunga. Þetta voru þá stærstu jarðýtur sem framleiddar voru af Caterpillar og með 600 hestafla mótor (Flywheel Power). Nú er reyndar til stærri jarðýta frá þessum framleiðanda sem heitir Caterpillar D11T og er með 850 hestafla mótor. /HKr.

Liebherr LR 13000 fer létt með að lyfta þrem minni Liebherr beltakrönum í einu.

UTAN ÚR HEIMI



Þetta línurit yfir hitatölur í janúar í Kyoto um miðbik Japans sýna meðaltalslækkun á hitastigi síðustu þrjá áratugina.

Vetrarhiti í Japan:

Meðalhiti í janúar hefur lækkað á síðustu 33 árum

– Svipaður meðalhiti sagður nú og fyrir 100 árum

Meðalhiti janúarmánaðar í Japan hefur verið að lækka undanfarin 33 ár samkvæmt tölum veðurstofu Japans (Japan Meteorological Agency -JMA). Þetta hefur gerst þrátt fyrir að koltvísýringsmagn (CO_2) í andrúmsloftinu sé sagt vera að aukast.

Samkvæmt tölum JMA hefur janúarloftslag í Kyoto í Japan verið að kólna frá árinu 1985 til 2019 þrátt fyrir að koltvísýringur í andrúmsloftinu hafi aukist úr 350 pörtum úr milljón (ppm) í 410 ppm á sama tímabili eða um 0,006%. Breytingarnar á hitastiginu eru þó óverulegar.

Hitastigið í janúar hefur verið æði sveiflukennt á þessu tímabili og er nú það sama og var fyrir 100 árum. Janúarhitinn var t.d. talsvert hærri í janúar 2019 en hann var 2018, en á þessu 33 ára tímabili var meðalhitinn lægstur veturinn 1986 og 2011, eða 2,8°C. Veturinn 2016 fór hann upp í 5,17°C, en niður í 3,9°C í janúar 2018 og var nú 5,1°C.

Þegar litið er á meðaltal vetrarmánaðanna frá desember til febrúar frá 1985 til 2018 er svipaða sögu að segja. Meðaltalshitinn hefur nánast alveg staðið í stað en þó örlítið lækkað ef eitthvað er.

Ársmeðaltal sýnir svipaða þróun á ólíkum veðurstöðvum eins og Suttsu-veðurstöðinni á Hokkaido í norðri og á Naze-stöðinni í Suður-Japan.

Þetta skýtur vissulega skökku við loftslagsumræðuna á heimsvísu um stöðuga hlýnun. Ekki kemur þó fram hvort það sé eðlilegt að lofthitaáhrif á eyjar eins og í Japan séu að skila annarri niðurstöðu en meðaltalið á heimsvísu virðist vera að gera, samkvæmt fréttum í áhrifamestu fjölmiðlum heims. /HKr.



Línurit yfir hitastigsþróun á Suttsu-veðurstöðinni á Hokkaido í Norður-Japan.

UTAN ÚR HEIMI

Hitamet í heimshöfunum

Mælingar frá 1950 sýna að hitastig sjávar hefur hækkað jafnt og þétt frá þeim tíma og að hitamet hafa verið slegin síðastliðin fimm ár og að 2018 er það heitasta síðan mælingar hófust.

Hafið bindur meira en 90% af þeim hita sem verður til vegna losun gróðurhúsalofttegunda í heiminum og því einn mælikvarði á hlýnun jarðar að mæla hita sjávar.

Mælingar sýna að hitastig sjávar hefur aldrei verið hærra en síðustu fimm ár og að hlýnun sjávar hefur aukist hratt frá síðustu aldamótum þótt hún hafi verið að mælast allt frá því um miðja þarsíðustu öld.

Í grein um hitametið sem birtist í Journal Advances in Atmospheric Sciences segir meðal annars að mælingarnar sýni svo ekki verði um villst að hlýnun sjávar sé staðreynd og að afleiðingar eigi eftir að verða alvarlegar. Eitt af því sem gerist þegar sjór hitnar er að hann þenst út þannig að sjávarborð eigi eftir að hækka. Samkvæmt því sem segir í greininni er líklegt að sjávarborð muni hækka um allt að einn metra á næstu öld gangi spár um hlýnun jarðar eftir. /VH

Sjórinn kólnar við Ísland

Samkvæmt mæligögnum Hafrannsóknastofnunar hefur sjávarhiti við strendur Íslands verið að lækka undanfarin 3–5 ár. Það er þvert á tölur um hækkandi hitastig heimshafanna sem birst hafa í erlendum tímaritum og fjölmiðlum.

Sjávarhiti við Íslandsstrendur virðist samkvæmt veflægum gögnum Hafrannsóknastofnunar hafa stigið eftir 2003 og hélst að jafnaði nokkuð hár flest ár til 2014, en hefur síðan farið lækkandi.

Sem dæmi þá fór sumarhiti sjávar við Vestmannaeyjar hæst í 12,44 gráður þann 22. ágúst 2003 en mældist 11,12 gráður þann 22. ágúst 2017. Þá fór vetrarhiti sjávar við Vestmannaeyjar lægst í 5,54 gráður þann 18. febrúar 2018 og er það lægsti sjávarhiti sem þar hefur mælst síðan 12. febrúar 1999 þegar hann var 5,13 gráður.

Svipaða þróun má sjá frá öðrum mælingarstöðum á landinu. Við Æðey í Ísafjarðardjúpi fór sjávarhiti að sumri hæst í 12,02 gráður 24. ágúst 2003. Mældist hann síðan tiltölulega hár og fór aldrei niður fyrir 10 gráður fyrr en 26. ágúst 2018, þegar hann mældist 9,52 gráður. Tók sjávarhitinn reyndar talsverða dýfu sumarið 2015 og fór þá ekki hærra en í 8,5 gráður, en það var 26. júní. Strax sumarið eftir fór hann í 11,44 gráður þann 11. ágúst, en hefur síðan verið á niðurleið.

Í mæligögnum frá 1987 sést að lægsta hitastig sjávar við Æðey mældist -1,4 gráður þann 14. mars 1989. Einungis sex sinnum síðan hefur hann farið niður fyrir 0 gráður og sem dæmi mældist hann 0,87 gráður þann 5. mars 2018.

Sjávarhiti við Reykjavík sýnir svipaða þróun um lækkandi hitastig undanfarin ár eftir metárið 2010 þegar sumarhitinn fór í 14, 02 gráður þann 7. ágúst. Þannig var sjávarhitinn 10,12 gráður þann 5. september 2018 og er lægsti sumarhiti sjávar allavega síðan 2003 sem hægt er að sjá í veflægum gögnum Hafró. /HKr.

Árið 2018 sagt það fjórða heitasta á jörðinni síðan mælingar hófust

– Hitinn virðist þó fara minnkandi og heimskautaísinn að verða stöðugri

Samkvæmt línuriti yfir hitastig lofthjúpsins sem birt er á vef bandarísku geimferðastofnunarinnar NASA, þá virðist loftslag hafa verið að kólna á síðustu árum eftir að hafa náð methæðum í kringum 2014 frá því mælingar hófust um 1880. Eigi að síður er árið 2018 það fjórða heitasta frá því mælingar hófust samkvæmt gögnum NASA.



Gerður er línulegur samanburður á gögnum frá Goddard stofnun NASA, NOAA, japönsku veðurstofunni, loftslagsteymi Hadley Center, Cowtan & Way og Berkeley Earth. Eru þessar mælingar nokkuð samstiga, en þó munar nokkru á milli stofnana þar sem tölur Goddard og NASA sýna að jafnaði hæstu gildin.

Er árið 2018 sagt það fjórða heitasta frá því mælingar hófust og var hitinn þá samkvæmt tölum Goddard um 0,83°á Celsíus hærra en meðaltal áranna 1951 til 1980. Af hverju menn kjósa að nota meðaltal þessara ára skal ósagt látið en hitastigið 1950 var mun lægra en hitinn var í loftslagshlýnuninni á árnum frá 1935 til 1949 og einnig lægri en fjögur ár þar á eftir. Sömuleiðis var hitastigið fram að 1980 oftast undir meðaltali eða rétt yfir meðaltalinu. Þá er nokkur breytileiki í gögnunum á milli stofnana þótt sveiflurnar séu samsíða.

Í þessum gögnum er bent á áhrif El Nino til hlýnunar og La Niona til lækkunar og virðast þessi fyrirbæri í Kyrrahafi hafa áhrif sem skila sér um nær allan heim.

Hægt hefur á sveiflum á heimskautaísnum

Samkvæmt grein Corol Rasmunssen á vefsíðu NASA 11. október 2018 hefur ís verið að þynnast á Norðurheimskautinu að meðaltali frá 1958. Ísinn, sem nú er á 70% hluta pólsvæðisins, sé nýr lagnaðarís sem bráðni að hluta yfir sumartímann.

Vitnað er í vísindamanninn Ron Kwok í Kaliforníu sem stuðst hefur við ýmis gögn í rannsóknum sínum á hafísnum, m.a. frá kafbátum. Segir Kwok að met í bráðnun ísþekjunnar á Norðurheimskautinu sem varð 2012 hafi ekki komið fram síðan þrátt fyrir mikinn lofthita á pólsvæðinu. Hegðun íssins hafi breyst og hægt hafi á breytingum á ísþykkt á milli árstíða. /HKr.

BRIGGS&STRATTON

Mótorar og varahlutir á lager
Hröð og góð þjónusta

Dreifingaraðili BRIGGS & STRATTON á ÍSLANDI

MHG Verslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi
Sími 544-4656 | www.mhg.is

RML
RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS

STARF FAGSTJÓRA BÚFJÁRRÆKTAR OG ÞJÓNUSTUSVIÐS

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins auglýsir eftir fagstjóra búfjárræktar og þjónustusviðs. Um er að ræða stjórnendastarf á öðru af tveimur fagsviðum í nýju skipuriti.

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- √ Faglegur leiðtogi og fyrirliði teymis sem vinnur að búfjárrækt og þjónustu í landbúnaði.
- √ Fagsviðið hefur meðal annars umsjón með ræktunarstarfi búfjárkynja, almennri þjónustu og ráðgjöf til landbúnaðar.
- √ Fagstjóri ber lykilábyrgð á stýringu mannauðs og gætir þess að ráðgjafar á sviðinu nýtist sem best fyrir heildina.
- √ Fagstjóri ber ábyrgð að innan teymisins séu verkefni og ráðgjöf markviss.

Menntunar- og hæfnikröfur:

- √ Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun á sviði búvísinda, raungreina eða náttúruvísinda æskileg.
- √ Stjórnunarreynslu krafist.
- √ Þekking á verkefnastjórnun er kostur.
- √ Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- √ Góðir samskiptahæfileikar.

Við leitum að einstaklingi með brennandi áhuga á landbúnaði í sínum víðasta skilningi og hefur metnað og frumkvæði til að vinna að ráðgjafastarfsemi RML.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins er ráðgjafarfyrirtæki í eigu bænda og sinnir landbúnaðarráðgjöf um allt land. Starfsemin er dreifð um landið á 13 starfsstöðvum. Við bendum áhugasömum á heimasíðu fyrirtækisins **www.rml.is** þar sem sótt er um starfið, en þar er einnig hægt að kynna sér starfsemina enn frekar.

Umsóknarfrestur er til og með 5. mars.

Nánari upplýsingar veita Karvel L. Karvelsson hjá klk@rml.is og Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir hjá geh@rml.is.

Gámurinn er þarfaþing

Til leigu eða sölu:

- Þurrgámar
- Hitastýrðir gámar
- Geymslugámar
- Einangraðir gámar
- Fleti og tankgámar
- Gámar með hliðaropnun
- Gámahús og salernishús
- Færanleg starfsmannaðstaða
- Bos gámar og skemmur

Hafðu samband 568 0100

www.stolpigamar.is

Stólpi Gámar

Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík | Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði

HELSTU NYTJAJURTIR HEIMSINS

Inni í þyrnóttu aldinhýði kastaníuhnetunnar eru tvö til þrjú fræ með fræblöðum. Aldinið er brúnt að utan en með hvítum kjarna.

Kastaníuhnetur – heiður þeim sem heiður á skilinn

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

Kastaníuhnetur sjást einstaka sinnum á boðstólum í stórmörkuðum hér á landi. Ólíkt öðrum hnetum innihalda þær talsvert af kolvetnum. Upphafsmenn Jesúhreyfingarinnar og frumkristnir litu á þyrna aldinhýðisins og mjúka kastaníuhnetuna sem tákn um skírlífi.

Samkvæmt Matvæla- og landbúnaðarstofnum Sameinuðu þjóðanna var framleiðsla á kastaníuhnetum í heiminum árið 2016 rúmlega 2,2 milljón tonn. Framleiðsla undanfarinna ára hefur aukist jafnt og þétt því árið 2009 var hún tæp 1,9 milljón tonn og tveimur árum síðar rétt rúm tvö milljón tonn.

Kína er langstærsti framleiðandinn og hefur leitt framleiðsluna til fjölda ára. Árið 2009 framleiddu Kínverjar rúm 1,5 milljón tonn og framleiðsla þar var kominn í tæp 1,9 milljón tonn 2016. Tyrkland, sem er í öðru sæti yfir stærstu framleiðendur kastaníuhneta, er eins og baun í bjarnarassgati þegar kemur að magni og framleiddi árið 2016 tæp 65 tonn. Framleiðsla í Suður-Kóreu sama ár var rúm 56 tonn og tæp 51 tonn á Ítalíu. Grikkir framleiddu rúm 31 tonn, Portúgalar tæp 27 og Spánverjar um 16 tonn árið 2016.

Á vef Hagstofu Íslands segir að innflutningur á kastaníuhnetum í hýði árið 2018 hafi verið tæp 1,8 tonn og rúm fjögur tonn af afhýddum kastaníuhnetum eða alls 5,8 tonn. Mestur var innflutningurinn af kastaníuhnetum í hýði frá Kína rúm 1,4 tonn en frá Frakklandi og Íran af afhýddum kastaníuhnetum rúm tvö og 1,5 tonn árið 2018.

Kastaníutré sem var gróðursett árið 1370 og er því tæplega 650 ára gamalt. Tréð er að finna í Bushy Park í London.

Kastaníutré í allri sinni dýrð.

Ættkvíslin Castanea

Tegundir innan ættkvíslarinnar Castanea eru níu og tilheyrir ættkvíslin beykiættinni eins og eikur- og beykitré.

Allar eru kastaníur sumargræn tré eða runnar sem upprunin eru 40 til 65 gráðu norðlægrar breiddar. Útbreiðsla ólíkra tegunda innan ættkvíslarinnar er um allt norðurhvel.

Ólíkar tegundir eru frá því að vera lágvaxnir runnar yfir í ríflega 60 metra einstofna tré með trefjarót og stóra krónu. Börkurinn sléttur á ungum trjám en verður hrjúfari viðkomu eftir því sem trén eldast.

Blöðin fagurgræn, milli tíu og þrjátíu sentímetra löng og fjórir til tíu á breidd, ílöng eða egglaga, sagtennt og oddmjó. Blómin í sætilmandi reklum sem annaðhvort eru karl- eða kvenkyns. Aldinið, sem er brúnt að utan en hvítt innan, kallast hneta og er fimm til ellefu sentímetra að þvermáli er umlukið þyrnóttri kápu. Í hverju aldini eru ein til sjö ætar hnetur eftir tegundum.

Breiðasti trjábolur sem mælst hefur er á kastaníutré við rót eldfjallsins Etnu á Sikiley. Ummál bolsins er 51 metri, þrátt fyrir að hann hafi orðið fyrir miklum skemmdum í gegnum tíðina af völdum eldinga og annarra náttúruhamfara.

Algengasta kastaníutegundin í ræktun er Castanea sativa.

Evrópsk kastanía

Á íslensku kallast C. sativa kastanía eða kastaníutré. Sumargrænt tréð er upprunnið í Mið-Asíu við Kaspíahaf en hefur breiðst út um alla Mið- og Suður-Evrópu. Einstaka tré geta orðið ríflega 35 metrar að hæð og margir metrar í ummál og yfir 700 ára gömul í náttúrunni og yfir aldargömul í ræktun. Með trefjarót og yfirleitt einstofna og með stóra og

víða krónu. Börkurinn djúphrjúfur og ljósbrúnn. Blöðin aflöng og snarptennt. Blómin sem frjóvgast með skordýrum eru hvít með rauðu, einkynja en bæði kyn vaxa á löngum og stórum kólfum. Aldinmyndun hefst þegar trén hafa náð um 25 ára aldri.

Inni í þyrnóttu aldinhýðinu eru tvö til þrjú fræ með fræblöðum. Aldinið er brúnt að utan en með hvítum kjarna.

Fræin sem eru mjúk spíra um leið og þau falla af trjánum og hafa því engan dvalartíma og geymast illa.

Saga kastaníuhnetunnar

Talið er að kastaníutré hafi borist til Evrópu rúmlega fimmtán hundruð árum fyrir upphaf okkar tímatals frá borginni Sardis í Tyrklandi. Kallast aldinið Sardis-hneta víða í Suðaustur-Evrópu þar sem plantan þrífst vel til fjalla og hefur verið hluti af fæðu fólks í ómuna tíð.

Fornminjar benda til að ræktun trjánna hafi verið stunduð í nokkur þúsund ár og að Alexander mikli og Rómverjar hafi plantað kastaníutrjám í Evrópu og víðar í landvinningabrölti sínu. Sagt er að tíu þúsund manna her Grikkja hafi lifað á birgðum af kastaníuhnetum þegar hann hörfaði undan Persum með skottið á milli fótanna eftir orrustuna um Cunaxa skammt fá Babýlon árið 401 fyrir Krist.

Grikkirnir Dioskorides og Galen sem uppi voru á fyrstu og annarri öld eftir Krist fjölluðu báðir um kastaníutré og hnetur í ritum um læknisfræði. Báðir sögðu að mikil neysla á kastaníuhnetum yllu töluverðum loftgangi. Pliny gamli ráðlagði kastaníuhnetur við uppgangi og niðurkomu. Grikkir eignuðu Seifi kastaníutré og hnetur.

Þar til með tilkomu og útbreiðslu kartöflunnar í Evrópu á sextándu og sautjándu öld voru kastaníuhnetur helsta uppspretta kolvetna margra skógarbúa í Evrópu sem höfðu takmarkaðan aðgang að korni. Í dag er kastaníuhnetumjöl notað í staðinn fyrir kartöflumjöl. Líffræfræðingurinn Charles Estienne, sem starfaði lengst af í Frakklandi, og franski læknirinn Jean Liébault, sem uppi voru um miðja sextándu öld, segja báðir í ritum frá 1583 að ótölulegur fjöldi af fólki í landinu lifi eingöngu á kastaníuhnetum. Sagnir frá Ítalíu 1802 segja að kastaníuhnetur séu helsta fæða hálandabúa þar í landi og í ítölskum annálum frá 1879 segir að þjóðin hafi lifað á kastaníuhnetum í sex mánuði vegna uppskerubrests á korni.

Til er skrá sem segir frá mælingu á kastaníutré í Cloucter-skíri á Englandi árið 1720. Þar segir að stofninn sé 15 metrar að ummáli 1,5 metra frá jörð.

Vinsældir kastaníuheta drógust verulega saman á nítjándu og tuttugustu öld þar sem þær höfðu orð á sér að vera fátækrafæða og var sagt að kastaníuhnetubrauð hefaði sig illa.

Ræktun þeirra hefur haldist við í Mugello-dal í Tuskanýhéraði á Ítalíu og hefur ræktunin notið verndar Evrópusambandsins frá 1996. Sagt er að Mugello-kastaníuhnetur flysjist auðveldlega, séu sætar á bragðið, með vanillukeim og lausar við fnyk af myglu og mold og góðar í bakstur.

Í Japan standa kastaníuhnetur, C. mollissima, fyrir sigur, harðindi og styrk. Ræktun þeirra í landinu er eldri en ræktun á hrísgrjónum og talið að hún nái allt að sex þúsund ár aftur í tímann.

Bretar hófu ræktun á kastaníuhnetum á Indlandi á nýlendutímabilinu og evrópska kastanían algeng þar í landi. Í Kína þar sem ræktun á kastaníuhnetum er mest í heiminum er talið að yrki í ræktun séu um 300.

Evrópumenn voru afkastamiklir í plöntun kastaníutrjáa á Nýja-Sjálandi í gullæðinu þar í landi 1850 til 1860. Algengasta tegundin

Stæðileg kastaníutré í Norður-Ameríku áður en sveppasýking sem barst frá Asíu nánast útrýmdi tegundinni í vesturheimi.

Innflutningur til Íslands á kastaníuhnetum í hýði árið 2018 var tæp 1,8 tonn og rúm fjögur tonn af afhýddum kastaníuhnetum eða alls 5,8 tonn.

þar er C. sativa auk þess sem C. crenata dafnar vel á heitari og rakari svæðum. Sum af fyrstu trjánum sem plantað var út standa enn 170 ára gömul og yfir sextíu metra há.

Indíánar Norður-Ameríku nýttu kastaníuhnetur, C. dentata og fleiri tegundir til átu löngu fyrir komu evrópskra landnema til álfunnar. Eftir komu Evrópumanna nýttu landnemarnir sér há og bolmikil kastaníutré til viðar og húsbygginga.

Á fyrsta áratug tuttugustu aldarinnar barst sveppasýking í kastaníutré í Norður-Ameríku með innfluttum trjám frá Asíu. Sveppanna varð fyrst vart í New York árið 1904 og fjórum áratugum síðar höfðu tæp fjórir milljarða kastsníutrjáa orðið sýkingunni að bráð og hún nánast útrýmt þeim í Norður-Ameríku. Átak til þjargar norður-amerískum kastaníutrjám er enn í gangi.

Nafnaspeki

Latneska ættkvíslarheitið Castanea er dregið af gríska heiti hnetunnar, κάστανον, sem hugsanlega er dregið af heiti gríska þorpsins Kastanea. Hins vegar og til að flækja málið er ekki ósennilegt að þorpið kallist eftir kastaníutrjám sem vaxið hafa við það. Tegundaheitið sativa þýðir að plantan er ræktuð.

Á ensku kallast trén og hnetur þess chestnut en var áður chesten nut sem komið er úr gömlu frönsku máli chastain en er châtaigne í dag. Franska heitið er komið úr latínu. Á búlgörsku kallast þær kecteh, ou zhou li á kínversku, aito kastanja á finnsku, castagno á ítölsku og yooroppa guri á japönsku.

Á dönsku kallast tréð kastanje eða kastanjetræ og þaðan mun heitið kastanía á íslensku vera komið.

Kína er stærsti ræktandi kastaníuhneta í heiminum.

Ræktun

Evrópsk kastaníutré dafna best í djúpum og hallandi jarðvegi með nægum raka og pH 5,5 til 6,0. Tré kjósa mikla sól og um 800 millimetra af regni á ári. Trjám í ræktun er yfirleitt fjölgað með ágræðslu.

Hnetur ríkar af kolvetnum

Ólíkt öðrum hnetum innihalda kastaníuhnetur lítið af próteinum og fitu en meira af kolvetnum. Þær innihalda talsvert minna af hitaeiningum en aðrar hnetur og eru einu hneturnar sem innihalda C-vítamín. Allir hlutar kastaníutrjáa nema blómin og fræk jarninn innhalda talsvert tannín.



Málverk Georg Flegel. Fuglakjöt, brauð og kastaníuhnetur.

Nytjar

Hægt er að borða kastaníuhnetur hráar eftir að skelin hefur verið flysjuð af þeim. Þær eru einnig góðar ristaðar og með skelinni. Auk þess sem þær eru pæklaðar. Ristaðar eða bakaðar kastaníuhnetur eru ekki ólíkar bökuðum kartöflum með sætum hnetukeim. Frakkar og Tyrkir rista þær í sykri. Í Ungverjalandi er einnig þekkt að rista kastaníuhnetur með sykri og slettu af rommi.

Á Ítalíu er sagt gott að marinera kastaníuhnetur í rauðu víni og léttrista áður en þær eru bornar fram og á Madeira í Portúgal er vín bragðbætt með kastaníuhnetum.

Þurrkað kastaníuhnetumjöl má nota í bakstur og til að búa til pasta og flögur og sem sósu- og súpujafnara. Brauð og kökur úr kastaníuhnetumjöli hafa gott geymsluþol.

Muldar kastaníuhnetur eru einnig notaðar sem dýrafóður eftir að skelin hefur verið fjarlægð. Í Austurlöndum nær eru þær gefnar hestum og nautgripum en aðallega svínum í Evrópu.

Viður kastaníutrjáa er góður smíðarviður sem endist vel utandyra í húsbyggingum og sem girðinga- og uppbindistaurar fyrir vínvið og er fjöldi timburkirkja í Evrópu byggður úr kastaníuvið. Á Ítalíu eru smíðaðar vín- og viskítunnur í kastaníuvið. Munir úr kastaníuvið eru ljósbrúnir og mjúkir á að líta. Viður eldri kastaníutrjáa klofnar og vindur sig frekar en viður úr yngri trjám.

Kastaníuviður var einungis brenndur til húshitunar í lokuðum eldstæðum vegna þess að hann sendir frá sér mikið af neistum við bruna.

Þar sem viðurinn inniheldur mikið af tanníni er hann notaður til að líta leður eftir að hann hafði verið flísaður og lagður í bleyti í heitu vatni. Auk þess sem fræhvítan var notuð til að hvítta lín og laufið og fræhismið til hárþvotta.

Trú, hjátrú og annað skemmtilegt

Á Bretlandseyjum og líklega víða í Evrópu þótti ráð við tannpínu að setja svínstönn í börk kastaníutrjáa og tyggja síðan börkinn. Slíkt þarf þó ekki endilega að vera tóm babilja og gæti bent til þess að í berkinum sé að finna verkjastillandi efni eins og í víðiberki.

Upphafsmenn Jesúhreyfingarinnar og frumkristnir litu á þyrna aldinhýðisins og mjúka kastaníuhnetuna sem tákn um skírlífi og mátt hugans yfir fýsnum holdsins.

Á Ítalíu var til siðs langt fram á nítjándu öld að borða kastaníuhnetur á allra heilagra messu, fyrstu tvo dagana í nóvember, og að skilja eftir nokkrar hnetur handa hinum framliðnu yfir nóttina. Auk þess sem kastaníuhnetuát þykir viðeigandi í kaþólskum sið á degi heilags Símon vandlætara, 28. október, og heilags Marteins frá Tours, 11. nóvember. Lauf og þyrnótt fræhlíf kastaníutrés eru í skjaldarmerki Urbans sjöunda páfa.

Á margræðu tunguláli blóma segir að blómkólfar kastaníutrjáa merki að heiður skuli áhlotnast þeim sem heiður á skilinn.

Í Þýskalandi og meðal þýskra innflytjenda í Norður-Ameríku þótti heillaráð að ganga með kastaníuhnetu í vasanum til að koma í veg fyrir bakeymsli og gigt. Á Englandi var svipað upp á teningnum en til að lækningamáttur hnetunnar væri virkur þurfti annaðhvort að fá hana að láni eða stela henni. Þessi siður mun vera tíðkaður í Belgíu og Hollandi enn í dag.

Allt undir þarsíðustu aldamót stóð stytta af Maríu mey við gamalt kastaníutré í borginni Bruges í Belgíu. Borgarbúar höfðu til siðs að stinga nöglum eða nálum í tréð til að forðast vörtur og frunsur.

Einnig má minna á verk tékknesk-bandaríska tónskáldsins Jaromír Weinberger frá 1939, Under the Spreading Chestnut Tree, og að í Macbeth eftir Shakespeare hótar kona að myrða aðra konu vegna deilu sem snýst um kastaníuhnetu.

Kastaníur á Íslandi

Kastaníutré þrífast ekki á Íslandi og ekki má rugla þeim saman við Hestakastaníur, Aesculus hippocastanum, sem finnast á einstaka stað hér á landi og eru tré af annarri ætt.

Í Ársriti Húnvetninga árið 1857 er fárast yfir kostnaðarsamri kaffidrykkju landans og bent á eftirfarandi leið til úrbóta. „Fyrir vana og almenna brúkun, má svo kalla, að kaffi sé orðið að nauðsyn, þó það í raun og veru sé það ekki, og hjálpi lítið eður ekkert til lífsins viðurhalds, heldur sé í mörgu tilliti skaðlegt, allra helzt mikil brúkun þess, og þar að auki spilli fjárhag manna svo mjög, að margir komast þar fyrir í stórskuldir, og fyrir það sama megi líða skort á nauðsynlegri lífsbjörg fyrir sig og sína. Til þessa hafa margir skynsamir menn fundið og séð, að efnin samsvara ekki þeirri vaxandi kaffibrúkun, og hafa því leitast við, að finna upp á mörgu til að drýgja kaffið; hefur þar til verið brúkað af mörgum, rúgur, bankabygg , baunir, malt og kaffirót. En þó að allt þetta hafi verið brúkað, og megi vel brúka til drýginda, hefur mönnum samt ekki þótt það alls kostar gott; og þess vegna leitað eftir öðru til að brúka í staðinn fyrir kaffi. Þetta þykjast menn nú hafa fundið og álíta það fullt eins gott og bezta kaffi, en þó miklu ódýrara; eru það ræktaðar og ætilegar kastaníur. Til þessarar brúkunar á að þurrka þær vel, plokka af þeim dökku skelina, og þar undir liggjandi himnu, sem hylur kjarnann; síðan á að þurrka þær vel, og merja svo í smá stykki; þar eftir eru þær brenndar eins og kaffibaunir, malaðar og svo brúkaðar í kaffi eftir hvers velþóknan. Kaffið úr þeim hefur mjög þægilegan smekk, og má drekkast án sykurs, ef vill; þar að auki er það mjög hollt, og veikir ekki taugakerfið eins og hið vanalega kaffi.“

LÍF & STARF

Um 100 Íslendingar á briddsmóti:

„Aðalatriðið að kynnast og eiga skemmtilega viku“

Í byrjun nóvember var haldin árleg briddsvika á eyjunni Madeira fyrir utan Portúgal, nánar tiltekið fæðingar- og uppvaxtarstað fótboltastjörnunnar Ronaldo. Um 100 Íslendingar fóru til Madeira og 66 spilarar tóku þátt en í ár var besti árangur 4. sæti í tvímenning (af 207 pörum) og 6. sætið í sveitakeppni (af 98 sveitum) sem má nú kallast mjög gott.

Sveinn Rúnar Eiríksson er einn þeirra sem keppti á Madeira og má segja að hann sé öllum hnútum kunnugur á svæðinu enda farið til eyjunnar í 16 ár og þekkir skipuleggjendur briddsvikunnar orðið mjög vel.

„Þetta er árleg briddsvika sem er alltaf haldin á Madeira. Þetta er 21. árið sem þeir halda mótið sem fer alltaf fram í byrjun nóvember. Ég hjálpa fólki við að panta hótel og fá allt varðandi briddsmótið á sem besta verði. Ein ástæðan fyrir því að mér finnst gaman að koma til Madeira er að maður upplifir Funchal meira sem portúgalska borg heldur en tilbúna túristaparadís. Ronaldo er náttúrlega mikill áhrifavaldur á Madeira. Ég held að það sé enginn vafi á því að hann er langvinsælasti einstaklingur frá Madeira í sögunni,“ útskýrir Sveinn og bætir við:

Íslendingar á ferð í móttöku í forsetabústaðnum í Madeira fyrir setningu mótsins. Myndir / Aðalsteinn Jörgensen

„Það voru 66 spilarar frá Íslandi sem tóku þátt í ár. Vegna þess að margir panta fyrir sjálfa sig þá er erfitt að giska á heildartöluna en hún er einhvers staðar á milli 90 og 100 manns. Þetta var svona þverskurður af hinum almenna briddsspilara sem kom með í ferðina og flestir voru af höfuðborgarsvæðinu en ég held að allir landshlutar hafi átt fulltrúa.“

Það vantaði ekkert upp á hressleikann í íslenska hópnum sem skemmti sér konunglega á Madeira.

Gísli Þórarinsson og Þórður Sigurðsson urðu efstir para í öldungaflokki á briddsmótinu á Madeira í Portúgal.

Vantar upp á ungliðun

Næsta mót verður haldið á hótel Vidamar í Funchal frá 4–11. nóvember árið 2019 en á heimasíðu mótsins, www.bridge-madeira.com, má sjá frekari upplýsingar.

„Ef við reiknum út frá hinni frægu höfðatölu þá hefur Ísland alltaf verið ofarlega á flestum þátttökulistum í bridds. Nýliðun gengur ágætlega en ungliðun er eitthvað sem hefur vantað mikið upp á síðustu 20 ár,“ segir Sveinn og bætir við:

„Við eigum fulltrúa sem eru að berjast á öllum stöðum á mótinu. Aðalatriðið er ekki endilega að vinna heldur að sýna sjálfan sig og kynnast öðrum og eiga skemmtilega viku. Í ár var besti árangur 4. sæti í tvímenning (af 207 pörum) og 6. sætið í sveitakeppni (af 98 sveitum).“ */ehg*

Jóhann Stefánsson er hér einbeittur fyrir miðri mynd en makker hans er Þorvaldur Pálmason, og andstæðingarnir voru erlendir.

LESENDABÁS

Lífskjör og lifnaðarhættir forfeðra okkar

Hvaða hugmyndir höfum við Íslendingar um lífskjör og lifnaðarhætti forfeðra okkar á fyrri öldum og sambúð þess við landið? Nokkur stikkorð koma upp í hugann: Torfkofar (ekki torfhús), hreysi, hungur, eymd, vesöld, ofbeldi, harðindi, pestar. „Jótlandsheiðar“, „mörk hins byggilega heims“, aumasti staðurinn í allri Evrópu. Verslunaránauð, hokur, rollubúskapur, heimsmet í gróðureyðingu og uppblæstri jarðvegs o.s.frv. Sólskinsstundir koma okkur ekki í hug. Engin gleði eða kátína. Þjóðin kvaldist hér saman í mörg hundruð ár. Eða þannig.

Saga þessa tíma er auðvitað landbúnaðarsaga. Nánast allir höfðu viðurværi sitt af búskap þó sumir stunduðu fiskveiðar einnig. Þetta var bændasamfélag. Samt er þetta hugtak, landbúnaðarsaga, ekki tamt á tungu. Menn tala bara um „söguna“. Og ekki vantar að margir eru tilkallaðir að fjalla um hana. Auðvitað með ærið misjöfnum hætti og mismunandi áherslum frá hverjum og einum og frá einum tíma til annars. Niðurstaðan af þeirri umræðu hygg ég að sé sú sem ég lýsti hér að ofan með nokkuð ýdduðum hætti í fáeinum stikkorðum.

Árið 2013 kom út Landbúnaðarsaga Íslands í fjórum bindum. Tvö fyrstu bindin – um íslenskan landbúnað til þessa dags – ritaði dr. Árni Daníel Júlíusson, sagnfræðingur. Þetta var tímamótaverk, upplýsandi og fræðandi, oft skemmtilegt aflestrar. Höfundur dregur fram í dagsljósið nýjar upplýsingar um margt og ber saman við evrópskar og ekki síst norskar aðstæður á sama tíma og setur spurningarmerki við ýmislegt viðtekið og margtuggið í íslenskri söguskoðun síðari ára (Norges landbrukshistorie kom út í Noregi árið 2002).

Á síðasta ári (2018) bætir svo dr. Árni Daníel um betur og sendir frá sér nýja bók. „Af hverju strái, saga af byggð, grasi og bændum 1300–1700“. Hér kveður höfundur mun fastar að orði en fyrr. Nú setur hann ekki einungis fram spurningar heldur fullyrðir. Hann nánast stikar út á völlinn og segir: „Mínar rannsóknir og heimildir benda til þessa. Ef einhver vill mótmæla þá stend ég hér.“

Undirritaður er ekki sagnfræðingur og ég ætla mér ekki þá dul að rökræða um þessi mál á þeim grunni. En ég fylgist spenntur með hvort og þá hvernig umræðunni vindur fram. Fyrir leikmann virkar bók Árna Daníels vönduð sagnfræði með heimildalista upp á ellefu þéttritaðar blaðsíður. Ég mæli eindregið með þessu ritverki. Og til að kveikja aðeins í lesendum þá eru hér fáeinar tilvitnanir í bókina. Á bls. 171 segir: „Samtals er gróðurlendi því talið 52.400 ferkílómetrar, samkvæmt gervitunglamyndum. Náttúrufræðistofnun hefur einnig metið útbreiðslu gróðurlendis og eru niðurstöður hennar svipaðar, skv. korti hennar frá 1998 er gróið land (mó-, gras-,s kóg- og votlendi) um 45% af flatarmáli landsins, 77% á láglendi og 23% á hálendi. Þetta er yfir helmingi meira en í áætlunum Sigurðar Þórarinssonar frá 1974. Þessar tölur stangast því á við tölur sem þjóðin tók inn með móðurmjólkinni lengi vel.“ Á bls.190 og 192 vitnar bókarhöfundur í rannsóknir Þorleifs Einarssonar á frjókornasýnum og rannsóknir Margrétar Hallsdóttur (1987) á birkifrjókornum sem benda til þess „að birkiskógum hefði verið eytt með miklum hraða á tímabilinu 870–920“. Og höfundur bætir við „Veruleg skógarsvæði voru þá eftir sem voru vernduð og nýtt skipulega á miðöldum“. Eins og reyndar í Landbúnaðarsögunni ítrekar dr. Árni Daníel hér að alveg fram yfir svarta dauða (árið 1402) var nautgriparækt mun veigameiri í búfjárhaldi landsmanna en sauðfjárrækt. Í mannfjöldahruninu sem fylgdi þessari plágu dró eðlilega mjög úr vinnuaflinu og þá fundu menn það út að auðveldara væri að búa með sauðfé en nautgripi. Féð þurfti mun minni vetrarforða og þar af leiðandi minni túnrækt og heyskap. Á bls. 245 segir: „Í heild virðist svo sem hugmyndir manna um sambúð lands og lýðs, möguleika í landbúnaði og lífskjör fyrr á öldum hljóti að taka róttækum breytingum nú þegar búið er að greina þannig möguleika landbúnaðar og bera saman lífskjörin við það sem gerðist erlendis. Í ljós kemur að flest var með öðrum hætti en haldið hefur verið fram.“

Bókinni lýkur með eftirfarandi orðum: „Þetta þýðir að sú hugmynd að landbúnaður hafi illa hæft íslenskum aðstæðum er röng. Hann hæfði íslenskum aðstæðum vel og bauð íslenskum almenningi uppá lífskjör sem voru betri en víða annars staðar.“ (bls.256) En ekki vil ég gera höfundi rangt til. Bókin er alls engin lofsöngur um Ísland á miðöldum. Síður en svo. Lífsbaráttan var mjög oft erfið og margt sem bagaði. Enda segir höfundurinn Árni Daníel á bls. 235: „Samanborið við ensk skilyrði t.d. var þetta viðunandi tilvera fyrir flesta, þrátt fyrir að flest það sem plagaði samfélög fyrir nútíma plagaði þetta samfélag: mikill ungbarnadauði, lágur meðalaldur, lélegt heilbrigðisástand, tíðar farsóttir, stöðug hætta á hungursneyð o.s.frv. Ekki má heldur gleyma því að allur þorri bænda var leiguliðar og jarðeigendur sátu yfir hlut leiguliða.“

Hér er sannarlega nýr tónn sleginn. Lífskjör fólks á Íslandi voru ekki þau aumustu í Evrópu. Sauðkindin ekki það skaðræðisnagdýr og orsakavaldur í íslenskri gróðursögu sem margir hafa haldið fram. Og þó að það komi ekki beint fram í bókinni þá segir dr. Árni Daníel í viðtali í Bændablaðinu 29. nóv. sl.: „Mín skoðun er sú að það fari ekki að bera á áhrifum sauðkindarinnar að verulegu marki fyrr en á tuttugustu öldinni.“

Er ekki komið hér efni í líflegar umræður?

Þórarinn Magnússon,
Frostastöðum

LESENDABÁS

Ísland ljóstengt

Brátt styttist í að Ísland verði ljóstengt að fullu. Ljósleiðaravæðingin er eitt mesta byggðaverkefni seinni ára í samstarfi við sveitarfélögin og býr samfélagið enn betur undir þá upplýsingatækniöld sem hefur hafið innreið sína.

Verkefnið hefur verið farsælt en næstsíðasta úthlutun styrkja til sveitarfélaga á grundvelli landsátaksins Ísland ljóstengt er í undirbúningi. Með úthlutuninni verður stigið stórt skref að því lokatakmarki að gefa öllum lögheimilum og fyrirtækjum í dreifbýli kost á ljósleiðaratengingu sem er árangur á heimsmælikvarða.

Sigurður Ingi Jóhannsson.

Aðdragandinn

Ísland ljóstengt á sér oft nokkurn aðdraganda en gott fjarskiptanet er og hefur verið áherslumál Framsóknarflokksins. Segja má að kveikjan að alvöru umræðu og undirbúningi þessa mesta byggðaverkefnis seinni ára, sé grein sem ég skrifaði í mars 2013 og bar yfirskriftina „Ljós í fjós“. Þá var mér og öðrum þegar orðið ljóst að ljósleiðaratæknin væri framtíðarlausn fyrir landið allt og ekki síst fyrir dreifbýlið þar sem erfiðara eða jafnvel ógjörningur er að beita annarri þráðbundinni aðgangsnetstækni. Málið var sett á dagskrá í stjórnarsáttmálanum 2013 og landsátak sem ber heitið „Ísland ljóstengt“ var sett af stað til að ýta undir þann möguleika að fólk geti valið sér störf óháð staðsetningu. Fimm árum seinna var farið að hilla undir lok verkefnisins en ennþá vantaði töluvert upp á að strjálbýlar byggðir væru með gott fjarskiptasamband. „Ísland ljóstengt“ var því sett aftur inn í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar og er eitt af brýnum verkefnum ríkisstjórnarinnar að ljúka ljósleiðaravæðingu landsins til að byggja upp gott og samkeppnishæft samfélag. Síðasta úthlutun úr Fjarskiptasjóði vegna átaksins verður því árið 2020.

Samfélagslegar breytingar

Fram undan er tæknibylting sem breytir því hvernig við lifum og störfum. Störfin munu breytast og þau munu færast til. Tæknin tengir saman byggðir og Ísland við umheiminn. Ljósleiðarinn og verkefnið „Ísland ljóstengt“ er gott dæmi um framsækna stefnu okkar framsóknarmanna. Gott og skilvirkt fjarskiptasamband við umheiminn er lykillinn að því að taka þátt í þeim samfélagslegum breytingum sem eru að eiga sér stað. Áður réðst búsetan af því hvar viðkomandi fékk starf. Nú er hægt að sjá fram á að þessu verði öfugt farið og að fólk geti í auknum mæli valið sér búsetu óháð störfum. Þannig höfum við náð að skapa hvata til að ungt vel menntað fólk geti sest að á landsbyggðinni og jafnað aðgang landsmanna að atvinnu og menntun.

Hvað var gert?

Fyrir fjórum árum síðan höfðu einungis fáein fjársterk sveitarfélög þegar ljósleiðaravætt allt sitt dreifbýli án aðkomu ríkisins eða milligöngu fjarskiptafyrirtækja. Fyrsta úthlutun Fjarskiptasjóðs vorið 2016 grundvallaðist einfaldlega á að ríkið legði sveitarfélögum um allt land til fjármagn við eigin uppbyggingu ljósleiðarakerfa.

Fjarskiptasjóður hefur nú í



þrjú ár sett styrktum verkefnum sveitarfélaga einfaldar skorður og lagt til fjármuni á grundvelli samkeppnisfyrirkomulags. Það hefur þýtt að sveitarfélög með sterkari efnahag og eða ódýrari verkefni hafa mörg hver komist lengra í sínum framkvæmdum en ella. Með 400 m.kr. stuðningi úr byggðaáætlun hefur tekist að aðstoða þau sveitarfélög sem staðið hafa höllum fæti í því samhengi. Fyrirséð var þó að snúið yrði að ljúka þessu landsátaki á skynsamlegan hátt með óbreyttu fyrirkomulagi.

Samvinnuleiðin til að klára

Forsvarsmenn verkefnisins hafa séð við þessu og hyggjast nú bjóða svokallaða samvinnuleið og verður því ekki viðhöfð samkeppni um styrki líkt og áður. Samvinnuleiðin býr til fyrirsjáanleika um fjárveitingar bæði frá fjarskiptasjóði og úr byggðaáætlun þannig að áhugasöm sveitarfélög sem eiga eftir styrkhæf verkefni, geti hagað undirbúningi sínum og framkvæmdum á hnitmiðaðri og hagkvæmari hátt en ella.

Samstaða

Lykill að þessu öllu hefur verið einstök samstaða og samvinna allra hlutaðeigandi í þessari vegferð þar sem áræðni og kraftur heimamanna í sveitum landsins hefur gert gæfumun. Ég er stoltur yfir því að hafa opnað umræðuna um þetta viðfangsefni og geta nú stuðlað að verklokum þessa mikilvæga landsátaks sem er „Ísland ljóstengt“.

***Sigurður Ingi Jóhannsson,** samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra*

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300



Næsta blað kemur út 28. febrúar

Umferðin á Hringvegi:

Met slegið í janúar

Umferð um Hringveg var mun meiri nú í nýliðnum janúarmánuði en í sama mánuði í fyrra. Umferð á þessari leið hefur aldrei verið meiri í janúar en nú. Aukning milli janúar 2019 og 2018 nemur 5,4%.

Umferð nú í janúar fór vel yfir 60 þúsund bíla múrinn og mældist rúmlega 62 þúsund ökutæki á sólarhring samtals fyrir alla staðina. Þetta er nýtt janúarmet. Mest jókst umferðin um Vesturland, eða um 9,9%, en minnst um Austurland, eða um 2,8%.

Hvað einstaka talningastaði varðar þá jókst umferðin mest á talningastað undir Hafnarfjalli, eða um 12,0%, en minnst varð aukningin um Hringveg á Mýrdalssandi, eða 0,3%. */MÞÞ*

Veðurspámaðurinn kominn í ullarsundskýlu

Einhver góðviljaður Blönduósingur hefur tekið sig til og klætt Veðurspámanninn, styttu eftir Ásmund Sveinsson sem stendur við Blönduóstorg, í ullarskýlu.

Greinilegt er að í hinum mikla prjónabæ sem Blönduós er standa menn ekki lengur allsnaktir við þá iðju að gá til veðurs. Vera má að heitar umræður um ákvörðun yfirstjórnar Seðlabanka Íslands um að fjarlægja málverk sem sýndu berbrjósta konu hafi eitthvað haft með það að gera að spámaðurinn hefur nú klæðst prjónaðri skýlu með þekktu vörumerki. */MÞÞ*

ER BRUNAHÆTTA Á ÞÍNUM BÆ?
Á hverju ári verða því miður alvarlegir brunar á sveitabæjum.
Bæði fólk og búfénaður er í mikilli hættu þegar eldur blossar upp.
Með réttum viðbrögðum og undirbúningi má koma í veg fyrir tjón og slys af völdum bruna.
Kynntu þér leiðbeiningaefni um öryggi og vinnuvernd í landbúnaði á bondi.is

Búum vel
ÖRYGGI • HEILSA • UMHVERFI
ER ÞITT BÚ ÖRUGGUR OG GÓÐUR VINNUSTAÐUR?

LESENDABÁS

Sjötíu ár liðin frá fjöldaflutningum Þjóðverja til Íslands

Tilefni þessara skrifa er viðtal við Herbert Beck, sendiherra Þýskalands á Íslandi, í Bændablaðinu í desember sl., sem kynnti þá ætlan að minnast þess að nú eru 70 ár liðin frá því að hundruð Þjóðverja komu til að vinna á Íslandi. Að ráðningartímanum loknum héldu margir aftur til sinna heima. Aðrir settust hér að, urðu íslenskir ríkisborgarar og samlöguðust samfélaginu, hver á sinn hátt.

Bakgrunnur fólksins var margvíslegur. Sumir voru heimilislausir flóttamenn sem orðið höfðu innlyksa nyrst í Þýskalandi eftir stríðið, aðrir voru í ævintýraleit en flestir áttu það sameiginlegt að vera að flýja bág lífskjör, húsnæðisskort og lakar framtíðarhorfur. Hér verða rifjaðar upp nokkrar tölulegar staðreyndir varðandi komu þessa fólks en þær hafa verið nokkuð á reiki og ýmsar beinlínis rangar upplýsingar komist í umferð eins og til dæmis að um skipulega hjónabandsmiðlun hafi verið að ræða. Því fer víðs fjarri.

Fyrsti hópurinn kom með Brúarfossi

Fyrstu Þjóðverjarnir sem hingað komu 1949 voru átta stúlkur sem komu til Reykjavíkur með Brúarfossi 1. apríl.

Skipið sigldi frá Hamborg 23. mars og hafði viðkomu í Bretlandi á leiðinni til Íslands. Að því er fram kemur í viðtali við eina þeirra, Hildegard Valdason (DV 27. september 1997) höfðu sjö stúlknanna verið ráðnar til að vinna, annaðhvort á Landspítalanum eða á berklahælinu á Vífilsstöðum, en sú áttunda í hópnum, Margot Gamm, er móðir þess sem þessar línur ritar. Hennar beið allt annað hlutskipti á Íslandi.

Vistráðning Margotar

Margot var einungis 17 ára gömul þegar hún sté á skipsfjöl í Hamborg og hélt á vit ævintýranna á Íslandi. Sex dögum áður hafði hún lokið miðskólaprófi í Hamborg en þar bjó fjölskyldan (móðir Margotar með tvö börn, afi og amma og veikur móðurbróðir) í lítilli risíbúð við þröngan kost.

Faðirinn, Karl, hafði fallið á austurvígstöðvunum strax í mars 1942. Framtíðaráform Margotar voru að hefja nám í hjúkrun en til þess geta það þurfti hún að vera orðin 18 ára. Upp á það vantaði tæpt ár þannig að þegar henni bauðst skyndilega vinna á Íslandi var hún snögg að grípa tækifærið.

Það var kennari Margotar, Anneliese Timmermann, sem hafði milligöngu um ráðninguna. Bróðir kennarans, Günter Timmermann, var giftur íslenskri konu, Þóru, en hún var dóttir Bjarna Guðmundssonar bókara og síðar kaupfélagsstjóra á Höfn og konu hans, Ingibjargar Gunnlaugsdóttur.

Í stríðsbyrjun hafði Günter verið kallaður í þýska herinn þannig að hann fluttist með Þóru konu sinni til Hamborgar. Þar fæddist þeim dóttirin Björk árið 1942.

Eftir að styrjöldinni lauk flúðu þær mæðgur til Íslands en hernámsyfirvöld í Hamborg meinuðu eiginmanninum lengi vel för til Íslands þannig að foreldrarnir bjuggu hvort í sínu landinu. Móðirin í Reykjavík en faðirinn í Hamborg. Björk litlu var aftur á móti komið í fóstur til afa síns og ömmu austur á Hornafirði og þar ólst hún upp fram að fermingu. Til að viðhalda þýskukunnáttu Bjarkar ákváðu aðstandendur hennar að fá inn á heimilið þýskumælandi stúlku, sem auk þess að tala við barnið átti að aðstoða við heimilisstörf.

Þýskar stúlkur sem komu með Brúarfossi 1. apríl 1949. Í efsta þrepinu stendur Margot Gamm.

Skírnir Hákonarson í útreiðartúr með Margot Gamm og þýska vinnumanninum Hans Wolfgang May (síðar nefndur Hans Jóhannsson) í Borgum í ágúst 1949. Ljósmyndina tók Björk Hákonardóttir.

Landbúnaðarverkafólkið

Í ársbyrjun 1949 báðu íslensk stjórnvöld Árna Siemsen, vararæðismann Íslands í Lübeck, um aðstoð við að ráða landbúnaðarverkafólk til Íslands. Búnaðarfélag Íslands hafði milligöngu um að ráða fólkið til starfa innanlands.

Alls komu 314 Þjóðverjar til landsins þetta ár á vegum Búnaðarfélagsins – eins og Páll Zóphóníasson rekur skilmerkilega í samantekt sem hann vann í árslok 1950 og birti næsta ár í Búnaðarritinu. Þar er farið í tilurðina að komu fólksins, dreifingu þess eftir landshlutum og afdrif.

Á seinni árum hafa ýmsir fræðimenn farið nánar í saumana á afdrifum þessa fólks, meðal annarra Nína Rós Ísberg, sem varði doktorsritgerð sína um efnið við Lundúnaháskóla árið 2010. Einnig Pétur Eiríksson sagnfræðingur, sem meðal annars birti sínar niðurstöður árið 2007 í tímaritinu Sagnir (27: 20-26).

Stærsti hópurinn, 184 fullorðnir og eitt barn, kom með strandferðaskipinu Esju 8. júní 1949 en skipið hafði verið gagngert sent eftir fólkinu til Hamborgar. Næstu mánuðina komu 130 Þjóðverjar til viðbótar til landsins, oftast með íslenskum togurum sem lönduðu ísfiski í Cuxhaven eða Bremerhaven. Þeir síðustu komu samt ekki fyrr en í nóvember. Rétt tæpur helmingur þessa fólks kom frá hernámssvæðum Vesturveldanna í Þýskalandi, álíka fjöldi kom frá hernámssvæðum Sovétríkjanna en stundum (í 8% tilvika) vantaði upplýsingar um uppruna fólksins. Rætur þýska verkafólksins lágu greinilega víða um Evrópu.



Tilkynning um brúðkaup Margotar og Skírnis 17. des. 1950 birtist í dagblaði í Blankenese í Hamborg.

Margot og Skírnir eignuðust fimm börn, þeirra á meðal tvíburana Hákon og Karl, sem fæddust á 42 ára afmælisdegi föður síns 1953.

Afdrif

Samkvæmt ofansögðu eru heimildir fyrirliggjandi um að minnsta kosti 323 Þjóðverja sem komu til landsins árið 1949. Um helmingur þessa fólks settist að á Íslandi til frambúðar. Sé einvörðungu horft til landbúnaðarverkafólksins (314 manns) héldu 124 konur og 44 karlanna aftur til Þýskalands eftir að vistráðningunni á Íslandi lauk, sumir fóru reyndar fyrr heim eins og Páll Zóphóníasson rekur í greininni í Búnaðarritinu. Aftur á móti settust 146 þeirra að á Íslandi til frambúðar. Í þeim hópi voru 114 konur og 32 karlar.

Fjöldi karlanna sem hér settust að hefur komið mörgum á óvart. Margir hafa talið þá vera færri, en talið var erfiðara fyrir þá að festa hér rætur heldur en konurnar sem öðluðust sjálfkrafa íslenskan ríkisborgararétt þegar þær giftust íslenskum körlum, svo fremi sem giftingin fór fram fyrir 1. janúar 1953. Pétur Eiríksson sagnfræðingur rannsakaði íbúaskrár og ýmsar aðrar heimildir og komst að þeirri niðurstöðu að þýsku konurnar og karlmennirnir sem hingað komu 1949 hafi eignast 340 börn sem komust á legg.

Margot verður húsfreyja í sveit

Foreldrar undirritaðs hittust fyrst í byrjun júlí 1949. Faðir minn, Skírnir Hákonarson, þá 38 ára bóndi á Borgum í Hornafirði, hafði nokkru áður fengið Akureyrarveikina illræmdu og eftir það þjáðist af þreytu og magnleysi. Þess vegna ákvað hann að fá sér til hjálpar við búskapinn einn þeirra þýsku landbúnaðarverkamanna sem í boði voru á vegum Búnaðarfélagsins. Sá sem Búnaðarfélagið valdi og sendi austur var ungur maður, borinn og barnfæddur í Hamborg, Hans Wolfgang May að nafni.

Þegar símskeyti barst að Borgum með upplýsingum um það hvenær flugvél með vinnumanninn innanborðs ætti að lenda á vellinum á Melatanga, brá Skírnir á það ráð, að heimsækja kaupfélagsstjórahjónin og fá þau til að ljá sér Margot sem túlk. Hann hafði frétt að hún væri víst strax – eftir ríflega þriggja mánaða dvöl á landinu – farin að tala „svo ljómandi góða íslensku“. Til að gera langa sögu stutta felldu Margot og Skírnir hugi saman. Að vistinni í kaupfélagsstjórabústaðnum lokinni (lok febrúar 1950) flutti Margot inn í Borgir, þau trúlofuðust og giftu sig 17. desember 1950. Og tengdamóðirin sá til þess að lítil klausa birtist um giftinguna í hverfisblaðinu í Hamborg.

Margot og Skírni búnaðist vel. Börnin urðu fimm (mynd) og með tímanum, þegar búskap var hætt í Borgum, varð Margot handmennta- og þýskukennari í Nesjum og á Höfn í fullu starfi, allt þar til hún fór á eftirlaun.

Svipaða sögu er að segja af vinnumanninum því Hans og Björk, systir Skírnis, felldu hugi saman, þau giftust og eignuðust þrjú mannvænleg börn. Þýskir erfðavísar blönduðust sem sagt genum Borgasystkinanna, þeirra Skírnis og Bjarkar, systkinanna sem eignuðust afkomendur en þeir eru þegar þetta er ritað 36 talsins.

Lokaorð

Allir eiga Þjóðverjarnir sem hingað fluttust sína sögu. Líka þeir sem hurfu á ný til heimaslóðanna eftir veruna á Íslandi. Hvaða aðstæður voru þeir að yfirgefa ytra? Hvernig gekk þeim að aðlagast á Íslandi? Hvað reyndist þeim erfiðast og hvernig þróuðust tengslin við venslafólkið sem lifði stríðshörmungarnar í Þýskalandi af? Lífssaga Margotar í Borgum er á margan hátt forvitnileg og er skráning hennar þegar hafin, ekki hvað síst vegna þrýstings frá afkomendum hennar.

Í niðurlagsorðum áðurnefndrar greinar Péturs Eiríkssonar sagnfræðings kemur fram að ekki séu heimildir fyrir öðru en að þeir Þjóðverjar sem hér settust að hafi orðið hinir bestu þegnar. Þeir hafi samlagast íslensku þjóðinni svo fullkomlega að þeir týndust í fjöldanum. Mjög líklegt er að þeir hafi flutt með sér ýmis hin bestu einkenni þýsku þjóðarinnar eins og hreinlæti, skipulagshæfileika, stundvísi og áreiðanleika, og smitað þessum einkennum út frá sér. Á þann hátt hafi fólkið á hæglátan hátt haft áhrif án þess að láta mikið fyrir sér fara.

Karl Skírnisson

LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS

Vinnuskilyrði undir LED-ljósum

Hefðbundin viðbótarlýsing er mjög orkufrek og kostnaðarsöm. Þess vegna hefur verið leitað eftir ljósum sem nýta orkuna betur og hafa LED ljós verið einn kostur. Það er aukinn kostnaður í upphafi þar sem lamparnir eru dýrari en þeir endast lengur án viðhalds heldur en ljósin sem hafa verið notuð hingað til.

Í tilraunahúsi Landbúnaðarháskólans á Reykjum var gerð tilraun á ræktun jarðarberja með LED ljósum á dimmasta tíma ársins og verður fjallað um þann þátt sem snýr að vinnu undir þeim.

Mynd 1: Jarðarberjaplöntur með LED lýsingu. Mynd er tekin um kl. 8.30.

Mynd 2: Jarðarberjaplöntur undir LED ljósi með LED sérhæfðum gleraugum. Mynd er tekin um kl. 8.30.

Litamismunur

Rauða birtan sem ljósin gefa frá sér er mjög afgerandi. Það virkar sem litaðir fletir verði dekkri (blöð) og hvítir (hvít með, hitarör, vökvunarslangir) eða ljósari fletir (ber) endurkasti rauða litnum (mynd 1). Það gerir það að verkum að erfitt er að greina á milli hvort berin séu hálf rauð eða full lituð og þá hvort þau séu fullþroskuð.

Við vinnu með LED ljós þarf að kaupa sérhæfð gleraugu sem draga úr áhrifum rauða ljóssins (mynd 2). Það tekur 15–20 mín. fyrir augun að venjast ljósinu með þessum gleraugum. Ef lítil eða engin náttúruleg lýsing er utandyra þá er allt dekkra en það er í raun. Því er erfitt að vinna við plönturnar á dimmasta tíma ársins þar sem litamunurinn sést ekki. Vegna þess að það lítur út fyrir að allt sé dekkra er líka erfitt að vinna við plönturnar sjálfar: t.d. draga fram klasana, þar sem þarf að horfa á milli blaða til að ná þeim fram og meta hvort blóm er frjóvgað. Þegar kemur til uppskeru, er einnig erfitt að sjá og meta hvort berin séu orðin þroskuð (mynd 3), skemmd, súr eða sprungin. Það er því mikilvægt að skoða vel berin sem fara í öskjurnar þar sem erfitt er að greina ástand þeirra á meðan verið er að tína þau í klefa sem er LED lýstur. Því gæti verið nauðsynlegt að flokka úr öskju eftir á ómarkaðshæf ber. Af þessum orsökum má því álykta að ber sem ræktuð eru með LED lýsingu krefjast mun meiri tíma og athygli en í hefðbundinni lýsingu.

Hins vegar minka áhrifin frá LED ljósunum á sjónina eftir því sem náttúruleg birta eykst og litamismunurinn verður skýrari (bera mynd 4 saman við mynd 3). Því gætu ræktendur á suðlægum slóðum upplifað áhrif LED ljósa minna en ræktendur á Íslandi þar sem áhrif ljóssins eru meira og minna alltaf eins og á mynd 4. Ef LED ljós er notað í bland við aðra lýsingu minnka auðvitað áhrif LED ljóssins á sjónina.

Ef unnið er án sérhæfðra gleraugna í klefanum með LED ljósunum þá virkar birtan fyrir utan klefa sem grænn litur. Það tekur nokkrar mínútur fyrir augun að venjast og hætta að sjá ljósið sem grænt þegar maður fer út fyrir klefann. Það getur komið móða á gleraugun meðan unnið er.

Mynd 3: Jarðarber undir LED ljósi án gleraugna (vinstri) og með gleraugum (hægri). Mynd er tekin um kl. 8.30.

Mismunur á vexti

Undir LED ljósum eru klasarnir og blöðin styttri í samanburði við ræktun undir HPS ljósum. Því er ekki hægt að draga klasana fram eins snemma á ræktunartímabilinu eins og við HPS lýsingu.

Meindýr og sjúkdómar

Mjög erfitt er að sjá hvort meindýr og sjúkdómar séu á plöntunum og það er erfitt að koma auga á mygluð ber.

Christina Stadler,
Börkur Halldór Bl Hrafnkelsson.

Mynd 4: Jarðarber undir LED ljósi án gleraugna (vinstri) og með (hægri) LED sérhæfðum gleraugum. Mynd er tekin um kl. 12.30.

Eigum á lager MultiOne 6.3 SD liðléttinga

Um er að ræða frábærar **fjölnotavélar með 1200 kg lyftigetu** og möguleika á ýmsum aukahlutum.

Á MultiOne 6.3 SD situr stjórnandi í aftari hluta þessara lipru og sveigjanlegu véla.

Vélarnar afhendast með **skóflu, 184 kg aukaballest að aftan og taðgreip.**

Hafðu samband við **Ívar Atla** í síma **590 5116** eða sendu línu á **iab@klettur.is** og kynntu þér þína möguleika.

KLETTUR

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10** / 104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is

UTAN ÚR HEIMI

Gíraffar eru meðal tegunda stórra spendýra sem eru í útrýmingarhættu.

Dýr merkurinnar:

96% lífmassa spendýra á jörðinni er fólk og búfé

Þrot- og tilgangslausar veiðar á stórum spendýrum eru komnar að þeim mörkum að flestar tegundir eru að nálgast að vera eða eru í útrýmingarhættu.

Samkvæmt yfirlýsingu frá International Union for Conservation of Nature teljast til stórra spendýra fílar, górillur, giraffar, flóðhestar, nashyrningar og stórir hvalir svo dæmi séu nefnd. Auk þess sem villtir strútfuglar og fleiri villtar dýrategundir teljast með í flokki stórra dýra sem eru á válista.

Í þessu sambandi er áhugavert að líta til lífmassa spendýra í heiminum, um 4% massans eru villt spendýr en 96% er fólk og búfé.

59% á válista

Greining á 362 tegundum stórra dýrategunda sýnir að um 70% þeirra eru á undanhaldi hvað fjölda varðar, 59% eru skráð sem tegund í útrýmingarhættu.

Helsta ástæða fækkunar stórra spendýra er talin vera veiðar, síðan ört minnkandi búsvæði vegna útbreiðslu ræktarlands og stækkun borga, mengun og eiturefni í umhverfinu og samkeppni við aðrar og ágengar dýrategundir sem sækja inn á búsvæði dýranna.

Veiðar helsta ástæða fækkunar

Veiðar, hvort sem um löglegar eða ólöglegar veiðar er að ræða, eru sagðar helsta ástæða þess að stórum villtum skepnum hefur fækka mikið undanfarna áratugi. Til löglegra en gersamlega tilgangslausra veiða telst þegar keypt eru veiðileyfi til að skjóta ljón, gíraffa eða önnur stór dýr sér til gamans. Til ólöglegra veiða er þegar dýr eru drepin til að skera af þeim tennur, horn eða aðra líkamshluta sem seldir eru á svörtum markaði. */VH*

Holland:

Tuttugu þúsund dauðar langvíur

Líf- og fuglafræðingar í Hollandi hafa ekki enn fundið skýringu á dauða um 20 þúsund langvía sem skolað hefur á land eða hafa fundist út af ströndum landsins undanfarnar vikur.

Hundruð veikra fugla eru undir eftirliti dýralækna sem reyna að hlúa að þeim.

Langvíur eyða stórum hluta ævinnar úti á hafi og að sögn hollensks líffræðings hefur annar eins dauði innan stofnsins ekki sést síðan á níunda og tíunda áratug síðustu aldar.

Helsta skýringin á dauða fuglanna er talin vera slæm veður og eitthvað annað sem menn hafa ekki enn áttað sig á hvað er. Ekki er talið að um mengun sé að ræða en sagt er að fuglarnir séu horaðir og bendir það til fæðuskorts.

Þrátt fyrir að ekki sé talið að mengun hafi valdið dauða fuglanna hefur verið bent á að stórt gámaskip hafi misst 291 gám í hafið 2. janúar síðastliðinn vegna veðurs á þeim slóðum sem fuglarnir halda sig mest.

Búið er að endurheimta stóran hluta gámanna en ríflega fimmtíu er enn saknað og reiknað er með



Helsta skýringin á dauða fuglanna er talin vera slæm veður og eitthvað annað sem menn hafa ekki enn áttað sig á hvað er.

að þeir hafi sokkið til botns. Ekki hefur verið gefið upp hvað gámarnir innihéldu en talið er að hluti þeirra hafi innihaldið efni sem hættuleg eru lífríkinu. */VH*

Á FAGLEGUM NÓTUM

Vinnuhópurinn um heilbrigði dýra hefur að sjálfsögðu lagt áherslu á málefni sem lúta að júgurbólgu í kúm og í vinnuhópnum sitja helstu sérfræðingar Norðurlandanna í júgurbólgufræðum. Mynd / HKr.

Snorri Sigurðsson
snsig@arlafoods.com

Á vegum afurðastöðva í mjólkuriðnaði á Norðurlöndunum er starfræktur sérstakur samstarfsvettvangur varðandi mjólkurgæðamál sem kallast NMSM (Nordiske meieriorganisasjoners sam- rbeidsutvalg for mjølkekvalitetsarbeid). Eitt af lykilhlutverkum NMSM er að brúa bilið á milli Norðurlandanna og tengja saman þekkingarbrunna landanna svo ekki sé verið að vinna tvöfalda vinnu, þ.e. NMSM reynir að samnýta eins og hægt er fagfólkið á Norðurlöndunum.

Á vegum þessa samstarfsvettvangs eru starfræktir þrír vinnuhópar á mismunandi sviðum og sitja fulltrúar SAM (Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði á Íslandi) í öllum vinnuhópunum. Tilgangur þeirra er að fjalla um ýmis sameiginleg málefni Norðurlandanna sem varða gæði mjólkur. Einn vinnuhópurinn sér um svokölluð tæknileg málefni og sér m.a. um að halda utan um tölfræði þróunar á mjaltaþjónatækninni. Þá sér annar hópur um þau atriði sem snúa að gæðamati mjólkur og söfnun á tölfræði sem snýr að gæðaþáttunum. Sá þriðji fjallar um heilbrigði dýra og heldur utan um þau málefni sem tengjast heilsufari og mjólkurgæðum.

Sameiginlegar leiðbeiningar

Vinnuhópurinn um heilbrigði dýra hefur að sjálfsögðu lagt áherslu á málefni sem lúta að júgurbólgu í kúm og í vinnuhópnum sitja helstu sérfræðingar Norðurlandanna í júgurbólgufræðum. Þessi vinnuhópur NMSM hefur m.a. staðið fyrir ráðstefnum og vinnufundum undanfarna áratugi en einnig séð um útgáfu á sameiginlegu leiðbeiningarefni, m.a. gefið út leiðbeiningar um meðhöndlun á júgurbólgu (Nordic Guidelines for Mastitis Therapy). Þó svo að þessar leiðbeiningar hafi ekki verið endurútgefnar síðustu árin standa þær vel fyrir sínu en tilgangur þeirra er að draga eins og unnt er úr notkun sýklalyfja og minnka líkur á lyfjaónæmum sýklum:

Almenn stefna:

- Aðeins bráðatilfelli sýnilegrar júgurbólgu ætti að taka til skoðunar varðandi meðhöndlun.
- Almennt borgar sig ekki að meðhöndla dulda júgurbólgu á mjaltaskeiði bæði vegna þess að oft fjarar sýkingin út en einnig vegna slakra áhrifa lyfjameðhöndlunar á dulda júgurbólgu. *
- Dulda júgurbólgu ætti þess í stað að meðhöndla í geldstöðu.
- Við meðhöndlun skal horfa til takmarkandi notkunar cefalósporína og kínólóna

* *Ef verið er að meðhöndla hjörð með smitandi júgurbólgu (Streptococcus agalactiae) má víkja frá þessari almennu reglu.*



Viðbrögð sem alltaf eiga við, óháð ákvörðun um meðferð:

Meta batahorfurnar

- Ef til eru kvígur til endurnýjunar, ætti að meta það alvarlega hvort rétt sé að meðhöndla (t.d. ef margir júgurhlutar eru sýktir).
- Alltaf ætti að reikna út kostnað við endurnýjun grips í samanburði við kostnað við meðhöndlun.

Sóttvarnaraðgerðir

- Meta skal hvort einangra skuli gripinn vegna júgurbólgunnar ef hætta er talin á því að sýkillinn sé smitandi.
- Að gelda upp þann júgurhluta sem er með langvarandi sýkingu er fær leið, að því gefnu að haft sé hugfast að það er ekki það sama og að setja í einangrun.

Finna smitvaldinn

- Sýnataka er mikilvæg til þess að geta fylgst með júgurbólgumynstri hjarðarinnar.
- Að láta rannsaka júgurbólgusýni hjá viðurkenndri rannsóknastofu er talið best.
- Notkun á heimaræktunarbúnaði júgurbólgusýna gæti reynst mikilvæg ef lyfjagjöfin er aðlöguð að niðurstöðunum.

Viðbótaraðgerðir

- Mjólkaðu kúna einu sinni til tvisvar sinnum aukalega á degi hverjum.

Sýklalyfjameðferð:

Gram jákvæðar bakteríur, Beta-lactamase –	
Fyrsta val	Meðferð með Penicillin G*
Annað val	Einungis hjálparmeðferð, engin sýklalyf
Gram jákvæðar bakteríur, Beta-lactamase +	
Fyrsta val	Einungis hjálparmeðferð, engin sýklalyf
Annað val	Meðferð með lyfi gegn sýklum með lyfjaónæmi*, **
Gram neikvæðar bakteríur (*E. coli*)	
Fyrsta val	Einungis hjálparmeðferð, engin sýklalyf
Annað val	Meðferð með sýklalyfjum sem virka gegn gram-neikvæðum bakteríum*
Gram-neikvæðar bakteríur (*Klebsiella* spp.)	
Fyrsta val	Meðferð með kínólónum*
Annað val	Meðferð með trímetóprímum og súlfonamíðum*

* *Hjálparmeðferð ætti að vera bætt við.*
** *Ætti einungis að nota í alvarlegum tilfellum er varða dýravelferð*

Meðferðarlengd	
S. aureus *** og *Str. uberis*	5 dagar
Aðrar gram jákvæðar bakteríur	4 - 5 dagar eftir alvarleika og ástandi hjarðar
*** *Ef sýnileg einkenni júgurbólgunnar eru talin betri en þó ekki horfin eftir 5 daga, má lengja meðferðina um 1-2 daga*	
Klebsiella spp.	3 dagar
Aðrar gram-neikvæðar bakteríur	3 dagar
Engin sýkill greindur	Hætta sýklalyfjameðferðinni

Athugasemd: *Ef kýrin svarar ekki meðferðinni þrátt fyrir rétt lyf og rétta lyfjagjöf og skammtastærð, þá ætti sjúkdómsgreiningin að fást staðfest af viðurkenndri rannsóknastofu eins fljótt og auðið er.*

NMSM
Nordiske Meieriorganisasjoners Samarbeidsutvalg for Mjølkekvalitetsarbeid

- Kýr með júgurbólgu í lausagöngugufjósi ætti að setja í sjúkrastíu svo hlúð sé sem best að henni s.s. varðandi hreinlæti, aðgengi að vatni og fóðri.

Viðbótarmeðferð eftir þörfum
- Gefa mjaltavaka (oxítósín) til þess að tæma vel mjólkurblöðrurnar.
- Gefa vökva í æð eða með inntöku.
- Gefa bólgueyðandi verkjalyf.

Dýravelferð
- Kýr með júgurbólgutilfelli sem valda miklum sýnilegum sjúkdómseinkennum og sársauka skal meðhöndla eins fljótt og hægt er með þeim lyfjum sem eru tiltæk í samráði við dýralækni.
- Í þessum alvarlegu tilfellum ætti einnig að hafa, eftir því sem hægt er, hugfastar aðrar meginreglur sem hér hafa verið kynntar í þessum leiðbeiningum.

Eftirfylgni meðferðar
Mat á meðferðarárangri skal gert af dýralækni:
- Ætti alltaf að vera gert innan 4–8 vikna.
- Feli í sér útreikninga á langtímahorfum og mögulegum kostnaði við endurnýjun.
- Feli einnig í sér ákvörðun um frekari smitvarnaraðgerðir.
- Taki tillit til frumutölu, sýnilegra einkenna og ástandi dýrsins.
- Ef þörf krefur, láta rækta sýni eða PCR greina af viðurkenndri rannsóknastofu.

Nauðsynleg sýklalyf vegna júgurbólgumeðhöndlunar á Norðurlöndum
- Penicillin G.
- Lyf gegn sýklum með lyfjaónæmi (Beta-lactamase. *
- Sýklalyf sem er löglegt í viðkomandi Norðurlandi og virkar á gram-neikvæðar bakteríur.

** Ætti einungis að nota í alvarlegum tilfellum er varða dýravelferð*

Norrænar heilbrigðisreglur fyrir kýr:

Eftirfarandi norrænar heilbrigðisreglur hafa að markmiði að tryggja góða mjólk frá heilbrigðum kúm:
- Vel hannaðir gagnagrunnar, þar sem skráðar eru bæði framleiðslu- og heilsufarsupplýsingar.
- Fyrirbyggjandi heilbrigðisþjónusta og ræktunarstefna sem byggð er á framangreindum gagnagrunnum.
- Rétt fjóshönnun og bústjórn sem miðar að bestu mögulegu velferð nautgripa.
- Varleg notkun sýklalyfja, sótthreinsiefna og hormóna.
- Umhyggja fyrir umhverfisáhrifum og sanngjörnum markaðsreglum.
- Algjört bann við notkun á vaxtarhvetjandi efnum.

Heimild:
Landin ofl., 2011. Nordic guidelines for mastitis therapy. NMC Proceedings 2011.

LÍF & STARF

Handverkshátíðin í Eyjafjarðarsveit:

Félagið DUO. tekur við stjórninni

Stjórn Handverkshátíðar hefur gengið til samnings við fyrirtækið DUO. um framkvæmdastjórn Handverkshátíðar. Félagið Duo er í eigu Kristínar Önnu Kristjánsdóttur og Heiðdísar Höllu Bjarnadóttur.

Fjölmargir góðir aðilar sóttust eftir verkefninu en hún var samróma um að semja við DUO. sem hefur fram að færa góða reynslu, skemmtilegar hugmyndir og brennandi áhuga á verkefninu til framtíðar, að því er fram kemur í tilkynningu frá stjórn Handverkshátíðar. Einnig var það metið sem ótvíræður kostur að tveir aðilar sem vanir eru að vinna náið saman taki að sér framkvæmdastjórnina, af því ættu að verða skemmtileg samlegðaráhrif sem skila sér í gæði sýningar, hugmyndaauðgi og þjónustu við sýnendur.

DUO. er stofnað snemma árs 2018 og rekið af grafísku hönnuðunum Heiðdísi Höllu og Kristínu Önnu. DUO. býður upp á alhliða grafíska hönnun sem og skipulagningu og markaðssetningu hvers kyns viðburða. Metnaður þeirra liggur í að skapa vörumerkjum sérstöðu með eftirtektarverðri og skemmtilegri framsetningu og leggja áherslu á faglega og persónulega þjónustu. Á stuttum tíma hefur DUO. viðað að sér alls kyns þekkingu og reynslu í gegnum ýmis verkefni, hvort sem um ræðir grafíska hönnun eða viðburðastjórnun.

Kristín og Heiðdís segja Handverkshátíðina vera mikla lyftistöng fyrir sveitarfélagið og handverksfólk á landsvísu. Þær taka fagnandi á móti þessu krefjandi verkefni og stefna á að gera góða hátíð enn betri. */MÞÞ*

YARA
Knowledge grows

Heyefnagreiningar: Hvað segja þær okkur?

Sláturfélag Suðurlands tók nú í haust yfir 100 heysýni víðsvegar af landinu en þó mest á suður- og vesturlandi. Veðurfar var óvenjulegt síðastliðið ár að því leyti að það rigndi mjög mikið á suður- og vesturlandi auk þess var kalt. Tíðarfar var mun betra á norður og austurlandi. Að þessum sökum hófst sláttur í seinna lagi um sunnan og vestanvert landið, eða um mánaðarmótin júní/júlí, en í fyrra hófst sláttur mun fyrr, eða um mánaðarmótin maí/júní.

- Miðað við tíðafarið þá mátti reikna með blautara fóðri síðastliðið ár. Hins vegar er ekki mikill munur á þurrefni milli ára.
- Árið 2017 var meðaltal þurrefnis 46,3% en 2018 41,6%.

- Þrátt fyrir rysjótt veður þá var uppskeran víðast hvar góð með tilliti til orku- og próteingildis.
- Ef skoðuð eru meðaltöl sýna úr fyrri slætti árið 2018, þá er orkan 0,88 FEm og próteinið 150 g/kg sem eru sambærileg gildi og árið 2017.

		2017		2018	
	Viðmið	Fyrri sláttur	Seinni sláttur	Fyrri sláttur	Seinni sláttur
Þurrefni %	**32-45**	46	58	42	47
FEm kg þe	**0,8-0,9**	0,87	0,90	0,88	0,93
MJ	**>6,2**	6,7	7,1	7,0	7,3
Prótein g/kg	**140-180**	152	155	150	171
AAT	**80-90**	88	87	89	90
PBV	**1**	0	6	-4	15
NDF g/kg	**480-540**	507	467	506	432
Ca g/kg	**4,0-6,0**	3,4	4,6	3,6	5,2
P g/kg	**3,0-4,0**	3,0	2,7	3,3	3,5
Mg g/kg	**2,0-3,0**	2,2	2,8	2,2	3,1
K g/kg	**2,0-3,0**	18,6	15,6	18,0	16,9
Na g/kg	**2,0-3,0**	1,4	2,2	1,3	2,1
S g/kg	**2,0-4,0**	2,2	2,2	2,4	2,8
Se µg/kg	**250-600**	269	156	197	131

- Meðaltal kalís (K) úr fyrri slætti er 18 g/kg sem er lægra gildi en árið 2017.
- Stór hluti sýna er með gildi fyrir kalí sem er undir viðmiðunarmörkum. Þar sem borið er á ríkulega af búfjáráburði er oftast aðeins borin á NP áburður og gert ráð fyrir að nægilegt magn af kalí fáist með búfjáráburði. Lágt gildi kalís í gróffóðri skilar sér í lágu gildi í búfjáráburði. Þannig getur orðið ofmat á kalí í búfjáráburði ef alltaf er stuðst við leiðbeinandi gildi.
- Það er mikilvægt að taka reglulega skítasýni til að tryggja aðgengi að öllum næringarefnum.

- Kalsíum (Ca) er áberandi lágt í sýnunum og eru 71,3% sýna með kalsíum undir viðmiðunargildi. Þetta staðfestir það sem oft hefur verið bent á að bændur verða að huga í ríkari mæli að kölkun túna.
- Með kölkun eykst aðgengi næringarefna sem skilar sér í auknum vexti og betri gæðum á gróffóðri.

Helstu niðurstöðutölur sauðfjárskýrsluhaldsins árið 2018:

Góðar afurðir sauðfjár á árinu 2018

Eyjólfur Ingvi Bjarnason
Sauðfjárrækt
eyjolfur@rml.is

Uppgjöri á skýrslum fjárræktarfélaganna fyrir árið 2018 er að mestu lokið. Þegar þetta er ritað í byrjun febrúar er þó enn eftir að ganga frá uppgjöri fyrir um 3100 ær sem hafa skráða burðarfærslu vorið 2018.

Reiknaðar afurðir eru 0,1 kg meiri á hverja kind en árið 2017. Afurðir eru meiri um norðan- og austanvert landið en árið á undan en minni á suður- og vesturhluta landsins. Líklega hefur tíðarfar í maímánuði haft talsvert að segja um afurðir sunnan- og vestanlands en sá mánuður var bæði kaldur og votviðrasamur á þeim slóðum.

Alls skiluðu 1.742 aðilar skýrslum um 346.621 á (359.966 árið 2017). Veturgamlar ær í skýrsluhaldinu voru 68.980 (73.380 árið 2017). Fækkun kinda í skýrsluhaldi milli ára er því nærri 18.000 ær sem er meiri fækkun en nemur gögnum úr forðagæsluskýrslum og skýrist af því að fækkun gripa hefur frekar átt sér stað hjá búum sem eru í afurðaskýrsluhaldi en búum sem kjósa að standa utan þess. Til viðbótar þessum tölum eru svo tæplega 1.500 forystuær skráðar í Fjárvís en þær eru undanskildar formlegu afurðauppgjöri.

Afurðir árið 2018

Frjósemi var svipuð og undangengin ár, 1,84 fædd lömb á hverja kind. Þetta er lítilsháttar aukning sem liggur í auknu hlutfalli fleirlembna en 8,6% áa áttu fleiri en 3 fædd lömb síðasta vor. Flest fædd lömb eru í Vestur-Húnavatnssýslu og Suður-Þingeyjarsýslu eða 1,91 fædd lömb að meðaltali en hæst hlutfall fleirlembdra kinda er í Vestur-Húnavatnssýslu (12,4%). Sífellt fleiri stærri bú ná nú frjósemi uppá 1,90 fædd lömb eða fleiri, vorið 2018 voru ríflega 140.000 ær á búum sem höfðu þessa meðalfrjósemi en voru 100.000, vorið 2015. Fjöldi lamba til nytja er 1,65 lömb á hverja kind, lækkar um 0,01 lamb milli ára en talan hefur verið á þessu reiki undanfarin ár.

Afurðir eftir fullorðnar ær voru 27,8 kíló eftir hverja kind árið 2018 sem er 0,1 kílói meira en árið á undan (27,7 kg árið 2017). Á 1. mynd má sjá afurðir síðustu tveggja ára (2018 rauð súla, 2017 græn súla) sýndar eftir sýslum ásamt meðaltali áranna 2014–2018 (blá súla) í viðkomandi héraði. Mestu afurðir í einu héraði árið 2018 voru í Strandasýslu en þær reiknast 30,5 kíló eða sömu afurðir og árið 2017. Næstir Strandamönnum koma Vestur-Húnvetningar með 30,3 kíló eftir hverja kind.

Afurðahæstu búin

Afurðahæsta bú landsins árið 2018 er bú Eiríks Jónssonar í Gýgjarhólskoti, Biskupstungum með 44,3 kíló eftir hverja kind þar sem fleiri en 100 ær eru á skýrslum. Næst á listanum er bú Gunnars og Grétu á Efri-Fitjum í Fitjárdal með 40,3 kg eftir hverja kind. Þriðja búið sem einnig nær meira en 40 kílóum eftir hverja kind er bú Hákons og Þorbjargar á Svertingsstöðum í Eyjafirði.

Í 1. töflu er listi yfir öll þau bú sem hafa 36 kg eða meira eftir hverja kind árið 2017 og fleiri en 100 ær í skýrsluhaldi.



Tafla 1 Nafn	Býli	Fjöldi áa	Kíló eftir kind	Frjósemi fædd lömb
Eiríkur Jónsson	Gýgjarhólskot 1	287	44,3	2,06
Gunnar og Gréta	Efri-Fitjar	689	40,3	2,22
Hákon og Þorbjörg	Svertingsstaðir 2	109	40,0	1,96
Félagsbúið Lundur	Lundur	486	39,1	1,99
Elín Heiða Valsdóttir	Úthlíð	361	38,9	2,12
Elín Anna og Ari Guðmundur	Bergsstaðir	421	38,6	2,16
Guðbrandur og Lilja	Bassastaðir	223	38,5	2,00
Inga Ragnheiður Magnúsdóttir	Svínafell 3	332	38,4	2,01
Jón og Hrefna	Hóll	162	38,0	1,92
Sigvaldi og Björg María	Hægindi	206	36,8	2,00
Atli Þór og Guðrún	Kot	107	36,7	1,91
Eyþór og Þórdís	Sólheimagerði	125	36,5	2,10
Ólafur og Dagbjört	Syðri-Urriðaá	470	36,5	1,97
Björn og Badda	Melar 1	405	36,5	2,00
Bergþóra og Sigurbjörn	Kiðafell	234	36,5	2,00
Ragnar og Sigríður	Heydalsá 1 og 3	564	36,4	2,02
Gísli Halldór Magnússon	Ytri-Ásar	310	36,4	1,92
Gunnar og Doris	Búðarnes	228	36,3	1,89
Böðvar Sigvaldi og Ólöf	Mýrar 2	561	36,3	2,06
Sveinbjörn Þór Sigurðsson	Búvellir	114	36,2	2,01
Eiríkur S Skjaldarson	Gilsá	175	36,1	2,09
Stella og Tómas	Tjörn	222	36,1	2,17
Smári Valsson	Torfastaðir	156	36,1	1,95
Þormóður Heimisson	Syðri-Sauðadalsá	583	36,0	2,09

Tafla 4 - Nafn	Býli	Fjöldi slátulamba	Fallþungi	Gerð	Fita	Sláturaldur	Vaxtarhraði
Björn Björnsson	Syðri-Brennihóll	126	20,9	10,43	8,89	127	173
Guðrún Marinósdóttir	Búrfell	172	20,3	11,14	7,69	123	166
Þorbjörg og Óskar	Þorgrímsstaðir	551	19,0	10,49	6,69	120	159
Rögnvaldur Gíslason	Gröf	422	19,2	9,88	6,88	121	159
Indriði og Inga	Skjaldfönn	247	19,6	10,17	8,30	123	159
Hofsárbúið sf	Hofsá	163	18,7	10,52	7,47	119	158
Benedikt Guðni Benediktsson	Bergsstaðir	707	18,3	10,67	6,89	119	156
Karl Kristjánsson	Kambur	532	19,0	10,20	7,64	123	156
Hákon og Þorbjörg	Svertingsstaðir 2	179	21,1	11,28	7,60	135	156
Þormóður Heimisson	Syðri-Sauðadalsá	1051	18,3	9,74	6,80	121	155
Atli Þór og Guðrún	Kot	201	19,0	9,18	7,56	123	155
Bergþóra og Sigurbjörn	Kiðafell	412	19,3	9,95	7,71	126	154
Helgi og Beate	Kristnes	110	20,8	11,08	9,19	135	154
Magnús Kristjánsson	Gautsdalur	382	18,2	10,25	6,95	119	153
Birgir Valdimar Hauksson	Grímsstaðir 3	278	18,8	10,64	7,97	124	153
Sigfús Vilhjálmsson	Brekka	214	18,7	9,25	7,15	124	152
Aðalsteinn og Sigríður	Auðnir I	167	18,7	10,43	7,60	124	152
Guðmundur Viðar Pétursson	Hraun I	166	20,5	10,51	7,69	136	152
Einar og Íris Olga	Flatatunga	712	18,4	10,55	7,16	124	151
Bjarney Alda Benediktsdóttir	Neðri-Torfustaðir	354	18,9	10,42	6,78	127	151
Félagsbúið	Ytri-Neslönd	222	17,9	9,30	6,82	120	151
Egill A Freysteinsson	Vagnbrekka	206	18,5	11,48	7,65	124	151

Tafla 3 - Vaxtarhraði	Fjöldi búa	Fjöldi sláturlamba	Fallþungi	Gerð	Fita	Sláturaldur
Meiri en 150 gr/dag	83	12.069	19,0	10,25	7,34	124
141-150 gr/dag	138	35.026	18,6	9,88	7,23	131
131-140 gr/dag	307	92.748	17,6	9,53	6,84	133
121-130 gr/dag	461	161.069	16,8	9,21	6,49	136
111-120 gr/dag	394	131.828	16,0	8,77	6,03	140
101-110 gr/dag	229	69.526	15,4	8,40	5,88	148
91-100 gr/dag	70	16.735	14,2	7,76	5,35	150
Minni en 90 gr/dag	24	3.156	13,0	6,54	4,84	158

Tafla 2 - Nafn	Býli	Fjöldi slátulamba	Fallþungi	Gerð	Fita	Sláturaldur	Vaxtarhraði
Sveinbjörn Þór Sigurðsson	Búvöllum	196	19,4	12,01	8,32	140	141
Björn og Inga	Björk 2	339	20,5	12,00	8,22	149	138
Ólafur Sindrason	Grófargili	123	22,4	11,95	8,41	169	133
Þráinn Ómar Sigtryggsson	Litlu-Reykjum	469	18,4	11,88	7,76	149	125
Ásvaldur og Laufey	Stóru-Tjörnum	160	20,0	11,66	7,96	146	139
Jökull Helgason	Ósabakka 2	322	19,8	11,61	7,53	160	124
Sigurfinnur Bjarkarsson	Tóftum	102	18,0	11,53	7,13	143	126
Dagbjartur Bogi Ingimundarson	Brekku	642	17,9	11,53	7,61	131	138
Egill A Freysteinsson	Vagnbrekku	206	18,5	11,48	7,65	124	151
Bergur Sigfússon	Austurhlíð	129	20,2	11,44	6,56	157	129
Jón og Erna	Broddanesi 1	293	19,0	11,40	7,76	135	141
Ágúst Ingi Ketilsson	Brúnastöðum	192	18,6	11,31	6,53	150	124
Hákon og Þorbjörg	Svertingsstöðum 2	179	21,1	11,28	7,60	135	156
Félagsbúið	Ytri-Skógum 2	353	18,9	11,28	7,54	158	121
Smári Valsson	Torfastöðum 1	259	19,9	11,27	7,51	146	138
Guðbrandur og Lilja	Bassastöðum	334	19,9	11,27	7,72	138	145
Valur Guðmundsson	Fremri-Hlíð	388	18,6	11,26	7,02	133	142
Sigurður og Helga	Skarðaborg	1156	17,1	11,26	6,88	140	123
Olga Marta Einarsdóttir	Einarsstöðum	148	17,0	11,16	6,41	133	129
Jón Bjarnason	Skipholt 3	156	19,2	11,15	7,28	157	123
Haukur Þórhallsson	Kambsstöðum	419	19,5	11,14	7,34	137	145
Guðrún Marinósdóttir	Búrfelli	172	20,3	11,14	7,69	123	166
Ólafur og Dagbjört	Urriðaá	830	19,5	11,10	7,11	140	141
Orri Óttarsson	Garðsá	173	19,0	11,10	7,54	132	145
Helgi og Beate	Kristnesi	110	20,8	11,08	9,19	135	154
Jón og Hrefna	Hóli	310	20,1	11,08	7,96	138	147
Halldór og Elín	Bjarnastöðum	446	18,3	11,07	7,69	144	128
Elín Anna og Ari Guðmundur	Bergsstöðum	790	19,3	11,06	6,85	136	143
Sigþrúður Friðriksdóttir	Bergsstöðum	563	19,1	11,03	8,41	137	142
Ragnar og Sigríður	Heydalsá 1	858	18,9	11,01	7,90	136	140
Kjartan Sveinsson	Bræðratungu	351	21,4	11,01	7,35	165	130

Úrvalsbú

Á heimasíðu RML má finna lista yfir Úrvalsbú en þau eiga það sammerkt að ná góðum árangri fyrir nokkra skýrsluhaldsþætti. Skilyrði fyrir þeim lista eru: Bú með fleiri en 100 skýrslufærðar ær þar sem fædd lömb hjá fullorðnum ám eru fleiri en 1,90, fædd lömb hjá veturgömlum ám eru fleiri en 0,90, reiknað dilkakjöt eftir fullorðna kind er á landsmeðaltali eða meira, gerðarmat sláturlamba er yfir 9,2, fitumat sláturlamba sé á bilinu 5,4-7,6 og hlutfall gerðar og fitu yfir 1,3.

Gæðamatið

Í skýrsluhaldinu eru upplýsingar um rúmlega 522.000 sláturlömb haustið 2018. Meðalfallþungi þeirra var 16,9 kíló, ívið meiri en árið á undan (16,8 kíló árið 2017). Meðaltal einkunnar fyrir holdfyllingu er 9,08 árið 2018 (9,07 árið 2017) og meðaltal einkunnar fyrir fitumat er 6,53 árið 2018 (6,44 árið 2017). Best gerðu lömbin árið 2018 voru hjá Sveinbirni á Búvöllum í Aðaldal með einkunn 12,01 og næst kemur bú Björns og Ingu að Björk 2 í Grímsnesi með einkunn 12,00. Þriðji er svo Ólafur Sindrason á Grófargili í Skagafirði með einkunn 11,95. Hlutfallstala holdfyllingar og fitu var 1,39 haustið 2018. Hagstæðasta hlutfallið er 1,45 í þremur sýslum á landinu, Suður-Þingeyjarsýslu, Mýrasýslu og Borgarfjarðarsýslu. Af búum sem höfðu holdfyllingarmat yfir 9,5 árið 2018 er þetta hlutfall hagstæðast hjá Sigríði og Brynjari í Hólsgerði fremst í Eyjafjarðarsveit eða 1,87. Í 2. töflu má finna öll þau bú sem höfðu gerðarmat 11,0 eða hærra árið 2018 og fleiri en 100 sláturlömb.

Erfiðara er að bera saman árangur í fitumati vegna þess sambands sem er á milli fallþunga og fitumats. Stundum er þessi samanburður gerður sem hlutfall milli fallþunga og fitumats, það hlutfall er 2,59 árið 2018, lítið eitt lægri en árið á undan. Af búum sem höfðu holdfyllingarmat yfir 9,5 árið 2018 hafa tvö bú hlutfallstöluna 3 eða hærra. Það er bú Bergs Sigfússonar að Austurhlíð í Skaftártungu líkt og á síðasta ári ásamt búi Sigríðar og Brynjars í Hólsgerði.

Vaxtarhraði lamba

Á síðasta ári var útreikning á vaxtarhraða lamba útfrá fallþunga bætt við uppgjörið og reiknað fyrir öll bú. Þegar þær niðurstöður er skoðaðar nánar kemur í ljós að búin með mestan vaxtarhraða slátra lömbunum við yngstan aldur en fá eftir sem áður bestu flokkunina. Í 3. töflu má sjá yfirlit yfir þetta.

Í 4. töflu má finna öll þau bú sem höfðu vaxtarhraða yfir 150 gr/dag árið 2018 og fleiri en 100 sláturlömb.

Að lokum

Lista með öllum helstu niðurstöðum skýrsluhaldsins árið 2018 er hægt að finna á heimasíðu RML. Þar má einnig finna niðurstöður skýrsluhaldsins undanfarin ár.

Líkt og áður hefur verið sagt í samantektum sem þessum er vel fært skýrsluhald grunnforsenda allrar upplýsingaöflunar. Flest þau bú sem eru að ná góðum árangri eru að nýta sér kosti skýrsluhaldsins til fullnustu og því rétt að minna á þetta einu sinni enn.

Rekstur sauðfjárbúa 2014–2017

Eyjólfur Ingvi Bjarnason
Sauðfjárrækt
eyjolfur@rml.is

María Svanþrúður Jónsdóttir
ábyrgðarmaður rekstrar- ráðgjafar - msj@rml.is

Undanfarna tvo vetur hefur Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins unnið að átaksverkefni í sauðfjárrækt undir yfirskriftinni „Auknar afurðir – tækifæri til betri reksturs“. Verkefnið naut styrks af fagfé sauðfjárræktar þannig að hvert þátttökubú greiddi 35% af kostnaði við vinnu verkefnis. Allt í allt telur gagnagrunnurinn núna gögn frá 60 sauðfjárbúum um land allt fyrir árin 2014–2017.

Árið 2017 stóðu þessi 60 sauðfjárbú undir 7,5 % af landsframleiðslu dilkakjöts í landinu. Veginn framleiðslukostnaður á hvert kíló dilkakjöts er skv. þessu á bilinu 1.000 til 1.100 krónur. Í töflu 1 sem fylgir hér með eru meðaltöl fyrir einstaka kostnaðarliði eftir árum í gagnasafni verkefnisins.

Til viðbótar við þessa kostnaðargreiningu var einnig unnið með skýrsluhaldsgögn sömu búa við heildargreiningu gagnasafnsins. Þó gagnasafnið sé mjög gott þá er það ekki lýsandi fyrir sauðfjárræktina í heild sinni því þegar meðaltöl fyrir skýrsluhaldsliði þátttökubúa eru skoðuð til samanburðar við skýrsluhaldsbú með fleiri en 300 ær standa þátttökubúin betur líkt og tafla 2 gefur til kynna fyrir árið 2017. Þetta atriði en nauðsynlegt að hafa í huga þegar rætt er um niðurstöðurnar.



Tafla 1 – *Meðaltöl kostnaðarliða eftir árum*

	2014 n=53 Meðaltal	2015 n=59 Meðaltal	2016 n=60 Meðaltal	2017 n=60 Meðaltal
Ásetningshlutfall	1,07	1,11	1,1	1,12
Framleiðslukostnaður kr./kg	1.089	1.119	1.047	1.032
Afurðatekjur kr./kind	14.839	14.129	13.370	9.606
Opinberar greiðslur kr./kind	11.564	11.605	11.784	13.504
Aðkeypt fóður kr./kind	579	713	681	572
Áburður og sáðvörur kr./kind	4.238	3.979	3.725	3.028
Rekstur búvéla kr./kind	2.888	2.766	2.573	2.380
Rekstrarvörur kr./kind	2.343	1.862	2.065	2.014
Ýmis aðkeypt þjónusta kr./kind	2.508	2.344	2.448	2.556
Framlegð kr./kind	13.846	14.070	13.662	12.560
Viðhald eigna kr./kind	1.315	1.813	948	1.102
Annar rekstrarkostnaður kr./kind	1.129	1.127	1.250	1.267
Laun og launatengd gjöld kr./kind	5.791	5.993	6.684	6.911
EBITDA kr./kind	8.074	8.470	8.062	6.739
Afskriftir kr./kind	3.816	4.089	4.082	3.718
Fjármagnsliðir kr./kind	2.396	2.159	2.499	2.588

Forsendurnar að baki liðunum

- Ásetningshlutfall m.v. ærgildi: Hlutfall vetrarfóðaðra kinda m.v. skráð ærgildi.
- Framleiðslukostnaður: Heildarútgjöld án fjármagnsliða og afskrifta deilt með fjölda kílóa af dilkakjöti.
- Afurðatekjur: Tekjur af seldu dilkakjöti, kjöti af fullorðnu fé, seldri ull, heimanot og seldu líffé.
- Opinberar greiðslur: Tekjur vegna greiðslumarks, beingreiðslna í ull, gæðastýringargreiðslur, vaxta- og geymslugjald og sveðisbundinn stuðningur.
- Aðkeypt fóður: Kostnaður vegna kaupa á kjarnfóðri, steinefnum og heyi.
- Áburður og sáðvörur: Kostnaður vegna kaupa áburði og sáðvörum.
- Rekstur búvéla: Kaup á olíu, smurolíu, varahlutir, dekk og viðgerðir vegna búvéla auk tryggingа.
- Rekstrarvörur: Kaup á rekstrarvörum, s.s. plast, bindigarn, smáverkfæri, hreinlætisvörur o.fl.
- Ýmis aðkeypt þjónusta: Sláturkostnaður, flutningsgjöld, dýralækniskostnaður, verktakagreiðslur, s.s. rúllubinding og fósturtalning, rekstur tölvukerfis, sími og skrifstofuvörur.
- Framlegð: Tekjur af sauðfé (Afurðatekjur og opinberar greiðslur) mínus breytilegur kostnaður (aðkeypt fóður, áburður og sáðvörur, rekstur búvéla, rekstrarvörur og ýmis aðkeypt þjónusta)
- Viðhald útihúsa og girðinga: Kostnaður vegna viðhalds úthúsa og girðinga.
- Annar rekstrarkostnaður: Rafmagn, fasteignagjöld, fjallskil og tryggingar.
- Laun og launatengd gjöld: Reiknað endurgjald, laun, mótframlag í lífeyrissjóð og tryggingargjald.
- Þáttatekjur/EBITDA: Allar tekjur búsins mínus útgjöld fyrir fjármagnsliði og afskriftir.
- Afskriftir: Samtala af afskriftum búsins.
- Fjármagnsliðir: Samtala af vaxtatekjum og vaxtagjöldum auk verðbreytingarfærslu lána.

Munur á meðaltali skýrsluhaldsniðurstaða hjá þátttökubúum og búum í skýrsluhaldinu með fleiri en 300 skýrslufærðar ær 2017

Tafla 2	Þátttökubú	Skýrsluhald 300 ær eða fl.
Reiknuð kg fullorðnar ær	29,5	27,7
Fædd lömb fullorðnar	1,92	1,83
Til nytja fullorðnar	1,77	1,66
Reiknuð kg veturgamlar ær	13,4	11,2
Fædd lömb veturgamlar	1,16	0,93
Til nytja veturgamlar	0,83	0,69
Fallþungi	16,3	16,8
Gerð	9,33	9,07
Fita	6,16	6,4

Niðurstöðurnar sýna mjög skýrt þann samdrátt sem orðið hefur á afurðatekjum sauðfjár á síðustu árum en afurðatekjurnar 2017 eru 35% lægri en afurðatekjur árið 2014. Opinberar greiðslur eru mjög svipaðar milli ára, hækka árið 2017 sem skýrist af auknum stuðningsgreiðslum vegna kjaraskerðingar skv. fjáraukalögum 2017 og hvernig því framlagi var skipt milli búa líkt og getið er um í reglugerð nr. 19/2018.

Af einstaka kostnaðarliðum er aðkeypt fóður hæst árið 2015 sem skýrist af lélegum gæðum gróffóðurs eftir sumarið 2014 en þann vetur þurfti víða viðbótarfóður. Eins lækkar áburðarkostnaður milli ára sem skýrist ekki af minni áburðarnotkun heldur lækkun áburðarverðs vegna styrkingar á gengi krónunnar. Aðrir kostnaðarliðir eru mjög svipaðir milli ára en laun og launatengd gjöld hækka vegna hækkunar á skilgreiningu reiknaðs endurgjalds sem nær öll búin nota til viðmiðunar fyrir launagreiðslur.

Í þessu verkefni fékk hvert bú einnig myndræna framsetningu á niðurstöðunum þar sem viðkomandi sér hvar það stendur til samanburðar við önnur þátttökubú. Á meðfylgjandi mynd er dæmi um slíka framsetningu. Þetta bú kaupir aðkeypt fóður fyrir 1.171 kr/kind og hefur rauða súlu og 7% við enda hennar. Það táknar að 93% búanna eru með lægri kostnað í þessum lið en þetta tiltekna bú. Búið kaupir áburð og sáðvörur fyrir 2.887 kr/kg og hefur græna súlu og 89% við enda hennar. Það táknar að 11% búanna hafa lægri kostnað fyrir þennan lið en þetta tiltekna bú. Með hliðstæðum hætti eru aðrir liðir túlkaðir fyrir hvern og einn þátttakanda.



VÉLABÁSINN

Umhverfisvænn Range Rover PHEV

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

Í byrjun árs var ég spurður að því hvort ég gæti ekki reynt að prófa aðeins fleiri umhverfisvæna bíla og skrifa um í ljósi umræðunnar um að minnka mengun. Með þetta að leiðarljósi fór ég á Hesthálsinn þar sem seldir eru Jaguar og Land Rover.

Ég fékk að prófa nýjasta útspilið frá Range Rover sem er bíll með rafmagnsmótor og bensínmótor sem er hagkvæmur í rekstri ef ekki er að jafnaði ekið meira en 30–50 km flesta daga.

Range Rover PHEV. Myndir / HLJ

Sennilega versti dagur ársins til að prófa rafmagnsbíl

Þegar ég fékk bílinn laugardaginn 2. febrúar var hann ekki alveg fullhlaðinn á rafhlöðunni þar sem hann hafði verið í prufuakstri skömmu áður. Þennan dag var frostið í Reykjavík á bilinu -10°C og niður í -14° og í svo miklum kulda endast rafhlöður ekki vel. Þegar ég setti bílinn í gang átti ég að komast rúma 30 km á rafhlöðunni, en eftir að hafa ekið upp að Hafravatni og til baka og heim til mín, sem er nálægt 20 km, voru aðeins 2 km eftir á rafhlöðunni. Þennan sama dag lenti rafmagnsstrætó í Reykjavík í vandræðum þar sem kuldinn stytti drægni hans óeðlilega mikið.

Á þessum fyrstu kílómetrum á rafhlöðunni mældi ég hávaðann inni í bílnum á meðan ég var að keyra á rafmagnsmótornum og þrátt fyrir mikinn kulda og marr í snjónum mældist hávaðinn ekki nema 65,9 db. Seinna í prufuakstrinum, þegar allt rafmagn var búið, mældi ég aftur og reyndist hávaðinn vera í meðaltalsmælingu á einni mínútu 68,9db. með bensínvélina í gangi á 90 km hraða.

Á þessum bíl þarf að muna að kveikja ljósin svo að afturljósin séu á við akstur.

Þó að ljósið hafi verið grænt og bíllinn nánast fullhlaðinn komst ég ekki langt á rafhlöðunni í -12 stiga frosti.

Skemmtilega þýður og kraftmikill

Á malbikuðum vegi hreinlega finnst manni maður svífa áfram og loftpúðafjöðrunin er að gefa skemmtilega fjöðrun á ójöfnum eins og hvörf í vegi og hraðahindrunum. Litlum holum og klakahröngl eins og er víða á frostdögum líkt og hefur verið undanfarna daga á götunum er maður að finna of mikið fyrir því 21 tommu hjólbarðarnir á bílnum eru nánast ekki að gefa neina fjöðrun. Ekki er í boði að minnka felgurnar í þessum bíl nema niður í 20 tommur vegna þess að bremsudiskar og dælur eru óvenju stórar og öflugar í þessum bíl.

Krafturinn í vélinni er mjög mikill og samkvæmt bæklingi er bíllinn ekki nema 6,8 sek. að ná 100 km hraða. Til marks um það að þegar tekið er fram úr bíl sem er á um 70 km hraða og vélin nýtt að hámarki, tvöfaldar bíllinn hraðann á hefðbundinni lengd sem framúrakstur tekur. Það segir manni það eitt að maður þarf að passa upp á að fara ekki á sviptingarhraða við framúrakstur.

Akreinalesaranum gekk ekki vel að lesa daufa miðlínuna á veginum.

Tölvan býður upp á nánast endalausar upplýsingar, en mér gekk ekki vel að læra á hana.

Hefði þurft að hafa mér færari tölvusnilling með í prufuakstrinum

Allt mælaborðið er ein stór tölva og nánast öllu stjórnað á snertiskjá, þetta var frekar vandræðalegt hjá mér þar sem ég er einstaklega mikill klaufi á tölvur og snertiskjái. Þrátt fyrir þetta vandamál mitt tel ég mig hafa sloppið skammlaust frá þessu tölvuundri, en það sem ég sá og fann í þessari tölvu virtist endalaust og örugglega missti ég af miklum fróðleik sökum lélegrar tölvukunnáttu. Hins vegar leið mér alltaf vel við aksturinn, bíllinn fljótur að hitna, hiti í stýri, sætum. Það sem mér fannst einna best við bílinn er að með því að ýta á einn takka á fjarstýringunni á lyklum bílsins fór miðstöð í gang sem bræddi af öllum rúðum snjó og hrím.

Ýmsir kostir umfram aðra bíla

Í bílnum eru framsætin einhver þau albestu sem ég hef setið í, loftpúðafjöðrun er eitthvað sem hentar vel íslenskum vegum og er hægt að hækka og lækka þennan bíl töluvert mikið (það má keyra á venjulegum hraða á bílnum í öllum hæðarstillingum, en margir halda að það megi ekki), og sem dæmi þá er ég ekki hávaxinn og eftir að ég uppgötvaði að gott væri að setja bílinn í lægstu stellingu þegar honum var lagt var bæði betra að fara út úr bílnum og inn í bílinn þegar farið var á bílnum næst. Í flestum rafmagnsbílum er varað við því að aka yfir ár og öðru vatnasulli, en í Range Rover Sport PHEV má aka yfir ár og vera í vatnasulli í vatnshæð að 90 cm dýpt.

Meðaltalsmæling á 90 á bensínmótornum var 68,9 db og 65,9 á rafmagninu.

Miðað við verð og gæði bílsins hefði ég viljað sjá varadekk í bílnum en ekki bara rafmagnspumpu og þéttivökva.

Ekki alveg gallalaus

Þrátt fyrir mikið af alls konar búnaði til að gera bílinn þægilegan var ég afar ósáttur þegar ég varð þess áskynja að ég hefði verið að keyra bílinn án afturljósa. Það er ekki nóg að aka með ljósatakkann á auto, því ef úti er bjart þá eru engin afturljós á bílnum sem er ólöglegt og viðurlög við því er 20.000 króna sekt. Ef kveikt er á ljósunum til þess að fá afturljósin á þá verður að muna að slökkva þau því þau gera það ekki sjálfkrafa.

Bíllinn er án varadekks, en það eru nánast allir tvinnbílar líka, en persónulega finnst mér það mikill ókostur og óöryggistilfinning að aka um á varadekkslausum bíl. Ég hef áður sett á prent að varadekkslausa bíla ætti að banna og að bílar væru þannig útbúnir að ekki sé hægt að aka af stað fyrr en að bíllinn sé með löglegan ljósabúnað (ath. þetta er mín persónulega skoðun).

Helstu mál og upplýsingar

Lengd	1.803 mm
Hæð	1.803 mm
Breidd	2.220 mm

Verð og tækniupplýsingar

Range Rover PHEV P400e er uppgefinn fyrir að vera að eyða 3,6 lítrum á hundraðið við bestu aðstæður og að hægt sé að keyra allt að 51 km á rafmagninu áður en bensínvélin tekur við, en við íslenskar vetraraðstæður tel ég gott að ná 25 km á rafmagninu og gæti ég trúað að eyðslan sé nær 6 lítrum á hundraðið.

Verðið á Range Rover PHEV er frá rúmum 13.000.000 og upp undir 20.000.000, fer algjörlega eftir stærð vélar, innréttingu og útbúnaði, en bíllinn sem ég prófaði var sá ódýrasti, en samt með vél sem er yfir 400 hestöfl.

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Umferðin og hætturnar sem henni fylgja

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

Á hverju ári látast yfir 2,5 milljónir manns í umferðarslysum um heim allan og af þeim fjölda eru um 800.000 börn undir 12 ára aldri. Út frá þessum tölum vinna bílaframleiðendur og reyna með öllum ráðum og tilheyrandi kostnaði að hanna bílana sína eins örugga og hægt er.

Staðreyndin er sú að í flestum umferðarslysum er það ökumaðurinn sem er orsök slyssins. Mörg af þessum slysum hefði verið auðvelt að forðast með smá vinnu og heilbrigðri skynsemi. Síðastliðin 10 ár hafa látist í íslenskri umferð að meðaltali 12,3 árlega og síðustu 3 ár töluvert yfir meðaltali.

Þegar bíllinn er skafinn á morgnana þarf að skafa og hreinsa allt af bílnum

Þegar tölur um umferð eru skoðaðar, ástand vega og merkingar má sennilega fullyrða að við séum heppin að umferðin og ástand vega taki ekki fleiri líf. Mest er áberandi forvarnir yfir sumartímann, en sárlega vantar meiri fræðslu um vetrarakstur og þá staðreynd að sólin er lágt á lofti og blindar margan ökumanninn. Fræðsla eins og um það hversu áríðandi sé að allar rúður séu hreinar er vanmetin. Það að á köldum morgnum séu bílar í umferðinni með nánast óskafaðar rúður er gjörsamlega óafsakanlegt.

Fyrir nokkrum dögum gerði nokkurra gráðu hita í Reykjavíkurumferðinni og varð ég vitni að því að tveir bílar hlið við hlið stoppuðu á rauðu ljósi á Miklubrautinni og nærri fet á þykkt snjórinn af þaki beggja bílanna rann fram og byrgði þeim algjörlega sýn. Þetta tafði umferðina í smá tíma,

Bíllinn í Öxnadalnum er þarna 70–100 metra fyrir framan.

Komnir til Akureyrar, en ég sá oftar hvíta sendibílinn í Öxnadalnum en þann rauða sem kveikti ekki ljósin fyrr en stuttu fyrir myndatökuna.

en þeir sem þetta sáu gleyma þessu seint og skafa örugglega snjóinn af þaki bíla sinna fyrir næstu hláku.

Sólin lágt á þessum tíma árs

Á þessum tíma árs á góðviðrisdögum þegar sólin skín getur verið erfitt að vera í umferðinni. Sólin getur verið versti óvinur þeirra sem eru með skítugar rúður og rispaðar og því er það ágætis ávani að vera með þurran klút til að strjúka fint ryk af rúðum á morgnana áður en farið er út í umferðina og einnig að passa vel upp á að þurrkublöðin séu í lagi og nægur vökvi á rúðupissinu. Sjálfur legg ég mikið upp úr því sem atvinnubílstjóri að vera alltaf með hliðarrúður og spegla nýbónaða því að ég gæti aldrei fyrirgefið sjálfum mér ef ég mundi lenda í slysi vegna skítugra spegla og hliðarrúða.

Afturljósin verða að vera kveikt, annað er stórhættulegt

Þegar ferðast er á milli landshluta á þessum tíma árs er ekki óalgengt að ekið sé yfir fjallvegi þar sem er mikill lágskafrenningur og snjófjúk. Á þessum leiðum er hreinlega lífsnauðsynlegt við þannig aðstæður að allir bílar séu með afturljósin kveikt og helst skæra þokuljósið líka.

Ef einhver ekur fram á afturljósalausa bíla þá endilega að blikka þá aftanfrá í þeirri von um að stjórnandinn átti sig á því að hann sé ljóslaus að aftan og ekki bara á fjallvegum. Heldur alltaf ef ekið er fram á afturljósalausan bíl ætt alltaf að blikka hann með háuljósunum í þeirri von að ökumaðurinn átti sig á ljósleysinu og hættunni sem hann er að skapa sér og öðrum í umferðinni.

Margir gera sér ekki greinfyrir hættunni sem stafar af ljósleysi að aftan

Að vera ljóslaus að aftan á litlum bíl í lágskafrenningi er einfaldlega stórhættulegt ef að hár vöru- eða flutningabíll sem er með ökumanninn fyrir ofan skafrenninginn og hann sér vel niður á stikurnar er sá ökumaður nokkuð viss um stöðu sína á veginum og keyrir oft of hratt miðað við aðstæður, en skyndilega verður hann var við hvíta þúst á veginum sem ekur mun hægar. Þá er hans eina lausn til að forða slysi að keyra út af veginum vitandi það að það gæti kostað hann upp undir eina milljón að ná bílnum upp úr skaflinum á veginn aftur.

Fyrir rúmri viku fór ég norður í land og á leiðinni yfir Öxnadalsheiði varð ég var við að um 70 til 100 metra fyrir framan mig var bíll, samt sá ég aldrei nein afturljós, en stundum sá ég í rauðan toppinn á bílnum. Niður allan Öxnadalinn tók ég eftir að bílarnir sem á móti þessum bíl óku voru að blikka ljósunum á þennan bíl og það var ekki fyrr en við áttum um 20 km eftir á Akureyri að ég sá fyrst ljós aftan á þessum bíl. Hins vegar sá ég nokkrum sinnum í afturljósin á hvíta bílnum sem var um 100 metra fyrir framan þennan rauða bíl á þessari leið.

KROSSGÁTA Bændablaðsins

MYND: MARCIN KLAPCZYNSKI (CC BY-SA 3.0)

HÖFUNDUR BH • KROSSGATUR.GATUR.NET

				100	KLAUFA-LÉGUR	KÁL	HEIMTING	BOGI	GRIND		VAFI	LYKTAR	VERSLA	ÚT
				ÓGREINI-LEIKI										
				KONUNGUR						FLJÓTRÆÐI / LÓ				
				FRÆÐA				SKÖNNUN / BORÐA						
				AFHENTIRU							STÆLA / KAPÍTULI			
		SNÆDDI	GLUNDUR	ÁN / REIÐI-HLJÓÐ					RUSL / SAMTÖK					
SYSTUR-MAÐUR						ÞRÓTTUR	UNG-DÓMUR / NÓTERA					RÁNDÝR	HARLA	SJÚK-DÓMUR
MARÐAR-DÝR					FLAT-ORMUR / ÞAKBRÚN					ÍÞRÓTTA-FÉLAG / SÆGUR				
		ÓNÁÐA / TUNNUR							BIT / GLÆSI-LEIKI					
MATJURT				SKORDÝR / HRUMUR				RÆÐA / MYNT						AUGN-SJÚK-DÓMUR
UM-HVERFIS			VÖRU-MERKI / MÁLMUR			RISTIR / HAGGA					SARG / KÖTTUR			
ÓREGLA					STAMPUR / DÁ					GJALD-MIÐILL			MEIÐSLI	
FISKUR							STEFNA / Á FÆTI					LEYFIST / TVEIR EINS		
		HEILL								EINING				
ANGAN				STEIN-TEGUND					SKJÁLFA					

Lausn á krossgátu í síðasta blaði

MYND: RYAN HODNETT (CC BY-SA 4.0)

HÖFUNDUR BH • KROSSGATUR.GATUR.NET

				99	GORM	MESSÍAS	SKOLLANS	TVEIR EINS	TRÉ		HRESS	BLANDAR	INN-HVERFUR	MJÓG
				ÓGÓÐUR	S	J	Á	L	F	H	E	L	D	A
				KÚLU	P	E	R	L	U	SLEIT / Á FLÍK	R	A	U	F
				KÆLA	Í	S	A	KRÆKLA / SKRÁ	R	E	N	G	L	A
				VANALEG LEIR / FÁLMA	R	Ú	N	T	U	R	EYRIR / ÚTLIMUR	A	U	R
	V	ÁGÆTT	GÆTA / TVEIR EINS	P	A	S	S	A	BRAK / SPIL	M	A	R	R	STJAKA
AF-HENDING	A	F	S	A	L	KVIK-MYNDA-HÚS	NOKKRIR / ÁKÆRA	F	Á	I	R	AFSPURN	BÚ-PENINGUR	Ý
DÝRA-HLJÓÐ	T	Í	S	T	ELDS / NÆR ÖLL	B	Á	L	S	ALDIN-LÓGUR / ÞESSI	M	U	S	T
EMJENDUR	N	N	ÞÍÐA / ÖRLÁTUR	A	F	Í	S	A	RÆSKJA SIG / KIRTILL	H	U	M	M	A
HLÝÐIR	S	T	Ó	FUGL / KAPÍTULI	L	Ó	A	LJÓS / SKJÓL-LAUS	B	I	R	T	A	ÞÁTT-TAKANDI
	B	ATVIKAST	S	K	E	ÓGN	K	O	R	N	FÓSTRA / VELJA	A	L	A
SPERGILL	A	S	P	A	S	SPENDÝR / FUGL	A	P	I	FLÓTUR / FITA	H	L	I	Đ
BLAÐRA	K	J	A	F	T	A	STEFNA / UTAN	I	S	M	I	KRINGUM	Í RÓÐ	I
MANNS-NAFN	K	A	R	L	GYÐJA	R	Á	N	DUGLEGUR	Ö	T	U	L	L
RÓMVERSK TALA	I	L	ELJU-SAMUR	I	Đ	I	N	N	UMGERÐ	R	A	M	M	I

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR



Lambhagi

Helgi Jónsson (lést 1993) og Sjöfn Guðmundsdóttir keyptu Lambhaga vorið 1970 og hófu þar búskap með 21 nautgrip og 28 ær við bágborinn húsakost.

Helgi og Sjöfn eignuðust 6 börn og búa nú tveir synir þeirra í Lambhaga ásamt fjölskyldum sínum og móður og reka þau í sameiningu Lambhagabúið ehf. Í Lambhaga eru þrjú íbúðarhús og gripahús fyrir bústofninn. Núna er verið að byggja 1.700 m2 fjós fyrir tvo mjaltaþjóna og allt sem þeim tilheyrir og er áætlað að taka það í gagnið á komandi sumri.

Býli: Lambhagi.

Staðsett í sveit: Rangárvöllum, mitt á milli Hellu og Hvolsvallar.

Ábúendur: Sjöfn Guðmundsdóttir, Ómar Helgason og Margrét Harpa Guðsteinsdóttir. Börn: Kolfinna Sjöfn (12), Hafdís Laufey (7), Hrafnkell Frosti (5), Helgi Tómas (3). Björgvin Reynir Helgason og Dóra Steinsdóttir, börn: Ásberg Ævarr (7), Þorbjörg Helga (5), Steinn Skúli (2), Pétur Freyr (1).

Stærð jarðar? Um 450 hektarar, þar af um 280 hektarar ræktað land, hluti af því nýttur til beitar. Um 1970 var jörðin nánast öll sandur og ræktað land aðeins um 20 hektarar.

Ábúendur hafa verið iðnir í landgræslu og er nú nánast öll jörðin uppgrædd. Hafa einnig ræktað um 60 hektara af sandi frá Landgræðslu ríkisins og leigja og nýta nú sem tún.

Gerð bús? Blandað bú með áherslu á mjólkurframleiðslu og nautakjötsframleiðslu.

Sjöfn Guðmundsdóttir.

Fjöldi búfjár og tegundir? Um 450 nautgripir, þar af 95 mjólkurkýr og 75 holdakýr, 100 ær, 25 hænur, 3 hross, 2 „smalahundar“ og nokkrir kettir.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Mjaltir kvölds og morgna og gjöfum og öðrum tilfallandi verkefnum sinnt milli mjalta.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Öll verk sem tengjast vori og sumri skemmtileg, þegar vorlyktin er í lofti þá verður allt svo auðvelt og skemmtilegt. Leiðinlegast er þegar dýr eru veik (sjaldgæft, sem betur fer) og þegar skepnur tolla ekki þar sem þær eiga að vera.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Búskapur verður vonandi í svipuðu meiri. Með aukinni tækni verða störfin auðveldari.

Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda? Þátttaka í félagsmálum bænda er gefandi og skemmtileg, en því miður oft og tíðum vanþakklát. Starfsumhverfi bænda er háð pólitískum ákvörðunum og því frekar óstöðugt og þarf bændaforystan ásamt stjórnvöldum að vinna að því að gera þetta starfsumhverfi stöðugra. Landbúnaður snýst ekki bara um búskap í sveit því ansi mörg störf á landinu skapast af landbúnaði.

Ómar, Margrét og börn.

Dóra, Björgvin og börn.

Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni? Íslenskur landbúnaður er í stöðugri þróun og ýmis hagræðing mun eiga sér stað, t.d. við fóðuröflun, tækni og bústærð. Hreinleiki íslenskra landbúnaðarafurða mun fleyta okkur áfram.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara? Að markaðssetja íslenskar landbúnaðarafurðir sem dýrar, hreinar, lúxusvörur. Stærð íslensks landbúnaðar býður ekki upp á mikið magn til útflutnings.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Mjólkurvörur, egg, íslenskt grænmeti og SS pylsur, að sjálfsögðu.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Ýmsir réttir úr Lambhaga-nautahakki.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Þegar fæddust 6 kálfar á einum sólarhring, allir lifandi, og eins þegar 7 ær voru þrílembdar sama daginn.

MATARKRÓKURINN

Chili-lambalundir „tacos“ með balsamic-rúsínum

Bjarni Gunnar Kristinsson
Matreiðslumeistari

Lambakjöt er frábært í kryddaða rétti eins og taco. Lambið heldur bragðinu í bland við kryddið og hvort sem notað er hakk eða hægeldaður vöðvi – eða jafnvel lambalund snöggelduð á pönnu eða grilli.

Lambakjötið er framreitt með mjúkum taco-vefjum sem eru eins konar pönnukökur úr maís, en oftast notað hveiti á Vesturlöndum. Vefjurnar fást í öllum matvöruverslunum. Vefjurnar eru fylltar með ljúffengu lambi, í chili-kryddlegi með ferskum lime-safa. Það er hægt að bæta við kryddlögðum rúsínum og sýrðum rjóma til að fullkomna réttinn.

Þetta er líka frábær réttur með nauti eða svínakjöti.

Kryddað lambakjöt

- 2 matskeiðar fennelfræduft
- 1 matskeið appelsínu- eða sítrónusafi
- 1/2 tsk. cumin fræ, möluð
- 1/8 teskeið negull, malaður
- 1/8 teskeið paprikuduft
- 3 rif hvítlaukur, marin eða fínt söxuð
- 1 matskeið edik (hvítvíns eða epla)
- 1 tsk. salt
- 1/2 tsk. pipar
- 1 tsk. sítrónu- eða limesafi
- 1/2 tsk. sítrónu- eða limebörkur
- 1 msk. góð chilisósa að eigin vali
- 300 g lambakjöt (lundir)
- 2 saxaðir chilipipar

- 1 laukur, saxaður
- 3 lárviðarlauf
- 6 korn „tortillas“ vefjur (má nota hveiti pönnukökur)
- Balsamic rúsínur (niðurlagðar í smá ediki)
- 3 msk. kóríander, saxað
- 3 msk. saxaður hvítlaukur
- ½ bolli grænar ólífur, saxaðar (má sleppa)
- 2 msk. rúsínur
- ½ bolli balsamic edik
- Limesafi til að bragðbæta með eftir smekk (½ til 1 lime)
- Sýrður rjómi

Aðferð

Blandið saman fyrstu 12 innihaldsefnum til að mynda kryddlög. Nuddið lambi og kryddi saman, látið helst leggja yfir nótt, eða í um það bil átta klukkustundir. Hitið tvær matskeiðar af olíu á pönnu og brúnið lambakjötið (má nota grill). Ef panna er notuð, bætið söxuðum lauk út á hana og léttsteikið. Eldið á lágum hita þar til lambið er eldað eftir smekk. Setjið rúsínur og balsamic-edik í pott. Hitið og látið gufa upp þar til balsamic-edikið er orðið helmingur af upprunalegu magni. Fjarlægðu rúsínur með skeið, notið edikið sem salatdressingu ásamt smá olíu.

Framreiðið með ólífum, kóríander, lauk og limesafa. Framreiðið volgar vefjurnar með áleggi og jafnvel salsa.

Avókadó er ávöxtur

Avókadó er næringarríkur ávöxtur, ekki grænmeti, sem tilheyrir ættkvíslinni Persea, Lauraceae fjölskyldunni – og er í raun ber. Svo gott er að setja avókadó í smoothie, og jafnvel í eftirrétti.

Súkkulaðimús er sett í súkkulaðiskeljar, sem eru gerðar með því að nota húðina af avókadó (þú þarft ekki einu sinni að kaupa mót fyrir þessa uppskrift).

Hér erum við með vegan-súkkulaðiuppskrift sem er nokkuð holl og jafnvel það góð að börn elska hana (uppskriftin er ekki vegan ef notaður er rjómi í súkkulaðisósuna, en hægt að nota kókósmjólk).

Avókadó-hvítsúkkulaðiegg

Þetta er frábær uppskrift, það tekur ekki einu sinni langan tíma að undirbúa hana. Ég myndi mæla með að borða hann sama dag því avókadó getur misst litinn við geymslu.

Að framreiða í súkkulaðiskel er mjög fallegt. Allt sem þú þarft að gera er að hreinsa hálfan avókadóbörk og þá smyrja hann að innan með svolitlu af bræddu súkkulaði. Látið kólna og harðna, fjarlægið svo börkinn og þá eruð þið með fallegar súkkulaðiskeljar.

Avókadó-súkkulaðimúsin er með aðeins fimm hráefni og bragðast guðdómlega.

Að gera avókadó-súkkulaðiegg er frábær skemmtun, sérstaklega fyrir páskana.

Fyrir fjögur avókadó-súkkulaðiegg:

- Tvö þroskuð og mjúk avókadó
- 150 g hvítt súkkulaði
- 40 g sykur eða eitthvað annað hollt sætuefni, svo sem maplesíróp eða agavesíróp
- 25 g kakósmjör eða kókosfeiti
- 2 tsk. vanilluþykkni

Aðferð

Passa að nota tvö þroskuð og mjúk avókadó-aldin og skera þau í tvennt. Gakktu úr skugga um að þú haldir berkinum óskemmdum þar sem þú þarft að nota hann síðar.

Aldinkjötið er tekið úr berkinum og sett til hliðar. Hreinsið börkinn vel og setjið til hliðar.

Hitið upp 150 g af dökku súkkulaði í vatnsbaði (þið getið líka notað örbylgjuofn en verið varkár að súkkulaðið brenni ekki, best að taka það út áður en það er alveg bráðnað og hræra aðeins í því.)

Penslið eða notið skeið til að setja bræddu súkkulaðið inn í börkinn. Penslið súkkulaðið í kring til að ganga úr skugga um að hliðarnar séu vel hjúpaðar.

Setjið í frysti þar til það er hart en það tekur innan við 30 mínútur.

Hvít súkkulaði-avókadómús

Blandið saman avókadó, kókosfitu, vanilluþykkni og hlynsíróp í matvinnsluvél og maukið þangað til allt er slétt.

Bræðið hvítt súkkulaði í vatnsbaði. Setjið aðeins til hliðar til að kæla það. Þú getur einnig brætt súkkulaði í örbylgjuofni í 20 sekúndur í einu og hrært á milli.

Blandið maukinu saman við hvíta súkkulaðið. Hellið blöndunni í glös eða avókadó-súkkulaðiskel og látið kólna í kæli í um fjórar klukkustundir. Skreytið með eigin vali, flott er að taka smá úr músinni með heitri skeið og fylla með bræddu súkkulaði og rjóma til að líkja eftir avókadó steini.

HANNYRÐAHORNIÐ

Ungbarnateppið Nótt

Ungbarnateppi prjónað úr 2 þráðum af Drops Baby Merino eða Drops Nord. Stykkið er prjónað með gatamynstri.

Stærð: ca 43x50 (68x80) cm.

Garn: Drops Baby Merino: 200 (300) g EÐA

Drops Nord: 200 (350) g

Prjónar: Hringprjónn 60-80 cm, nr 5

Allt teppið er prjónað úr 2 þráðum, fram og til baka.

TEPPI:

Fitjið upp 73 (115) lykkjur á hringprjón nr 5 með 2 þráðum af Baby Merino eða Nord. Prjónið 4 umferðir Næsta umferð er prjónuð frá réttu þannig: 3 kantlykkjur með garðaprjóni, prjónið A.1 yfir 4 fyrstu lykkjurnar, prjónið A.2 þar til 6 lykkjur eru eftir af umferðinni (= 10 (17) mynstureiningar með 6 lykkjum), prjónið A.3 yfir næstu 3 lykkjur og endið með 3 kantlykkjur með garðaprjóni. Haldið svona áfram með mynstur þar til stykkið mælist ca 49 (79) cm (eða að óskaðri lengd) – endið eftir heila mynstureiningu á hæðina. Prjónið 4 umferðir garðaprjón, fellið síðan af með sléttum lykkjum frá réttu.

Teppið mælist ca 50 (80) cm ofan frá og niður.



Mynstur

□ = slétt frá réttu, brugðið frá röngu

□□ = á milli 2 lykkja er slegið 1 sinni uppá prjóninn, í næstu umferð er uppslátturinn prjónaður brugðinn svo að það myndist gat

▨ = 2 lykkjur slétt saman

▨ = takið 1 lykkju óprjónaða eins og prjóna eigi hana slétt, prjónið 1 lykkju slétt, steypið óprjónuðu lykkjunni yfir lykkjuna sem var prjónuð

◢ = takið 1 lykkju óprjónaða eins og prjóna eigi hana slétt, prjónið 2 lykkjur slétt saman, steypið óprjónuðu lykkjunni yfir lykkjurnar sem prjónaðar voru saman

Létt

			1			4		
1	5	8		2		7		
				5	7	3		
3	2		5		4		8	1
8		6				5		9
7	1		6		9		4	3
		3	7	9				
		1		4		8	6	7
		2			6			

Miðlungs

	9		4		7		1	
7								9
	1	2				8	4	
		1		3		7		
	5		6		4		8	
		7		9		4		
	7	8				9	5	
6								3
	2		7		5		6	

Þung

	2		4			6		3
1				8				7
			6				1	
5		4			3			
	9						7	
			1			2		5
	3				8			
8				7				9
4		1			9		8	

Þyngst

2	3			9				
				4	1			
6								
	8	2			1			
9				3				2
			7		9	5		
								3
		7	5					
				2			4	6

Sudoku

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

Gaman á hestbaki

Jóhönnu Ellen finnst gaman að fara á hestbak og leika við hundinn sinn.

Nafn: Jóhanna Ellen.

Aldur: 12 ára.

Stjörnumerki: Vog.

Búseta: Breiðabólsstaður á Síðu.

Skóli: Kirkjubæjarskóli á Síðu.

Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum? Sund og myndlist.

Hvert er uppáhaldsdýrið þitt? Hestur.

Uppáhaldsmatur: Sushi og pitsa.

Uppáhaldshljómsveit: Migos.

Uppáhaldskvikmynd: Hairspray.

Fyrsta minning þín? Í fyrsta skiptið sem ég fór á hestbak hjá Finni frænda mínum í Vík.

Ærir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri? Já, æfi blak og fótbolta og er að læra söng og píanó.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór? Ég ætla að verða myndlistarkona og rannsóknarlögreglukona.

Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert? Þegar ég var að klifra í tré en datt og tognaði á hné.

Gerir þú eitthvað skemmtilegt í sumar? Vonandi fara til útlanda og til Akureyrar.

Næst » Jóhanna Ellen skorar á Bjarka Snæ Sigurðsson bekkjarfélaga sinn að svara næst.

LESENDABÁS

Leiðrétting vegna greinar í síðasta Bændablaði:

Ómaklega vegið að stjórnarformönnum

Í síðasta Bændablaði birtist grein eftir Harald Magnússon bónda, Belgsholti og fulltrúa í gömlu MS og síðar Auðhumlu. Með greininni láðist að birta töflu með tölum úr ársreikningi Auðhumlu-samstæðu með KS sem sýndi niðurstöður áranna 2007 til 2018. Er höfundur beðinn velvirðingar á þeim mistökum og taflan birt hér ásamt annarri töflu sem fylgdi greininni.

Ómaklega vegið að stjórnarformönnum

Haraldur sagði í inngangi greinarinnar að fyrrverandi stjórnarformaður, stjórnarmaður og framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda, sem hann kallar þríhöfða, hafi vegið ósmekklega að núverandi stjórnarformönnum MS og Auðhumlu, í aðsendum pistli í Bændablaðinu 14. janúar og hafi vænt þá um framkvæmdaleysi eftir að þeir tóku við síðasta sumar.

„Staðreyndin er sú að fráfarandi stjórnarformaður ásamt meirihluta stjórnar var nánast búinn að keyra fyrirtækin í þrot með sinni einstrengingslegu afstöðu um greiðslu á umfram mjólk, sem hefur kostað MS og Auðhumlu um 1250 milljónir frá 2013. Halli á fyrstu 6 mánuðum síðasta árs var um 700 milljónir og fjárhagsstaðan í samræmi við það þannig að það var enginn möguleiki á að fara í nýbyggingu á þeirri duftverksmiðju sem þríhöfði vænir þau um að hafa ekki farið á stað með.“

Í niðurlagi greinarinnar er klausa sem vísar til töflunnar, en þar segir:

Óheft framleiðsla ekki til bóta

„Ég skora á bændur að láta undanfarin ár kenna okkur að óheft framleiðsla getur aldrei verið til hagsbóta fyrir greinina í heild. Kjósum því framleiðslustýringu áfram og komum á eðlilegri aðferð til að færa kvóta á milli manna. Ég set hér samantekt úr ársreikningum Auðhumlusamstæðunnar þar sem kemur fram að ætluð samanlögð rekstrarniðurstaða frá 2007 til 2018 er neikvæð um tæpar 104 milljónir ef söluhagnaður af osta og smjörsöluhúsinu er dregin frá, því um eignasölu er að ræða og um einskiptis tekjur, en ef hallinn á umfram mjólkinni er dreginn frá hefði rekstrarniðurstaðan orðið 1146 milljónir í tekjuafgang. Þá hefði verið hægt að byrja á duftverksmiðjunni. Set hér líka töflu sem ég tók af heimasíðu SAM um framleiðslu, sölu á próteini, fitu og mismun á fitu og próteinsölu ásamt mismun á framleiðslu og þeim efnaþætti sem meira selst af frá 2005 til 2018. Þar kemur fram að árið 2013 voru framleidd 2,1 milljón lítra umfram fitusölu það ár, þannig að smjörskortur var bara birgðastýringarmistök.“

***Haraldur Magnússon** bóndi, Belgsholti og fulltrúi í gömlu MS og síðar Auðhumlu“*

Tölur úr ársreikingi Auðhumlu samstæðu með KS

2007 - 2018	Ár	Rekstrarniðurstaða samstæðu með KS í milljónum kr.	
	2007	-195.501	
	2008	-791.931	
	2009	-492.463	
	2010	113.948	
	2011	234.017	
	2012	441.820	
	2013	299.340	
Rekstrarstyrkur eigenda	2014	435.159	
	2015	-136.918	
	2016	363.728	
	2017	-155.142	
Áætlun	2018	100.000	
	Samtals:	**216.057**	
Söluhagnaður Osta og smjörsöluhúss:		**-320.000**	**2016**
Rekstrarniðurstaða án Osta og smjörsöluhúss:		**-103.943**	
Tap af umframmjólk:		**1.250.000**	
Rekstrarniðurstaða án taps af umframmjólk:		**1.146.057**	

	innvigtun	Sala á próteini	Sala fitu	Efnahalli	Efnahall	Mism á prót	Mism á fitu
	Milj lítr	Milj lítr	Milj lítr	Prót milj lítr	af framl	sölu og framl	sölu og framl
Ár						Milj lítra	Milj lítra
2005	109,5	112,3	100,8	-11,5	-10,50%	-2,8	8,7
2006	117,1	113,2	103,9	-9,3	-7,94%	3,9	13,2
2007	124,8	114,8	108,7	-6,1	-4,89%	10	16,1
2008	126,1	117,1	112,2	-4,9	-3,89%	9	13,9
2009	125,6	117,7	115,5	-2,2	-1,75%	7,9	10,1
2010	123,3	114,7	110,7	-4	-3,24%	8,6	12,6
2011	124,8	113,7	111,5	-2,2	-1,76%	11,1	13,3
2012	125,1	115,1	114,1	-1	-0,80%	10	11
2013	122,9	117,6	120,8	3,2	2,60%	5,3	2,1
2014	133,5	121,2	128,9	7,7	5,77%	12,3	4,6
2015	146	122,6	132,8	10,2	6,99%	23,4	13,2
2016	150,3	129	139,2	10,2	6,79%	21,3	11,1
2017	151,1	132,1	145,1	13	8,60%	19	6
2018	152,4	129,5	144,8	15,3	10,04%	22,9	7,6
Tölur af vef Sam					**Samtals milli lítra**	**160,8**	**121,6**

Bændablaðið
Smáauglýsingar
56-30-300

Skógrækt er skemmtileg tómstundaiðja

Ræktun trjáa er ein af skemmtilegustu tómstundum sem unnt er að finna sér í lífinu. Einstaklega ánægjulegt er að vinna með þeim yngri og glæða áhuga þeirra fyrir lífsstarfsemi þessara mikilvægu lífvera í umhverfi okkar sem taka nokkurn tíma að dafna og þroskast.

Í landi Hvamms í Skorradal. Myndin var tekin skömmu fyrir síðustu jól. Sjá má vel gróinn veg og í grasinu má greina sjálfsáðar trjáplöntur, mest stafafuru.

Fyrir meira en hálfri öld setti eg fyrstu trjáplönturnar mínar niður. Foreldrar mínir höfðu keypt um miðjan sjöunda áratug dálitla spildu í landi Vatnsenda innan lögsagnarumdæmis Kópavogs. Mikið var ég stoltur af þessum trjáplöntum sem voru keyptar í gróðrarstöð og var plantað í þráðbeina röð meðfram girðingunni um austanverða spilduna sem var einungis 1500 fermetrar. Faðir minn fékk bóndann á Vatnsenda eða einhvern á hans vegum til að plægja upp lungann af norðanverðri spildunni og þar ræktuðum við rófur og kartöflur nokkur sumur. Þetta var mikið ævintýri fyrir mig enda var ég á þessum árum mjög áhugasamur um alla ræktun eftir að hafa verið þrjú sumur í sveit, eitt sumar vestur í Arnarfirði og önnur tvö á sama bæ austur í Hreppum. Á þeim bæ las ég nánast allt sem varðaði landbúnað og ég rakst á og drakk í mig mikilvægan fróðleik. Ótalmarga árganga af landbúnaðarritinu Frey sem og Fræðslurit Búnaðarfélagsins um hin margvíslegu efni urðu til að auka áhuga minn fyrir ræktun. Þetta var mjög skemmtilegt enda mjög mikið um nytsaman fróðleik um nánast allt frá ræktun kartaflna og val hrúta sem og góð ráð við tilhleypingar. Og þarna var töluvert um grastegundir og góð ráð við að ná góðum árangri. Og í Frey voru ótalmargar greinar um nýjungar í landbúnaði og á Suðurlandi voru á þessum árum miklar vonir bundnar við súgþurrkun. Tómstundir milli verkefna og anna voru gjörnýttar til lestrar þá rigningar gengu yfir sem ekki eru óalgengar á Suðurlandi enda þar mörg regnplássin.

Oft fór ég á reiðhjólinu mínu úr Hlíðunum þar sem ég bjó ásamt foreldrum og systkinum mínum, annaðhvort inn Sogaveginn eða Bústaðaveginn og þaðan um Blesugrófina og áfram Útvarpsstöðvarveginn sem lá beina stefnu á sendimöstrin efst á Vatnsendahvarfi. Nokkru neðan við það sveigði malarvegurinn skáhallt í átt að Rjúpnahæð og áfram niður í átt að Kjóavöllum. Þar voru vegamót þar sem eystri leiðin var meðfram og ofan Elliðavatns í átt að Árbæjarhverfinu en sú vestari í átt að Vífilsstöðum og Vífilsstaðavatni. Við sunnanverð þessara vegamóta var spilda foreldra minna og bar númerið 240 í landi Vatnsenda. Þetta var skammt norðan við stóra íþróttahúsið sem nú má sjá, ekki langt frá Guðmundarlundi. Því miður var öllu mokað burt, girðingum, húsum sem og gróðri enda stóð mikið til á árunum kringum aldamótin í Kópavogi og mikið byggt.

Innan sömu girðingar í þessari spildu var önnur jafnstór og þar var einnig mikill áhugamaður um garð- og trjárækt. En einn góðan veðurdag var kominn þangað maður í litla gráa húsið og hafði önnur áhugamál og verkefni. Þar var kominn Steinar Sigurjónsson rithöfundur og var nokkuð fyrir brennivínið enda ritaði hann í húsinu skáldsöguna „Blandað í svartan dauðann“ og er það önnur saga.

II

Þó svona færi með fyrstu tilraunina mína til trjáræktar í landi Kópavogs sem lauk á fremur dapurlegan hátt var ekkert til fyrirstöðu að vera áfram við þessa skemmtilegu tómstund þó allmörg ár liðu uns þráðurinn var tekinn upp að nýju. Í ársbyrjun 1983 flutti ég ásamt maka mínum nýgift í Mosfellsbæ. Þar höfum við búið allar götur síðan, alltaf á sama stað í fremur litlu en fallegu raðhúsi með ofurlitlum garði. Við vorum næstu áratugina mjög virk sem sjálfboðaliðar í ræktunarstarfi á vegum Skógræktarfélags Mosfellsbæjar. Á hverju vori tókum við þátt í að planta þúsundum trjáplantna sem nú prýða vestanvert Úlfarsfell og víðar eins og við Fossá í Hvalfirði sem skógræktarfélagið okkar átti hluta í ásamt öðrum skógræktarfélögum. Hugur okkar hjóna var ætíð bundinn mjög við að bæta landið með dálitlu vinnuframlagi okkar. Konan mín var af góðu ræktunarfólki í Þýskalandi komin og þessi sameiginlegu áhugamál voru okkur mjög mikilvæg og ánægjuleg ásamt börnunum okkar sem nú eru komin á fertugsaldur. En eftir nær tveggja áratuga sjálfboðaliðastarf ákváðum við vorið 2002 að festa kaup á spildu í landi Hvamms í Skorradal sem þá var til sölu.

Meðfylgjandi mynd er tekin nú skömmu fyrir síðustu jól. Sjá má vel gróinn veg og í grasinu má greina sjálfsáðar trjáplöntur, mest stafafuru.

Vegurinn var lagður sumarið 2002, eða fyrir rúmum 16 árum. Þá voru stafafururnar sem fjærst eru á myndinni töluvert lægri. En þeim hafði verið plantað á vegum Skógræktarinnar nokkrum áratugum áður meðfram nýgröfnum skurði sem grafinn hafði verið gegnum hallandi mýrlendi sem er í landi Hvamms við norðanvert Skorradalsvatn. Aðstæður þarna við norðanvert Skorradalsvatn er um 2ja metra þykk mýri og þar undir er ófrjór jökulruðningur. Jarðklaki nær sjaldan langt niður en fer tiltölulega snemma á vorin. Kjörnar aðstæður fyrir trjárækt enda hafa þær dafnað einstaklega vel.

Nokkrum árum eftir að vegurinn hafði verið lagður fór að bera á að sjálfsánar trjáplöntur festu rætur af frækjum sem féllu þar niður af stóru stafafurunum handan skurðarins. Flutningur trjáa er alltaf vandmeðfarinn og því þarf sérstaklega að huga vel að lágmarka hnjask og þá sérstaklega að rótarkerfið sé sem heillegast og verði ætíð í raka meðan á flutningi stendur. Jafnskjótt og klaki hefur farið úr jörðu hef ég grafið þessar sjálfsánu trjáplöntur á hverju vori upp með rótum og flyt í annað land þar sem nóg er rýmið. Þar hef ég haft þann háttinn á að fylla hjólbörur að hálfu af fínlegum leir úr skurðinum og legg ræturnar jafnóðum þar. Þá hafa plönturnar tækifæri til að draga í sig mikið af vatni og næringarefnum. Þegar þessu er lokið er flutningur suður undirbúinn og hef ég notast við hæfilega stórar fötur úr Múrbúðinni og læt dálítið af rökum leir með til að koma í veg fyrir að ræturnar þorni en þá er auðvitað voðinn vís.

Eftir flutning suður í aðra spildu þá er komið að því að planta og hef ég allt að tvo metra milli trjáplantna enda getur stafafuran orðið að stóru og vaxtarlegu tréi gangi allt að óskum. Er nú svo komið að eftir nokkur vor er þessi viðbótarauknings skógarins míns komin í nokkra hektara og vænti ég þess að þar verði smám saman verðmætur skógur.

Reynslusaga frá Svíþjóð

Stafafuran er í dag verðmætasta trjátegundin í sænskum skógum. Nytjaskógrækt miðast við að velja verðmætustu tegundirnar sem gefa bæði af sér góðan og vandaðan við. En umfram allt er stafafuran sem er tiltölulega fljótvaxin og vex hraðar en rauðgrenið sem er upprunaleg trjátegund og sú algengasta í Skandinavíu. Og vöxturinn verður að vera góður og reynslan af trjátegundinni góð. Er nú svo komið hjá Svíum að stafafura er einna mest plantaða trjátegundin t.d. hjá MoDoSkog sem er langstærsta fyrirtækið í sænskum timburiðnaði. Sem dæmi má nefna að í sænskum timburiðnaði er stafafuran orðin verðmætasta trjátegundin og hefur þokað rauðgreninu frá að vera verðmætasta trjátegundin. Rekur þetta stóra fyrirtæki starfsemi allt frá gróðrarstöðum og sögunarmyllum til pappírsframleiðslu og prentsmiðja.

Við vorum nokkrir Íslendingar sem nutum boðs stjórnenda MoDoSkog til Vigdísar Finnbogadóttur sem forseta að héðan kæmu allt að 8 Íslendingar, félagar í Skógræktarfélagi Íslands. Við vorum fimm sem þáðum þetta mikilvæga boð og kynntum okkur starfsemi þessa fyrirtækis vorið 1993. Við förum víða um skóga Svíþjóðar um 300 km norður af Stokkhómi og kynntumst við sænskum timburiðnaði frá fræi til fullunninna afurða. Var ótrúlegt að sjá stórtækar vélar vinna í náttúrunni þar sem jarðvegur var undirbúinn fyrir plöntun. Í fyrsta skipti sá ég sérstaka plöntustafi sem hafa verið nefndar gysjur. Skógariðnaður er mjög mikilvægur í sænsku efnahagslífi og mættum við Íslendingar læra margt af Svíum. Við eru nánst rétt komin yfir byrjunarreit hvað skógarnytjar varða. Þessi ferð var okkur öllum mjög eftirminnileg og má lesa um þá för í Ársriti Skógræktarfélags Íslands það ár. Það má sjá á heimasíðu Skógræktarfélags Íslands: www.skog.is - Útgáfa - Skógræktarritið. Því miður er Skógræktarritið ekki enn komið á timarit.is.

Á Íslandi gætum við með aukinni skógrækt komið okkur upp mjög verðmætum skógum enda er Ísland í miðju barrskógabeltinu svo undarlegt sem það er og kemur líklega mörgum á óvart. En það voru landfræðilegar ástæður sem stóðu í vegi fyrir því að hingað til lands barst ekkert af frækjum barrtrjáa eftir ísöldina. Atlantshafið var einfaldlega of breitt að hvorki vindur né fuglar himinsins gátu borið hingað fræ. Það gerist fyrst og fremst eftir heimsstyrjöldina síðari að hér hefst skógrækt. Fyrstu árin var eiginlega mikilvæg tilraunastarfsemi í skógrækt en um miðja öldina var ljóst að hér eru kjöraðstæður fyrir mjög margar trjátegundir.

Meira síðar.
Guðjón Jensson

STARFSMENN
til fjölbreyttra starfa um lengri eða skemmri tíma
PROVENTUS
Starfsmannaþjónusta
551 5000
proventus@proventus.is
Ármúla 15, 108 Reykjavík
www.proventus.is

SUEVIA
Vantsdallur
SU10000123
Verð kr. 6.516
Útsölustaðir:
Landstólpi - Egilsstöðum
Vélaval - Varmahlíð
LANDSTÓLPI
480 5600

www.bbl.is

Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | **Netfang:** augl@bondi.is | **Veffang:** www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is
Verð: Textaauglýsing kr. 2.300 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 5.700 texti + mynd.
Skilafrestur: Fyrir kl. 16.00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.

Til sölu. Erum með tvo grillskála á útsölu, tilvaldir til að lengja grill-tímabilið út árið. Verð 756.000 kr. Eigum einnig 60m² bílskúr á gamla verðinu. Standard stærðir: 40m², 60 m², 84 m², 112 m², 140 m² Einnig nokkrar stærðir af hesthúsum og reiðskemmum. Fermetraverð byrjar í ca. 19.500 kr. + vsk. Í óeinangruðu. Tökum einnig við sérpöntunum. Upplýsingar fást á vefsíðunum www.bruarsmidir.is og www.sparenergihus.dk Netföng: raggi@bruarsmidir.is og grs@sparenergihus.dk eða í síma 862-8810, Ragnar.

Til leigu er 40 hektara land í Fljótshlíð, þar af um helmingur gamalræktuð tún. Hægt að nýta til slægna og/eða beitar. Mikil náttúrufegurð og stuttar og langar reiðleiðir í allar áttir. Áhugasamir sendi póst á ehgrein@gmail.com.

Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf, s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Traktorsdrifnar rafstöðvar (Agro-Watt), www.sogaenergyteam.com - stærðir: 10,8 kW – 72 kW. Stöðvarnar eru með eða án AVR (spennujafnara). AVR tryggir örugga keyrslu á viðkvæmum rafbúnaði t.d. mjólkurþjónum, tölvubúnaði, nýlegum rafsuðum o.fl. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.

Gæðaflísar á góðu verði. Endilega hafið samband í síma 861-7375.

Liprar og léttar fjárgrindur. Hægt að krækja saman án aukahluta. Breidd 180 cm. Hæð 90 cm. Verð pr. stk kr. 7.900 án vsk. Ef keyptar eru 10 grindur eða fleiri, verð pr. stk. kr. 6.900 án vsk. Aurasel ehf. Pöntunarsímar 899-1776 og 669-1336.

Varmakubbar fyrir sökkla og veggi. Þeir stærstu á markaðnum og 40% sparnaður í vinnu. Uppl. nudura@aske.is eða í síma 660-1100, ASKE ehf.

Sprinter, 4x4, árg. 2012, ek. 100þ, Master, árg. 2016 ek. 47 þ. km og Sprinter, árg. 2013, ek. 90 þ. km til sölu. Fást á góðu verði. Uppl. í síma 773-5901.

Traktorsdrifnar dælur í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum fyrir magndælingu á vatni, skolpi, sjó, olíu. Háþrýstar dælur fyrir vökvun og niðurbrot í haughúsum. Slöngubúnaður með hraðkúplingum, flatir barkar á frábæru verði, 2" – 3" – 4". Allur búnaður fyrir vökvun á ræktunarsvæðum. Haugdælur með vacuumbúnaði. Aðrir aflgjafar: Rafmagn, bensín/dísil, glussaknúnar (mjög háþrýstar). Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir iðnað og heimili. Gerum einnig við allar dælur. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Sprinter 519. 19 + 1, árg 2016 (júlí), ekinn 40 þ. km. Toppbíll, 5.5 tonna útgáfan. Verð 8,2 milljónir kr. + vsk. Nánari uppl. í síma 893-6957.

Tilboð Suzuki XL7, árg. 2005, 7 manna, ekinn 165 þúsund. Ameríkutýpa. Uppl. í síma 697-3177. Verð 490.000 kr.

Fjárhúsmottur. Verð kr. 9.350 stk. m. vsk (kr. 7.540 án vsk). Tilboð = Frír flutningur. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.

Hesthúsainnréttingar. 2 stóðhesta og 4 venjulegar. Málin eru 190x240. Staðsettar á Egilsstöðum. Frekari uppl. í síma 863-3681.

Háþrýstiþvottadælur fyrir allan iðnað. Öflugar og vandaðar dælur á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com. Aflgjafar: Rafmagn, Honda bensín, Yanmar dísil, aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bar. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Innihrærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt: 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hrærurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is / www.hak.is

Rafstöðvar með orginal Honda-vélum og Yanmar dísil á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf., www.hak.is, s. 892-4163, netfang: hak@hak.is

Til sölu hitaeliment fyrir heitt vatn, með 4 viftum. Málin á elimenti er 4100 mm x 1520 mm. Mótorar eru 4 X 2,2 kW. Hentar fyrir þurrkara til að þurrka korn eða hita upp stór rými. Uppl. í síma 892-3387.

KRAFTVÉLAR

Til sölu

CaseIH
Farmall A115

- Árgerð: 2017
- Hestöfl: 114
- Vinnustundir: 180
- Cirkassi: 12×12
- Vökvaúttök: 6
- Aflúttakshraðar: 540/540E
- Loftpúða sæti
- Farþegasæti
- 6 vinnuljós
- Dekk 440/65R24 og 540/65R34

Verð:
4.890.000.- kr. án vsk.

New Holland
T6010 Delta

- Árgerð: Desember 2007
- Hestöfl: 100
- Vinnustundir: 7.321
- Alö Q45 ámoksturstæki
- Vökvaskiptur gírkassi 16+16
- Vökvavendigír
- 3 vökvaventlar (6 úttök)
- Vökvaútskotinn dráttarkrókur
- Aflúttakshraðar: 3
- Loftkæling í húsi
- Loftpúðasæti ökumanns
- Dekk: 480/65R28 600/65R38
- Einn eigandi

Verð:
3.890.000.- kr. án vsk.

Dalvegur 6-8 / 201 Kópavogur
Draupnisgata 6 / 603 Akureyri
Sími 535 3500
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

Til sölu hlaupaköttur, nýr og ónotaður eins og á mynd. Lyftir 1500 kg, bitar og fylgihlutir, rafmagnsbraut og fjarstýring fylgja með. Uppl. í síma 892-3387.

Vagnar og stálgrindahús frá WECKMAN Steel

STÁLGRINDAHÚS
Fjöldi stærða og gerða í boði

RÚLLUVAGNAR – LÖNDUNARVAGNAR
Stærð palls 2,55 x 9,0 m

STURTUVAGNAR
Burðargeta 6,5 – 17 tonn

H. Hauksson ehf
Vikurhvarfi 5 • Kópavogi • Sími 588 1130
hhaukssoneh1@simnet.is

Haughrærur galvaníseraðarmeð eikarlegum. Búvís ehf. Sími 465-1332.

Göweil brýnsluvélar fyrir rúlluvélahnífana. Verð kr. 272.000 án vsk. Tryggið ykkur eintak fyrir heyskapinn 2019. Nánari upplýsingar í s. 465-1332.

Samasz snjótennur. Verð frá kr. 666.000 án vsk. Búvís, sími 465-1332.

Samasz snjóplógar. Verð frá kr. 495.000 Búvís, sími 465-1332.

Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt: 1,3 - 4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Taðgreip, Breiddir: 1,2 m til 2,5 m. Mjög vandaður og sterkur búnaður, framleiddur í Póllandi. Allar festingar í boði, festingar og slöngur fylgja. Eigum greipar á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Skotbómur á vinnuvélar. Sérsmíðaður vandaður búnaður frá Póllandi. Allarfestingar fáanlegar. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. S. 892-4163. hak@hak.is - www.hak.is

Til sölu 90 kW glussadælustöð, 100 l, 250 bör. Uppl. í síma 892-3387.

Til sölu hakkari, 2000 mm X 3600 mm. Hentar til hökkunar á brotmálmi og plasti, knúinn með dælustöð. Uppl. í síma 892-3387.

Kerra 2 x 1,06 m. Nýtt og ónotað. Dekk 155/70 R13. Einn öxull, burðageta 750 kg, lengd 200 cm, breidd 106,6 cm, viðargólf/non slip, skjólborð nær 30 cm upp. Bogar og segl fylgja með í poka. Verð 180.000 kr. Uppl. í síma 699-4789.

Sólpallaefni úr plasti, brúnt, nýtt og ónotað. Lengd 240 cm, breidd 14 cm, þykkt 2,5 cm. Fermeterinn er á 9.000 kr. m. vsk. Hef umtalsvert magn til sölu. Uppl. í síma 699-4789.

Til sölu frábær Polaris fjölnota græja sem hentar vel til vinnu eða til annarrar notkunar, 2018 árg., ekinn 920 km, dráttarvélaskráning, 3 manna með sturtupalli, spil með fjarstýringu, loftdæla, hálfrúða, dráttarkrókur, álkassi, mismunadrif og rollugrind. Verð 2.800.000 kr. án vsk. Uppl. í síma 822-1717.

Innflutningur & sala á vinnuvélum til Íslands. Við aðstoðum við flutning & kaup á nýjum/notuðum vinnuvélum & tækjum frá Bretlandi til Íslands. Yfir 20 ára reynsla, örugg og snögg þjónusta. www.ice-export.co.uk Erum líka á facebook undir: Suður England. Net-símar: Haukur 499-0588, Hafþór 499-0719, sudurengland@gmail.com

Traktorsdrifnar brunndælur með mikla hrærigetu. Margar stærðir og útfærslur fyrir bændur og verktaka. Dælugeta allt að 27.300 l/mín. Stuttur afgreiðslutími. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is - www.hak.is

Kjallaradælur fyrir klósett. Öflugur hnífur. Mótorar staðsettir fyrir utan votrými. Inntak fyrir vask, sturtu, baðkar. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is

Búnaður á stórvirkar vinnuvélar. Skóflur með vængjum, allt að 6 m³. Skóflur í mörgum útfærslum fyrir allt að 16 m³. Snjóplógar í mörgum útfærslum. Allur annar frambúnaður fyrir verktaka. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is - www.hak.is

Gunnar Hippe, norskar kerrur í úrvali. Búvís, s. 465-1332.

Lambheldar hliðgrindur. Breidd 4,27 m, hæð 1,10 m. Möskvastærð 10 x 15 cm. Verð fyrir 1 stk. 24.900 kr. auk vsk. Verð 2–4 stk 22.900 kr. auk vsk. 5 stk. eða fleiri 19.900 kr. auk vsk. Uppl. í síma 669-1336 og 899-1776, Aurasel ehf.

Vorum að fá ýmsar stærðir af traktorsdekkjum. Búvís, sími 465-1332.

Keðjutalía og hlaupaköttur. Búvís. Sími 465-1332.

Glussadrifnir jarðvegsborar. Á traktora og allt að 60 tonna vinnuvélar. Margar stærðir og gerðir af borum. Margar festingar í boði. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is - www.hak.is.

Framleiðum og eigum á lager krókheysisgrindur með eða án gámalása, sterkar og ódýrar. Framleiðum einnig flatpalla á krókgrindur til vélaflutninga og allskonar flutninga. Vagnasmiðjan.is - Eldshöfða 21, Rvk. S. 894-6000.

Hljóðlátar rafstöðvar fyrir ferðavagna. Eigum á lager, japanskar rafstöðvar með Subaru-vélum. Hljóðdempun er mjög góð, 56 dbA @ 7 m. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is - www.hak.is

Frystigámur, 40 feta gámur í toppstandi. Verð 600 þús. kr. án vsk. Uppl. í síma 894-6011, Kristján.

Hestakerrur 2ja og 3ja hesta, ríkulegur útbúnaður. Frá kr. 1.345.000 m. vsk. Gæðakerrur – Góð reynsla. Brimco ehf. Efribraut 6, Mosf. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is

Wendel

Hilltip Icestriker 550–1600 L
Salt og sanddreifarari í þremur stærðum, fyrir pallbíla sem og minni vörubíla. Rafdrifin 12V.

Hilltip Icestriker 120–200 L
Salt og sanddreifari fyrir jeppa, pallbíla eða lyftara. Rafdrifin 12V.

Hilltip Snowstriker VP
Fjölplógur fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa . Fáanlegir í 185–240 cm breidd.

Hilltip Snowstriker SP
Snjótennur fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanlegar í 165–240 cm breidd.

Hilltip Snowstriker SML
Snjótennur fyrir minni vörubíla ca. 7,5 tonn. Fáanlegar í 260–300 cm breidd.

Hilltip Rotating Sweeper
Vökvadrifinn sópur fyrir pallbíla og minni vörubíla. Fáanlegur í 180-200-220 cm breiddum.

A Wendel ehf.
Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík,
S: 551 5464 - wendel@wendel.is
www.wendel.is

Auglýsinga- og áskriftarsími Bændablaðsins er 563-0303
Bændablaðið

M. Benz sprinter, 2001, langur, háþekja, 7 farþega og því minnaprófsbíll. Ekinn 445 þús. km. Var áður 4x4. Verð: Tilboð. Guðjón, sími 862-3882.

Brynningartæki. Úrval afbrynningartækjum frá kr. 5.900 m. vsk. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S.894-5111. Opið kl.13-16.30. www.brimco.is

Göngubraut / hlaupabretti.Hámarksþyngd notanda: 110 kg. 8 prógrömm. Max hraði 14 km/klst. Stærð brautar: 42x115 sm. Verð: 69.500 kr. Sendi frítt hvert á land sem er. Þrektæki og dót. Uppl. í síma 661-1902.

Þrekhjól, hámarksþyngd notanda:110 kg. Skjár með tíma, hraða og kaloríum. Verð: 29.500 kr. Sendi frítt hvert á land sem er. Uppl. í síma 661-1902.

Nýkomnir á lager. Verdo gæðaspónakögglar í 15 kg pokum. Frábær sérstaklega meðhöndlaður undirburður fyrir hross. Brettaafsláttur og brettið keyrt frítt heim á höfuðborgarsvæðinu. Brimco ehf. S. 894-5111 - www.brimco.is Opið frá kl. 13-16.30.

Cemtec sænskar skeifur og fjaðrir. Framleitt skv. reglum FEIF. Leitun að betri verðum. Afsláttur ef keypt er í magni. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is

Tveggja pósta bílalyfta, 4,0 t og rafm.læsingar. Tilboð 495.000 kr. m. vsk. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is

Álbrautir fyrir kerruna. Parið frá 400 kg í burðargetu og allt að 3.500 kg. Ýmsar lengdir. Parið frá kr. 21.500 m. vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is

Vara- og aukahlutir í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is

Magnaðir gafflar í hirðinguna og önnur störf. Álskaft og plastgreiða nær óbrjótanleg. 900 g að þyngd. Verð 9.500 kr. m. vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30.

Skóbursti fyrir utan heimilið eða vinnustaðinn. Galv.grind með góðum burstum. Verðið er aðeins kr. 8.500 m. vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is

Til sölu Hyundai Tucson, 4x4. Beinskiptur, bensín, árg. 2006, ekinn 240 þús. km. Góður bíll, nýskoðaður án athugasemda. Verð 280 þús. kr. Til greina kemur að taka kamínu uppí. Uppl. í síma 858-8658.

Honda rafstöð 2 kW til sölu. Tveir 230 V tenglar og 12 volta úttak. 40.000 krónur eða besta tilboð. Uppl. í síma 695-3122.

BMW X5, 4x4, árg. 2009, ekinn aðeins 118.000 km. Sjálfskiptur lúxusjepplingur með 235 hö dísilvél. Dráttarbeisli og þakbogar. Litur dökkblár, ljóst leður á sætum og hurðaspjöldum. Draumabíll fyrir vandláta. Fleiri myndir og upplýsingar á netbilar.is. Magnús, sími 863-3184.

Ford Mondeo, station, árg. 2015. Ekinn aðeins 27 þús. km. Sjálfskiptur með bensínvél. Litur rauður, svart tauáklæði á sætum. Þetta er algjör gullmoli. Myndir og upplýsingar á netbílar.is, og í síma 863-3184.

Rúllugreip á þrítengi. Verð kr. 73.000 m. vsk. Tilboð = Frír flutningur. H. Hauksson ehf, sími 588-1130.

Brettagafflar. Burður 2.500 kg. Euro-festingar. Verð kr. 135.000 m. vsk. (kr. 109.000 án vsk.) H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.

Brettagafflar með glussaopnun. Burður 2.500 kg. Euro-festingar. Verð kr. 205.000 með vsk. (kr. 166.000 án vsk.) H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.

Rúllugreip fyrir 2 rúllur. Verð kr. 330.000 m. vsk. (kr. 266.000 án vsk.) H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.

Kranzle þýskar háþrýstidælur í úrvali. Búvís. Uppl. í síma 465-1332.

Talía og hlaupaköttur, lyftigeta allt að 1 tonn. Búvís. Sími 465-1332.

Taðklær. Breiddir 120 cm, 150 cm og 180 cm. Búvís ehf. Sími 465-1332.

Bobcat E16
Árg. 2013, 1.908 vst. 1.600 kg, 3 skóflur og ný Ifor Williams tækjakerra með sliskjum. 2,7 tonn - 2,18 tonna burðargeta.
Verð: 2.900.000 kr. + vsk.

Yanmar SV18 smágröfur
1,95 tonn. Til á lager

JCB 3CX traktorsgrafa
Árg. 2016. 2.560 vst.
Þrjár skóflur.
Verð: 11.500.000 kr. + vsk.

Liebherr R926 LC beltagrafa
Árg. 2011, 4.900 vst.
Vökvahraðtengi, ein skófla.
Verð: 12.000.000 + vsk.

Liebherr 13HM, byggingakrani
Árg. 2014. 22 m bóma.
500 kg í 22 m. 1,5 tonn max.
Verð: 7.900.000 + vsk.

Liebherr L538 hjólaskófla
Árg. 2007. Vökvahraðtengi, skófla og gafflar.
Verð: 6.000.000 + vsk.

Eichinger steypusíló og brettagaflar í miklu úrvali.

Tsurumi dælur í miklu úrvali.

Weber jarðveggsþjöppur og hopparar til á lager.

PMC snjóplógar og skóflur. Til á lager.

Uppl. í síma 660-6051
MERKÚR
www.merkur.is

VALLARBRAUT

PERKINS 113 hö T4110

Verð: 5.850.000 + vsk

Tæki: 1.200.000 +vsk

Væntanleg 50hö með húsi

Verð: 2.750.000 + vsk

Pantið tímanlega fyrir vorið

Solis 26hö 4x4 pto 540

Verð frá 1.250.000 + vsk

Til á lager.

Eigum til ýmsar stærðir af öflugu NUGENT kerrunum

F2355T Verð: 1.250.000 +vsk



ÖFLUGAR sturtukerrur

Verð frá: 1.190.000 +vsk

Fjölplógar og snjótennur

Ýmsar stærðir á dráttarvélar og bíla

www.vallarbraut.is

S-8411200 & 8417300

Trönuhrauni 5

Lemigo stígvél. Létt, stöðug ogslitsterk. Kr. 8.485.- með vsk. G. Kvaran í Reykjavík, síma 824-7610.

Vantar nýjan eiganda. Toyota Land Cruiser 100, árgerð 2000. Vel viðhaldið. Keyrður 456.000 km. Sumar- og vetrardekk. Verð: 1.400.000 kr. Uppl. í síma 860-7060.

Mitsubishi L200, Double cab,árg.2006 til sölu. Er með bilaða vél og fæst því á góðu verði. Ekinn 261 þúsund km. Staðsettur í Hveragerði. Uppl. í síma 660-3908.

MuckTruck vélbörur 4x4. Burðarg. 250 kg, 3 gírar áfram og einn aftur. Honda fjórg. mótor. Sparaðu bakið og þú kemst lengra. www.hardskafi.is

Til sölu

Plast í fjárhúsgólf og stíur. Básа- og drenmottur, útileiktæki, gúmmíhellur og gervigras. Heildarlausnir á leiksvæðum. Netfang: jh@johannhelgi.is og sími 820-8096.

Til sölu Delaval mjaltaþjónn árg. 2006. Uppfærður 2016. Einnig 2 kjarnfóðurbásar og 2 aðskilnaðarhlið. Verð 3,5 millj. + vsk. Uppl. í síma 894-1595.

Til sölu Suzuki Vitara árg. ´01. Góður bíll, skoðaður ´19. Verð 100 þús. kr. Uppl. í síma 869-2740, Ólafur.

Toyota Hilux 2004. Á 35" dekkjum. Læstur framan og aftan. Úrhleypibúnaður. Snorkel. Keyrður 209.000 km. Góður bíll. Ásett verð 2.200.000 kr. Uppl. í s. 693-5621 til kl. 21 á kvöldin.

Til sölu 2 fjórhjól, Polaris 800, árg. 2006 og 2007. Uppl. í síma 892-0157.

Óska eftir

Óska eftir góðum Toyota Hilux, árg. 2000 eða yngri. 33 tommu dekk eða stærra væri kostur, en skoða allt. Uppl. í síma 865-3962 eða litlivalli@gmail.com

Vefnaður/Rakgrind. Óska eftir að kaupa notaða, vel með farna rakgrind 2-3 m. í ummál. Rammi kemur líka til greina. Uppl. í síma 860-0265.

Óska eftir rörabeygjuvél. Er í síma 869-1870.

Atvinna

Xsperia ehf byggingafélag getur tekið að sér smíðaverkefni. Vönduð vinnubrögð og góð þjónusta. Hafið samband í síma 694-9414.

Ráðskona óskast á lítið sveitaheimili. Nánari upplýsingar í síma 894-5063.

Fjölskylda með hrossabúgarð í Danmörku óskar eftir að ráða au-pair frá Íslandi. Heimilishjálp og að gæta 5 ára sonar. Faðirinn er bóndi og móðirin hjúkrunarfræðingur. Uppl. í netfangið: tornerosefly@gmail.com

Þjónusta

RG Bókhald bókhaldsþjónusta. Alhliða bókhaldsþjónusta, vsk-skýrslur, skattaframtöl, ársreikningar, launaútreikningar, reikningagerð. Uppl. í netfangið: ragna@rgbokhald.is

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í síma 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission Akureyri, netfang: einar.g9@gmail.com, Einar G.

www.bbl.is

Dýrahald

Border Collie - hvolpar til sölu. Til sölu fjórir hreinræktaðir Border Collie hvolpar. Þeir eru 10 vikna. Tvær tíkur og tveir rakkar. Móðir: Ronja frá Dalsmynni. Faðir: Rex frá Fjalli, Skeiðum. Uppl. í síma: 486-6080.

Húsnæði

Fjölskylda óskar eftir að flytja í sveitina! Árborg og Ölfus eru draumastaðsetningar en skoðum allt. Erum að leitast eftir langtímaleigu. Uppl. veitir Erna í s. 662-5417 eða netfangið: ernasofie85@gmail.com

Reglusöm kona á besta aldri óskar eftir einbýlishúsi á einni hæð til leigu, með kaup í huga að ári eða fyrr ef líkar. Staðsett í 801 Árborg, Flóahreppi eða Ölfusi, fjarri umferðargný. Ekki í uppsveitum. Toppleigjandi. Uppl. í síma 483-1041.

Til leigu

Kaffihús / matsölustaður til leigu. Veitingarekstur Gamla barnaskólans, Skógum, Fnjóskadal til leigu. Hentar fyrir kaffihúsa- og matsölurekstur, listsýningar og handverkssölu. Staðsetning frábær, við munna Vaðlaheiðarganga, aðeins 16 km frá Akureyri, á móti Vaglaskógi. Uppl. í síma 849-8902.

Rannsóknarstjóður Hrafnistu:

Þrjú verkefni fá styrki

Einni milljón króna hefur verið úthlutað úr Rannsóknarsjóði Hrafnistu til þriggja verkefna í þágu aldraðra. Markmið sjóðsins, sem er í eigu Sjómannadagsráðs höfuðborgarsvæðisins, eiganda Hrafnistuheimilanna, er að stuðla að nýjungum og þróun í málefnum aldraðra. Sjóðurinn er opinn öllum, einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum, sem að stunda rannsóknir, formlegt nám eða annað sem stuðlað getur að jákvæðri þróun í málaflokknum. Þetta kemur fram á vef Hrafnistu.

Berglind Soffía Blöndal, næringarfræðingur og doktorsnemi í næringarfræði, hlaut styrk að upphæð 500 þúsund krónur. Rannsóknarverkefni hennar ber heitið Næringarmeðferð aldraðra

Verðlaunahafarnir þrír frá vinstri, Ragnar Sigurðsson f.h. Fjarðabyggðar, Berglind Soffía og Elfa Þöll, ásamt fulltrúum Sjómannadagsráðs og Hrafnistu í stjórn úthlutunarnefndar rannsóknasjóðsins.

einstaklinga eftir útskrift af Landspítala Háskólasjúkrahúsi.

Markmið rannsóknarinnar er að kanna útskrift aldraðra einstaklinga samkvæmt Nutrition Care Process meðferðaráætlun ásamt heimsendum mat. Sérstaklega samsettum með þarfir aldraðra í huga, hafi áhrif á næringarástand, vöðvastyrk, hreyfifærni, lífsgæði og endurinnlögn á sjúkrahús eða dauða eftir útskrift af öldrunardeild. Samanborið við viðmiðunarhóp sem er útskrifaður á hefðbundinn hátt, og viðmiðunarhóp sem væri byggður á sögulegum gögnum frá því áður en útskriftarverkferillinn sem nú er farið eftir var tekinn í notkun 2016.

Rannsóknin mun gefa upplýsingar um vannæringu aldraðra í heimahúsum og hvaða aðferðum er best að beita til að sporna gegn versnandi næringarástandi þeirra.

Niðurstöður munu breyta verkferlum hvað varðar útskrift aldraðra einstaklinga og opinberum ráðleggingum um þjónustu við þennan viðkvæma hóp ásamt því að finna leiðir til þess að auka lífsgæði aldraðra.

Bætt lífsgæði með Nemaste

Elfa Þöll Grétarsdóttir, hjúkrunarfræðingur og sérfræðingur í hjúkrun aldraðra, hlaut styrk að upphæð 300 þúsund krónur.

Verkefni hennar ber heitið Þýðing og forprófun á lífsgæðamælikvarðanum: The quality of life in late-stage dementia (QUALID). Markmið verkefnisins er að leggja grunn að markvissum leiðum til að meta árangur af breyttu verklagi eins og Namaste nálgun felur í sér. Namaste umönnun hefur verið að ryðja sér til rúms hér á landi sem ný nálgun í umönnun einstaklinga með heilabilun. Markmið þessarar nálgunar er að bæta lífsgæði einstaklinga með langt gengna heilabilun með persónumiðaðri vellíðunarmeðferð. Lífsgæðamælikvarðinn mun nýtast öllum þeim sem starfa við umönnun og þjónustu við einstaklinga með heilabilun.

Lestrarþjálfun barna með öldruðum

Hjúkrunarheimilin Hulduhlíð og Uppsalir í Fjarðabyggð hlutu styrk að upphæð 200 þúsund krónur. Heiti verkefnisins er Ungur nemur gamall temur.

Markmið verkefnisins er að fá grunnskólabörn í heimsókn á hjúkrunarheimilin og taka þar þátt í lestrarátaki. Börnin æfa sig í lestri með því að lesa fyrir íbúa sem veita þeim leiðsögn meðan á lestrinum stendur.

Margvíslegur ávinningur verður af verkefninu; börnin eflast í lestri, íbúar fá heimsóknir grunnskólabarna sem dregur úr einveru, auk þess sem þeir taka þátt í uppbyggingarverkefni með börnum. Með verkefninu er verið að tengja saman kynslóðir, skapa notalegan vettvang til eflingar á yngstu og elstu kynslóðum samfélagsins og fá ungviðið í reglulegar heimsóknir. */MÞÞ*

ORLOFSÍBÚÐ BÍ

Bændasamtök Íslands hafa opnað orlofsvef, **www.orlof.is/bondi**

Framvegis fara allar bókanir og greiðslur á orlofshúsum á vegum samtakanna fram í gegnum orlofsvefinn.

Þar er nú opið fyrir bókanir á íbúð samtakanna í Þorrasölum 13–15, í Kópavogi, til ársloka 2019. Íbúðin er aðeins ætluð félagsmönnum *Bændasamtaka Íslands*.

Allar nánari upplýsingar um íbúðina er að finna á orlofsvef BÍ.

Bændasamtök Íslands,
Bændahöllinni við Hagatorg,
107 Reykjavík

Framsýn stéttarfélag um tillögur átakshóps í húsnæðismálum:

Ekki horft til vanda landsbyggðar

Framsýn stéttarfélag í Norðurþingi hefur vakið athygli á því að í nýlegum tillögum átakshóps um aukið framboð á íbúðum og aðgerðum til að bæta stöðu á húsnæðismarkaði er ekki sérstaklega horft til vanda landsbyggðarinnar þar sem húsnæðisskortur er víða alvarlegt vandamál. Meira jafnvægi hefði þurft að vera í tillögum starfshópsins varðandi úrbætur í húsnæðismálum höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar.

Húsavík. Mynd / HKr.

„Því verður ekki á móti mælt að vandinn er mikill á höfuðborgarsvæðinu en hann er einnig til staðar á landsbyggðinni, því mega menn ekki gleyma í umræðunni,“ segir í umfjöllun um málið á heimasíðu Framsýnar.

Fram kemur að Framsýn stéttarfélag hafi lengi barist fyrir því að almenningur í landinu, ekki síst verkafólk, hafi möguleika á því að eignast þak yfir höfuðið eða standi til boða leiguhúsnæði á sanngjörnu leiguverði í stað okurleigu sem tröllríður leigumarkaðinum. Til viðbótar hefur félagið ítrekað bent á mikilvægi þess að tillögur sem væru lagðar fram af stjórnvöldum, sveitarfélögum og aðilum vinnumarkaðarins til lausnar þessum mikla vanda tækju mið af þörfum allra landsmanna, ekki eingöngu þeirra sem búa á höfuðborgarsvæðinu og/eða í stærstu þéttbýliskjörnum landsins.

Er það mat forsvarsmanna Framsýnar að átakshópurinn hefði þurft að horfa til sértækra aðgerða á svonefndum köldum svæðum á landsbyggðinni enda sé þar fyrirliggjandi vandi sem þurfi að leysa. Því miður sé tillögur af því tagi ekki að finna í niðurstöðum hópsins. Framsýn varpar fram fjölda hugmynda sem til bóta geta talist í þessum efnum og væntir þess að áfram verði unnið með niðurstöðu átakshópsins og hlustað verði á rödd landsbyggðarinnar sem kallar eftir lausn á fyrirliggjandi vanda í húsnæðismálum víða um land.

/MÞÞ

Bændablaðið
Smáauglýsingar.
5630300

ekko
LOGHLERAR
www.ekko.is

Í angist minni kallaði ég á Drottin, til Guðs míns hrópaði ég. Hann heyrði hróp mitt í helgidómi sínum, óp mitt náði eyrum hans.
Sálm. 18.7
biblian.is

ATKVÆÐGREIÐSLA MEÐAL SAUÐFJÁRBÆNDA

Bændasamtök Íslands boða hér með til atkvæðagreiðslu um samkomulag um breytingar á samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar frá 19. febrúar 2016, sem undirritað var 11. janúar 2019.

Kosningarétt hafa félagsmenn í *Bændasamtökum Íslands* sem eru jafnframt með virkt bú í sauðfjárræktarskýrsluhaldi. Þá hafa félagsmenn í *Landssamtökum sauðfjárbænda* kosningarétt.

Atkvæðagreiðslan mun fara fram með rafrænum hætti og verður aðgengileg á vef *Bændasamtakanna* - **www.bondi.is.**

Atkvæðagreiðslan stendur yfir frá kl. 12:00 á hádegi þann 25. febrúar 2019 til kl.12:00 á hádegi þann 4. mars 2019. Hægt er að kanna aðild að kjörskrá í gegnum rafrænan aðgang.

Allar nánari upplýsingar um framkvæmd kosninganna eru að finna á heimasíðu *Bændasamtakanna* - **www.bondi.is.**

Í kjörstjórn sitja Elías Blöndal Guðjónsson formaður, Guðbjörg Jónsdóttir og Guðrún Vaka Steingrímsdóttir. Netfang kjörstjórnar er **kjorstjorn@bondi.is.**

Bændasamtök Íslands,
Bændahöllinni við Hagatorg,
107 Reykjavík

ÁSCO
BÍLARAFMAGN
Allar gerðir startara og alternatora

Einnig á lager: Hjómflutningstæki frá Alpine. *Varahlutir í startara.* Rafgeymar. Aðalljósaperur. LED perur. *Hátalarar. Tengi fyrir togspil.* Hleðslutæki. Útvarpsloftnet. *Rafhlöður. Fjarslæsingar.* Fjarstart í bíla. Radarvara. Startkaplar. *Áriðlar 12V og 24V í 240V.* Hljóðnemar fyrir rútur, voltmælar, *ampermælar, spennufellur 24V í 12V,* truflanaþéttar, loftnetsframleningar. *Kerrutenglar. Breytar* fyrir 13P kerrutengla. Öryggi. Sjálvirk öryggi í bíla. *Glerörvggi 20* og 32mm. Postulínsöryggi. Öryggjahöldur. *Stór öryggi uppí 250A.* Stefnuljós fyrir Landrover. Snúrusett fyrir bassakeulur. Bassakeilur. Öxulhosur. Spennustillar. *Díóur. Raffgeymaskór.* Jarðsamband. Díóðubrýr. Reimskífur fyrir alternatora. Kúplingstrissur. Startarakol. Legur í alternatora. *Kol í alternarora.* Viðnám 0,25W uppí 25W. Og margt margt fleira.

ÁSCO
Glerárgata 34b við Hvannavelli • S 461 1092 • asco.is BÍLARAFMAGN

MÚRVERK
STEINSÖGUN
KJARNABORUN
OG ALMENN VERKTAKAVINNA
GM SÖGUN
Gunni s: 895-9054 - Maggi s: 852-7577

Daggi ehf
Renni og vélaverkstæði Hveragerði
Heddviðgerðir
- Heddplönun
- Heddþrýstiprufun
- Slípa ventla og ventlasæti
- Bora og hóna blokkir
- Vélasamsetningar

S. 646-5242 Austurmörk 14 810 Hveragerði
daggi@vortex.is facebook.com/daggiehf

EYJALIND Varahlutir í VOLVO
- Vinnuvélar
- Vörubílar
- Rútur

Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Varahlutir og viðgerðarþjónusta fyrir JCB lyftara
Vélavit
Sala - Þjónusta
S: 5272600 - www.velavit.is

YARA einkorna áburður

Hin fullkomna pakkalausn

Það getur verið mikill munur á því hvernig áburðarefnin skila sér til plantnanna, annars vegar úr einkorna og hinsvegar úr fjölkorna áburði.

- Allur áburður frá Yara er einkorna gæðaáburður.
- Hvert áburðarkorn inniheldur uppgefin áburðarefni.
- Öll áburðarkornin eru einsleit sem er forsenda fyrir jafnri dreifingu.
- Með einkorna áburði fær hver planta sama aðgang að öllum áburðarefnum, sem gefur betri nýtingu næringarefna og betri uppskeru!



Einkorna áburður:
Allar plöntur hafa jafnan aðgang að öllum næringarefnum.



Fjölkorna áburður:
Aðgangur plantna að næringarefnum er breytilegur.

Sláturfélag Suðurlands svf.
Fosshálsi 1, 110 Reykjavík - Sími 575 6000
yara@yara.is - www.yara.is